

LAGAGLÆÐUR

Hugleiðingar um lög og lögfræði

Páll Sigurðsson

Páll Sigurðsson

LAGAGLÆÐUR

Hugleiðingar um lög og lögfræði

Tröllabotnar

Reykjavík

2018

LAGAGLÆÐUR

© Páll Sigurðsson, 2018

Útgefandi: Tröllabotnar – 2018

Prentun og umbrot: Háskólaprent

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndum, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis handhafa höfundaréttar og útgefanda.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	7
ÁRMANN SNÆVARR	9
1. Inngangur	9
2. Ætt og uppvöxtur	12
3. Námsferill	15
4. Fjölskyldulíf og heimilishagir	20
5. Kennarinn	24
6. Fortölumeistarinn	31
7. Háskólarektorinn	33
8. Fræðimaðurinn	41
9. Dómarinn	45
10. Félags-, nefnda- og stjórnarstörf	48
11. Erlend samskipti	49
12. Heiðranir og viðurkenningar	51
13. Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	52
14. Efstu ár og ævilok	54
15. Lokaorð	54
BORGARALEGUR DAUÐI	57
1. Staldráð við gamalt refsíúrræði	57
2. Nánar um eldri rétt nokkurra þjóða, einkum Frakka	59
3. Skyldleiki við íslensku skóggangsrefsinguna	61
4. Leifar í nútímanum	62
5. Lokaorð	64
DÓMSMORÐ	67
1. Inngangur	67

2. Nánar um dómsmorð	72
3. Á Íslandi	75
4. Lokaorð	77
„FJARRI HLÝJU HJÓNASÆNGUR“	81
1. Fyrrum prestur og sýslumaður dæmdur til dauða fyrir siðgæðisbrot	81
2. Úr Stóradómi	85
3. Brösóttur ævivegur Jóns Magnússonar	86
4. Mannlýsing	88
5. Fræðistörf Jóns Magnússonar	89
6. Lífátsdómur í máli Jóns Magnússonar	92
7. Náðunarbeiðni og lífgjafarúrskurður	93
8. Biðtími eftir ákvörðun konungs – Elliár og andlát Jóns Magnússonar	94
9. Lokaorð	96
KIRKJUGRIÐ	99
1. Almennt	99
2. Atburðirnir í Laugarneskirkju	101
3. Nánar um kirkjugrið	102
4. Skiptar skoðanir um atburðinn í kirkjunni – Góðverk eða lögleysa?	104
5. Forn lög og gamlar hefðir	106
6. Lokaorð	110
LÖGFRÆÐI OG ÍSLENSKT LAGAMÁL	113
1. Lagamálið og lögfræðin	113
2. Lagamálið, fyrr og nú	114
3. Lagamál, réttarmenning og þjóðleg reisn	117
4. Örlög orðanna	119
5. Íslensk lögfræðiorðabók	122
6. Orðaval og efnisafmörkun	125
7. Að lokum	129
„RÉTTURINN TIL AÐ GLEYMAST“	131
1. Inngangur	131
2. Almennt um réttinn til að fá að gleymast	134
3. Rétturinn til að gleymast á Netinu	142

ROÐASTEINN	145
1. Inngangur	145
2. Málaferli í Noregi	146
3. Eftirleikur á Íslandi	148
4. Lokaorð	154
RÉTTURINN SEM ÞÁTTUR ÞJÓÐMENNINGAR	157
1. Lög og veruleiki	157
2. Stoðgreinar réttarsögunnar eða undirgreinar hennar?	161
3. Nokkur dæmi til umhugsunar og skýringar	168
4. Nánar um dæmin og tengsl þeirra við réttarsögu og aðrar greinar þjóðmenningarfræða.	179
5. Lokaorð	197
SKRÁ UM BÆKUR EFTIR PÁL SIGURÐSSON	199

Formáli

Þetta kver þarfnast ekki langra skýringa. Það skiptist í tvo meginhluta: annars vegar allýtarlega grein um Ármann Snævarr, prófessor og hæstaréttardómara, sem var áhrifamesti lögspekingur hér á landi á sinni tíð, og hins vegar safn nokkurra greina, sem fjalla um lögfræðileg atriði og „óvenjuleg“ álitæfni frá sérstökum og að sumu leyti sérstæðum sjónarhóli.

Greinin um Ármann Snævarr birtist jafnframt í Andvara 2018 og er hún birt í þessu kveri með samþykki og velvilja ritstjóra Andvara.

Tilæfni útgáfunnar er tvíþætt, séð frá mínum bæjardryrum. Annars vegar felur hún í sér dálítið framlag mitt til minningar um fullveldisafmæli þjóðarinnar nú í dag (1. desember 2018) og hins vegar er ætlun mín að heiðra minningu Ármanns Snævarr, míns gamla kennara í Lagadeild, en hann hefði átt aldarafmæli á því ári, sem nú fer í hönd (2019). Á því ári verða jafnframt liðin 50 ár síðan bókarrhöfundur lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

Vil ég nú koma að innilegu þakklæti fyrir alla þá aðstoð og velvilja, sem ég hef alltaf notið frá kennurum mínum og síðar samstarfsmönnum og nemendum við Lagadeild, þar sem ég lét formlega af störfum 2014 eftir meira en 40 ára starf.

Lögbergi 1. desember 2018



Ármann Snævarr

1. Inngangur

Í upphafsorðum minningarræðu sinnar við útför *Gunnsteins Ármanns Snævarr*, fyrrum prófessors, háskólarektors og hæstaréttardómara, í Neskirkju 26. febrúar 2010 varpaði sóknarpresturinn, dr. Sigurður Árni Þórðarson, meðal annars fram nokkrum spurningum um eiginleika og mannkosti hins látna og leitaðist við að svara sumum þeirra með einföldum hætti þá þegar, þótt aðrar krefðust lengra máls. Hann segir meðal annars:

Hver var Ármann? Af hverju var hann svona hlýr og glaður. Af hverju stoppaði hann okkur á vegi til að grenslast fyrir um fjölskylduhagi og velferð? Hann hafði óflekkaðan og óbilandi áhuga á okkur samferðafólki sínu. Af hverju stóð hann alltaf með börnum í lífi og fræðum? Hann var maður verndar. Af hverju varð hann þessi *bonus pater familias*?^[1] Hann var sendiboði þess kærleika sem skapað hefur heiminn. Hann var ekki aðeins mesti vinnuþjarkur, sem við kynntumst, ekki aðeins einn af fremstu fræðimönnum þjóðarinnar heldur var hann valmenni. – Hvort er reynd eða sýnd mikilvægari? Hvers virði er hið ytra í samanburði við dýrmæti hið innra? Á fyrri öldum var mótun innri manns talin æviverkefni og lífsmál. Það, sem menn gerðu úr hæfileikum sínum og gáfum – það varð innrætið – eða það sem kallað var *habitus* einstaklings. Við þekkjum *habitus* í enska orðinu *habit*, sem merkir venja eða jafnvel kækur. Menntan er ekki fullmótuð og verkefni okkar allra er að bregðast við aðstæðum og gangast við sjálfum okkur. En líf er hreyfing og að vera maður er kall til átaka, að stæla hið innra og ytra til góðs. *Habitus*, innræti þroskaðs manns, er m.a. fólgið í viskusókn, iðkun elskunnar, að taka þátt í undri lífsins.

1. [„bonus pater familias“: hinn góði og gegni fjölskyldufaðir, PS]

Ármann var þroskaður maður. Hann hafði unnið með sinn innri mann og stælt til átaka en líka mannástar, mannúðar. Hans *habitus* var mótaður af hinu trúarlega inntaki, að taka lífinu með gleði, standa vörð um fræði, vísku, mannvirðingu og bregðast við því góða og gleðilega. En sá þroski verður ekki til fyrirhafnarlaust. „Og nú vil ég [...] segja eina litla sögu“, sagði kennarinn Ármann gjarnan til skýringar. Þetta er lykilsaga um átök til stælingar og mótunar.^[2]



Ármann Snævarr

2. Minningarræðan öll er birt í Heiðursriti Ármanns Snævarr 1919-2010, Reykjavík 2010, bls. XIII og áfr., hér tekið af bls. XIII.

Við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands, er fram fór 26. júní 1993, var lýst kjöri Ármanns Snævarr sem heiðursdoktors við Lagadeild Háskólans, en á því ári varð deildin 85 ára. Á deildarfundum í þeirri háskóladeild hafði nokkru fyrir, þ.e. 7. júní, tillaga um þessa heiðrun verið samþykkt af hálfu deildarinnar. Við það tækifæri var lagður fram og samþykktur „formáli að doktorskjöri“, eins og það heitir á háskólamáli. Hafði höfundur þessarar greinar samið þann texta að beiðni þáverandi deildarforseta, dr. Gunnars G. Schram prófessors, og var hann síðan tryggilega festur inn í fundargerðabók deildarinnar, sem nú er varðveitt í skjalasafni Háskólans. Formálinn hljóðar svo:

Árman Snævarr er fæddur á Nesi í Norðfirði árið 1919. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1944 en stundaði síðan framhaldsnám við háskólana í Uppsölum, Kaupmannahöfn og Ósló næstu árin. Hann var settur prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands árið 1948 og skipaður árið 1950. Prófessorsembætti gegndi hann síðan til ársins 1972. Árið 1960 var hann kjörinn rektor Háskóla Íslands og gegndi hann því embætti um níu ára skeið. Allt frá fyrstu kennsluárum sínum átti Árman Snævarr mikinn þátt í endurmótun lagakennslu, og á embættisferli sínum sem háskólarektor hafði hann forgöngu um ýmis nýmæli, sem reyndust Háskóla Íslands heillarík. Höfuðkennslugreinar Ármanns Snævarr voru lengst af sífja-, erfða- og persónuréttur og refsiréttur auk almennrar lögfræði, sem hann kenndi fyrri hluta kennsluferils síns, en þá grein lögfræðinnar mótaði hann frá grunni miðað við íslenskar aðstæður. Hann örvaði samskipti og félagslíf námsmanna og kom á stúdentaskiptum við erlenda háskóla. Árið 1972 var Árman Snævarr skipaður dómari við Hæstarétt Íslands og gegndi hann því embætti fram til ársins 1984, er honum var veitt lausn frá því fyrir aldurs sakir. Forseti Hæstaréttar var hann árin 1978 og 1979. Árman Snævarr hefur gegnt margvíslegum félagsstörfum og átt farsælan þátt í stofnun mikilvægra félaga. Nægir þar að nefna Bandalag háskólamanna og Lögfræðingafélag Íslands, en í báðum þessum félögum sinnti hann lengi stjórnarstörfum. Formaður Íslandsdeildar norrænu lögfræðingafélaga hefur hann verið síðan 1972 og fyrir og síðar lagt mikinn skerf til gagnkvæmra kynna og samstarfs norrænna lögfræðinga. Ritstörf Ármanns Snævarr um lögfræðileg efni eru mikil að vöxtum. Hafa þau markað spor á þróunarbraut íslenskra lögvísinda um áratuga skeið og mörg hver lengi verið notuð við lagakennslu. Fyrir fáum árum birti hann

m.a. vandaðar útgáfur mikilla rita um almenna lögfræði og erfðarétt, sem bæði eru grundvallarrit á þeim sviðum. Er sá maður vandfundinn, sem lagt hefur drýgri skerf til íslenskrar lögfræði á þeim 85 árum, sem nú eru liðin frá því að lagakennsla var tekin upp á Íslandi. Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Ármann Snævarr með nafnbótinni doctor juris honoris causa. – Sé það góðu heilli gert og vitað.

2. Ætt og uppvöxtur

Gunnsteinn Ármann Snævarr fæddist á Norðfirði 18. september 1919 og ólst þar upp í foreldrahúsum. Foreldrar hans voru hjónin Valdemar V. Snævarr og Stefanía Erlendsdóttir.

Valdemar var fæddur á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð 22. ágúst 1883. Foreldrar hans voru hjónin Valves Finnbogason skipstjóri og Rósa Sigurðardóttir. Valves drukknaði af hákarlaskipi þegar Valdemar var í frumbernsku. Tóku þá við erfiðir tímar hjá ekkjunni, en engu að síður braust Valdemar til mennta og gagnfræðaprófi frá Möðruvöllum lauk hann 1901, en þá var þar skólastjóri Jón A. Hjaltalín. Aðstæður leyfðu ekki frekara nám, þótt hugur stæði til, en við tók kennslustarf, fyrst á Húsavík 1903 en síðar á Norðfirði.

Valdemar gekk að eiga Stefaníu Erlendsdóttur frá Ormsstöðum í Norðfirði, og til Norðfjarðar fluttu þau 1914, en þar tók Valdemar við kennslu og skólastjórn barnaskólans og jafnframt unglingaskóla, auk þess að vera símsstöðvarstjóri og fréttaritari Ríkisútvarpsins um allanga hríð. Hann var af flestum talinn afburðakennari, margfróður og vel lesinn. Eftir hann liggja meðal annars kennslukver af ýmsu tagi. Hverjum og einum nemanda sínum vildi hann koma til góðs þroska og hvatti marga þeirra mjög til framhaldsnáms.

Hann var mikill trúmaður og trúrækin og beitti sér einnig fyrir bindindismálum.

Snemma tók Valdemar Valvesson upp ættarnafnið Snævarr, sem síðar hefur gengið til margra afkomenda hans.

Þau hjónin eignuðust sex börn auk einnar fósturdóttur, Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður. Elstur var Gunnsteinn, er andaðist 12 ára 1919, þá Árni Þorvaldur verkfræðingur og ráðuneytisstjóri, d. 15. ágúst 1979, Laufey Guðrún húsfreyja, d. 9. nóvember 2002, Stefán Erlendur, prestur á Völlum í Svarfaðardal og síðar prófastur á Dalvík, d. 26. desember 1992, Gísli Sigurður, f. 1917, d. 1931, og yngstur Gunnsteinn Ármann, síðar prófessor og háskólarektor.

Árið 1944 brugðu þau hjón búi í Neskaupstað og fluttu til Dalvíkur ásamt Árnínu, systur Stefaníu, sem lengi bjó með þeim, og síðan til séra Stefáns sonar þeirra á Völlum í Svarfaðardal og síðar á Dalvík. Þar leiddi Valdemar kristilegt unglíngastarf til æviloka og fórst það vel úr hendi.

Segja má, að þjóðkunnur yrði Valdemar Snævarr fyrir ljóð sín og síðar sálma, en á heimaslóðum var hann einnig kunnur sem tækifærisskáld. Útfararsálmur hans „Þú Kristur, ástvin alls sem lifir“ hefur mjög oft verið sunginn við jarðarfarir. Á prent komu nokkur sálmakver hans, auk fyrrgreindra kennslurita og annarra rita, og enn má finna nokkra sálma hans í sálmabók þjóðkirkjunnar.

Valdemar andaðist 18. júlí 1961.

Stefanía, eiginkona Valdemars, f. 6. nóvember 1883, d. 11. desember 1970, var að margra sögn afar vel gerð og mikilhæf kona. Hún stóð þétt við hlið eiginmanns síns í hans annasömu ábyrgðarstörfum og lét margt gott af sér leiða á langri ævi.

Í grein, er Bjarni Vilhjálmsson, þá þjóðskjalavörður, ritaði segir hann meðal annars um þau hjónin, Valdemar og Stefaníu:

Störf Valdemars á sviði skólamála, bindindismála og hvers konar menningarmála hafa lengi verið rómuð, enda voru þau Norðfirðingum ómetanleg. Ég er þess fullviss, að Neskaupstaður muni lengi búa að störfum Valdemars. En þess ber einnig að minnst, að honum var mikil stoð í því hversu vel gerða konu hann átti. Stefanía var prýðilega greind kona, gædd óvenjulega miklu jafnvægi hugans og traustri skapgerð. Hún var frábærlega ljóðelsk og kunní feiknin öll af ljóðum. Ég sá Stefaníu aldrei skipta skapi og þó að hún hefði vitanlega nógu að sinna á stóru og gestkvæmu heimili, var eins og hún þyrfti aldrei að flýta sér.^[3]

Jóhannes Stefánsson, sem var ungur drengur á Norðfirði á þeim tíma, er Ármann ólst þar upp, segir:

Það var mikið líf á uppvaxtarárum okkar í Tröllaneshverfinu og inn á Strönd. Mikill fjöldi báta, skúra, fiskreita og bryggja. Börnin fóru ung að hjálpa til við útgerðina. Heimilin voru barnmörg. Alltaf nógir leikir, farið í húsbolta, slagbolta, feluleik, rúlla gjörð, í Hróa hött inn á Villatúni og margt fleira. Krakkarnir komu oft saman frá Mel, Stóra-Tröllanesi, Hátúni, Hinrikshúsi, Framnesi, Valdemarshúsi, Bjarnarborg, Lárusarhúsi og inn að Jakobshúsi.^[4]

Þess má geta, að Ármanns nafnið var draumnafn. Foreldrar hans höfðu ætlað að nefna hann Gunnstein í höfuðið á bróður hans, sem var þá dáinn. Ekki fer einni sögu af nafngiftarmálinu en samkvæmt einni útgáfunni dreymdi Stefaníu á aðfaranótt skírnardagsins að til hennar kæmi ungur maður, Ármann að nafni, sem látist hafði skömmu áður, og bað hann um, að hann fengi að vera hjá þeim. Þetta var túlkað svo í fjölskyldunni, segir sagan, að hann væri að vitja nafns, eins og kallað er. Þessu tóku hjónin vel og var drengurinn skírður Gunnsteinn Ármann.

Ármann Snævarr unni ætíð sinni gömlu heimabyggð. Bróðursonur hans, Gunnlaugur V. Snævarr, segir í minningargrein um Ármann:

Frændi var óforbetranlegur Austfirðingur, nánar tiltekið Norðfirðingur. Gerði hann skýran greinarmun á stöðum á Austfjörðum. Því kynntist ég

3. Minningargrein um Stefaníu Snævarr, Mbl. 19. desember 1970.

4. Hér tekið úr minningargrein um Ármann eftir Vilhjálm Bjarnason í Mbl. 26. febrúar 2010.

er ég ók með þá bræður, föður minn og hann, um Austfirði fyrir margt löngu. Að sjálfsögðu var rigning og þoka á Suðurfjörðum en þeir töldu að brátt birti til. Götur voru ekki malbikaðar frekar en þjóðvegurinn og því nokkur for á þeim. Þeir þurftu að sinna erindi á Eskifirði og báðu mig að aka fyrst að Kaupfélaginu því þeir þyrftu að kaupa sér skóhlífar. Þeir, tæpir meðalmenn á hæð, tipluðu eins og háfetar inn í verslunina og komu út nokkru síðar á gljáandi skóhlífum. Gengu þeir nú öruggari skrefum þangað sem þeir áttu erindi. Leiðin lá síðan til Neskaupstaðar. Þar var sama þokan og súldin og forin var jafnvel meiri ef eitthvað var. En nú hafði átthagaástin blindað þá bræður og þeir þurftu ekki að nota skóhlífarnar lengur. Sulluðu þeir, skóhlífalausir, um göturnar og niður á bryggju, hreint eins og þeir væru á stífbónuðu stofugólfinu heima. Frændi hafði sterkar taugar austur og ræddi oft um æsku sína og foreldra, sem hann dáði afar mikið.^[5]

3. Námsferill

Ármann var mikill námsmaður og lauk stúdentsprófi með glæsibrag. Naut hann þar meðal annars uppeldis síns í foreldrahúsum, þar sem mikill og örvandi menningarbragur ríkti og börnin voru hvött til framhaldnáms enda þótt fjárhagur heimilisins væri fremur þröngur. Námsdvölin í menntaskóla kostaði hinn unga mann mikla elju og reglusemi á öllum sviðum, en á tímabili leit út fyrir að fjárskortur myndi hamla frekari skólagöngu. Í fyrrnefndri minningarræðu um Ármann (sjá inngangskafla þessarar ritsmíðar) fórust sóknarprestinum svo orð um menntaskólaár hins látna skólamanns:

Árið 1933 hóf Ármann nám í Menntaskólanum á Akureyri. Þegar hann átti tvö ár eftir nyrðra höfðu armar kreppunnar rústað samfélagið svo að enga vinnu var að fá. Dag eftir dag og viku eftir viku fór Ármann á fætur og stóð klukkutímum saman í biðröð eftir uppskipunarynnu, en án árangurs. Þar sem hann beið kaldur og útskúfaður dagaði á hann, að hann yrði aldrei stúdent eins og bræður hans. Hann yrði að setta sig við stöðu sína og vonbrigðin. Hann ákvað að menntast hið innra þótt hann fengi ekki húfu og hákólamenntun. Hann settist niður með skruddurnar í verkleysinu og lærði eins og hann ætti líf að leysa. Ármann fékk óvænt

5. Mbl. 26. febrúar 2010.

að taka utanskólapróf. Hann glansaði ekki aðeins heldur fékk líka að vera á heimavist upp á krít síðasta veturinn í MA. Á þessum æskudögum lærði Ármann að láta aldrei einangraðan vanda stöðva sig. Vandí er verkefni til lausnar. Þetta er eina rétta kreppuviðbragðið. Í lífi Ármanns var ljóst að markmið voru mikilvægari en hindranir. Ármann varð afar stefnufastur. Og mikilvægur þáttur í *habitus* hans varð áráðni og andlegt þrek [...]. Nám reyndist Ármanni sem leikur. Móðurbróðir minn deildi heimavistarherbergi með honum síðasta ár í skóla fyrir norðan. Hann var sjálfur mikill námsmaður en sagði mér, að Ármann hefði verið öllum fremri hvað varðar vinnuskipulag og öguð vinnubrögð. Á undan öllum var hann kominn á fætur og hafði unnið gott dagsverk, þegar aðrir vöknudu. Ármann var árrisull og borinn til stórvirkja. Hann varð dúx á stúdentsprófi og hæstur í landinu.

Ármann hélt alltaf tryggð við Menntaskólann á Akureyri og naut þess ævinlega að koma til Akureyrar í stuttar heimsóknir. Í maímánuði 1947 var Ármann staddur í Reykjavík, þótt enn stundaði hann framhaldsnám erlendis, en hugðist bregða sér til Akureyrar.⁶ Þar hitti hann þá á götu gamlan vin sinn og sveitunga, Bjarna Vilhjálmsson, síðar þjóðskjalavörð. Kom í ljós í tali þeirra, að Bjarni hafði pantað sér flugfar til Akureyrar næsta dag, en Ármann vildi endilega að þeir yrðu heldur samferða í rútu þann dag og brugðu þeir á það ráð. Svo fóru leikar, að vélin, sem átti að fara til Akureyrar þennan dag, fórst í Héðinsfirði og með henni 25 manns, eða allir sem voru í vélinni. Er það mesta flugslys, sem orðið hefur á Íslandi.

Ármann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1938 með afar góðum árangri eins og fyrr segir. Þá um haustið settist hann síðan í Lagadeild Háskóla Íslands – eða Laga- og hagfræðideild eins og hún nefndist þá. Embættisprófi í lögfræði þaðan lauk hann með mjög góðum vitnisburði vorið 1944. Hann sagði sjálfur í gamni, að hann væri „síðasti konunglegi lögfræðingurinn á Íslandi“ því að landið var enn undir konungsstjórn þegar hann og félagar hans útskrifuðust. Ármanni fórust svo orð fimmtíu árum síðar:

6. Sjá minningargrein um Ármann eftir Vilhjálmi Bjarnason í Mbl. 26. febrúar 2010.

Mér finnst raunar ekki langt síðan þetta gerðist. Við vorum átta sem lukum embættisprófi í lögfræði þetta ógleymanlega vor – þegar sundurlynd þjóð átti sér eina sál. Það var helgistund líkast að standa í kjörklefa og greiða atkvæði snemma morguns 20. maí 1944 og taka með þeim hætti þátt í að skapa Íslandssöguna, tengja saman þræði með nokkrum hætti. Gamli sáttmáli og lýðveldisstofnun 1944 voru upphaf og endir konungsvalds. Í hinum sérstæðu geðhrifum þessa vors var á stundum erfitt að grafa sig niður í kröfurétt Ussings eða skýringar Oluf Krabbe á dönsku hegningarlögunum. Ég lauk prófi síðastur kandiðatanna og varð því síðasti konunglegi lögfræðingurinn á Íslandi. En það er líka það eina, sem er konunglegt við mig, m.a. var ég eindreginn lýðveldissinni og mjög áfram um að slíta konungssambandinu við Danmörku þótt dönsku þjóðina meti ég meir en flestar aðrar þjóðir.^[7]

Þegar Ármann hóf nám sitt í lögvísindum fór öll kennsla í Háskóla Íslands fram í Alþingishúsinu við Austurvöll, svo sem verið hafði allt frá stofnun Háskólans 1911. Það var ekki fyrr en nokkrum árum síðar að kennsla hófst í hinni nýju háskólabyggingu á Melunum. Á efri árum sagði hann iðulega frá námsdvölinni í sambýli við sjálft löggjafarvaldið í glaðværum hópi háskólanema, við þröngan en virðulegan húsakost. Átti hann bersýnilega góðar minningar þaðan. Í fyrrnefndri minningarræðu dr. Sigurðar Árna Þórðarsonar um Ármann í Neskirkju segir m.a. um námsdvölinu í þinghúsinu:

Í frímínútum kynntust stúdentar þingmönnum, lærðu á þinglífið og hvernig átök urðu til og voru leidd til lykta. Ármann og félagar lærðu mælskufræðina í frímínútum. Hann lagði grunn að fræðum sínum, hann tengdist kennurum sínum djúpum vináttu- og virðingarböndum, tók nærri sér sóun stríðsins, sem var í algeymi, og hreifst af lýðveldishugmyndum. Hann var síðasti konunglegi lögfræðingurinn, sem útskrifaður var frá HÍ áður en til lýðveldisstofnunar kom. En fagnandi veitti hann slitum atkvæði sitt og leyfði Íslandssögunni að hvelfast yfir sig á Þingvöllum 17. júní 1944. Og hann hafði í sér tilfinningaviddir til að lifa mikilvægi þess atburðar í sögu þjóðarinnar.^[8]

7. Sjá viðtal í Úlfjótí, 2. tbl. 1994: Síðasti konunglegi lögfræðingurinn á Íslandi, bls. 219 og áfr., á bls. 228.

8. Sjá Heiðursrit, á bls. XV.

Hér var talað um „vináttu- og virðingarbönd“ milli stúdenta og háskólakennara og eru það orð að sönnu. Alveg sérstaklega minntist Ármann ævinlega prófessors Ólafs Lárussonar með mikilli virðingu og þakklæti, enda reyndist Ólafur honum mjög vel bæði sem kennari og eins sem samkennari í Lagadeild á fyrstu kennsluárum Ármanns.

Að loknu embættisprófi starfaði Ármann um nokkurra mánaða skeið sem settur bæjarfógeti á Akranesi haustið 1944 en hélt síðan utan til framhaldsnáms í lögum á Norðurlöndum. Sú námsdvöl varð honum til mikils þroska og minntist hann hennar æ síðan með miklu þakklæti – og jafnvel eftirsjá að því er helst var að heyra. Hugur hans stefndi eindregið á hærri mið í lærdómssökum og ekki er að efa, að árin þrjú í góðum háskólum meðal frændþjóða okkar hafi notast honum vel, þessum iðna og einbeitta manni, og hann búið ævilangt að þeirri námsdvöl og kynnum við fræðimenn og skólafélaga, sem hann hélt tryggð og vináttu við, suma hverja, enn um margra ára skeið.

Réttindi héraðsdómslögmanns öðlaðist hann 13. desember 1952 en starfaði aldrei sem lögmaður.

Framhaldsnám sitt stundaði Ármann fyrst við Uppsalaháskóla í Svíþjóð 1945-1946, við Kaupmannahafnarháskóla 1946-1947 og við Óslóarháskóla frá 1947 til hausts 1948. Þá var hann við sérnám og rannsóknir við Harvard Law School í Bandaríkjunum 1954-1955. Utanlandsferðir, sem tengdust fræðastarfi hans, fór hann margar um dagana, eins og síðar verður getið um.

Ármann var búinn að tryggja sér aðstöðu til framhaldsnáms við háskólann í Cambridge á Englandi, er hann hafði lokið fræðadvöl sinni á Norðurlöndum, en þá bárust honum boð frá Lagadeild Háskóla Íslands þar sem hann var kvaddur til kennslustarfa á Fróni haustið 1948, sem hann gegndi síðan næsta aldarfjórðunginn. Það var gamall lærifaðir, Ólafur Lárusson prófessor, sem gerði boð fyrir Ármann símleidis, en hinn síðarnefndi var þá staddur erlendis. Ármann sagði síðar í áheyrn greinarhöfundar, að hann hefði ekki getað hafnað þessu boði en hefði þó alltaf séð eftir því að komast ekki til Cambridge í það sinn enda þótt hann hafi komið þar oft við síðan.

Í fyrrnefndri minningarræðu segir:

Hann var aðeins fjórtán ára þegar hann fór að heiman, fór í skóla sem naut kennslu manna, sem höfðu dvalið langdvölum erlendis. Lunderni og mótun skópu útsýn Ármanns. Hann kunní illa heimóttarstíl. Eftir að hann var búinn að þjóna sem bæjarfógeti á Akranesi fór hann utan. Honum var fullkomlega eiginlegt og eðlilegt að fara í framhaldsnám, ekki bara til Danmerkur, heldur var hann að auki sitt hvort árið í Noregi og Svíþjóð við fræðaiðkun. Hann þorði líka að skoða lögfræðina í stóru samhengi. Undrandi Reykvíkingur spurði þegar það fréttist, að Ármann væri að læra réttarheimspeki: „Hvernig getur lögfræðingur lært heimspeki? Ég hélt þeir fengjust aðallega við að innheimta víxla!“ Nei, Ármann var í sonnum jús. Og hann varð síðar margfaldur heiðursdoktor í lögum.^[9]

Meðan á framhaldsnámi Ármanns stóð – þessi þrjú mótunarár hans á Norðurlöndum – þroskuðust skoðanir hans á eðli laga og réttar í samfélaginu og um leið á mikilvægi lögfræðinnar til úrlausnar á samfélagsvandamálum. Í fyrrnefndu viðtali við hann í Úlfjótí 1994 segir hann um þetta:

Ég hefi heillast mest af hinni félagslegu hlið lögfræðinnar ef svo má að orði komast og meir en af hinum tiltölulega hörðu viðskiptareglum, sem þó eru harla nauðsynlegar í þjóðfélagi nútímans. Áhugi minn hefur mjög beinst að hinum mannlegu félagstengslum, samskiptum manna, mótun þeirra, efnisþáttum og rofum og könnun á því, hvernig réttarreglur mótast sem andsvar við þörfum mannlegs samfélags á skipulegu ríkisvaldi og á umgerð um samskipti einstaklinga, sem henti aðstæðum og horfi til félagslegs þroska. Ég hef verið nefndur húmanisti og uni vel þeirri nafngift. Ég tel að réttarreglur eigi að vera eins konar bjargvættur í skiptum manna – og raunar félagsleg slysavörn – sem ávallt hafi að leiðarljósi að skipa málum á réttsýnan, manneskjulegan hátt. Frá þessu sjónarmiði er lögfræðin – eða á að vera – *ars aequi et boni* – list hins góða og réttláta eins og Rómverjar hinir fornu mæltu.^[10]

Á yngri árum Ármanns voru það einungis tiltölulega fáir menntamenn, sem höfðu tök á því að fara til framhaldsnáms erlendis að loknu háskólanámi hér á landi, en Ármann var vissulega í þeim hópi. Um gagnsemi slíkrar framhaldsmenntunar segir hann í grein, er hann nefnir „Hugleiðingar um framhaldsnám kandídata“ og birtist í Stúdentablaðinu 1. desember 1952:

9. Sjá Heiðursrit, á bls. XV.

10. 2. tbl. 1994, á bls. 219.

Námsdvöl kandiðata erlendis hefir margvíslegt gildi, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið. Sjóndeildarhringur manna víkkar. Þekking þeirra á mönnum og málefnum eykst. Þeir öðlast traustari aðstöðu en ella til að bera saman erlenda þjóðfélagsháttu og innlenda og verða yfirleitt skyggjarnari á íslenskt þjóðfélag og þjóðlíf, kosti og galla. Kandiðatarnir fá færi á að kynnst erlendum stéttarbræðrum, viðfangsefnum þeirra og vinnubrögðum. Slík kynni eru ómetanleg. Þá er og ekki lítils virði sú leikni og þekking, er kandiðatarnir öðlast í erlendum tungumálum, sérstaklega þegar menn hafa allanga útivist. [...] Hættan á menningarlegri einangrun hér er ekki ástæðulaus með öllu. Því verður heldur ekki hafnað í þessu sambandi, að ærinn aðstöðumunur er á því tvennu að stunda háskólanám hér heima eða erlendis. Það er ólíkt meira ævintýri – og þroskaraun – fyrir ungan stúdent að halda til náms til Kaupmannahafnar, Cambridge eða Parísar en að færa sig um set frá Akureyri til Reykjavíkur eða frá Lækjargötu að Melaveg. Í raun rétttri má segja, að þeir stúdentar, sem stunda háskólanám erlendis, njóti með vissum hætti fríðinda umfram heimastudentana. Ef freista ætti að jafna þau met að nokkru, kæmu til greina fleiri úrræði en eitt, en meðal þeirra væri það að búa kandiðötum greiða aðstöðu til námsdvalar erlendis að námi loknu hér heima. Námsdvöl kandiðata erlendis hefur, svo sem nú hefur verið dregið á, persónulegt þroskagildi fyrir kandiðatana. En slík dvöl hefur einnig gildi fyrir þjóðfélagið á marga lund. Í því efni nægir að benda á þá staðreynd, að þjóðfélaginu er brýn þörf á því, að kandiðatar afli sér sérmenntunar, eftir því sem föng eru frekast á. Eins og vísindalegri þróun er nú komið, kveður æ meir að sérhæfingu og sérmenntun, þannig að sums staðar erlendis má kalla, að háskólafræðslan fram að kandiðatsprófum verði aðeins almennur áfangi eða frumundirstaða undir sérfræðilegri menntun. Þessarar sérhæfingar gætir ekki jafn mikið hér á landi og víða erlendis. Sú athugun haggar þó ekki því, að rík þjóðfélagsleg nauðsyn er á því, að hér á landi njóti manna, sem hafi sérþekkingu umfram almenna háskólamenntun, í flestum fræði- eða vísindagreinum.^[11]

4. Fjölskyldulíf og heimilishagir

Ármann gekk í hjónaband 11. nóvember 1950. Eiginkona hans var *Valborg Sigurðardóttir*, f. 1. febrúar 1922, d. 25. nóvember 2012, og stóð hjónaband

11. Tilv. tölublað, bls. 11-14, á bls. 11.

þeirra meðan bæði lifðu. Þau bjuggu lengi í rúmgóðu einbýlishúsi, sem þau reistu sér að Aragötu 8 í Reykjavík, en eignuðust einnig sumarbústað að Kerhóli í Grímsnesi. Á báðum stöðum undi fjölskyldan sér vel.

Valborg var merk kona, sem lét mikið að sér kveða á sínu starfs- og menntunarsviði. Foreldrar hennar voru Ásdís Margrét Þorgrímsdóttir húsfreyja, f. 1883, d. 1969, og Sigurður Þórólfsson skólastjóri, f. 1869, d. 1929. Hún fór ung að árum til Bandaríkjanna og menntaði sig þar árum saman, en stúdent varð hún frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941. Sálfræðinám stundaði hún við háskólann í Minnesota 1942-1943. BA-próf í uppeldis- og sálarfræði tók hún frá Smith College í Massachusetts 1944 og MA-próf þaðan 1946. Hún gerðist skólastjóri Fóstruskóla Íslands (er síðar nefndist Fósturskóli Íslands) frá stofnun hans 1946 og þar til 1985, er hún lét af því starfi. Eftir hana liggja ýmis ritverk á sérsviði hennar, það er varðandi uppeldis- og kennslumál. Hún var kjörin heiðursdoktor við Kennaraháskóla Íslands 2002 og heiðursfélagi í ýmsum félögum. Stórriddarakrossi fálkaorðunnar var hún sæmd 1986.



Hjónin Ármann Snævarr og Valborg Sigurðardóttir.

Í fyrrnefndri minningarræðu um Ármann segir meðal annars, að frú Valborg hafi staðið við hlið manns síns og stutt hann með ráðum og dáð, og er það síst ofsögum sagt. Þá segir prestur:

Hún var skóladúx eins og Ármann. Í september 1948 hittust Valborg og Ármann í Ósló. Hún var á námsför og hann á fræðaspretti. Og Ármann bauð Valborgu út að borða – og það var nú kannski ekki beinlínis upp úr franskri eða ítalskri kúsínu sem þau völdu sér – heldur borðuðu hvalkjöt. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að það væri rómantískt. Þetta var þeirra útgáfa af *Food and Fun*. En svo fóru þau heim og ástin kviknaði – enda hvalkjöt staðgott. Þau gengu í hjónaband í kapelli Háskólans 11.11.1950. Sr. Stefán á Völlum, bróðir Ármanns, gaf þau saman og var svo snjall að leggja út af orðinu mannval. Og hjónaefnin voru ekki aðeins mannval, heldur kyssast nöfnin þeirra svo fallega að helmingur Ármanns og helmingur Valborgar verður mannval. Það var auðvitað snjallt hjá þeim að ganga í hjúskap á vopnahlésdaginn og hefja vígsluathöfn kl. 11. Bæði stórveldi í sjálfum sér en þó vel slípuð, bæði yngst í barnahópum, mótuð af lífsreynslu langferða um lendur mennta og landa. Vopnahléd hélt og lífið var fjölbreytilegt. Það var ekki aðeins einhliða stuðningur, sem Valborg veitti manni sínum. Hann var henni alltaf stoð í brautryðjendastarfi hennar við uppeldismenntun þjóðarinnar og mótun kynslóða leikskólafólks, sem jafnframt var einnig efling kvennameningar, kvennavirðingar og stuðlaði að jafnari stöðu kynjanna í samfélaginu. Þau unnu bæði með framtíðarfólki og að mótun framtíðarmeningar þjóðarinnar. Ekki er að efa, að Valborg hefur haft mikil áhrif á skilning Ármanns og eft vísu hans. Hæfni hans verður ekki numin og skilin til fulls nema með vísan til hennar líka. Hann var lánsmaður.

Þeim hjónum varð fimm barna auðið auk barnabarna. Börn þeirra eru: 1) Elst er Sigríður Ásdís sendiherra, f. 1952. Eiginmaður hennar er Kjartan Gunnarsson. 2) Þá Stefán Valdemar, prófessor í Noregi, f. 1953. 3) Sigurður Ármann hagfræðingur, f. 1955. Kona hans er Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir. 4) Valborg Þóra lögmaður, f. 1960. Hennar eiginmaður er Eiríkur Thorsteinsson. 5) Yngstur er Árni Þorvaldur, upplýsingafulltrúi í Brüssel, f. 1962.

Enn segir í minningarræðunni:

Valborg var „útivinnandi“ og Ármann var „heimavinnandi“. Hann tók ákvörðun um að vera heima við skriftir og kennsluundirbúning. Ritvélarpíkkið var eins og hjartsláttur á heimilinu. Gögn, bækur og blaðabunkar flæddu yfir borðstofuborð, en var sópað til hliðar fyrir máltíðir. Borðið var miðja veruleikans og börnin kölluðu sína veru inn í fræðin og hinn akademíski andi seytlaði til baka í æðar og vitund þeirra. Það er ekkert einkennilegt að þau séu líka fræðapulir. Þeim var lagið að flytja sitt mál. Engum lá lágt rómur, oft var tekist á og heimilisfaðirinn kímdi yfir málflutningnum. Einhverju sinni gall við í Ármanni: „Mikið er ég hamingjusamur að hafa ykkur öll hérna – og allir að rífast [...]“. Ármann kom í gættina á partíkvöldum unglingsára barnanna, heilsaði öllum viðstöddum gestum alúðlega og bauð rúsínur eða kandís. Þetta þótti krökkunum ekki smart. Hann hringdi í fólkið sitt samkvæmt reglu og vildi fá fregnir af öllu því sem gladdi eða bjátaði á. [...] Umtalsfrómur var hann alla tíð. Hann var svo umgengnisgóður að hann bar jafnvel virðingu fyrir stólum. Ármann sótti í djúpin, fór að baki lagagreinum og bókstaf og greindi dýpri rök og þarfir fólks og lífs. Hann stóð alltaf með lífinu og þeim, sem varnar þörfnuðust. Eins og hann var mikill alþjóðamaður var hann vel tengdur þjóðmenningu og íslenskum gildum.^[12]

Á öðrum stað í nefndri ræðu segir:

Ármann Snævarr [var] maður tengsla, eiginmaður, faðir, afi, vinur og félagi. Ármann hafði ekki aðeins nautn af umgengni við fólkið í háskólanum. Hann var svo félagslyndur að hann var jafnan fyrstur til dyra og líka þegar sendill kom með vörur úr KRON-búðinni, dreif sendilinn inn og settist niður og spjallaði. Hann staldraði við hjá okkur börnunum í hverfinu, spurði að nafni og sagði sitthvað eftirminnilega hnyttið við okkur og hlýlegt um okkar fólk. Engan mann mun gerði hann sér, hann frúaði og frökenaði konurnar og umgekkst karlana með hlýlegri virðingu. Allir þekktu Ármann og alla þekkti hann.^[13]

Ármann var einlægur trúmaður og kirkjurækinn. Í margnefndri minningarræðu segir um þann eðlisþátt hans:

12. Heiðursrit, bls. XIX-XX.

13. Heiðursrit, bls. XVII-XVIII.

Trúariðkun hans var heillandi skýr og einföld, hann umgekkst Guð sem félagi og bandamann, sem hann ræddi við óhikað og opnaði sig fyrir. Ármann átti sér ákveðinn bænátíma á kvöldin og ef hann var ekki nærri konu sinni gátu þau hvort í sínu lagi beðið sitt Faðir vor á ákveðnum tíma og „deitað“ þannig hvort annað á himneska vísu. Guð var Ármanni sálgættir, besti vinur, sem var honum nærri í gleði en líka andblæstri og sorg. Því umlauk hann sitt fólk í bænum sínum, umspennti allt, sem skipti hann máli, sem reyndar var stór og litrík veröld. Tilvera hans var óbrotin. Það var himneskur jús í öllu, sem hann gerði í vinnu, fræðum og einkalífi.¹⁴

Trúhneigð Ármanns birtist gjarna í daglegu tali hans, t.d. með orðunum „Guð láti á gott vita“, sem hann hafði oft yfir þegar tilefni var til.

5. Kennarinn

Ármann Snævarr var settur prófessor í lögum frá 1. september 1948 og skipaður í það embætti frá 1. ágúst 1950. Er hann lét af kennslu við Lagadeild 1972 hafði hann því starfað þar með sóma í 24 ár.

Tekið skal fram, að á fyrstu kennsluárum Ármanns nefndist sú deild, er hann starfaði við, *Laga- og hagfræðideild* en síðar *Laga- og viðskiptadeild*. Árið 1962 voru deildirnar síðan aðskildar og hefur lagakennslan við Háskóla Íslands að mestu farið fram í *Lagadeild* eftir það. Til hægðarauka verður hér einungis talað um *Lagadeild*.

Þegar Ármann tók við kennslustarfi í Lagadeild 1948 urðu kennslugreinar hans þessar: *Almenn lögfræði*, *síftja- og erfðaréttur*, *refsiréttur* og *persónuréttur*. Nokkru síðar tók hann einnig við kennslu í *réttarsögu*, sem Ólafur Lárusson prófessor hafði áður gegnt (fram til 1957). *Almenn lögfræði* hafði verið gerð að sérstakri prófskyldri grein (á eldra grunni) með reglugerð frá 1935 og taldist persónuréttur þá með henni sem eins konar aukagrein. Í þeirri reglugerð var meðal annars í fyrsta sinn kveðið á um *stjórnarfararsrétt* sem sérstaka kennslugrein, er Ólafur Jóhannesson prófessor skapaði og þróaði síðar í

14. Heiðursrit, bls. XX.

áratugi. Með nýrri reglugerð frá 1949 voru meðal annars tekin upp sérstök forpróf í almennri lögfræði en persónurétturinn var aftur lagður til sifja- og erfðaréttarins, eins og verið hafði fyrir 1935.

Fram til 1948 hafði Ísleifur Árnason prófessor kennt sifja-, erfða- og persónurétt (til samans voru þær greinar fyrrum nefndar 1. borgararéttur), refsirétt og almenna lögfræði. Ármann tók nú við kennslunni í þessum greinum og stundaði hana í þeim öllum fram til þess að hann gerðist háskólarektor haustið 1960. Frá 1959 var Þór Vilhjálmsson, þá borgardómari, stundakennari í almennri lögfræði (og ágripi af réttarsögu) í Ármanns stað um nokkur ár og Valdimar Stefánsson ríkissaksóknari sömuleiðis í refsirétti. Kennslunni í sifja-, erfða- og persónurétti gegndi Ármann að mestu jafnhliða rektorsembætti sínu, sem prófessor, allt til 1972, eins og áður segir, er hann lét af föstu starfi við Háskóla Íslands og tók við embætti hæstaréttardómara.^[15] Lausn frá prófessorsembættinu var honum veitt 1. maí 1972 en gegndi þó áfram vissum kennsluskyldum prófessorsembættis skólaárið 1972-1973 auk þess sem hann sinnti stundakennslu öðru hvoru á næstu árum.

Við upphaf starfsferils Ármanns í Lagadeild voru fastir kennarar afar fáir og laganemar voru að sínu leyti ekki sérlega margir miðað við það, sem síðar hefur orðið, en þó var deildin tiltölulega fjölmenn á mælikvarða hins smáa háskóla. Verður þá að hafa hugfast, að allmikið tíðkaðist að nemendur væru af ýmsum ástæðum innritaðir í deildina en stunduðu tímасókn einungis í litlum mæli. Gefa opinberar tölur um nemendafjöldann því ekki raunsanna mynd af fjölda virkra nemenda. Þegar Ármann tók við embætti sínu, 1948, voru skráðir nokkuð á annað hundrað nemenda í Lagadeild. Þegar hann tók við rektorsembætti 1960 voru 130 nemendur innritaðir í deildinni.

Frá upphafi kennslustarfanna gustaði af Ármanni – þrátt fyrir ljúfmannlegt og hófsamlegt viðmót – vegna ferskra skoðana og hugmynda hans um tímabær nýmæli, en þar hafði hann að sjálfsögðu hliðsjón af ýmsu því, er

15. Hér er meðal annars stuðst við upplýsingar úr riti Guðna Jónssonar, Saga Háskóla Íslands – Yfirlit um hálfra aldar starf, Reykjavík, 1961, bls. 117-123.

hann hafði séð og kynnt sér í sínu langa framhaldsnámi á Norðurlöndum og síðar í Bandaríkjunum. Í reynd gerðist hann snemma forystumaður í lögfræðikennslunni.

Ármann gerði sér ljóst, sem ungur og metnaðarfullur háskólakennari, að full þörf væri á því að þróa margvíslegar nýjungar í kennsluháttum og starfsaðferðum við Háskóla Íslands og þar á meðal í Lagadeild, sem hann þekkti best. Hann vildi reyndar ekki varpa gömlu fyrirlestraadferðinni fyrir róða en taldi æskilegt að „til hliðar“ við hana myndi þróast ólík en um leið mun frjálslægri aðferð, það er að segja *seminarkennsla*, svokölluð. Hún hafði lítt verið tíðkuð hér á landi. Ármann var hinn fyrsti sem notaði þessa aðferð í Lagadeildinni hér en eftir hans dag var hún tekin upp að einhverju marki í nokkrum greinum í deildinni. Ármann segir:

Veldur kennarafæðin [...] miklu um [að aðferðin er ekki notuð] og svo hitt, að hér við háskólann hefir ekki verið nein kennslustofa, sem búin hefur verið út til slíkrar kennslu. Seminarkennslan krefst raunverulega tiltekinnar ytri umgerðar, þ.e. að kennari og nemendur sitji ekki dreift, heldur t.d. við langborð, og eigi með þeim hætti auðvelt að komast í andlegt símasamband. Í seminaræfingum í lögfræði koma til greina fjölmörg úrlausnarefni, en tilhögunin er jafnan sú, að nokkrir nemendur takast á hendur að flytja sjálfstætt efni, er þeir hafa undirbúið, en aðrir ræða síðan þau framlög, og geta þar umræður vissulega horft bæði að efni máls, vinnu- og rannóknaraðferðum, framsetningu o.s.frv. Við slíkar seminaræfingar kemur t.d. til álita að ætla nemendum tiltekið dómsmál, sem dómstólar hafa þegar fjallað um, til reifunar og umræðu. Gerir það málið talsvert girnilegra til viðfangs, ef nemendur fá í hendur öll dómsskjölin og geta unnið úr þeim auk dómanna. Tilraunir með þetta hafa verið gerðar hér í Lagadeild, og hefur tekist að fá nemendur með þeim hætti til að leggja ýmislegt sjálfstætt af mörkum og tjá sig frjálslugar en venja er í hinum almennu kennslustundum. Af öðrum verkefnum, sem heppilegt væri að fjalla um í seminörum, eru t.d. lagafrumvörp, einstakar bækur eða ritgerðir, sem nemendur gætu reifað í megindráttum, bæði efnislega og einnig frá methodologísku sjónarmiði, og svo ritgerðir eða rannsóknir nemenda eða

raunhæf úrlausnarefni, sem samin væru í þessu skyni o.m.fl. Er ég þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að stórauka seminaræfingarnar og að þær eigi að vera fastur þáttur í kennslunni í lögfræði. Er rétt að skýra frá því í þessu sambandi, að háskólaráð hefir nú ákveðið að eina kennslustofu skuli búa út sem seminarstofu, og skapast þá vonandi aðstaða til að auka mjög þennan þátt í kennslunni – raunar bæði í Lagadeild og utan hennar.^[16]

Um þörf fyrir kennslu í nýjum greinum í Lagadeild eða tengslum við aðrar háskólagreinar segir Ármann í sömu ritgerð:

Það orkar ekki tvímælis, að hagar væri að því að fengist væri við nokkrar greinar í lagakennslunni, sem ekki er auðið að sinna nú. Má þar einkum nefna skattarétt í viðtækri merkingu (finansrett) og félagarétt, sem brýna nauðsyn ber til að upp verði teknar, en að auki má nefna félagsmálarétt (socialrétt) og höfundarétt. Við sumar lagadeildir er félagsfræði (sósíológía) skyldugrein, svo sem verið hefir um langt skeið við háskólann í Ósló, og væri mjög þarflegt að íslenskir laganemar nytu kennslu í þeirri grein. Hið sama er um höfuðþætti stjórnvísinda (statsvitenskap, political science), sem mjög er æskilegt að upp verði tekin sem sjálfstæð grein, sennilega í tengslum við Laga- og viðskiptadeild. Er það raunar hálfgerð kaldhæðni örlaganna, að vér Íslendingar, sem stærum oss af því, að löggjafarþing vort sé hið elsta í heimi, skulum ekki hafa kennarastól í stjórnvísindum. Ef bæta ætti greinum við lögfræðina frá því, sem nú er, verður því ekki við komið, nema með því að kennurum deildarinnar verði fjölgað, og má raunar segja með sanni, að í Lagadeild haldist ekki í hendur stúdentasæld og kennarafjöldi, því að af upprunalegu deildunum hefur hlutfallslega minnst kennarafjölgun átt sér stað í Lagadeild, þótt hún sé sú deildin, sem brautskráð hefur flesta kandiðata.^[17]

Á námsárum greinarhöfundar við Lagadeild (1964-1969) gegndi Ármann Snævarr embætti háskólarektors en eins og áður var getið um stundaði hann jafnframt kennslu í nokkrum greinum, það er erfða-, sífja- og persónurétti, jafnhliða annasömum stjórnsýslustörfum. Valdimar Stefánsson ríkissaksóknari annaðist á þeim árum stundakennslu í refsirétti

16. Ármann Snævarr: Hugleiðingar um lögfræðikennslu og lögfræðináms, í ritinu Vísindin efla alla dáð, Reykjavík 1961, bls. 135 og áfr., á bls. 145-146.

17. Tilv. rit á bls. 142.

og Þór Vilhjálmsson, þá borgardómari, stundakennslu í almennri lögfræði og réttarsögu, en báðar voru þær greinar á umsjónarsviði Ármanns.

Árman setti sannarlega sinn svip á háskólasamfélagið meðan hann starfaði á þeim vettvangi, og fræðistörfum sinnti hann áfram, árum saman, eftir að hann sneri að öðru starfi, og einnig að formlegum starfsárum loknum, þótt sjóndepurð bagaði hann síðari árin. Hann fékkst nokkuð við stundakennslu í deildinni fyrst eftir að hann lét af embætti hæstaréttardómara. Hann var ætíð þægilegur í samskiptum við nemendur og ég minnst þess t.d., hversu ljúfur hann var og skilningsríkur á munnlegum prófum, þar sem hann reyndi að leiða fram það, sem nemandinn átti að vita en gat kannski ekki munað þá í svipinn!

Árman var vissulega eftirminnilegur kennari, líflegur, stórfróður og geislandi af áhuga á viðfangsefnum hvers og eins kennsludags, sem voru eins og hátíðisdagar í huga hans. Sökum anna við stjórnun (einkum meðan hann var rektor) kvað nokkuð að því, að kennslustundir féllu niður hjá honum og þá stundum með litlum eða jafnvel engum fyrirvara, en ég held að nemendur hafi almennt haft og sýnt skilning á því. Reglan var þá sú, ef kennarinn birtist ekki, að við áttum að sitja í sætum okkar í stundarfjórðung en máttum yfirgefa stofuna að svo búnu ef engin tilkynning hafði borist okkur.

Eins og fyrr segir var fróðleikur kennarans mikill og fræðaáhuginn óbilandi. Svo sem vænta mátti flaut þá margt smálegt með í kennslunni í bland við mikilvægari atriði. Skil milli aðalatriða og aukaatriða voru þá ekki alltaf skýr, fannst okkur nemendunum, og var okkur þá ætlað að vinsa sjálf úr á eigin ábyrgð. Oftast voru þó „aukaatriðin“ skemmtilegust!

Nemendurnir gátu almennt vel skilið þá gleði, sem Árman hafði augljóslega af því að kenna okkur *sifjarétt*, því á þeirri grein geta verið ýmsir óvæntir og líflegir fletir, frá sjónarhóli ungra háskólanema – auk þess hve greinin er mannleg og „praktísk“. Árman lagði t.d. mikla áherslu á djúpa, fræðilega kennslu um „festar“ – sem á máli okkar, unga fólksins, hét einfaldlega „trúlofun“. Við, nemendurnir, vorum reyndar flest á þeim aldri,

að þetta félagslega fyrirbrigði gat verið afar nærtækt og raunhæft fyrir okkur, og þess vegna var áhugi okkar vel skiljanlegur. Hafi maður hins vegar haldið, fyrir fram, að það væri tiltölulega einfalt mál (svona gagnvart réttarkerfinu) að koma sér upp kærustu eða kærasta og innsigla síðan heit um ævarandi tryggð með gullhringum, þá fór maður heldur betur villur vegar. Það sannaði Ármann í kennslunni. Lögfræðilegu vafningarnir og álitamálin voru „legio“ og maður hafði varla undan að innbyrða allan þann fróðleik. Ég held nú samt að yfirleitt hafi þetta ekki orðið til að fæla okkur unga fólkið um of frá ástarfari og trúlofunarstandi! Lífið hefur sinn gang þrátt fyrir allt. Sumt af fróðleiknum frá Ármanni tollir jafnvel í manni enn, eftir alla þessa áratugi. Einkum minnst ég þá þess, að hann tók nokkrar kennslustundir í að ræða um réttaráhrif *gjafa*, sem hjónaefni höfðu gefið hvort öðru meðan allt lék í lyndi – og hvernig ætti svo að fara með gjafirnar eftir að slitnað hefði upp úr sambandinu – „festunum“. Þegar svo stendur á er gjöfum stundum skilað aftur, eins og kunnugt er, en stundum ekki. Má þá líta svo á, að *kerafa* stofnist til slíkra skila? Í ljós kom, að um það efni voru til mikil fræðiskrif eftir lærða menn og óteljandi dómar frá grannþjóðum okkar á Norðurlöndum, sem Ármann hafði vitaskuld kynnt sér af nákvæmni og þuldi síðan fyrir okkur. Hann tók þó fram, að hann gæti ekki ætlast til að við legðum öll þessi dæmi á minnið heldur fyrst og fremst þau, sem hverjum og einum þætti áhugaverðust. „Verður nú róið á bæði borð“, sagði Ármann, „og verður lukka að ráða því, hvað situr í ykkur eftir þá sjóferð.“

Ég minnst þess, þegar Ármann var að hefja kennslu í *erfðarétti*, sem að margra mati er heldur dauf og drungaleg fræði- og kennslugrein – enda dauðinn, fjarlægur flestu ungu fólki – þar ævinlega á næstu grösum. Ármann sagði þá í inngangsorðum sínum, að þessi grein lögfræðinnar væri oft kölluð „hin döpru vísindi“, en hann gæti nú síður en svo tekið undir það, engin grein lögfræðinnar fyndist sér skemmtilegri en einmitt erfðarétturinn! Varð heldur ekki annars vart en að hann segði þetta satt, því að slík voru stundum

tilþriffin hjá kennaranum, að maður beinlínis gleymdi návist dauðans, sem má þó segja að standi undir fræðigreininni, ef svo má að orði komast.

Litla sögu get ég nefnt, sem Ármann sagði sjálfur í kennslustund, þar sem ég var áheyrandi ásamt mörgum öðrum – en þessi saga var reyndar vel kunn í Háskólanum á síðari kennsluárum hans. Þannig var, að nokkrum árum fyrr fékk hann leyfi frá kennslu um nokkurt skeið og stundaði þá rannsóknir við lagadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Hann tók nærri sér, jafn samviskusamur og nákvæmur og hann var, að þurfa að láta nemendur sína sitja „sjálfala“ mánuðum saman meðan kennarinn væri víðs fjarri. Tók hann því til þess bragðs, áður en hann hélt utan, að flytja allmarga fyrirlestra inn á segulband, sem hann ætlaðist síðan til að endurfluttir yrðu af bandinu í kennslustundum, þar sem nemendur kæmu saman til að innbyrða fróðleikinn. Það fylgdi sögunni, að nemendur kölluðu segulbandið „prófessor Grundig“ (en svo nefndist tegund tækisins). Ármann vissi ekki betur en að þetta gengi allvel, eins og til var ætlast. En nú vildi svo til, að hann kom heim úr utanlandsferðinni aðeins fyrr en áætlað hafði verið og hélt þá, þegar í stað, upp í kennslustofu Lagadeildar á 2. hæð í Aðalbyggingu Háskólans, en þar átti þá einmitt að standa yfir kennsla í sífjarétti af segulbandinu góða. Ármann gekk nú inn í stofuna, þar sem hann bjóst við að sjá allmarga áhugasama laganema, sem væru að hlýða á fyrirlesturinn. En þá brá honum heldur betur í brún, því að enginn nemandi var í stofunni en þess í stað allnokkur segulbönd í gangi, sem drukku í sig fyrirlestur kennarans og geymdu hann til betri tíma! Þarna talaði, sem sagt, sá ágæti lagakennari prófessor Grundig fyrir tómunum sal, en orð hans voru þó numin með nánast yfirskilvitlegum hætti. Löngu síðar gat Ármann vissulega hlegið að þessari sögu um leið og hann staðfesti hana við greinarhöfund.

Þess má jafnframt geta hér, að Ármann kenndi um árabíl *kirkejurétt* í Guðfræðideild Háskóla Íslands, en jafnframt gegndi hann ýmsum faglegum trúnaðarstörfum fyrir Þjóðkirkjuna, sjá hér síðar.

Fáir voru eins minnugir á nöfn og andlit og Ármann. Hann þekkti hvern einasta nemanda sinn með nafni og mundi síðan ávallt eftir honum. Oft varð ég vitni að þessu óvenjulega langminni hans – sem auðvitað var ekki bundið við nemendur eina, síður en svo. Haft er eftir Sigríði, dóttur Ármanns (og staðfest af henni), að einhvern tíma hafi hún verið á ferð með föður sínum nálægt 1970, þá ung að árum. Allt í einu sér þá Ármann mann nokkurn, sem hann kannast bersýnilega vel við, og snýr sér nú að og heilsar hressilega með nafni og spyr hvernig hann hafi það. Maðurinn verður hálfvegis hvumsa við, kannast sjáanlega ekki við Ármann og spyr, hvort þeir þekkest eitthvað. „Já, ég er nú hræddur um það. Manstu það ekki? Við hittumst og ræddum dálítið saman eitt sinn á flugvelliðum í Gander á Nýfundnalandi árið 1949, þegar Loftleiðavél, sem hafði okkur sem farþega, hafði þar viðkomu til að taka eldsneyti. Gaman að sjá þig aftur.“

Að lokum má geta þess hér, að Ármann var prófdómari við Lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1973-1987, en auk þess var hann stundakennari við Fósturskóla Íslands á árinu 1992 og forstöðumaður námskeiða til undirbúnings fyrir próf löggiltra endurskoðenda.

6. Fortölumeistarinn

Ármann Snævarr sýndi greinarhöfundu ævinlega gott og hvetjandi viðmót, bæði meðan ég var nemandi og eins eftir að ég fór að fást við kennslu í Lagadeild. Á ég honum margt að þakka, en það á vissulega við um fleiri. Lítil saga, sem hér fylgir, varpar örlitlu ljósi – þó aðeins jákvæðu – á vissa eiginleika, sem tengdust samskiptahæfni hans.

Ármann bjó yfir *fortölubæfileikum* umfram flesta eða alla menn, sem ég hef þekkt. Um það geta margir vottað. Ég man sérstaklega eftir einu dæmi, er ég varð sjálfur vitni að. Þannig var, að er líða tók að sjötíu ára afmæli dr. Gunnars G. Schram prófessors, samkennara míns við Lagadeild, var ákveðið að efna til veglegs afmælisrits af því tilefni. Fór undirbúningur að útgáfu þeirrar bókar fram á vegum sérstakrar ritnefndar eins og venja er um

sambærileg rit. Ég átti sæti í þessari nefnd en Ármann Snævarr var formaður hennar. Var samstarfið við hann mjög ánægjulegt, en mest mæddi á okkur tveimur við þetta starf, yfirlestur greina og þess háttar. Nú kom að því, að fá þurfti eitthvert gott útgáfufyrirtæki til að taka að sér prentun og dreifingu ritsins. Við leitum fyrir okkur á nokkrum stöðum en án árangurs, komum í reynd að lokum dyrum eða þá að okkur var ekki svarað. Loks hugkvæmdist Ármanni að leita ásjár hjá Almenna bókafélaginu og þangað lögðum við nú inn handrit bókarinnar (sem var nokkuð við vöxt), þannig að taka mætti afstöðu til útgáfunnar. Síðan mættum við Ármann til viðtals hjá framkvæmdastjóra útgáfunnar á þeim viðtalstíma, er okkur hafði verið veittur. Stjórinn tók okkur kurteislega en með alvarlegu yfirbragði. Kvaðst hann, því miður, verða að tilkynna okkur, að hans fyrirtæki gæti ekki gefið ritið út. Útgáfa afmælisrita samræmdist ekki útgáfustefnu fyrirtækisins, sem stjórn þess hefði áður ákveðið að hans sögn. Þetta var í sjálfu sér heiðarlegt og afdráttarlaust svar við beiðni okkar og fátt við því að segja. Ég bjóst þess vegna við, að viðtalinu væri í reynd lokið og ætlaði að fara að standa upp úr stól mínum og kveðja framkvæmdastjóran. En þannig átti nú ekki að fara, öðru nær og sem betur fer! Nú tók Ármann til máls og beitti fortöluhæfileikum sínum til hins ítrasta, því að hér reyndi heldur betur á.

Fór hann mörgum og fögrum orðum um útgáfufyrirtækið og starfsemi þess og jafnframt beindi hann hrósi og blessunarorðum að forstjóranum auk þess sem hann mærdi hið fjarstadda afmælisbarn og lýsti með elskulegum orðum nauðsyn þess, að unnt væri að færa því veglegt afmælisrit, sem enginn myndi geta framkvæmt með þvílíkum glæsibrag og einmitt þetta ágæta fyrirtæki.

Ég sat eins og límdur undir ræðu Ármanns og vissi varla á hverju mætti eiga von. Ég hafði aldrei orðið vitni að eins mögnuðum fortöllum. Þær báru líka árangur, því að eftir nokkra umhugsun, að loknu máli Ármanns, sagði forstjórinn: „Nú jæja, ætli við gerum þá ekki undantekningu frá útgáfustefnunni í þetta sinn!“ Og þar með var málið leyst og útgáfan ráðin, en hún tókst mjög vel.

7. Háskólarektorinn

Hinn 19. nóvember árið 1960 var Ármann Snævarr kjörinn rektor Háskóla Íslands, en forveri hans í því embætti, Þorkell Jóhannesson, hafði látist snögglega. Rektorsembættinu gegndi Ármann síðan í níu ár, eða til 15. september 1969 (endurkjörinn 14. maí 1963 og 14. maí 1966).

Við víslu hins veglega *Háskólabíós* á hálfra aldar afmælishátíð Háskóla Íslands haustið 1961 flutti Ármann Snævarr ítarlega og kröftuga ræðu þar sem hann lýsir á eftirminnilegan hátt framtíðarsýn sinni um þróun þeirrar stofnunar, sem var honum svo kær og hugleikin. Þar segir hann meðal annars:

Vér Háskólans menn lítum á 50 ára starfstímabil Háskólans sem mikilvægt reynslutímabil. Því er nú lokið og Háskólinn sem stofnun hefir náð þeim þroska, að ekki er lengur fært að leita sér afsakana í æsku hans og reynsluleysi voru. Vér verðum að virða raunsætt starfsemi Háskólans, hagi hans og vanhagi. Háskólinn hefir fram til þessa fremur verið fræðslustofnun en rannsóknarstofnun, þegar litið er á hann sem heild, og miklu meir hefir gætt hugvísinda en raunvísinda hér við Háskólann. Þessi hlutföll hljóta að breytast. Leggja verður sívaxandi áherslu á rannsóknarstarfsemi Háskólans, og ber að stórefla og bæta rannsóknaraðstöðu hér, bæði með því að koma upp rannsóknarstöðvum og svo með því að bæta til mikilla muna rannsóknar- og vinnuaðstöðu einstakra kennara hér við skólann. Á næsta 50 ára skeiði í sögu Háskólans verða ugglaut svo gagngerar breytingar í starfsemi hans, að í því efni hafa fæst spádómsorð minnsta ábyrgð. Eitt er þó auðsætt: raunvísindarannsóknir og háskólafræðsla og þjálfun í þeim mikilvægu greinum mun setja mjög mark sitt á Háskólann til frambúðar. Samkvæmt ósk Háskólans hafa verið samdar ítarlegar og vandlega undirbúnar tillögur um raunvísindastofnun við Háskólann, og mun hin mikla og mikilsmetna gjöf Bandaríkjastjórnar ugglaut flýta mjög fyrir framkvæmd þeirra. Þá hefur verið ákveðið að leggja á næstunni í það stórvirki að reisa Læknadeildarhús, sem mun bæta stórlega aðstöðu Læknadeildar til kennslu og rannsókna, en jafnframt losnar þá allmikið húsrúm í aðalbyggingu Háskólans, er nota mætti til að bæta rannsóknar- og kennsluaðstöðu annarra deilda. Enn er mjög tímabært að kanna frekar en orðið er möguleika á að stofna til kennslu í náttúrufræði eða einstökum

greinum hennar, og mjög er orðið brýnt að endurskoða frá stofni þá kennslu, sem veitt er í Háskólanum til BA-prófa, þótt það verði ekki rakið hér frekar. Þá býður fræðileg nauðsyn og heilbrigður þjóðlegur metnaður, að hið fyrsta verði stórbætt aðstaða til rannsókna á íslenskum handritum og í íslenskum fræðum. – Á næstu árum stöndum vér andspænis þeim vanda, hvert beina skuli starfsemi Háskóla vors. Efling skólans þarf að fara fram skipulagsbundið og með langmið í huga. Vinna þarf markvisst að þeirri uppbyggingu. Gera þarf sérfræðilegar áætlanir um þarfir vorar á háskólamenntuðum mönnum á ýmsum sviðum og taka síðan til könnunar um hvert einstakt svið, hvort veita eigi mönnum fræðslu í því hér heima eða eigi. Slíkar áætlanir ættu einnig að taka til eflingar á þeim greinum, sem nú er fengist við. Hér er brýn þörf á heildstæðum, alhliða athugunum, sem unnar væru í náiinni samvinnu við ríkisstjórn landsins. Getum vér mikið lært í þessum efnum af frændþjóðinni norsku, en í Noregi hefur verið gripið raunhæft og stórmyndarlega á þessum málum. Vér verðum að efla Háskóla vorn stórum, ef hér á ekki að verða vísindaleg kyrrstaða og afturför, og er þó raunar full hætta á, að unnið sé fyrir gýg, ef kjör starfsmanna Háskólans verða ekki bætt til mikilla muna.



Frá vígslu Háskólabíós 1961. Ármann Snævarr háskólarektor tekur á móti Ásgeiri Ásgeirssyni forseta.

Þessum kröftugu hvatningarorðum beindi háskólarektor að nýstúdentum við skólasetningu haustið 1962:^[18]

Verið brennandi í andanum, svo sem segir í helgri bók. En unnið yður jafnframt færís á að fást við sitt hvað annað en námsgrein yðar, sem gerir yður að meiri mönnum, víðsýnni og skyggnari á fegurð og sönn verðmæti mannlegs lífs. Njótið eftir föngum lista og fagurra bókmennta, og reynið að kynna yður öndvegisrit íslenskra bókmennta. Minnst þess, að enn í dag „ornar fátt betur / allri ætt vorri / en Egill og Snorri“. – Þér leggið nú á nýjar brautir. Hyggið vel frá upphafi vega að lögmálum hins nýja náms, gætið þess vel, að allt háskólanám er að verulegu leyti sjálfsnám og sjálfsþjálfun, sem reist er á sjálfstæðum gagnrýnislegum vinnubrögðum, og um það allt eiga við orð, sem höfð eru eftir breskum vísindamanni, að háskólanám sé fremur „thinking than learning“. Ég brýni fyrir yður að einbeita kröftum yðar þegar frá upphafi að námsverkefnum. Háskólanám krefst einbeittrar vinnu, þreks og þolinmæði, vandvirkni og kostgæfni. Gordíónshnútur háskólanámsins verður ekki leystur í einni svipan – með einu sverðshöggi – hversu ágætum kostum sem sá er búinn, er sverðið mundar. Hér dugir ekkert annað en heilsteypt vinnubrögð, sem er öllu öðru þroskasamlegra. Víða erlendis hljóta stúdentar að greiða of fjár fyrir skólavist. Hér má kalla, að engin skólagjöld séu krafín. Háskólinn ætlast til þess, að þér stúdentar metið þetta við þjóðfélag yðar með þeim hætti, að þér leggið yður alla fram við nám yðar þegar frá upphafi námsferils yðar. – Á þessum fagnaðardegi í lífi yðar, ungu stúdentar, er ástæða til að minnast þeirrar gleði, sem framundan er á þessu dásamlega skeiði lífs yðar, sem nú tekur við [...]. Ég vona, að hin sanna gleði, sem öðlast svörun og fyllingu við samvistir við góða féлага, megi ávallt skipa mikið rúm í skaphöfn yðar og persónuleika. En við gleðskap og kæti bið ég yður að minnast gamals stefis úr íslensku þjóðlagi: „Svo skulum við til gleðinnar gá / að góðu engu týni.“^[19]

Margur vandi blasti við stjórnendum Háskólans á rektorsárum Ármanns Snævarr, en þar vó fjárskortur einna þyngst – eins og fyrr og síðar. Buldi þetta mjög á Ármanni, þeim stórhuga manni, sem barðist af fremsta mætti fyrir viðgangi og eflingu stofnunarinnar. Þetta verður meðal annars ljóst, er

18. Árbók Háskóla Íslands háskólaárið 1961-62, Reykjavík 1965, bls. 13-14.

19. Árbók Háskóla Íslands – Háskólaárið 1962-63, Reykjavík 1968, bls. 21-22.

lesin eru eftirfarandi ummæli hans við skólasetningu haustið 1968, undir lok rektorstíðar hans:

Vegna eftirspurnar eftir háskólamenntun og vegna þjóðfélagsþarfa ber brýna nauðsyn til þess, að menntunarleiðir hér við Háskólann verði stórauknar, en að öðrum kosti verði stúdentum gert kleift að sækja háskólamenntun til annarra landa með auknu þjóðfélagslegu liðsinni við þá. Þessa valkosti verður að virða í hverju einstöku tilvik, og það er alls ekki alltaf, að rétt sé að leysa vandann með því að stofna til kennslu hér við Háskólann. Í sumum greinum hagar t.d. svo til, að eftirspurn eftir háskólamenntun í grein er nánast fullnægt, þegar tiltölulega mjög fáir menn hafa hlotið menntun í greininni. Í öðrum tilvikum er ekki kostur á tækjum eða mannafla til að halda uppi háskólakennslu í grein svo að forsvaranlegt sé, eða kennsla verður svo dýr, að ætla verður, að okkur sé ofviða að stofna til hennar. En það þolir enga bið að taka heildstætt afstöðu til þessara miklu vandamála, og verða háskóladeildir, háskólaráð og háskólanefnd að taka vel á næstu mánuðina [...]. Við verðum einnig, Háskólans menn, að gera stórauknar kröfur til okkar sjálfra, leggja okkur í líma um bættar kennsluáðferðir, sem vafalaust standa í mörgum tilvikum mjög til bóta, og leggja m.a. til í auknum mæli kennslugögn og stuðla að frjórri og lífrænni kennslu með aukinn kost kennslutækja að bakhjarli. Fyrirlestraformið er hér enn miklu fyrirferðarmeira en góðu hófi gegnir – og hér skortir mjög seminaræfingar og ýmsar verklegar æfingar. [...] Rannsóknirnar eru þó sá þáttur í starfsemi Háskólans, sem ég hefi þrátt fyrir allt enn meiri áhyggjur af en kennslunni. Ef skóli er ekki rannsóknarstofnun, er hann ekki háskóli nema í orði kveðnu. Rannsóknaraðstaða hér við Háskólann er mjög örðug í flestum greinum. Við verðum að horfast í augu við þann raunsanna vanda.

[20]

Eins og fyrr segir var stöðugt við vanda að etja við öflun fjár til Háskólans. Á það gat reynt með ýmsum hætti og skipti þá stundum miklu máli, að fundnar yrðu leiðir til skjótra úrbóta – einstaka sinnum óhefðbundnar leiðir eins og hér skal nefnt minnistætt dæmi um.

Merkilega vel hafði gengið að fjármagna byggingu Háskólabíós, sem meðal annars var ætlað að gegna hlutverki hins helsta samkomustaðar

20. Árbók Háskóla Íslands 1968-69, Reykjavík 1972, bls. 31-33.

Háskólans. Munaði þar mikið um stjórnök Alexanders Jóhannessonar, fyrrum prófessors og háskólarektors, sem var formaður byggingarnefndar hússins. Þegar líða tók að verklokum kom þó í ljós, að framkvæmdafé var þorrið. Talsvert vantaði upp á að endar næðu saman og horfði nú í óefni, en rektor og aðrir háskólamenn bundu að sjálfsögðu miklar vonir við það, að unnt yrði að vígja húsið við hátíðlega athöfn á tilskildum tíma haustið 1961. Hvað átti þá að taka til bragðs? Böndin bárust nú að hinum nýkjörna rektor, Ármanni Snævarr, að honum myndi hugkvæmast eitthvert töfraráð til úrlausnar þessum bráða vanda, en ekkert var aflögu af rekstrarfé Háskólans til að mæta honum og lánstrausti víst ekki fyrir að fara. Í fyrstu sá rektor enga lausn fremur en aðrir þótt ráðagóður og happasæll væri.

En þá gerðist kraftaverk! Einn daginn þegar Ármann er að raka sig að morgni fær hann magnaða og djarfa hugdettu, sem hann vildi láta reyna á. Nýrakaður stöðjar hann niður í höfuðstöðvar Landsbanka Íslands, sem lengi hafði verið viðskiptabanki Háskólans, nær þar fljótt viðtali við einn af bankastjórunum, Pétur Benediktsson, og leggur fyrir hann ferska og beinskeytta viðskiptahugmynd: Æskilegt væri, sagði Ármann, að Landsbankinn kæmi sér upp útibúi í Vesturbænum, og væri þá ekki einmitt upplagt að hafa það í húsakynnum Háskólabíós gegn því að bankinn greiddi fyrir fram húsaleigu til þrjátíu ára! Bankastjórinn varð í fyrstu orðlaus yfir þessari dirfsku rektors en gaf síðan jáyrði sitt – og framkvæmdinni var borgið! Bankaútibúið er enn á sínum stað, nærfellt sextíu árum síðar.

Ármann hélt alla tíð góðu sambandi og vináttu við ýmsa starfsmenn Háskólans, einnig eftir að hann lét af rektorsembætti og fastri kennslu við Lagadeild. Meðal annars heimsótti hann íðulega kennara og aðra starfsmenn þeirrar deildar á kaffistofu kennaranna í Lögbergi og mætti einnig á ýmsa viðburði á vegum deildarinnar eða Háskólans almennt. Marga tók hann tali, sem hann hitti á nær daglegum hressingargöngum sínum í grennd við Háskólann. Hann lagði sig meðal annars eftir góðum kynnum við þá, sem gegndu rektorsstarfi á eftir honum, heimsótti þá gjarna á rektorsskrifstofuna

og árnaði þar nýjum rektorum allra heilla í embætti. Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor leit á Ármann sem hollvin sinn og hefur í áheyrn annarra lýst fyrstu kynnum þeirra, eftir að hún varð rektor í marsmánuði 2005. Þau ræddust þá fyrst við á rektorsskrifstofunni um mörg atriði, sem Háskólann snerta, og gaf Ármann henni þá ýmis ráð, sem Kristín var þakklát fyrir. Þau gengu síðan saman um Aðalbygginguna og rifjaði þá Ármann upp ýmsar sögur, sem tengdust einstaklingum og stofum og herbergjum. Seinast bað svo Ármann Kristínu að koma með sér inn í Háskólakapelluna þar sem þau áttu hátíðlega og eftirminnilega stund saman.

Eins og marga rekur eflaust minni til gætti nokkurrar ólgu meðal stúdenta – og ungs fólks almennt – víða á Vesturlöndum á sjöunda áratug liðinnar aldar og fram á þann áttunda. Talað var um „68' kynslóðina“ í þessu sambandi. Sumir háskólar í grannlöndum okkar fengu jafnvel að kenna á handalögmálum og spellvirkjum auk harðra mótmæla margra stúdenta gegn ráðandi öflum í háskólum og menntalífi. Vildu meðal annars ýmsir forystumenn róttækra stúdenta að háskólayfirvöld beittu sér af fullum þunga í baráttu gegn meintri spillingu og drottun hinna ráðandi stétta – um allan heim. Er þetta kunnara en frá þurfi að segja. Einhver angi þessarar ókyrðar náði hingað til lands og setti svip á háskólasamfélagið hér um nokkurra ára bil. Þetta var eitt af því, sem Ármann Snævarr þurfti að glíma við hin seinni rektorsár sín og verður ekki annað sagt en að honum hafi almennt tekist það farsælega. Skipti þar sköpum að hann var afar velviljaður stúdentum og hafði til að bera geðþrýði auk ríkrar samskiptahæfni, sem hjálpaði til að lægja öldur. Var það sannarlega einkenni á persónu hans.

Eitt dæmi vil ég nefna þessu til sönnunar, og er mér það ofarlega í minni, enda var ég eins konar þátttakandi – eða að minnsta kosti áhorfandi – þess atburðar. Það var einhvern daginn – á venjulegum kennsludegi í Háskólanum – að margir stúdentar tóku sig saman um að knýja rektor og háskólaráð til að samþykkja einhverja tiltekna ályktun, sem varðaði utanríkispólítík, ef ég man rétt. Var þetta runnið undan rifjum róttækra stúdenta en nokkuð

almenn samstaða náðist þó, einnig meðal hinna hófsamari, um aðgerðina, sem átti að felast í eins konar setuverkfalli stúdenta á þeim gangi 1. hæðar Aðalbyggingar, er meðal annars hýsir skrifstofu háskólarektors. Beðið yrði eftir að Ármann kæmi í skrifstofu sína, allir sitjandi á ganggólfinu, en síðan átti einn úr hópnum að nálgast rektorinn, lesa upp ályktun eða kröfur stúdenta og afhenda honum svo blaðið með yfirlýsingunni. Ég tók þátt í þessu setuverkfalli – einu þess háttar aðgerð á ævi minni fram til þessa. Ég er nú búinn að gleyma efni þessarar ályktunar, en sjálfsagt hefur það verið brýnt. Við biðum nú og biðum, sitjandi, eftir því að rektor birtist – og að lokum kom hann og stefndi inn á skrifstofu sína, en horfði svo í kring um sig á ganginum og segir: „Mikið er gaman að sjá allt þetta fallega og gáfulega unga fólk hér samankomið. Þetta er sannarlega óvænt ánægja!“ Forystumaðurinn reis nú upp og ætlaði að afhenda rektor umrædda ályktun með nokkrum vel völdum orðum, en Ármann var þá eldsnöggur að faðma hann, setja hönd yfir öxl hans án þess að vörnum yrði við komið, og leiða hann síðan með mikilli vinsemd, viðstöðulaust og einan manna, inn í skrifstofu sína. Var nú enginn til vitnis um hvað þeim fór þar á milli en að örlítilli stund liðinni kemur ungi maðurinn út á ganginn aftur, varpar öndinni og bendir okkur að standa upp. Setuverkfallinu var lokið – og fór ekki hátt um árangur þess!

Að lokum kemur hér ein lítil saga, sem ætlað er að lýsa árvekni og um leið ofurnákvæmri og þroskaðri ábyrgðarkennd Ármanns, æðstráðanda Háskóla Íslands, sem varð stöðugt að halda uppi aga, bæði er varðaði nám nemendanna og umgengni þeirra um byggingar Háskólans. Laust taumhald í þeim efnum var honum fjarri. En sagan sýnir líka, og ekki síður, ljúfmennsku hans – í þessu tilviki í garð ungs háskólanema.

Á námsárum mínum í Lagadeild, nánar til tekið vorið 1968, hélt ég dálitla myndlistarsýningu í kaffistofu stúdenta, svonefndri, sem á þeim árum var í

suðurhluta kjallara Aðalbyggingar Háskólans. Ég hafði teiknað og málað allt frá barnsaldri og fannst greinilega vera tími til kominn að sýna eitthvað af þeirri framleiðslu. Myndirnar voru aðallega tússteikningar af gömlum húsum á Sauðárkróki, þaðan sem ég er upp runninn.^[21] Ég hengdi nú myndirnar upp í kaffistofunni með fullum velvilja einhvers forsvarsmanns stúdenta, sem ég man ekki lengur hver var. Viðurkennt skal, að ég leitaði ekki eftir sérstöku leyfi til sýningarhaldsins frá sjálfum háskólarektor, Ármanni Snævarr, enda hafði mér ekki hugkvæmst það. Á öðrum degi sýningarinnar, sem fékk ágætar viðtökur meðal háskólanema, var ég staddur þar í kjallaranum í námunda við verk mín þegar Ármann rektor gengur inn í kaffistofuna ásamt Erlu Elíasdóttur, náinni samstarfskonu sinni í skrifstofu Háskólans. Ætluðu þau bersýnilega að fá sér kaffisopa, sem er auðvitað ekki í frásögur færandi. En áður en það gæti orðið litast Ármann um í stofunni og sér myndasafnið á veggjunum. Verður honum bersýnilega mjög hverft við og spyr með talsverðum þunga: „Hverju sætir þetta? Hver er að sýna hér? Ég hef ekki gefið leyfi fyrir neinni sýningu á þessum stað. Öldungis ótækt er, að húsnæði Háskólans sé notað undir einkasýningar einhverra manna. Ég get ekki felld mig við þetta.“

Ég hafði staðið á lengdar en sté nú fram, með hálfum huga og varla það, og skýrði Ármanni, mínum góða kennara, frá því að það væri nú bara ég, sem væri að sýna þarna og að ég vonaði að það myndi engan trufla, þótt mér hefði láðst af afla leyfis rétttra yfirvalda. Þá bráðnaði Ármann þegar í stað og sagði: „Þá gegnir allt öðru máli, Páll minn. Auðvitað er þér, sem nemandi skólans, meir en velkomið að sýna hérna. Okkur ber svo sannarlega að örva nemendur til listrænna starfa. Mikið eru þetta fallegar myndir – og gangi þér nú allt í haginn.“ Þessu fylgdi hlýtt handaband.

21. Sjá nánar viðtal í Morgunblaðinu 4. apríl 1968 (bls. 20) með fyrirsögninni „Myndlistin er mér athvarf – Rætt við Pál Sigurðsson laganema“, þar sem allnokkrar myndanna á sýningunni eru birtar.

Vafalaust hefur Ármann séð, að mér var nokkuð brugðið og það hvílt á honum, eins mikið ljúfmenni og hann var, því að daginn eftir, er ég mætti honum í trjágöngunum, sem liggja að Háskólanum, vék hann sér að mér og baðst afsökunar á því, ef hann hefði sært mig eitthvað daginn áður. Skildum við að svo búnu máli, vitanlega fullsáttir.

8. Fræðimaðurinn

Allt frá upphafi háskólakennslu sinnar og ævina á enda, að heita má, stundaði Ármann fræðileg ritstörf. Mörg voru þau rit ætluð sem kennslurit fyrir laganema, sem ekki var vanþörf á, en önnur höfðu víðara gildi á sviði lögfræðinnar. Kennslugreinar sínar skipulagði hann frá grunni eins og birtist einnig í kennslubókunum, sem komu sumar hverjar í mörgum útgáfum og lögðu varðaða leið fyrir þá fjölmörgu lögfræðinga, er menntuðust undir handarjaðri hans. Þannig hafði hann um áratuga skeið mikil og varanleg áhrif á íslenska lagamenn, bæði persónulega og faglega. Hann vakti yfir velferð nemenda sinna en fylgdist einnig með þeim á starfsbraut þeirra. Margir leituðu til hans varðandi erfið lögfræðileg vandamál og fengu áreiðanlega góða úrlausn, eftir því sem frekast var unnt og efni stóðu til. Þá flutti hann fjölmarga fræðilega fyrirlestra hér á landi, á vegum ýmissa félaga og stofnana, og einnig í öðrum löndum eins og síðar verður vikið að.

Ármann var einstakur afkastamaður á hinum lögfræðilega ritvelli. Eftir hann liggja fleiri rit en nær alla aðra íslenska lögvísindamenn. Hér hæfir ekki að leitast verði við að birta heiti allra þeirra ritsmíða heldur verður að vísa til nákvæmrar greinargerðar um þau í Lögfræðingatali og jafnframt ítarlegrar samantektar í Heiðursriti Ármanns Snævarr, bls. 491-505.

Einungis verður hér um fremur stutt yfirlit að ræða, sem þó á að gefa innsýn í fræðaheim Ármanns. Af frumsömdum *bókum* skulu hér þessar nefndar:

1953: Almenn lögfræði (fjölritað), kom síðan út í átta útgáfum, lengst af fjölritað þar til ritið kom út í vandaðri útgáfu 1989.

1959: Þættir úr refsirétti (fjölritað).

1966: Þættir úr réttarsögu (fjölritað).

1968: Vernd barna og ungmenna, yfirlit (fjölritað); [2] Þættir úr erfðarétti (fjölritað); [3] Þættir úr refsirétti 2 (fjölritað).

1969: Sifjaréttur, lok hjúskapar (fjölritað); [2] Um fjárskipti vegna skilnaðar og um takmarkanir á forræði maka yfir hjúskapareign sinni vegna tillits til hins makans eða fjölskyldu (fjölritað).

1970: Forspall að sifjarétti og fyrirlestrar í sifjarétti (fjölritað).

1971: Fyrirlestrar í sifjarétti I og II (fjölritað).

1975: Þættir úr refsirétti I, 2. útg. breytt (fjölritað).

1979: Fyrirlestrar í íslenskum erfðarétti I og II (fjölritað).

1982: Barnaréttur (fjölritað) og síðari útgáfur.

1983: Þættir úr refsirétti II (fjölritað).

1985: Fyrirlestrar í sifjarétti I-III (fjölritað).

1988: Sifjaréttur I-III, 4. útg. (fjölritað) og síðari útgáfur.

1991: Erfðaréttur, 2. útg. (útg. Námssjóður Lögmannafélags Íslands).

2008: Hjúskapar- og sambúðarréttur, útg. Bókaútgáfan Codex.

Eftir Ármann birtust fjölmargar ritgerðir í fræðiritum (einkum tímaritsgreinar og greinar í safnritum). Hér skal nokkurra þeirra getið:

1955: Íslenskar réttarreglur um tvenna hjúskapartálma frá siðaskiptum til vorra daga. Í Afmælisriti Ólafs Lárussonar 1955.

1956: Um skilorðsbundna frestun saksóknar og um skilorðsdóma. Úlfjótur, 1. tbl. 9. árg.; [2] Hovedpunktene i den islandske arvelovgivning og lovgivningen om uskiftet bo. Tidsskrift for rettsvitenskap 1956.

1957: Nokkrir höfuðdrættir í íslenskri erfðalöggjöf, Úlfjótur, 2. tbl. 10. árg.; [2] Samsköttun hjóna er andstæð stjórnarskrá Vestur-Þýskalands, Úlfjótur, 3. tbl. 10. árg.; [3] Bör lagstiftningen om äktenskapsskilnad reformeras? Förhandlingar å det tjugoförsta juristmötet. Einnig sérprentað.

- 1960: Um þinglýsingu og þinglýsingarlöggjöf. Tímarit lögfræðinga.
- 1961: Hugleiðingar um lögfræði og lagakennslu. Í ritinu Vísindin efla alla dáð, Afmælisrit Háskóla Íslands; [2] Um fjármál hjóna, Úlfjótur, 3. tbl. 14. árg.
- 1976: Orsakatengsl og skaðvæni atferlis, Úlfjótur, 4. tbl. 29. árg.
- 1978: Hugleiðingar um erfðatengsl einstaklinga og nokkur stefnumið í erfðarétti, Úlfjótur, 3. tbl. 31. árg.
- 1982: Dómar og aldarfar, Úlfjótur, 3.-4. tbl. 35. árg.
- 1983: Í lögfræðilegu ljósi. Nokkur orð um lögfræðirit dr. Ólafs Jóhannessonar, í ritinu Ólafsbók; [2] Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti, í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti, 33. árg.
- 1984: Dómminjar og varðveisla þeirra, Fjölrit Dómarafélags Íslands I; [2] Þankar um lög, lagasamræmingu og lagastofnun, í sama riti.
- 1990: Erfðalögin í ljósi tveggja lagabreytinga frá 1985 og 1989, Úlfjótur, 2. tbl. 43. árg.
- 1991: Tímabærar breytingar á barnalöggjöf á Íslandi. Í ritinu Rödd barnsins, réttur barnsins: Farsæld barnsins í fyrirrúmi.
- 1994: Fjölskylda og fjölskyldulíf í ljósi 8. og 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, í Afmælisriti Gauks Jörundssonar, útg. Bókaútgáfa Orators.
- 2002: Hjúskaparstofnun og hjónavígsla, í Afmælisriti Gunnars G. Schram, útg. Almenna bókafélagið.

Fjölmörg *lagafrumvörp* liggja eftir Ármann Snævarr, sem hann vann að beiðni hlutaðeigandi stjórnvalda, ýmist einn eða með öðrum. Mörg þessara frumvarpa urðu að lögum frá Alþingi. Hér skulu hin helstu nefnd:

- 1953: Frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.
- 1954: Frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum – og ýmis skyld frumvörp síðar.
- 1956: Frv. til laga um dýravernd; [2] Frv. til laga um náttúruvernd; [3] Frv. til laga um Vísindasjóð; [4] frv. til laga um Háskóla Íslands.
- 1958: Frv. til laga um þinglýsingar.

1960: Frv. til erfðalaga.

1962: Frv. til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu; [2] Frv. til lyfsölulaga.

1964: Greinargerð með frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

1968: Frv. til laga um Handritastofnun Íslands.

1970: Frv. til laga um mannanöfn.

1971: Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

1976: Frv. til laga um biskupsembætti íslensku þjóðkirkjunnar.

1979: Frv. til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

1980: Frv. til laga um horfna menn; [2] Frv. til laga um biskupskosningu.

1981: Frv. til laga um kirkjubyggingasjóð; [2] Frv. til laga um sóknarkirkjur og kirkjubyggingar.

1982: Frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð; [2] Frv. til laga um kirkjusóknir, safnaðarfundir o.fl.; [3] Frv. til laga um breyting á sektamörkum nokkurra laga.

1984: Frv. til laga um sóknargjöld o.fl.; [2] Frv. til laga um fasteigna- og skipasölu.

1985: Frv. til laga um starfsmenn Þjóðkirkju Íslands; [2] Frv. til laga um breyting á lögum um kirkjugarða.

1988: Frv. til laga um helgidagafrið; [2] Frv. til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

1990: Frv. til barnalaga; [2] Frv. til laga um brottfall laga og lagaákvæða.

1992: Frv. til hjúskaparlaga.

Auk þess að vera hinn mikilvirkasti höfundur (eða eftir atvikum meðhöfundur) lagafrumvarpa eins og hér var rakið samdi Ármann fjölda *lögfræðilegra álitsgerða* að beiðni lögmanna eða opinberra stofnana.

Ármann var meðal annars hvað eftir annað ritstjóri *Lagasafns* (með öllum íslenskum lögum og vísunum í dóma), ásamt aðstoðarmönnum, og margra *dómaskráa*, einkum á sviði sifjaréttar og refsiréttar. Hann gaf út nokkur rit

eftir aðra höfunda með breytingum og viðaukum, sbr. meðal annars Sifjarétt eftir Magnús Jónsson (3. útg. 1950). Hann annaðist útgáfu nokkurra binda af ritinu *Landsyfrréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873* á vegum Sögufélags. Í nokkur ár sat hann í ritstjórn safnritsins *Nordisk domsamling* og einnig árum saman í norrænni samstarfsnefnd um útgáfu *Tidsskrift for rettsvitenskap*. Hann annaðist jafnframt (1965) útgáfu ritsins *Erfðalögin nýju frá 1962* ásamt greinargerð fyrir lagafrumvarpinu og reifun íslenskra dóma um erfðaréttarmál.

Síðasta bók Ármanns var stórvirkið *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, mjög efnismikið rit (1084 síður), er kom út á vegum Bókaútgáfunnar Codex 2008, þegar höfundurinn var 89 ára að aldri. Við samningu og frágang þessarar stóru handbókar naut Ármann mikilvægrar aðstoðar laganema og annars ungs fólks, sem sýndi þar mikinn dugnað og nákvæmni, en þegar hér var komið sögu var sjón Ármanns mjög farið að hraka. Að sögn nákunnugra naut Ármann þess mjög að vera með þessu unga fólki við bókarsmíðina – og það mat einnig félagskapinn við hinn aldna höfund og átti með honum góðar og glaðværar stundir.

Ein ritgerð eftir Ármann birtist að honum látnum í fyrrnefndu Heiðursriti hans (2010), og nefnist hún *Upphaf borgaralegra hjónavígslna á Íslandi*.

9. Dómarinn

Þess var áður getið, að Ármann Snævarr var skipaður dómari við Hæstarétt Íslands 1. maí 1972 og gegndi því embætti óslitið til 1. nóvember 1984 eða í rúmlega tólf ár. Hann var kjörinn varaforseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1976 til ársloka 1977 og forseti Hæstaréttar 1. janúar 1978 til ársloka 1979.

Starf hæstaréttardómara er í raun rétttri kyrrlátt og með þeim hætti, að einstaka dómarar tjá sig að jafnaði ekki opinberlega um einstök mál, sem þar eru til meðferðar. Þeir tjá sig með dómunum einum. Rétturinn er

með sínum hætti lokuð stofnun þótt almenningur eigi að vísu aðgang að áheyrindabekkjum í dómsölunum. Jafnhliða dómara starfinu stundaði Ármann stundakennslu í nokkrum mæli, bæði í Lagadeild og Guðfræðideild (í kirkjurétti), og fræðistörf sín lagði hann síður en svo á hilluna þótt annríki væri mikið í réttinum.

Greinarhöfundur hefur upplýsingar um það frá fólki, sem var Ármanni samtíða í réttinum, að hann var ljúfur í samskiptum við samstarfsmenn og hjálpsamur við nýliða í réttinum jafnt sem aðra. Þáverandi forseti Hæstaréttar, Ingibjörg Benediktsdóttir, segir meðal annars í Heiðursriti Ármanns 2010: „Ármann bar ávallt hag Hæstaréttar og dómara, sem við hann hafa starfað, fyrir brjósti, hvatti þá til dáða og studdi til góðra verka, enda hafði hann kennt mörgum þeirra við Lagadeildina.“^[22] Í margnefndri minningarræðu sinni segir sóknarpresturinn meðal annars: „Fyrir og síðar talaði Ármann um ábyrgð þess að dæma og tók nærri sér að fella hina endanlegu dóma. Hann gekkst við ábyrgðinni, var verkefninu og vandanum vaxinn. Lögfræðiþekking og elja hans nýttist fullkomlega.“^[23] Ólafur Þorkur Þorvaldsson, héraðsdómari og síðar hæstaréttardómari, hafði góð samskipti við Ármann eftir að hinn síðarnefndi hafði látið af dómaraembætti sínu. Hann segir í minningargrein: „[Það] kom fyrir að hann gaf sér tíma að hringja í mig, ungan héraðsdómarann í sveitinni, og tala um einhvern dóm, sem ég hafði kveðið upp. Skömmu eftir að ég var skipaður dómari við Hæstarétt boðaði Ármann mig svo á sinn fund. Áttum við langt samtal um menn og málefni. Af sinni velvild uppfreiddi hann mig um reynslu sína, brýndi mig til verka og sagði mér hvað í raun þýddi að vera maður en jafnframt dómari við Hæstarétt Íslands. Það samtal hefur reynst mér mikils virði. Fyrir allt þetta ber að þakka.“^[24]

22. Heiðursrit, bls. XXIII.

23. Heiðursrit, bls. XVII.

24. Mbl. 26. febrúar 2010.

Vitað er, enda staðfest af ýmsum, að hann átti erfitt með að dæma „ógæfumenn“, sem svo kallast, enda hafði hann drukkið í sig þá afstöðu með móðurmjólkinni, ef svo má að orði komast, að ógæfumennirnir hefðu tilfinningar eins og annað fólk og ættu sínar vonir og þrjár.^[25] Guðrún Erlendsdóttir, sem var samdómari Ármanns í Hæstarétti um hríð, sagði greinarhöfundi, að augljóst hafi verið, hvað Ármann tók nærri sér að dæma ungt fólk til refsingar og hafi hann iðulega talað um, hvaða áhrif dómurinn gæti haft á framtíð þessa fólks, sem yrði að bera áfellisdóminn á herðum sér alla tíð.

Þannig fylgdi *mennskan* Ármanni ævinlega og á öllum sviðum, einnig í dómarastörfunum.



Ármann Snævarr í sæti forseta Hæstaréttar.

25. Sjá minningarorð eftir Pétur Stefánsson í Mbl. 26. febrúar 2010.

10. Félags-, nefnda- og stjórnarstörf^[26]

Ármann Snævarr var með eindæmum félagslyndur maður. Hann stofnaði félög, sat í stjórnnum margra félaga, og beitti sér af alefli á vettvangi þeirra, auk þess sem hann átti sæti í ótal nefndum á vegum hins opinbera. Hann gekk að félags- og stjórnunarstörfum af sama krafti og áhuga og að öðrum störfum og á því sviði nutu samskiptahæfileikar hans sín afar vel.

Ármann hóf snemma afskipti af félagsmálum. Snemma á háskólaárum sínum, það er um 1940, sat hann í stúdentaráði og jafnframt í stjórn Stúdentafélags Reykjavíkur. Síðan:

Í stjórn Sakfræðingafélags Íslands 1951-1965.

Formaður nefndar til samningar laga um náttúruvernd 1955-1957.

Formaður nefndar til samningar þinglýsingalaga 1955-1959.

Fulltrúi Íslands (ásamt öðrum) í samstarfi Norðurlanda um samningu efðalaga 1955-1961.

Fulltrúi Íslands í samstarfi um endurskoðun norrænna sífjalaga frá 1959.

Í hegningarlaganefnd 1955-1985, formaður 1971-1985.

Formaður sífjalaganefndar frá 1957 og lengi síðan.

Í stjórn Vísindasjóðs 1957-1974.

Formaður stjórnar Happpdrættis Háskóla Íslands 1957-1970.

Formaður náttúruverndarnefndar Reykjavíkur 1957-1962.

Frumkvöðull (ásamt öðrum) að stofnun Lögfræðingafélags Íslands og fyrsti formaður þess 1958-1965.

Fyrsti formaður stjórnar Bandalags háskólamanna frá 1958-1964 (einnig frumkvöðull að stofnun þeirra samtaka).

Formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 1960-1969.

Einn af fulltrúum Íslands í stjórn Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna (Fulbright-stofnunarinnar) 1961-1986.

26. Hér er höfð allnákvæm hliðsjón af upplýsingum um þessi efni, hvað Ármann varðar, í Lögfræðingatali, og þá á þessum stað mestmegnis getið um félags- og nefndastörf hans á Íslandi.

Í stjórn sjóðsins Norðmannsgjafar við Háskóla Íslands frá 1961 og í allmörg ár.

Í stjórn Langvadssjóðs við Háskóla Íslands frá 1965 og í allmörg ár.

Formaður yfirfasteignamatsnefndar 1962-1972.

Í stjórn Handritastofnunar Íslands 1962-1966.

Forseti Þjóðvinafélagsins 1962-1966.

Forseti Vísindafélags Íslendinga 1962-1965.

Formaður fyrstu stjórnar Norræna hússins í Reykjavík 1965-1968 og síðan í stjórn hússins til 1976.

Átti sæti í háskólanefnd 1966-1969.

Í mannanafnalaganefndum 1967-1970 og 1989-1990.

Í stjórn Háskólabíós 1970-1973.

Í kirkjulaganefnd frá 1973 um alllangt skeið.

Formaður stjórnar Dómarafélags Íslands 1977-1984.

Í stjórn Listasafns Einarssonar frá 1979 og næstu árin, formaður frá 1990 í nokkur ár.

Formaður stjórnar Íslandsdeildar Letterstedtska sjóðsins frá 1980 og í allmörg ár.

Formaður „lagahreinsunarnefndar“ (svokallaðrar) á vegum Alþingis 1985-1990.

Forseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur 1987-1988.

Í vísindasiðanefnd Læknafélags Íslands frá 1988 og í allnokkur ár.

11. Erlend samskipti

Eins og fyrr hefur verið getið um var Ármann Snævarr árum saman við framhaldsnám erlendis á sínum yngri árum. En hann lét ekki þar við sitja og hafði síðan alla tíð mikil og góð samskipti við erlenda fræðimenn og ekki síður við laganema frá ýmsum þjóðlöndum. Samskiptin við unga fólkið gáfu honum ekki síðri ánægju en fagleg skoðanaskipti við kunna prófessora og

aðra fræðimenn. Fyrir utan tengslin við Norðurlöndin, þar sem hann var gagnkunnugur, átti Ármann löngum fræða- og vináttutengsl við Þjóðverja, Skota og Bandaríkjamenn, auk annarra. Hann var einn af fulltrúum Íslands í háskóla- og vísindanefnd Evrópuráðsins 1961-1969.

Á samnorrænum vettvangi góðra kynna, þar sem fjölmargir þekktu og virtu Ármann og félags- og fræðistörf hans, varð þessi litla vísa til:^[27]

Alltid var man
glad i Ármann
denne snille kar'n.
Rot i Island
nordisk vismann
hjerter som et barn.

Ármann var gistiprófessor við Uppsalaháskóla 1969-1970, við Ohio Northern University 1971 og 1972 og við McGeorge School of Law í Sacramento í Kaliforníu 1976. Fyrirlestra flutti hann, auk norrænna háskóla, í Kanada, Þýskalandi og Rússlandi. Hann lét sig mjög varða norrænu lögfræðingahringin, sem haldin eru á nokkurra ára fresti og var þar helsti fulltrúi Íslands um árabil og hélt hvað eftir annað framsöguerindi á þeim vettvangi sem og á mótum norrænna laganema (þar sem hann flutti að minnsta kosti níu framsöguerindi). Samveran við hina ungu laganema á þessum þingum þeirra var Ármanni einkar kær enda naut hann sín hvergi betur en innan um ungt og fjörugt fólk. Í stjórn Íslandsdeildar norrænu lögfræðingahringanna var hann í meira en fjóra áratugi, þar af formaður í 21 ár. Hann átti sæti í dómnefndum um doktorsritgerðir (þar sem hann var stundum andmælandi) og prófessorsembætti, þar á meðal við Árósháskóla, Óslóarháskóla og háskólann í Cambridge (þar sem hann var einnig andmælandi). Hann var um langt skeið fulltrúi Íslands í ýmsum nefndum, er varða norræna lagasamvinnu,

27. Vísan er hér tilfærð eftir Ármannsbók – Afmælisriti helguðu Ármanni Snævarr í tilefni sjötugsafmælis hans, Reykjavík 1989, á bls. 7.

allt frá 1962, og lengi sat hann í norrænu hegningarlaganefndinni. Þá var hann í fyrstu stjórn samtaka háskólarektora í Evrópulöndum, og átti sæti í stjórn Árnastofnunar í Kaupmannahöfn 1969-1973.

Alveg sérstaklega lét Ármann sig varða samskiptin og tengslin við *lagadeild Ohio Northern University*, sem hann kom á haustið 1960. Á vormisseri það ár hafði prófessor Eugene N. Hanson, forseti lagadeildar þess háskóla, dvalist hér á landi sem gistingufrófessor á vegum Fulbright-stofnunarinnar. Munu þeir Ármann hafa stofnað til vináttu og samvinnu á þeim tíma og fylgdu síðan í kjölfarið nær árlegar og gagnkvæmar heimsóknir laganema frá þessum tveimur háskólum, sem enn standa, fjölda íslenskra laganema til gagns og ánægju. Kennarar frá Ohio Northern University hafa einnig hvað eftir annað heimsótt Lagadeild Háskóla Íslands. Í Sögu Orators segir um þetta:

Prófessor Hanson og kona hans hafa sýnt íslensku laganemunum mikla gestrisni með því að bjóða þeim að búa á heimili þeirra þann tíma, sem heimsóknin hefur varað. Með þessu sambandi hafa tugir íslenskra laganema átt þess kost að kynnast bandarískri lögfræði og öðlast nokkra innsýn í bandarískt þjóðfélag. Hefir þetta verið stórkostlegt tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn. [Þessi löngu samskipti eru] fágæt að því er varðar tengsl bandarískra lagadeilda við evrópska háskóla og einstæð að því er tekur til skipta þeirra við norræna laganema.^[28]

12. Heiðranir og viðurkenningar

Þess var getið í inngangi þessarar ritsmíðar, að Ármanni hlotnuðust margar heiðranir og viðurkenningar um dagana. Verður ekki efast um, að hann átti allan þann heiður skilinn. Í inngangskafli þessarar ritsmíðar var gerð ítarleg grein fyrir því, er hann var kjörinn heiðursdoktor við Lagadeild Háskóla Íslands 26. júní 1993. Hér skulu nokkrar aðrar viðurkenningar nefndar:

Heiðursdoktorsnafnbót við Uppsalaháskóla 31. maí 1970.

Heiðursdoktorsnafnbót við Ohio Northern University 6. október 1973.

28. Saga Orators, Reykjavík 1987, bls. 13.

Heiðursdoktorsnafnbót við Helsingforsháskóla 20. september 1980.
Heiðursdoktorsnafnbót við Óslóarháskóla 11. september 1986.
Heiðursdoktorsnafnbót við Kaupmannahafnarháskóla 20. nóvember 1986.
Kjörinn félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1954.
Kjörinn erlendur félagi í The Academy of Human Rights 1964.
Kjörinn félagi í Alþjóðasamtökum háskólarektora 9. nóvember 1964.
Kjörinn erlendur bréfafélagi í finnsku Vísindaakademíunni 15. apríl 1971.
Heiðursfélagi í Ísländska sällskapet í Uppsölum 1970.
Heiðursfélagi í finnskumælandi lögfræðingafélaginu 1973.
Heiðursfélagi í félagi sænskumælandi lögfræðinga (Juridiska Föreningen) í Finnlandi 1982.
Heiðursfélagi í Lögfræðingafélagi Íslands 1983.
Heiðursfélagi í finnska sakfræðingafélaginu 1984.
Heiðursfélagi í Dómarafélagi Íslands 1985.
Heiðursfélagi í Orator, félagi laganema, 1987.
Kjörinn Poul Harrisfélagi af Rotaryklúbbi Reykjavíkur 1990.
Á hátíðarsamkomu hinn 17. ágúst 1993 afhenti fyrrum Danadrottning, Ingiríður drottningarmóðir, Ármanni sérstök verðlaun norrænu lögfræðingasamtakanna fyrir framlag hans til norrænnar réttarþróunar.

Ármann Snævarr var sæmdur stórriddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu 1982 og jafnframt háum heiðursorðum frá þjóðhöfðingjum annarra Norðurlandþjóða auk þess sem stúdentasamtök, svo sem Orator, félag laganema, heiðruðu hann hvað eftir annað.

13. Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

Árið 2009 ákvað Háskólaráð að setja á laggirnar sérstaka háskólastofnun, *Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni*. Má segja, að með því hafi Ármanni verið reistur veglegur minnisvarði, þótt enn væri á lífi, og mun stofnunin vonandi halda nafni hans á lofti um langan aldur sem

og rit hans og annar árangur ævistarfsins. Um er að ræða vísindalega rannsóknastofnun á þverfaglegum fræðagrunni, sem starfrækt er af Háskóla Íslands en heyrir undir Lagadeild. Auk rannsókna á málefnum fjölskyldna og barna í víðu samhengi, meðal annars frá sjónarhóli allra þátta félagsvísinda, heilbrigðisvísinda, menntavísinda og heimspeki, er stofnuninni ætlað að sinna þjónustuverkefnum á framangreindu sviði. Nánar til tekið er hlutverki stofnunarinnar lýst á þessa leið í reglum, sem settar voru um hana af háskólaráði 16. júní 2009:

að efla lögfræðirannsóknir á sviði fjölskylduréttar, svo sem sifjaréttar, hjúskapar- og sambúðarréttar, barnaréttar og barnaverndarréttar,

að skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir á sviði lögfræði og annarra fræðasviða þar sem fjallað er um hjúskapar- og sambúðarmál og málefni fjölskyldna og barna í sem víðustu samhengi, m.a. frá sjónarhóli allra þátta félagsvísinda, heilbrigðisvísinda, menntavísinda, heimspeki og siðfræði,

að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila,

að eiga frumkvæði að og taka þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á sviði fjölskylduréttar og í þverfaglegum rannsóknum um fjölskyldumálefni,

að efla tengsl rannsókna og kennslu á háskólastigi um fjölskyldumálefni,

að stuðla að samstarfi við félög og stofnanir sem fara með málefni tengd fjölskyldunni,

að sinna þjónustuverkefnum fyrir stofnanir eða aðra aðila sem fjalla um fjölskyldumálefni,

að skapa vettvang fyrir meistaranema og doktorsnema í lögfræði eða öðrum námsgreinum sem tengjast fjölskyldumálefnum til að vinna að einstaka rannsóknaverkefnum, veita þeim aðstöðu til rannsóknastarfa eftir því sem aðstæður leyfa og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum,

að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna um fjölskyldumálefni og gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum um efnið.

Árið 2010, að Ármanni látnum, efndi hin nýja rannsóknastofnun, sem tengd er nafni hans, til útgáfu mikils rits (505 bls.), sem ber heitið *Heiðursrit*

– *Ármann Snævarr 1919-2010*. Hefur það meðal annars að geyma, auk margvíslegra kveðjuorða, á þriðja tug fræðilegra ritgerða á þeim sviðum, sem stofnunin hefur helgað sér. Mun þetta grundvallarrit vissulega stuðla að því, ásamt öðrum starfsþáttum stofnunarinnar sjálfar, að halda uppi minningu Ármanns með verðugum hætti.

14. Efstu ár og ævilok

Ármann Snævarr andaðist 15. febrúar 2010, níraður að aldri, en frú Valborg hvarf af þessum heimi 25. nóvember 2012. Hafði sannarlega munað mikið um þau hjónin bæði, hvort í sínu lagi, á þeim starfsvettvangi, er þau kusu sér, en margt var einnið með sameiginlegu átaki þeirra.

Undir ævilok voru þau orðin heilsulítill en fengu góða heimilisaðstoð. Ármann var orðinn mjög sjónþapur en Valborg átti það til að detta heima hjá sér og slasa sig. Ármann andaðist á Landspítalanum í Reykjavík en Valborg á elliheimilinu Grund. Þau höfðu um langt skeið búið að Aragötu 8 í Reykjavík, í rúmgóðu húsi, sem orðið var of stórt fyrir þau, og brugðu þau á það ráð 2007 að flytja í hentuga og vandaða íbúð í fjölbýlishúsi að Þorragötu 7. Þar áttu þau góða vist síðustu æviárin þegar þrek og heilsa fóru þverrandi. Þau hjónin hvíla í kirkjugarðinum að Görðum á Álftanesi.

Þrátt fyrir háan aldur og sjóndepru hélt Ármann mjög lengi þeim fasta hætti sínum að ganga sér til hressingar í grennd við heimili sitt, ekki síst hið næsta Háskólanum, þaðan sem hann átti margar góðar minningar. Hitti hann þá gjarnan ýmsa mæta menn, er hann tók tali, hvort sem voru starfsmenn Háskólans eða nemendur í þeirri stofnun, sem hann unni svo mjög. Gekk margur fróðari af þeim fundum.

15. Lokaorð

Ármann Snævarr var um margt óvenjulegur maður, gegnheill að allri gerð en átti sér afar fjölbreytt kunnáttu- og áhugamál. Hann beinlínis geislaði frá

sér hlýhug til allra manna, sem hann hafði samskipti við, kynnti þeim gjarna eigin hugðarefni og fyrirætlanir en var einnig meira en fús til að hlusta á frásagnir þeirra af sínum viðfangsefnum og eggja þá til framkvæmda. Hvatningarorð frá honum voru sannarlega ekki orðin tóm.

Sem fræðimaður lifði Ármann ekki aðeins „í núinu“ (eins og stundum er sagt) heldur hafði hann samfellda sýn á þróun laga og réttar í landi okkar sem og í ýmsum öðrum löndum. Íslensk réttarsaga, sem var ein af kennslugreinum hans, var honum alltaf áleitid viðfangsefni. Margt í sögunni skýrir viðfangsefni og vandamál nútímans eins og hann vissi manna best. En það var þó *fram tíðin* (með sínum óljósu en eggjandi lofordum), sem hreif hann mest af öllu. Það var gæfa hans að fá tækifæri til að móta og þroska ungt fólk til starfa á komandi árum. Þar hélt hann – eins og aðrir kennarar fyrr og síðar – á fjöreggi þjóðarinnar.

Í huga Ármanns var lögfræðin fjarri því að vera þurr fræðigrein heldur snar þáttur af þjóðfélagsvísindum með ótal áhugaverða snertifleti við aðrar greinar. Hann var tvímælalaust einn af áhrifaríkustu lögfræðingum eða lögspekingum hérlendis á sinni tíð, en margir þeir, sem höfðu persónuleg kynni af honum, minnst hans þó gjarna frekar fyrir aðra þætti skapgerðar hans og hugðarefna. Huglæg og iðulega einnig persónuleg tengsl hans við samborgara sína, sem ætlað er að lifa eftir lögunum, voru ævinlega lifandi og sterk en siðgæðislögmál voru honum engu að síður dýrmætari en bókstafur laganna. Þegar öllu er á botninn hvolft var *mennskan* sá demantur, er hann bar við brjóst sér alla ævi.

Ég minnst þess sem gamall nemandi Ármanns, að hann – einn allra lagakennaranna – talaði af heitri tilfinningu um *fegurð* lögfræðinnar og tengsl hennar við ýmsar listgreinar. Það var mér og vafalaust mörgum öðrum gott vegarnesti út í lífið. Ungum manni, verðandi lagakennara, voru þessi fleygu orð Ármanns Snævarr beinlínis lífsnauðsynleg.

Borgaralegur dauði

1. Staldráð við gamalt refsíúrræði

Flestum mun eflaust koma fyrir sögn þessarar stuttu greinar, „borgaralegur dauði“, ókunnuglega fyrir sjónir. Við tölum oftast um „líkamsdauða“, sem bíður okkar allra og hefur verið skilgreindur á læknisfræðilega vísu, en notum einnig orðið „dauði“ í ýmis konar afleiddri merkingu: „andlegur dauði“, „félagslegur dauði“, svo að dæmi séu nefnd. Hér á landi hefur hins vegar aldrei tíðkast að tala um „borgaralegan dauða“ og í eyrum lögfræðinga hljóma orðin ekki kunnuglega, síður en svo. Orðasambandið kemur hvergi fyrir í þeim kennslubókum, sem laganemum er ætlað að kynna sér vegna náms og prófa – og eins þótt um íslenska réttarsögu sé að ræða.

En hvers vegna er hér verið að fitja upp á umfjöllun – þótt í mýflugumynd sé – um þetta hugtak, sem er okkur svo fjarlægt að því er virðast má. Og ekki aðeins okkur – því fólki (lögfræðingum jafnt sem öðrum), sem nú byggir þessa eylandu norður í hafsauga – heldur einnig íbúum margra þeirra landa, er við höfum hvað mest samskipti við. Meðal ýmissa þjóða á meginlandi Vestur-Evrópu og víðar var þetta hugtak vel þekkt og virkt refsíúrræði um alda skeið. Á Norðurlöndum var það hins vegar almennt ekki þekkt í lögfræðilegri umræðu fyrr á tíð og ekki heldur hér á landi – en hins vegar þekktust, héraendis og meðal nefndra frændþjóða okkar, refsíúrræði, sem voru keimlík þeirri refsingu, er formlega var gjarna kölluð borgaralegur dauði, það er *skóggangsrefsingin* íslenska og svipaðar friðleysisrefsingar meðal annarra Norðurlandþjóða.

Meginástæða þess, að réttlætanlegt þykir að veita lesendum örlitla innsýn í þetta gamla réttarúrræði (á ensku *civil death*, á frönsku *mort civil* og á þýsku *Bürgerlicher Tod*) og notkun þess meðal nokkurra þjóða, er sú, að tengslin við *grundvallarmannréttindi* – eða missi þeirra – eru augljós. Það er vissulega litið alvarlegum augum nú á dögum ef unnt er að staðhæfa að einhver hafi *glatað* mannréttindum fyrir tilverknað landslaga, og auðvitað dettur engum í hug nú á dögum, að menn geti komist í þá aðstöðu að missa svo að segja öll *borgaraleg réttindi* sín með lögmatum hætti – sem þó var raunin á meðal margra þjóða fyrrum.

Með „borgaralegum dauða“ er átt við það, að maður sé dæmdur til að missa því sem næst öll réttindi, sem almennir þjóðfélagsþegnar hafa, nema að *halda lífinu*. Í vissum skilningi er hann þá sem „lífandi lík“, innan um aðra menn í samfélagi sínu. Oft fylgdi fyrrum þessari þungu refsingu langvarandi (venjulega ævilöng) fangelsisvist en þó voru einnig dæmi um, að menn glötuðu ekki frelsi sínu (nema þá í takmörkuðum mæli) við áfellsdóm af þessu tagi.

Nánar til tekið: Sá sem dæmdur hafði verið til borgaralegs dauða missti við það rétt til að ganga í hjónaband, svo að dæmi sé tekið, og væri hann í hjónabandi, þegar dómur var upp kveðinn, var því hjónabandi þar með sjálfkrafa slitið. Hann missti allt tilkall til eigna sinna sem og sjálfræði sitt. Arfur féll til eftir hann þegar eftir dómsuppkvaðningu, með sama hætti og hann væri „líkamlega dauður“, og hafi hann áður notið kosningaréttar eða annarra pólitískra réttinda var hann við dóminn sviptur þeim. Útilokað var að hann gæti borið vitni fyrir dómi. Ýmis fleiri réttindi gátu sjálfkrafa glatast borgaralega dauðum manni. Í því sambandi skal látið nægja að vísa til þess, sem brátt segir um franskan rétt í þessu sambandi, en þar var borgaralegur dauði við lýði sem alþekkt refsíúrræði langt fram á 19. öld.

2. Nánar um eldri rétt nokkurra þjóða, einkum Frakka

Refsiheimild, sambærileg þeirri sem síðar var kölluð borgaralegur dauði, var fyrir hendi í *Rómarrétti* – ýmist til lífstíðar eða í afmarkaðan tíma. Á síðari öldum „blómstraði“ þessi refsitegund víða í rétti Evrópuþjóða, m.a. vegna áhifa frá *frönskum* rétti, þar sem hún var alþekkt. Svo var til dæmis háttað samkvæmt *baversku refsiréttarlögbókinni* frá 1813 eins og í rétti margra þýskumælandi þjóða fram eftir 19. öldinni. Í nýjum eða breyttum stjórnarskrám flestra þessara ríkja var refsingin hins vegar afnumin í kjölfar byltingar í marsmánuði 1848, sbr. t.d. 9. gr. *prússnesku stjórnarskrárinnar* frá því ári: „Der bürgerliche Tod und die Strafe der Vermögenseinziehung finden nicht statt“, og 135. gr. þýsku stjórnarskrárinnar (*„Paulskirchenverfassung“*) frá 28. mars 1849: „Die Strafe des bürgerlichen Todes soll nicht stattfinden, und da, wo sie bereits ausgesprochen ist, in ihren Wirkungen aufhören, soweit nicht hierdurch erworbene Privatrechte verletzt werden“. Í *Bretlandi* var þessi refsitegund einnig þekkt fyrir á öldum en var afnumin á 19. öld eins og víðar. Hún var tekin upp í nokkrum nýlendum Breta, um fremur stutt árabíl, og barst meðal annars til Bandaríkja Norður-Ameríku fyrir bresk áhrif en varð þar reyndar almennt ekki langlíf.

Svo að dæmi sé tekið til hliðsjónar má benda á rétt *kapólsku kirkjunnar*, sem meðal annars leyfði *bannfæringu* brotlegra manna, sem voru eftir það ekki aðnjótandi þeirra gæða, sem kirkjan stóð fyrir, en það gat orðið sumum mönnum eins konar ígildi borgaralegs dauða. Jafnframt má minna á þær reglur, sem gilda eftir kapólskri kirkjuskipan, um lagaleg áhrif þess að menn (karlar eða konur) ganga í *klaustur* – að þá afsalar viðkomandi sér í raun rétttri öllum borgaralegum tengslum við aðra menn og við hlutaðeigandi ríki og gefur sig að öllu leyti guðveldi á hönd. Eitthvað mun þessu þó vera misjafnlega háttað eftir einstökum klausturreglum.

Í rétti *norrænu þjóðanna* (þar á meðal Íslendinga) var að vísu ekki notast við hugtakið „borgaralegur dauði“ eða sviplíkt heiti fyrir á tíð, en í rétti þessara þjóða var hins vegar gert ráð fyrir *fríðleysibegningu*, sem hér á landi nefndist *skóggangur* í okkar lögum á þjóðveldisöld, sjá síðar.

Eins og fyrir segir voru ákvæði um borgaralegan dauða sem refsingu fyrir stórglæpi í *franskri refsilöggjöf* fyrri tíma. Í II. þætti II. kafla *frönsku borgaralögbókarinnar* (*Code civil*, öðru nafni *Code Napoleon*) frá 1804 – nánar til tekið í 22. gr. og áfr. – eru ítarleg ákvæði um borgaralegan dauða. Hér skulu nokkur þeirra rakin, í lauslegri þýðingu:

„22. gr. Refsidómar, sem hafa það að markmiði að svipta hinn dæmda heimild til að nýta sér þau borgaralegu réttindi, sem hér verða talin upp, bera með sér borgaralegan dauða.

23. gr. Líflátsdómur felur einnig í sér dóm um borgaralegan dauða.

25. gr. Við borgaralegan dauða missir hinn dæmði allar eigur sínar, er hann átti fram að því, og erfingjar hans taka þær í arf þegar í stað, með sama hætti og hann hefði hlotið líkamlegan dauðdaga. Hann getur ekki lengur tekið við arfi eða ráðstafað arfi eftir sig. Hann getur ekki ráðstafað frá sér neinum eignum, hvorki með gjöf eða erfðagerningi, eða tekið við gjöfum nema til nauðpurfta. Hann verður eigi skipaður lögráðamaður annarra né heldur getur hann með neinum hætti tekið þátt í gerningum, er varða lögráðamennsku. Hann getur ekki borið vitni varðandi opinber málefni eða komið fram sem vitni fyrir rétti. Hann getur ekki verið aðili að dómsmáli, hvorki sem sækjandi eða verjandi, nema í nafni sérstaks tilsjónarmanns skipuðum af hlutaðeigandi dómstóli. Hann getur ekki gengið í hjónaband. Hafi hann áður gengið í hjónaband er því slitið hvað lögfylgjur varðar. Um réttindi fyrrum maka og annarra fyrrverandi erfingja fer með sama hætti og verið hefði ef hann hefði dáíð náttúrulegum dauða.“

Franska borgaralögbókin varð fljótt heimsfræg og ákvæði hennar því mörgum kunn. Höfðu þau ótvírætt mikil áhrif á löggjöf og lögfræði meðal margra vestrænna þjóða. Tekið skal fram, að lagaákvæði í þessa veru höfðu vissulega verið til í frönskum rétti áður en Code civil kom til sögu, þótt

þau nytu ekki sama frægðarljóma og því ekki eins kunn í öðrum löndum og Code civil.

Þessi frönsku ákvæði um borgaralegan dauða voru að mestu leyti afnumin með lögum frá 1854, nema varðandi fanga, sem dæmdir voru til útlegðar í *refsinylendum Frakkæa*, einkum í Suður-Ameríku. Á því sviði lifði borgaralegur dauði enn um allanga hríð.

3. Skyldleiki við íslensku skóggangsrefsinguna

Vissulega er augljós skyldleiki með þeirri harkalegu refsitegund, sem nú hefur verið lýst, og íslensku *skóggangsrefsingunni*, sem hér tíðkaðist á þjóðveldisöld. Í báðum tilvikum misstu dæmdir afbrotamenn öll réttindi sín meðan refsitíminn var í gildi. Reglur um *fríðleysi* sakamanna, er framið höfðu hina alvarlegustu glæpi, voru einnig við lýði meðal annarra Norðurlandþjóða fyrr á öldum. Til skóggangsrefsingar var einkum gripið í kjölfar meiri háttar afbrota, svo sem mannvíga og líkamsmeiðinga, sífjaspells, nauðgunar, griðrofs og ljúgvitnis. Hinn dæmdi maður – *skógarmaður* eins og hann kallaðist – naut ekki neinnar réttarverndar (orðið „mannréttindi“ var ekki til í tungunni á þeim tímum). Hann tilheyrði ekki lengur mannlegu samfélagi, var með öðrum orðum „óalandi, óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum“, þ.e. réttdræpur hverjum manni og enginn mátti að jafnaði veita honum aðstoð að viðlagðri refsingu. Eignir hans voru gerðar upptækar. Í reynd gildi dómur um skóggang til æviloka sakamannsins en Lögrétta gat þó, með samhljóða ályktun, náðað dæmdan mann og hlaut hann þá rétt sinn á ný.

Vægari refsing fólst í *fjörbaugsgarði*, svokölluðum, sem fól í sér útlegð úr landi um þriggja ára skeið. Dæmdur fjörbaugsmaður gat orðið sekur skógarmaður ef hann hlýðnaðist ekki dómsorði um fjörbaugsgarð.

Þriðja (og um leið vægasta refsitegundin) nefndist útlegð, sem fólst í fjársektum.

Skóggangur sem hin þyngsta refsing (bein líflátshegning var ekki í lögum hérlendis á þjóðveldisöld að því er best verður vitað) var hér við lýði fram að lögtöku lögbókanna, *Járnsíðu* 1271-1273 og *Jónsbókar* 1281, og sama var um fjörbaugsgarð og útleið (í hinni fornu merkingu). Nú tóku hins vegar við *líkamlegar hegningar* (líflát og húðlát) auk fjársekta. Útleiðarhegning var að vísu áfram í lögum en nú fól hún í sér breytta merkingu, þannig að hinir dæmdu menn voru sviptir rétti til dvalar á tilteknu svæði, urðu land-, fjórðungs- eða héraðsrækir, oftast um ákveðinn tíma en einstaka sinnum ævilangt, og þeir voru sviptir eignum sínum án möguleika á afturköllun síðar eftir að hegningu lauk. Var útleiðarrefsing reyndar í íslenskum lögum eða í lagaákvæðum, sem hér var fylgt, um margra alda skeið, sbr. m.a. ákvæði í 24. kafla fyrstu bókar *Dönsku laga* frá 1683 og samsvarandi ákvæði í *Norsku lögum* frá 1687, en þessum erlendu lögbókum var fylgt hér að vissu marki um langt skeið. Útleiðarhegningin var að mestu afnumin með tilskipun frá 21. desember 1831^[1], og eftir að ný hegningarlög voru lögtekin hér 1869 átti hún sér ekki frammar neina lagastöð.

4. Leifar í nútímanum

Víða um lönd – nær og fjær – er enn ráð fyrir því gert í lögum, að viss borgaraleg (þ.e. pólitísk) réttindi hinna brotlegu glattist í kjölfar meiri háttar afbrota þeirra. Er þar einkum um að ræða missi *kosningaréttar* og/eða *kejörgengis*, sbr. íslenskar réttarreglur þar um, alkunnar. Vitaskuld gengur svipting þessara mannréttinda nærri þeim, sem fyrir verða, þótt ekki verði þessum viðurlögum jafnað til hinnar fornu refsingar um borgaralegan dauða eða skóggang!

Ákvæði af þessu tagi gefur að finna í lögum um *kosningar til Alþingis* nr. 24/2000 og í lögum nr. 5/1998 um *kosningar til sveitarstjórna*. Í fyrrnefndu lögunum er mælt fyrir um, í 1. gr., að *kosningarétt* til Alþingis eigi hver sá íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi. Þar er ekki minnst á missi kosningaréttar sem

1 Sbr. Lovs. f. Isl. IX, bls. 829 og áfr.

viðurlög við afbroti. Annað gildir hins vegar um *kjörgengi* á þessu sviði. Í 4. gr. laganna er óflekkað mannorð, eins og það er kallað, gert að kjörgengisskilyrði til *Alþingis*. Samkvæmt 5. gr. telst enginn sá hafa óflekkað mannorð, í þessum skilningi, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er *svívirðilegt að almenningsáliti* nema hann hafi fengið *uppreist æru sinnar*. Má reyndar ljóst vera, að mikill eðlismunur er á þessum tveimur atriðum, kjörgengi og kosningarétti, hvað mannréttindi varðar. Skaðlaust er, að kosningaréttur (það er rétturinn til að greiða atkvæði) sé áskilinn öllum borgurum (að tilteknum grunnskilyrðum fullnægðum) en annað hlýtur að gegna um þá menn, er eiga – sem fulltrúar alþjóðar – að fara með æðsta vald ríkisins, sjálfst löggjafarvaldið. Önnur skipan mála myndi örugglega misbjóða þeirri virðingu og því trausti, sem þjóðin á að bera til Alþingis. Ef til vill má þó deila um þetta, þótt hér sé fyrrgreindri skoðun haldið fram af fullum þunga.

Fyrrum var óflekkað mannorð hvort tveggja í senn skilyrði kosningaréttar og kjörgengis í kosningum til *sveitarstjórna*, en síðar var slakað á þeirri kröfu varðandi kosningaréttinn. Hins vegar er óflekkað mannorð enn sem fyrr skilyrði *kjörgengis* á þessu sviði og jafnframt lögræði (sem ekki er eins fortakslaust orðað varðandi kosningarétt til Alþingis), sjá nú 3. gr. fyrrnefndra laga um kosningar til sveitarstjórna.

Um skilgreiningu hugtakanna „óflekkað mannorð“ og „*svívirðilegt að almenningsáliti*“, sem eru satt að segja bagalega óljós og „lausbeisluð“, skal hér vísað til stjórnskipunarréttar og stjórnarsýsluréttar. Væri tvímælalaust heppilegast, að þetta íþyngjandi skilyrði yrði skilgreint mun betur í lögum en nú er raunin á þannig að það þurfi ekki að valda vafa í réttarframkvæmdinni eins og nú er. Best færi þó á því, að hugtökin „óflekkað mannorð“ og „uppreist æru“ verði hið fyrsta afnumin í rétti okkar, eins og nú (í október 2017) hefur verið gert að hluta til a.m.k.^[2], en ekki verður fjallað nánar um það efni hér.

2 Sjá nú lög nr. 80. frá 28. september 2017 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum (uppreist æru“; 147. löggjafarþing 2017-2018, þingskjal 111, 111. mál.

Að lokum skal þess minnst, að í 68. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um heimild fyrir dómstóla til að svipta menn heimild til að rækja opinberan starfa eða starfa, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna. Svipting réttinda af þessu tagi getur vissulega verið afar viðurhlutamikil fyrir hlutaðeigandi mann – í huga hans meira að segja jafngilt eins konar „borgaralegri aftöku“, þótt ekki jafnist hún á við þá hróplegu réttindasviptingu, sem gildi fyrir á öldum og áður hefur verið lýst.

5. Lokaorð

Af því, sem reifað hefur verið hér að framan, má glöggt sjá hversu réttindi dæmdra manna gátu verið lítils metin fyrir á öldum, þegar hugtakið „mannréttindi“ hafði ekki enn verið fundið upp hvað þá heldur annað. Alkunna er, að nú á dögum ná hvers kyns mannréttindi (eða eiga að ná) til uppvísra afbrotamanna eins og annarra, eftir því sem skiljanlegar aðstæður frekast leyfa. Af sjálfu sér leiðir, að maður, sem tekur út fangelsisrefsingu býr við skert frelsi til ýmissa hluta en hann nýtur að minnsta kosti réttarverndar og dvelur í skjóli réttarríkisins á meðan á afplánun stendur. Lögmenn gæta réttinda hans ef á reynir – sem og meðan á rannsókn máls hans stendur. Almennt er það talinn blettur á síðuðum þjóðum (er við nefnum svo), ef þessara atriða er ekki gætt. Fyrir á öldum var mannlífið gjarna minna metið (að minnsta kosti í augum valdhafanna) en við þekkjum nú um stundir og ekki var hlaðið undir dæmda menn í fangelsum, enda dóu margir fangar af illum aðbúnaði. Fangavistinni fylgdi þó að minnsta kosti fæði og húsnaði á kostnað hins opinbera, hvað sem öðru leið, þótt yfirleitt væri sá aðbúnaður og viðurgerningur ekki upp á marga fiska. Dæmdur skógarmaður var í reynd miklu réttminni en fanginn og ríkisvaldið sá honum meðal annars ekki fyrir fæði eða húsaskjóli. Hann var eins og hvert annað villidýr á mörkinni, hverjum manni réttdræpur. Fróðlegt er og lærdómsríkt að *bera saman refsingar nútímans, annars vegar, og þessar fornu hegningar, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni,*

hins vegar. Þegar öllu er á botninn hvolft skilur himinn og haf þar á milli. Það efni kallar þó á sérstaka umfjöllun á öðrum vettvangi.

Sú *persónulega smán*, sem getur verið fylgifiskur sumra dómsmála, getur vissulega leitt til fyrringar og útilokunar úr því samfélagi, er hinn smánaði lifir og hrærist í, og harkaleg umfjöllun og áfellingisdómar, sem birtast á netmiðum í tengslum við þess háttar afbrot, geta leitt til hins sama.

Enda þótt „borgaralegur dauði“ sé ekki lengur formlega í tölu viðurkenndra réttarræða vegna framinn afbrota hefur hugtakið þó enn á ný farið á kreik meðal nokkurra þjóða, einkum þar sem *fangar* búa við skerðingu á almennum borgaralegum réttindum, svo sem kosningarétti, en svo er málum til dæmis háttað í sumum fylkjum Bandaríkjanna. Hafa þar í landi myndast samtök manna, er beita sér fyrir auknum mannréttindum fanga í því sambandi. Mætti margt um það segja þótt nú skuli láta staðar numið.^[3]

3 Sjá m.a. eftirtaldar greinar: *Harry David Saunders: Civil Death – A New Look at an Ancient Doctrine*, *William and Mary Law Review*, vol. 11, issue 4 (1970), bls. 988-1003 og *steiri en einn höfundur, ónafngreindir: Civil Death Statutes. Medieval Fiction in a Modern World*, *Harvard Law Review*, vol 50, nr. 6 (1937) , bls. 968-977.

Dómsmorð

Rangir og löglausir dómur og önnur sambærileg réttarglöp

1. Inngangur

Í bænum *Tombstone* sunnarlega í Arizona-fylki í Bandaríkjunum gefur að finna margt, sem minnir á daga „Vilta vestursins“, sem svo hefur verið kallað, þegar lögleysa gekk oft framur lögum og reglu í samskiptum þegnanna innbyrðis og einnig af hálfu yfirvalda. Þar var ekki allt af „setningi slegið“, svo að vægilega sé til orða tekið, og *mistök* í dómgæslu og refsiframkvæmd voru algeng, ef trúa má sögnum. Saklausir menn voru iðulega teknir af lífi vegna mistaka dómenda, þegar svo bar undir, enda var dómsherfið með eindæmum lélegt og réttarfar ófullkomið og „hrátt.“ Einnig voru menn iðulega líflátnir án dóms, meðal annars vegna þrýstings frá æstum lýð. Algengasta aftökuaðferðin á þeim slóðum var henging með hálssnöru eins og almennt var í Bandaríkjunum fyrir á tíð. Iðulega kom í ljós, eftir að handtekinn og grunaður maður hafði verið hengdur, að hann hafði ekki drýgt þann glæp, sem hann var sakaður um, var með öðrum orðum alsaklaus – en þá var orðið of seint að bæta fyrir mistökina. Þegar svo háttaði var reyndar stundum brugðið á það ráð að skrá upplýsingar um þessi alvarlegu mistök á legstein hins látna – „betra er seint en aldrei“, gátu menn sagt til að friða samviskuna!

Af þessu tagi er legsteinnur sá í kirkjugarðinum í Tombstone, sem hér er birt mynd af. Hann var reistur á gróf manns, sem yfirvöld töldu vera þjóf,

er stolið hefði hesti (en við svo hroðalegum glæp lá þá dauðarefsing). Var ekki að sökum að spyrja, að hann var dæmdur til dauða af þessum sökum og síðan hengdur eins og margir aðrir á þessum slóðum, fyrr og síðar. Nánar til tekið: Maðurinn, *George Johnson*, hafði í sinni vörslu hest, sem sannaðist að vera stolinn frá öðrum manni. Lá þá beint við, töldu vísir menn, að George hefði stolið hestinum og þar með gerst upphengjandi þjófur án lífsvonar. Eftir að búið var að taka hann af lífi með hefðbundinni aðferð kom nú hins vegar í ljós, að allt annar maður hafði stolið hestinum og síðan selt George hann. Mátti þá jafnframt ljóst vera, þegar betur var að gáð, að George hafði keypt hestinn í góðri trú og hafði því, að réttu lagi, ekkert unnið sér til sakar. Skýringar hans á hestakaupunum voru einskis virtar. Með öðrum orðum: George Johnson fór saklaus í gálgann!



Á steininum stendur:

HERE LIES / GEORGE JOHNSON / HANGED BY / MISTAKE 1882. /

HE WAS RIGHT / WE / WAS WRONG / BUT WE STRUNG / HIM UP /

AND NOW HE'S / GONE

Þetta minningarmark í Tombstone-kirkjugarði ber með sér kröftuga áminningu til þeirra, sem stóðu að dómsáfalli yfir þessum manni og aftöku hans – og ekki síður til síðari kynslóða. Varnaðarorðin geta eins átt við í dag og forðum – það er „dýrt spaug“ að hengja saklausa menn af misgáningi („að hengja bakara fyrir smið“). Siðaðar þjóðir eiga vissulega að gæta sín í dómstörfum í refsimálum, auðvitað þó helst í málum, er snúast um meinta stórglæpi með hörðustu refsingum, svo sem þegar menn eru dæmdir til að rotna ævilangt í fangelsi eða þá (sem ýmsum finnst jafnvel vera illskárri) að týna lífinu í höndum böðuls. Það þarf ekki endilega „Vilta vestrið“ til að vera leikvangur slíkra örlaga. Um allan heim – einnig hinn „siðmenntaða heim“, eins og sjálfumgláðir Vesturlandabúar nefna hann gjarna – eru á hverjum degi gerð einhver mistök í dómskerfum ríkjanna, mistök, sem stundum (en ekki alltaf) er hægt að leiðrétta, þegar hið rétta kemur í ljós. En þá er dæmdur maður ef til vill orðinn skemmdur af langri fangavist – og svo hitt, að dauðarefsing (sem reyndar er ekki lengur í gildi í flestum Evrópuríkjum en hins vegar til dæmis í Bandaríkjunum), verður vitanlega ekki aftur tekin hafi henni verið beitt.

Bandaríkin eru vissulega í hópi þeirra þjóðríkja, sem enn hafa dauðarefsingu í lögum, þótt heimildin sé einungis bundin við tiltekin fylki en sé aflögð í öðrum. Þar í landi er einmitt vitað, að ýmsir hafa gildið fyrir gallað dómskerfi og verið sakfelldir án neinnar sakar og orðið að þola hörðustu refsingu fyrir, eftir atvikum dauðarefsingu. Hefur oft verið bent á alkunn dæmi um þetta. Reyndar er algengt þar, að dauðadæmdir menn sitji svo mörgum árum skiptir í dauðadeildum fangelsanna áður en að aftöku

kemur – og veitir það að sjálfsgöðu nokkurt svigrúm til að endurskoða dóma yfir hlutaðeigandi föngum áður en allt er um seinan – ef ný sönnunargögn koma í ljós, sem staðfesta sakleysi þeirra!

Þá er einnig vitað, að saklausir menn eru teknir af lífi í mörgum löndum – oft fyrir mistök dómstóla (réttarafglöp af ýmsu tagi). Er yfirleitt örðugt að meta það, hve hátt hlutfall slíkra dóma er, þegar á heildina er litið. Sé litið til afar fjölmenns ríkis eins og Kína, þar sem aftökur eru flestar á byggðu bóli hér á jörð eins og margvíslegar upplýsingar á Netinu gefa til kynna, má ljóst vera að fjöldi þeirra, sem verða að líða fyrir þau mistök, er mikill, á hvaða mælikvarða sem metið er. Hér eru það þá dómstólarnir sem bregðast. En hvað um allar aftökurnar í sumum ríkjum (flestum okkur fjarlægum á hnettinum), þar sem dauðarefsingum er beitt án dóms og laga, þar sem *grunnur* valdhafanna, einn saman, sker úr um líf eða dauða. Alkunna er, að á Filipseyjum hafa þúsundir manna, sem einhverjir gruna um fíkniefnabrot og skyld brot, verið teknir af lífi án dóms og laga og af almennum borgurum landsins, sem þá taka að sér hlutverk böðla með velvilja og eftir hvatningu frá æðstu valdhöfum. Hvað skyldu mörgum saklausum mönnum vera sálgað í þeirri ógnaröld, sem þar ríkir – mönnum, sem eru einfaldlega skotnir á færi úti um allt landið í rangri trú um að þeir hafi brotið gróflega af sér.

Mistök í dómum yfir meintum stórglæpamönnum – svo sem morðingjum – þurfa reyndar ekki alltaf að varða við líf. Úti um heim má finna fjölda dæma um að menn hafi verið dæmdir í *langar fangavistir* alsaklausir og jafnvel þurft að dúsa í fangelsi áratugum saman þar til á daginn kemur, að á þeim var framið dómsmörð fyrir hrottaleg réttarglöp. Að einhverju leyti má bæta þessum mönnum með *skaðabótum*, eftir að þeir hafa verið látnir lausir, en í reynd verður það aldrei annað en yfirklór eitt – léttir ef til vill á samvisku réttarins þjóna en breytir ekki því að líf saklauss fanga er í raun rétttri ónýtt líf, ef svo má að orði komast, og því fá engir peningar breytt. Margir þeir, er dæmdir hafa verið í langvarandi fangelsisrefsingar saklausir, andast einnig meðan á refsivistinni stendur – og þá getur orðið flókið mál að bæta þeim skaðann!

Sem dæmi um rangindi og mistök af því tagi, er nú var getið um, skal hér birt frétt úr DV á Netinu 10. mars 2017 svohljóðandi:

Bandaríkjamennirnir Amaury Villalobos og William Vasquez, sem dæmdir voru í lífstíðarfangelsi á níunda áratug liðinnar aldar, fá sem nemur 1.600 milljónum króna í bætur eftir að hafa setið saklausir í fangelsi í 32 ár. – Amaury og William voru sakfelldir fyrir brennu og morð með því að hafa kveikt í húsi í Brooklyn í New York árið 1980. Sex létust í eldsvoðanum; kona og fimm börn hennar. – Árið 2012 var mönnunum veitt reynslulausn en þremur árum síðar, árið 2015, komst saksóknaraembættið í Brooklyn að þeirri niðurstöðu að eldurinn hefði kviknað fyrir slysi. Eldurinn hefði að líkindum kviknað fyrir tilstilli nágranna sexmenninganna sem létust; að sögn New York Times leiddi niðurstaða rannsóknar í ljós að eldurinn hefði komið upp eftir að íbúar báru eld að heróíni í húsinu. – Eigandi hússins, þekktur fíkniefnasali á þeim tíma, er sagður hafa logið að lögreglu að Amaury og William hefðu kveikt í húsinu. – Samkvæmt samkomulagi sem náðist á dögumum fá mennirnir hvor um sig 15,5 milljónir dala í bætur vegna málsins; upphæð sem nemur 1,6 milljörðum króna. Verjandi Vasquez fagnaði niðurstöðunni en sagði að réttarkerfið hefði brugðist skjólstaðingi sínum á þeim 32 árum sem hann sat saklaus í fangelsi. – Þrír menn voru dæmdir í fangelsi, en auk þeirra Amaury og William var Raymond Mora sakfelldur vegna málsins. Hann lést í fangelsi árið 1989.

Hvað á maður, sem staulast úr fangelsi, rotinn á líkama og brotinn á sál eftir meira en þrjá áratugi, að gera við 1,6 milljarð króna? Skemmta sér og lífa hátt, myndi kannski einhver segja! Summur af þessu tagi, sem menn eignast skyndilega, hafa tilhneigingu til að hverfa fljótt, gufa upp, það sýnir reynslan – og þar koma oft svindlarar við sögu. Vonandi fá góðgerðasamtök og sannir mannvínir einhvern skerf af kökunni, til gæfulegra verkefna í þágu þeirra, er minnst mega sín. Hvað sem því líður er vert að hafa hugfast, að skaðabætur vegna óréttmætrar fangelsisvistar, sem kynnu að verða dæmdar hér á landi, yrðu aldri nema örlítið brot af þeirri upphæð, sem nefnd var í framangreindri frétt. Allt er svo stórt í Ameríku!

Hitt er svo annað mál, að í fangelsum um allan heim má finna fjölda manna, sem sjálfir telja, að þeir hafi verið dæmdir ranglega og séu alsaklausir, þótt fátt sé þeirri skoðun þeirra til stuðnings.

2. Nánar um dómsmorð

Iðulega er notað stórt og óvægið orð um ranga dóma, einkum í meiri háttar málum: „*dómsmorð*“. Í orðabók er það skilgreint svo: „Það að saklaus maður hefur verið dæmdur sekur, sér í lagi ef hann hefur verið dæmdur til dauða og tekinn af lífi.“ Orðið á vel við ranga dauðadóma en er einnig oft haft um sambærileg réttarglöp þótt menn haldi lífi – en þá er merkingin ef til vill orðin dálítið ýkt, ef svo má að orði komast. Hér sannast það, ef horft er til sögunnar, að jafnvel æruverðugum og reyndum dómurum kunna að vera mislagðar hendur, þótt þeir vilji einvörðungu fara að lögum og byggja á því, sem þeir telja vera satt og rétt. En gallinn er hins vegar sá, að ekki er fullvíst að *sönnunargögn* þau, sem fyrir dómáranum liggja, leiði alltaf til „réttrar“ niðurstöðu, þegar upp er staðið. Menn meta gögn með mismunandi hætti og skynjun manna er oft ófullkomin og ályktunarhæfnin ekki eins örugg og sumir telja. Mat á sumum sönnunargögnum er og verður *buglægt*, að minnsta kosti að nokkru marki. „*Hvað er sannleikur?*“ sagði Pílatus forðum – og gæti víst margur lögfræðingurinn tekið undir það, einkum þeir, sem langa reynslu hafa á akri dómsmálanna. Örðugt getur verið að höndla sannleikann, hann getur verið hálli en margur hyggur að óreyndu og valdið dómendum sem og ýmsum öðrum samviskukvölum. Í opinberri umræðu í Bandaríkjunum hefur jafnvel komið upp hugtakið „*alternative truth*“ sem eins konar önnur (eða valkvæð) útgáfa af birtingarmynd staðreynda. Olli notkun hugtaksins af hálfu opinberra aðila í æðstu stöðum þar í landi nýlega umræðum víða um lönd. Ýmsum þótti þetta vera eins og hver annar kjánaskapur – en þegar betur er skoðað felst í þessu hugtaki áleitinn ögrun, að minnsta kosti frá akademískum sjónarhóli séð, en ekki eru tók á að ræða það efni nánar á þessum vettvangi.

Úr því að læknum verða á mistök, sem geta varðað líf eða dauða sjúklinga þeirra, er engin furða að löglærðum dómurum skjátlist stundum þegar síst gegnir.

Það, sem dapurlegast er við dómsmorðin, er, að þar hafa virðulegir dómara farið fram í nafni *réttlætis* og *réttaröryggis*. Þeir eru sannarlega þjónar réttarins, „*réttarríkisins*“, og vissulega eru þau mörg þjóðríkin, sem stæra sig af því að vera réttarríki. Við segjum að einkenni réttarríkis sé meðal annars að dómskerfið sé trúverðugt og njóti almenns trausts í samfélaginu. Þá séu dómara byggðir á lögum sem ekki eru afturvirk sökunautum í óhag. Ýmis ákvæði í alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum mannréttindasáttmálum eiga að stuðla að þessu, ef þeim er fylgt á annað borð, en þar er meðal annars kveðið á um réttindi sakborninga, sbr. kjöryrðin: „Enginn er sekur nema eftir dómi“ og „saklaus uns sekt er sönnuð“, sem fela í sér kjarnaþætti réttarríkisins.

En því verður ekki neitað – sé horft til nýrri sem eldri dæma víðsvegar úr heimsbyggðinni – að meðal dómenda, sem sveipaðir eru purpuraskykkju réttvísinnar, finnast „rotin epli“. Mútur og önnur spilling er ekki óþekkt þar á bæ fremur en á mörgum öðrum þjóðlífssviðum. „Svo bregðast krosstré sem önnur tré“ var fyrrum sagt og eru það orð að sönnu, þótt almennt séum við hér að tala um dapurlegar undantekningar. Í Passíusálmum sínum segir séra Hallgrímur Pétursson um þetta, og það með réttu:

Vei þeim dómara, er veit og sér,
víst hvað um málið réttast er,
vinnur það þó fyrir vinskapi manns
að víkja af götu sannleikans.

Ó, vei þeim sem með órétt lög
umgangast og þau tíðka mjög,
sannleiknum meta sitt gagn meir,
svívirðing drottni gjöra þeir.

Ekki er vitað af héraendum dæmum frá síðari tímum um mútupægni, frændhygli eða annars konar óheiðarleika embættisdómara eða meðdómsmanna, sem leitt hafi til opinberra kvartana eða rannsóknar. Engu

að síður er aldrei hægt að útiloka mistök, það er réttarglöp, sem kunna að leiða til rangrar dómsniðurstöðu.

Mörg og sorgleg dæmi mætti nefna af dómsmorðum, sem framin hafa verið víðs vegar um heimsbyggðina, fyrr og síðar. Hér er vitaskuld ógerningur að rekja þá sögu en aðeins látið nægja að minna á það atvikið af þessu tagi, sem frægast er og tengist með órjúfanlegum hætti fjölmennustu trúarbrögðum heims, kristninni. Þar er átt við *refsidóminn yfir Jesú Kristi*, sem leiddi til krossfestingar og lífláts hans. Um þá sögu verður að mestu leyti að vísa til frásagna Guðspjallanna (sem að vísu eru ekki algerlega samhljóða um þetta atriði). Dómarinn í því máli, sjálfur *Pontius Pílatus*, rómverski landstjórinn í Júdeu, er með þeim hætti kunnasti dómari veraldar, fyrr og síðar, að nafn hans er fléttað inn í hina postullegu trúarjátningu kristinna manna („þíndur á dögum Pontíusar Pílatusar ... krossfestur, dáinn og grafinn ...“). Klerkalýður leiddi Jesú fram fyrir Pílatus og bar hinn handtekna mann þungum sökum, um guðlast og landráð, sem ætti réttilega að leiða til dauðadóms. Lét Pílatus að lokum undan þrábeiðni þeirra og kvað upp líflátsdóm, sem fól í sér gróft dómsmorð, því að dómarinn vissi að hinn ákærði var saklaus:

„Æðsti presturinn [sagði] af kænsku sinni, að Gyðingar hefðu engan konung nema rómverska keistarann og Pílatus væri ekki vinur hans, ef hann dæmdi Jesúm eigi – því að sá, sem gerði sjálfan sig að kóngi, hlyti að vera á móti keisaranum. Þá gafst Pílatus upp, kvað upp dauðadóminn og seldi Jesúm í hendur Gyðinga, til þess að hann yrði krossfestur. En hann bætti við, um leið og hann þvoði sér um hendurnar, að hann væri saklaus af blóði þessa réttláta manns og dauði hans yrði á ábyrgð Gyðinga einna. Hana gengust þeir fúslega undir: blóð Jesú kæmi yfir þá og börn þeirra. Síðan var [...] Jesús afhentur böðlunum, sem fullnægðu dómnum ...“^[1]

1 Hér tekið úr bókinni *Dómsmorð* eftir norska lögfræðinginn *J.B. Hjort* (Rvík 1954), bls. 32. Í þeirri bók eru margar góðar athugasemdir og hugleiðingar um ranga dóma og afdrifarík réttarglöp.

3. Á Íslandi

Að lokum má leiða hugann að því, hvort framin hafi verið dómsmorð hér á landi fyrr á tíð, svo að vitað sé. Ördugt er að henda fullar reiður á því, miðað við varðveittar heimildir, en ljóst er að minnsta kosti, að stutt gat orðið milli lífs og dauða ýmissa manna, er við sögu koma á róstudímum svo sem á Sturlungaöld og siðbreytingartímunum. Þá var ekki allt af setningi slegið varðandi „andmælarétt“ og aðra stöðu sakaðra manna enda þótt þeir væru líflátnir í þeirri trú valdamanna, að þeir ættu ekki annað skilið!



Minnismerki í Skálholti um aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans

Kunnasta dæmið er áreiðanlega aftaka *Jóns Hólabiskups Arasonar* og sona hans, *Björns* og *Ara*, í Skálholti 7. nóvember 1550, en í kjölfar hennar urðu straumhvörf í trúarefnum Íslendinga og jafnframt í landsstjórnarmálum. Hér nægir að minna á, að Jón hafði haft uppi afgerandi tilburði til að taka til sín völd í landinu (sem fól í sér landráð eftir þeirra tíma skilningi), og jafnframt

leikið ýmsa andstæðinga sína hart. Hann var helsti talsmaður og vörður hins forna kaþólska siðar og um leið öflugasti andstæðingur hins breytta siðar, sem kenndur er við Lúter. Á síðari árum Jóns var sannarlega skálmöld í landinu og lögmætt og réttmætt dómsvald ekki nægilega vel tryggt.

Að lokum var voru þeir feðgar handsamaðir af ofurefli liðs síðla hausts 1550 í kirkjunni á Sauðafelli í Dölum og færðir til *Skálbolts*, sem þá var orðið höfuðsetur og valdamiðstöð hins breytta siðar, og geymdir þar um sinn. Má ljóst vera, að á Sauðafelli voru rofin á þeim *kirkjugrið*, er þeir voru neyddir út úr kirkjunni í fylgd vopnaðra manna. Slíkt var þó ekki einsdæmi á róstutímum. Þá blasti við sá vandi, hvað ætti að gera við þá í Skálholti, en ekki kom til mála að láta þá lausa og leyfa þeim að hverfa til síns heima. Mál þeirra varð, að áliti manna, að fá formleg endalok áður en langt um liði, því að ekki þótti fýsilegt að geyma þá lengi í haldi. Þá óttuðust Skálholtsmenn mjög að fylgjendur biskupsins myndu freista þess að bjarga honum úr haldi andstæðinga hans, og gæti þá komið til tvísýnna vopnaviðskipta þar heima á staðnum. Skip voru farin frá landinu til Danmerkur og því útilokað að senda þá feðga til Kaupmannahafnar undir dóm konungs. Hvað átti þá eiginlega að taka til bragðs? Einn úr hópi andstæðinga biskupsins, séra Jón Bjarnarson, bar þá fram þá ígrunduðu skoðun sína, „að öxin og jörðin geymi þá best“ – og urðu þau orð fljótt alkunn. Það varð svo að ráði að höggva þá alla sem ofbeldisfulla landráðamenn, í nafni konungs, *enda þótt engin formleg réttarhöld yfir þeim hafi átt sér stað né löglegur dómur verið kveðinn upp, þar sem mált væri fyrir um líflátsbegningu þeirra*. Fór aftakan fram í Skálholti 7. nóvember 1550 eins og fyrr var getið um. Síðar var reynt að koma einhvers konar „dómsnafni“ á þessa aðgerð með því að dæma þá landráðamenn *efirrá* – meðal annars til að friða formfestumenn. Augljóslega var hér um *dómsmorð* að ræða, þótt aldrei verði sagt að Jón hafi borið flekklausan skjöld sem friðar- og trúarhöfðingi á efri árum sínum. Þetta skyldum við hafa hugfast, þegar við virðum fyrir okkur myndarlega minnisvarðann um aftöku þeirra feðga í Skálholti og einnig hinn glæsilega turn Hóladómkirkju, sem vígður var haustið 1950, er

Þess var minnst að fjórar aldir voru liðnar frá andláti þeirra, en vitað er að lík feðganna voru færð norður að Hólum á næsta ári eftir aftökuna og þau jarðsett í dómkirkjunni þar. Hafa margir trúað því, að fúnar beinaleifar, sem nú gefur að finna í stöpli trunsins, séu af þeim frægu feðgum.

4. Lokaorð

Haustið 2018) gekk dómur Hæstaréttar í hinum svonefndu *Guðmundar- og Geirfinnsmálum*, þar sem niðurstaðan varð sú, að *rangir dómar* – langir fangelsisdómar – hafi á sínum tíma (fyrir áratugum) verið kveðnir upp yfir mönnum, á grundvelli „sönnunargagna“, sem nú (við endurupptöku málsins) voru talin ófullnægjandi til sakfellingar. Er þetta þar með skýrasta dæmi, sem við höfum um dómsmorð hér á landi á síðari tímum, en ekki er ástæða til að fjalla nánar um það hér, enda er dómurinn öllum aðgengilegur á Netinu.

Nú er rekið fyrir dómstólum einkarefsimál (meiðyrðamál) vegna opinberra ummæla kunns lögmanns í Reykjavík, þar sem hann sakar Hæstarétt Íslands (þ.e. meiri hluta dómenda og þar með stefnanda málsins) um að hafa framið *dómsmorð* við málsmeðferð og dómsálagningu í tilteknu refsímáli, sem höfðað var á sínum tíma á hendur skjólstæðingi lögmannsins. Er hér að sjálfsögðu um mjög alvarlega ásökun að ræða þótt álitæfni sé hvort hún feli í sér refsiverða háttsemi af hálfu lögmannsins. Í dóminum segir: „Dómkröfur stefnanda eru þær að eftirtalin ummæli, sem stefndi viðhafði um stefnanda á blaðsíðum 61, 63 og 114 í ritinu „Með lognið í fangið - Um afglöp Hæstaréttar eftir hrun“, útgefnu í Reykjavík 2017, verði dæmd dauð og ómerk: 1. Dómsmorð (bls. 61), 2. Dómsmorð (bls. 63), 3. Ég hika ekki við að segja að á Baldri hafi við meðferð Hæstaréttar verið framið það sem kallað hefur verið dómsmorð (bls. 63), 4. Þessi skilgreining á vel við málið gegn Baldri. Felldur var dómur, sem dómarnir vissu, eða að minnsta kosti hlutu að vita, að ekki stóðst hlutlaus lagaframkvæmd (bls. 63) og 5. Þar voru færð rök að því að meirihluti réttarins hefði fellt dóm yfir ákærða sem

að mínum dómi félli undir hugtakið dómsmörð eins og það hefur verið skýrt (bls. 114).“

Í héraði var stefndi sýknaður með dómi, sem upp var kveðinn 21. júní 2018. Þar segir í niðurstöðum:

„Við mat á því hvort hin umstefndu ummæli séu gildisdómur eða staðhæfing um staðreyndir verður að meta skrif stefnda í heild sinni. Verður að skoða hin umstefndu ummæli í samhengi við umfjöllun hans í heild í þessum kafla bókarinnar en þar leitast hann við að rökstyðja og gagnrýna út frá lögfræðilegum sjónarmiðum þá skoðun sína að meirihluti Hæstaréttar hafi komist að rangri niðurstöðu í máli Baldurs Guðlaugssonar og að rétt aðferðarfræði, samkvæmt hans skoðun, sem hann rökstyður í bók sinni, hefði leitt til annarrar niðurstöðu. Hvergi í þessum kafla bókarinnar er stefnandi, eða aðrir þeir dómáramur, sem áttu sæti í umræddu dómsmáli, sakaður um refsiverða háttsemi. Stefndi tekur í riti sínu stundum sterkt til orða í gagnrýni sinni á Hæstarétt en þegar umfjöllun hans er virt í heild verður talið að hann hafi notað hugtakið dómsmörð í óeiginlegri eða yfirfærði merkingu, aðallega til þess að leggja áherslu á orð sín. Verður því talið að umfjöllun stefnda í heild sinni feli í sér ályktun hans eða gildisdóm um framangreindan dóm Hæstaréttar en ekki staðhæfingu um að refsivert brot hafi verið framið. - Þá er einnig til þess að líta að hin umstefndu ummæli og umfjöllun stefnda í framangreindum kafla bókarinnar er gagnrýni á störf Hæstaréttar en beinast ekki að stefnanda persónulega. Nafn hans er ekki nefnt í þessum kafla bókarinnar að öðru leyti en því að nafna dómenda, er sátu í dómi í máli Baldurs Guðlaugssonar, er getið. - Þegar allt framangreint er virt verður ekki talið að í ummælum stefnda hafi falist refsiverð ærumeiðing samkvæmt 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Að gættum rétti stefnda samkvæmt 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verða ummælin því ekki ómerkt. Stefndi verður því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir að málskostnaður falli niður milli aðila.“

Má vissulega finna þess mörg dæmi, bæði hérlend og frá Mannréttindadómstóli Evrópu, að gerður sé munur á því hvort særandi ummæli feli í sér *staðhæfingu um staðreyndir* eða um svokallaðan *gildisdóm* sé

að ræða, eins og talið var í þessu tilviki. Geta mörkin þar á milli vissulega verið mjög umdeilanleg og stundum óljós. Þeim héraðsdómi, sem um er að ræða, hefur þegar verið áfrýjað og eru ekki efni til að fjalla frekar um hann á þessum vettvangi.

„Fjarri hlýju hjónasængur“

1. Fyrrum prestur og sýslumaður dæmdur til dauða fyrir siðgæðisbrot^[1]

Mörg eru dæmi þess, að mannlegt athæfi af ýmsu tagi, sem fyrrum var álitid hegningarvert og sem refsad var fyrir, ótæpilega og jafnvel með lífláti, sé nú á dögum refsilaust með öllu og uppskeri jafnvel enga vanþóknun samborgara gerandans eða gerendanna. Refsingarnar sjálfar hafa einnig tekið miklum breytingum, allar götur frá því að vendi og öxi var beitt á brotlega þegna og til okkar daga, þegar mörg þjóðríki hreykja sér af því að gæta mannréttinda sakaðra manna í hvívetna og litið er á líkamlegar hegningar sem fyrirbrigði aftan úr öldum – andstætt öllum lögmálum siðaðra manna. Þessi afstaða hefur vissulega orðið ofan á hér á Vesturlöndum en harkalegar hegningar, sem bitna á lífi og limum manna vegna ýmissa siðferðisbrota, eru sannarlega enn við lýði víða um heim, oftast þó í löndum, sem eru okkur fjarlæg, landfræðilega og menningarlega. Barátta Sameinuðu þjóðanna og ýmissa annarra alþjóðlegra eða fjölþjólegra stofnana fyrir réttindum þeirra, sem fyrir sökum eru hafðir, og fyrir mannúðlegum hegningum, virðist enn eiga langt í land í mörgum þjóðlöndum þar til yfirlýstum markmiðum verður náð.

1. Aðalfyrirsögn þessarar ritgerðar er fengin „til láns“ frá heiti bókar eftir Ingu Huld Hákonardóttur, „Fjarri hlýju hjónasængur – Öðruvísi Íslandssaga“, Reykjavík 1992. Ritgerðin er áður birt undir sama heiti í Skagfirðingabók, Riti Sögufélags Skagfirðinga 38, Sauðárkróki 2018, bls. 83-95.

Vart er unnt að benda á nokkurt mannlífssvið meðal okkar þjóðar, þar sem eins gagnger breyting hefur orðið á skoðunum almennings og afstöðu ríkisvaldsins til refsinnæmis, eins og *kynlíf* fólks og afleiðingar þess, þar með talið *barneignir*. Um margra alda skeið ríktu hér ákvæði svokallaðs *Stóradóms* frá 1564, þar sem lagðar voru afar strangar og harkalegar refsingar við „lauslætisbrotum“ af ýmsu tagi, það er kynlífi fólks utan löglegs hjónabands gerendanna. Var þá, annars vegar, talað um „frillulífi“ einstaklinga, það er kynferðislegt samband fólks, sem ekki var í hjónabandi, og hins vegar þess háttar samneyti fólks utan hjónabands, sem það var í (það er framhjáhald) – og kallaðist það „hórdómur“. Var þá einnig gerður munur, lagalega, á „einföldum hórdómi“, þar sem annar aðilinn var í hjónabandi en hinn ekki, og hins vegar „tvöföldum hórdómi“, svokölluðum, þar sem báðir gerendurnir tóku fram hjá mökum sínum. Leit löggjafinn á hórdóm sem meira brot en frillulífi og endurspegladist sú skoðun sannarlega á refsingunum, sem við lágu, en við endurteknum hórdómsbrotum gat legið *dauðadómur*, eins og síðar verður vikið nánar að. Ótaldir eru þeir sakamenn, karlar og konur, sem urðu að gjalda fyrir siðferðisbrot sín með lífinu öldum saman, að minnsta kosti fram á síðari ár 18. aldar, þegar gæta tók mildunar á opinberri refsistefnu í anda „upplýsingarstefnunnar“.

Haldi menn nú á dögum, að hér sé um órafjarlæga atburði og löggjöf að ræða, skal á það bent, að *Stóridómur* var hér í gildi að meginstefnu þar til 1869, er ný hegningarlög leystu hann og ýmsa aðra refsilöggjöf af hólmi, og fólk var dæmt til dauða fyrir kynferðisbrot alveg fram til þess tíma², enda þótt vitað væri, að slíkum refsingum yrði ekki lengur framfylgt samkvæmt dómsorði heldur myndi kóngur breyta þeim í fangelsishegningu eða háar sektir. Líflátshegning var í íslenskum lögum til 1928 og dauðadómar voru vissulega kveðnir upp á síðustu árum 19. aldar og fyrstu árum 20. aldar, en

2 Sbr. Landsyfírréttardóm þess efnis frá 11. febrúar 1867, sjá Landyfírréttardómar og Hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873, IX. bindi, bls. 285-287. Síðar voru hin dæmdu í máli þessu leyst frá lífláti með konunglegri íhlutun.

þar var náðun beitt. Síðasta aftaka á Íslandi fór fram 1830 (í Vatnsdalshólum í Húnaþingi).

Hvað sérstaklega varðar frændsemis- og sifjaspellsbrot hafði Stóridómur vissulega að geyma afar hörð hegningarákvæði og vekur athygli nútímamanna í því sambandi, að þau brot voru látin ná til fólks, sem að vísu var í einhverjum sifjatengslum við gagnaðilann en gátu verið í stórum eða víðtækum hópi fólks hvað snerti gerendurna. „Sifskaparbrot“ og önnur kynferðisbrot milli náskyldra aðila geta að vísu enn verið refsiverð samkvæmt hegningarlögum en þar er nú miðað við afar þrönga skilgreiningu hvað tengdir eða skyldleika varðar (sjá nánar XXI. og XXII. kafla almennra hegningarlaga).

Um gagngera viðhorfsbreytingu hefur orðið að ræða meðal almennings varðandi ýmis konar siðgæðismál á kynferðislega sviðinu frá því sem var fyrr á öldum. Barneignir utan hjónabands eða sambúðar þykja ekki lengur tíðindum sæta og leiða ekki til mannorðshnekkis. Einstæðar mæður njóta nú að sjálfsögðu margvíslegs stuðnings samfélagsins. Sé miðað við formlegt hjónaband (en ekki óvígða sambúð) skal þess getið, að um 70% barna fæðast nú hérlendis utan hjónabands en sé litið til annarra Norðurlandþjóða, heildstætt, myndi hlutfallstalan þar vera um 40%. Það, sem áður var kallað hórdómur, getur að sjálfsögðu haft sínar afleiðingar í hjónabandi fólks (meðal annars verið skilnaðarorsök), en langt er nú um liðið síðan slíkt háttarlag gat varðað við refsilög. Engu að síður kann að vera fróðlegt að leiða hugann að því fólki, sem fyrrum varð að gjalda fyrir þess háttar gerðir sínar með ærumissi og jafnvel með lífinu sjálfu og reyna að átta sig á þeim miklu breytingum, sem orðið hafa á hugarfari almennings og á landslögum.

Hér á eftir verður fjallað nokkru nánar um refsidóma fyrir alvarleg siðferðisbrot, sem tiltekinn embættismaður, *Jón Magnússon*, varð að þola

á sinni tíð og leiddu til *embattissmissis* hans tvívegis – og loks til *dauðadóms*, þar sem *konungleg náðun bjargaði honum að vísu frá lífláti*. Mörg dæmi eru þess frá fyrri tímum, að prestar misstu hempuna (venjulega tímabundið) fyrir hórdómsbrot en einsdæmi var, að *embattismaður* (eða fyrrverandi embættismaður) þyrfti að þola *dauðadóm* af þeim sökum. Af þeirri ástæðu er þetta mál forvitnilegt og umhugsunar vert. Höfum hugfast, að enda þótt hér væri hinn dauðadæmði maður náðaður á lífinu gat enginn verið öruggur um, fyrirfram, að náðun fengist, því að á þessum tímum voru menn vissuleg gerðir höfðinu styttri vegna alvarlegra afbrota, meðal annars siðferðisbrota af því tagi, sem hér um ræðir, og mörgum konum var einnig drekkt af sömu sökum. Á tímabilinu 1602 til 1752 voru til dæmis 30 karlmenn hálshöggðir á Þingvöllum, alþingisstaðnum forna, sem einnig var æðsti dómsstaður þjóðarinnar,^[3] en margar aftökur fóru einnig fram utan þingstaðarins forna.

Sögusviðið er *Skagafjörður*, vestan Vatna eins og það er kallað. Er þessi tiltekni dauðadómur var kveðinn upp hafði hlutaðeigandi fyrrum embættismaður (fyrst prestur en síðar sýslumaður) um allmörg ár búið á góðbýlinu *Sólheimum* í Sæmundarhlíð ásamt eiginkonu sinni. Athyglisvert er, að hann var góðvinur og heimilisvinur þáverandi sýslumanns Skagfirðinga, Jens Spendrup, sem sat á Reynistað, eigi langt frá Sólheimum. Varð það hlutskipti þess sýslumanns að kveða upp dauðadóm yfir þessum vini sínum á Seylupingi, í námunda við þessa bæi, og hafa hann jafnframt í haldi á sýslumannssetrinu um skeið.

Vissulega er það umhugsunar vert, að á Sólheimum var dvalarstaður tveggja einstaklinga, sem til dauða voru dæmdir fyrir hórdómsbrot, að vísu með rúmlega aldar millibili. Annars vegar er það *Jón Magnússon*, fyrrum prestur, kennari, sýslumaður og klausturhaldari, sem þessi þáttur snýst um, en hins vegar Þórdís Halldórsdóttir, er tekin var af lífi á Þingvöllum sumarið 1618. Hér eru ekki tók á að fjalla frekar um mál hennar, sem var sérstætt

3 Sbr. *Páll Sigurðsson*, Brot úr réttarsögu, Reykjavík 1971, bls. 46-47.

fyrir margra hluta sakir – en hæpið er, að dómurinn yfir henni, sem og málsmeðferðin öll, hafi samræmst þágildandi landslögum.^[4]

Verður nú snúið nánar að Jóni Magnússyni en þó fyrst birt þau ákvæði *Stóradóms*, sem hér skipta einkum máli.

2. Úr Stóradómi

Hinn svonefndi *Stóridómur*, sem vofði yfir breyskum Íslendingum um alda skeið, hafði að geyma allitarleg ákvæði um refsingar fyrir *frændsemis- og sífjaspell, bórdóm og frillulífi*. Um er að ræða samþykkt Alþingis – í reynd „löggjafardóm“, sem ætlað var að hafa sama gildi og sett lög – frá 30. júní 1564, er konungur staðfesti síðan 13. apríl 1665.^[5] Brotalýsingin byggir á dönskum rétti og fornum kirkjulögum, en hinar hörðu veraldlegu refsingar, *sektir* og þó einkum *búðlát* og *líflát*, eiga sér „veraldlegan“ uppruna. Þau ákvæði dómsins, sem hér skipta einkum máli um hórdóm og frillulífi –frændsemis- og sífjaspellsbrotum sleppt hér – hljóða svo (stafsetning færð að mestu í nútímahorf):

„Þær persónur sem löglega eru eigingiftar og kunna í einföldum hórdómi brotleg að verða, gjaldi kóngi .vj. merkur í fyrsta sinn hvort um sig. En ef giftur maður tekur gifta konu eða gift kona gíftan mann sekist hvort um sig .xij. mörkum. En hvort þeirra, sem eigi hafa fé til að gjalda að næstum fardögum, fái .ij. vandar högg fyrri hverja mörk ógoldna, nema sá vilji meiri miskunn á gjöra sem konungs vald hefir í hendi. Ef þau fallst í annað sinn í sama misferli sín á milli eður við aðra, annað hvort einfalt eður tvöfalt, svari slíkum fésektum halfu auknum hvort um sig og missi húðina. En hvort [þeirra] sem eigi hefur fé til missi húðina og hafi að auki aðra líkamlega refsing sem .xij. menn dæma. En ef annaðhvort þessara manna

4 Sbr. dauðadóminn yfir Þórdísi í Alþingisbókum Íslands fyrir árið 1618, IV. bindi, Reykjavík 1920-1924, bls. 286-293. Sjá nánar umfjöllun í þessum ritgerðum: *Einar Arnórsson*, „Sífjaspjallamál Tómasar Böðvarssonar og Þórdísar Halldórsdóttur – Brot úr réttarsögu 17. aldar“, *Saga* 1949-1953, bls. 261-288, og *Sigurður Ólason*, „Dómsmorð á Öxarárþingi – Mál Þórdísar Halldórsdóttur“ í riti hans *Yfir alda haf – Greinar um söguleg og þjóðleg fræði*, Reykjavík 1964, bls. 57-75.

5 Stóridómur er birtur í heild sinni í Íslensku fornbréfasafni (Diplomatarium Islandicum), XIV. bindi, bls. 271-276.

[svo] kunna brotleg með sama hætti í þriðja sinn að verða, hvort heldur í einföldum eður tvöföldum hórdómi, og sannprófast með opinberum verkum eður löglegum skilríkum vitnum eða þeirra sjálfra viljanlegri og lostugri óneyddri meðkenning og viðgöngu, þá skulu karlmenn missa sitt höfuð en konurnar drekkjast eftir kónglig maiestetz recessis hljóðan, utan sjálfur kóngur vilji meiri miskunn á gjöra.[6] En allt góðs og eignir hins sakaða falli til löglegra erfingja fyrir sakir fátæktar landsins. – Þeir menn, sem geta barn í frillulífi, gjaldi .xiii. alnir hvort um sig [svo] a fyrstu barneign, en .vj. ára á annari barneign. Að þriðju barneign .xij. ára hvort um sig. Að fjórðu barneign .iii. merkur hvort um sig og fari af fjórðungnum. Kunni þau í fimmta sinn brotleg að verða sín í milli að fimmta barni missi húðina eða eigist. Skal presturinn tilskyldur upp á síns embættis vegna og svo sýslumaðurinn upp á síns valds vegna slíka menn harðlega á að minna að þau af láti þvilikum óheyrilegum lifnaði og lifi með engu móti í slíkum opinberum hneykslunum. Þeir menn, sem liggja í opinberum frillulifnaði og ekki vilja af láta eftir síns sóknarprests þrjár kristilegar áminningar þá séu þeir sekir á hverju ári slíkri sekt, sem fyrr segir, við hvert barn. Vilji hún eður hann á fimmta ári eigi af láta, þá missi húðina og séu þrisvar áminntir áður af prestinum á hverju ári eftir því sem ordinantian ávísar.“

3. Brösóttur ævivegur Jóns Magnússonar^[7]

Hér skal í örstuttu máli gefið yfirlit um æviferil Jóns Magnússonar fram til þess að hann varð að þola dauðadóm fyrir hórdómsbrot framið í þriðja sinn:

Jón var fæddur á Kvennabrekku í Dölum 1662, þar sem faðir hans, Magnús Jónsson, var sóknarprestur, en um fæðingardaginn er ekki vitað.

6 Leturbreyting mín, PS.

7 Á prenti og í aðgengilegum handritum má víða finna greinargerðir um æviatriði Jóns Magnússonar, að vísu misjafnlega ýtarlegar. Auk kafla um Jón í Íslenskum æviskrám og í Sýslumannaæfum skal hér sérstaklega bent á allýtarlega samantekt um þetta efni eftir *Jón Axel Harðarson* í inngangi hans að fræðiriti Jóns, „Grammatica Islandica“, sem Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan gáfu út í Reykjavík 1997. Þar er einnig vísað til margra heimilda, meðal annars ýmissa handrita, svo sem eftir *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Í hinni miklu handritasýrpu eftir *Hannes Þorsteinsson*, sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni undir heitinu „Ævir lærðra manna“, er kafli um Jón Magnússon, en þó er þar fremur um safn eins konar minnisgreina að ræða en heildstæða umfjöllun (eins og á við um flest annað í því gagnmerka ritsafni).

Albróðir Jóns var sá kunningi virðingarmaður Árne Magnússon, prófessor í Kaupmannahöfn og handritasafnari. Reyndist Árni bróður sínum oft afar vel þegar vandamál komu upp í lífi Jóns. Móðir Jóns hét Guðrún Ketilsdóttir, prestsdóttir frá Hvammi í Hvammssveit.

Átján ára að aldri, 1680, var Jón tekinn í Skálholtsskóla og var þar að minnsta kosti um tveggja vetra skeið. Þá varð hann sekur um frillulífisbrot og hlaut ákúru fyrir, eins og lög og efni stóðu til, en hélt þó áfram námi um sinn, að því er talið er. Góðan vitnisburð hlaut hann frá Skálholtsbiskupi, Þórði Þorlákssyni, árið 1683. Uppreist æru eftir þetta brot öðlaðist hann 1687 og stóð það þá ekki lengur í vegi fyrir því að hann fengi prestsembætti. Honum var veitt Hjarðarholt í Dölum 1688, þó ekki við fögnuð sumra sóknarbarnanna í byrjun, þannig að vígslu hlaut hann fyrst árið eftir, 1689.

En prestur var talsvert upp á kvenhöndina – eins og reyndar mátti segja um suma embættisbræður hans, fyrr og síðar – og fóru svo leikar að hann missti prestakallið 1698 vegna hórdómsbrots (í fyrsta sinn). Hefur það vitaskuld verið áfall fyrir hann en þó ekki verra en svo, að 1699 varð hann sýslumaður í Strandasýslu, en reyndar með aðsetri í Búðardal í Dalasýslu.

Síðar varð hann sýslumaður Dalamanna um skeið og umboðsmaður svokallaðra Skógarstrandarjarða.

En það átti ekki af Jóni Magnússyni að ganga, því að nú varð hann sekur um hórdómsbrot í annað sinn, 1708, en því gat fylgt alvarleg hegning lögum samkvæmt, bæði sekt og húðlát, auk embættismissis, sem blasti við. Konungur sýndi honum þó, 1710, vægð að því leyti (væntanlega fyrir tilstilli Árna bróður hans, sem hafði áhrif á æðstu stöðum í Kaupmannahöfn) að húðlátsrefsingin var gefin eftir, en sýslumannsembættið missti hann auk þess sem honum var gert að víkja úr Skálholtsbiskupsdæmi, sem hann og gerði.

Jón var kvæntur stóráttadri og vel efnaðri konu, *Kristínu Jónsdóttur* frá Víðidalstungu, systur *Páls lögmanns Víðalín*. Fóru þau hjónin nú í fyrstu að Víðidalstungu til lögmannsins og voru þar um sinn, en Jón, sem var afar vel að sér í mörgum lærdómsgreinum, eins og síðar segir frá (sjá mannlýsinguna,

sem birt verður hér á eftir) annaðist þá kennslu þar á lögmannssetrinu í nokkurn tíma.

Á árunum 1711-1717 bjuggu þau hjónin að Ásgeirsá í Víðidal í Húnaþingi (næsta bæ við Víðidalstungu) og fékkst Jón þá við kennslustörf.

Enn naut Jón Magnússon nokkurrar velvildar tiltekinna háembættismanna – þótt ekki væri einhugur um verðleika hans á æðri stöðum – því að 1717 fékk hann Reynistaðarklaustur sem konunglegur klausturhaldari og umboðsmaður hinna miklu eigna, sem klaustrið átti frá fornu fari. Fluttust þau hjón þá til Reynistaðar en voru þar stutt því að ári síðar, 1718, varð Jón að gefa frá sér klausturhaldaraembættið því að hann gat ekki (eða öllu heldur vildi ekki) setja veð fyrir klausturtollinum, sem hann átti að ábyrgjast, enda þótt vissulega bæri honum skylda til þess að því er helst verður séð.

Eftir því sem best er vitað fluttu þau hjónin, Jón og Kristín, þá þegar á jörðina *Sólheima* í Sæmunarhlíð (góðbýli í grennd við Reynistað) og bjuggu þar í allmörg ár. Efnahagur þeirra mun þá hafa verið allgóður þótt Jón væri embættislaus, en í raun réttir átti Kristín mest af eignum bús þeirra.

Gæfan fylgdi þó aldrei Jóni lengi í senn. Árið 1730 varð hann sekur um hórdómsbrot framið í þriðja sinn, sem við lá dauðarefsing lögum samkvæmt, sjá síðar. Hinn 27. ágúst 1730 fæddi ung kona, *Oddný Ólafsdóttir*, á Kjartansstöðum á Langholti (eigi fjarri Sólheimum) tvíbura, er hún kenndi Jóni og sem hann viðurkenndi greiðlega, sjá nánar síðar, þegar fjallað verður um líflátsdóminn yfir honum af þessum sökum, sem að vísu kom aldrei til fullnustu. Ekki er vitað um, hvað varð af þessum óvelkomnu börnum í ölduróti lífsins.

4. Mannlýsing

Til er lýsing á Jóni Magnússyni eftir *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, sem var aðstoðarmaður Árna Magnússonar handritasafnara, bróður Jóns. Jón Magnússon heimsótti reyndar aldrei bróður sinn á Hafnarslóð en talsverð kynni hafði Jón Ólafsson þó haft af nafna sínum Magnússyni, þegar þegar hinn síðarnefndi bjó í Húnaþingi og fékkst þar við kennslustörf, að nokkru

leyti í skjóli Páls Vídalíns lögmanns í Víðidalstungu, en Grunnvíkingurinn ólst þar upp með Páli, sem eins konar stjúpsonur hans.

Lýsingin er til í nokkrum afritum, meðal annars í handritinu ÍBR 45 4to. Þar segir (einungis birtur hluti lýsingarinnar, með nútíma stafsetningu):

„Jón Magnússon var hár maður og karlmannlegur, nokkuð móeygður og stórnefjaður, harðgeðja, kvenhollur, liðuglega hagamæltur, lét alltið vel yfir sér, hversu bágt sem hann átti; ei var hann allbúsæll; gekk við tvo stafi, því hann hafði fótbrotnað, lagamaður, þó hann leitaði sér stundum fordildar með að verja órétt mál. Hann hefir skrifað marga smá laga-discursa, svo sem ég á uppteiknað með sjálfs hans hendi í minni Historia Litteraria, útlagt eitt og annað, en sína Grammaticam Islandicam sendi hann mér til Kaupenhafn [...]. Antiquarius var hann og vel ættfróður [...]. Páll lögmaður sagði hann kynni og latínu manna best á Íslandi í þann tíma [...]; hann kunni og grísku og nokkuð í þýsku og svo dönsku sæmilega [...]. Hann kunni og að sníða klæði og sauma og gjöra uppdrætti til að sauma eftir og fann upp á einn nýjan vefnað, líka lagtækur á smíðar. Hann fór og með lækningar og hefur gert eina Medicinam practicam. Eina Arithmaticam hefir hann og gjört. Í einu orði: honum var margt til lista lagt og réttkallaður fjöllistamaður eður fjölmenntaður (polymathes) og var satt að kveðið það er ég heyrða bróður hans Assessor Árna um hann segja: „annað er gæfa, en annað gjörfugleiki“ eður „sitt er hvert, gæfa eður gjörfugleiki“.

5. Fræðistörf Jóns Magnússonar

Eins og vænta mátti um jafn vel menntaðan og fróðan mann og Jón Magnússon, söguhetju okkar, fékkst hann allnokkuð við ritstörf, meðal annars um íslenska málfræði, íslenska lögfræði, ættfræði og lækningar. Eftir hann liggur efnismikið rit um málfræði á latínu, „Grammatica Islandica“, sem er talið hafa umtasvert fræðilegt gildi. Hefur það nýlega verið gefið út í íslenskri þýðingu: „Grammatica Islandica – Íslensk málfræði“ með inngangi, þýðingu og athugasemdum eftir *Jón Axel Harðarson* (Reykjavík 1997), útg. af Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfunni. Flest önnur rit Jóns liggja óútgefin í handritasöfnum eins og til dæmis eftirtaldar lagaritgerðir hans, sem sumar bera vott um góð fræðitök höfundarins. Hin helstu rit hans um þau efni eru þessi:

Í handritinu *AM 223 4to*:

- Um erfingja, þremming eður nánari.
- Discursus um 25., 26. og 27. capitula Mannhelgis.
- Discursus um jörðu að fyrirjöra fyrir níðingsverk.
- Um að fyrirjöra fé og óðs manns bætur.
- Lítill discursus um þingtíma til héraðssókna.
- Lítill discursus um þingtíma um langaföstutíma.

Í handritinu *AM 224 a 4to*:

- Um arfatökur.
- Um heimiliskviðarvitni.
- Um héraðssóknir.
- Um stefnur heima til lögmans.
- Lítið ágríp um laganna reformation á Íslandi.
- Um óðalsrétt á Íslandi.
- Nokkrar beþenkingar um nýjungar (rectius gravamina) í réttargangi nú á Íslandi, sem menn hafa tekið fyrir sig við það nýja Norskulaga formalitet, en þó flest fyrir utan það.

Þess má geta, að Árni Magnússon leitaði oft til Jóns bróður síns með beiðnir um margvíslegar fræðilegar upplýsingar um íslensk málefni, er hann vanhagaði um. Virðist Jón hafa leitast við að svara þess háttar kvabbi vel og samviskusamlega, eftir því sem honum var unnt. Sem dæmi þar að lútandi má nefna, að Árni vann að riti um klaustrasögu Íslands og bað þá bróður sinn um að spyrjast fyrir hjá staðkunnugum mönnum um Hraunþúfuklaustur í Vesturdal. Jón bjó þá á Sólheimum í Sæmundarhlíð eins og fyrr greinir og gat átt greiðan aðgang að ýmsum mönnum (einkum Skagfirðingum), sem vel þekktu til. Brást Jón vel við þessu, sbr. upplýsingar, er koma fram í bréfi hans til Árna 13. október 1729, sem reyndar varða fleiri staði í Vesturdal en Hraunþúfuklaustur.^[8]

8 Sjá nánar Sigurjón Páll Ísaksson, Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur, *Skagfirðingabók* 15, 1986, bls. 32 og áfr.

6. Líflátsdómur í máli Jóns Magnússonar

Eins og fyrr segir féll Jón Magnússon í þriðja hórdómsbrot sitt, sem varð öllum augljóst er stúlka ein, sem bjó í námunda við hann, eignaðist tvíbura í ágústmánuði 1730 eins og fyrr var frá greint. Varð fátt um varnir af hans hálfu og valdi hann þann kost að gangast greiðlega við börnunum – og þar með hórdómsbrotnu. Við þriðja hórdómsbroti lá *daudarefsing* nema konungur vildi veita hinum dæmda lífgjöf. Þetta siðferðisbrot Jóns fékk venjulega meðferð, lögum samkvæmt. Ekki leið langur tími frá því að tvíburarnir fæddust og hann hafði meðgengið brot sitt, þar til að dómur var upp kveðinn – dauðadómur, sem skotið var til konungsnáðar.

Dómurinn er færður samviskusamlega, orð fyrir orð, inn í „Þingbók Jens sýslumanns Spendrup í Hegranessýslu á árunum 1724-1735“, sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni Íslands. Þingbókin, með dóminum innfærðum á sínum stað eftir rétttri tímaröð, er nú finnanleg á Netinu undir auðkenningunni *gardavefur.skjalasafn.is*.

Dómurinn var upp kveðinn 22. september 1730 á þingstaðnum að *Seylu á Langholti*, en heimilisfólk á Sólheimum í Sæmundarhlíð (þar á meðal Jón Magnússon) átti þingsókn þangað. Er þess fyrst getið í dóminum, að „sýslumaðurinn yfir [...] Hegranessýslu seignor Jens Madsson Spendrup“ hafi kvatt til átta nafngreinda meðdómsmenn „að dæma um það vandasama málefni, er hér á fyrir réttinn að koma nú í dag“. Síðan segir, að komið hafi fyrir réttinn séra Grímólfur Illugason, sóknarprestur á Glaumbæ á Langholti. Hann hafði áður gefið sýslumanni til vitundar, að á Kjartansstöðum í Glaumbæjar kirkjusókn hafi „kvenpersóna að nafni Oddný Ólafsdóttir fætt til þessarar veraldar 2 börn þann næstliðna 22. dag augusti mánaðar, að hverjum hún lýsir Jón Magnússon, heimilismann á Sólheimum í Sæmundarhlíð, sem sannan föður vera, sem hún holdleg móðir. Strax eftir þessa angefningu til sýslumannsins gjörði hann Jóni Magnússyni boð, hvort hann meðkenndi sig í þessari Oddnýjar Ólafsdóttur barnsfaðernis lýsingu upp á hann [og sem]

Jón Magnússon þá strax skriflega meðgengst. Jón Magnússon hefir nú fyrir réttinum játað sig að vera hér kominn sem lögstefndur til andsvara um þetta fyrrgreint barneignarbrot“.

Þessu næst var upp lesin fyrir réttinum skrifleg meðkenning Jóns Magnússonar til sýslumannsins, þar sem segir:

„Oddný Ólafsdóttir hefur mig útlagt föður þeirra barna, sem hún í heiminn fæddi þann næst afliðna 27. augusti, og [...] meðgeng [ég] mig sekan í því barneignar broti í mínu egtastandi [...]. Hefi ég mitt líf forbrotið til kóns náðar eftir Kóngl. Majest. lögmáli á Íslandi [eftir] Stóradóms hljóðan og lofa ég undirskrifaður óneyddur og sjálfráður fullkomlega so sem lögdæmdur að líða og útstanda allt það, sem áður nefnt lögmál mér þar úti á hendur segir, án allrar óhlýðni.“

Síðan kemur dómsniðurstaðan:

„Jón Magnússon, sem bæði munnlega og skriflega hér fyrir réttinum fríviljugur og óneyddur hefur meðkennt sig föður vera að þeim tveimur börnum, sem Oddný Ólafsdóttir í heiminn fæddi næstliðinn 27. dag augusti mánaðar, og það sama barneignarbrot er hans þriðja hórdómsbrot, því hefur hann eftir Kóngl. Majestetets allranáðugasta confirmeraða lögmáli fyrir Ísland inngefnu, kallað Stóridómur, forbrotið sitt höfðuð, en sem það tiltekur að þetta skuli vera undir kónsins náð þá skal [dómurinn] allra undirdanigst hans Kóngl. Majestet refererast og á meðan verður engin execution upp á hans líf. En svo lengi sem Kóngl. Majestetets náðuga svar verður í landið [ókomið] skal hann vera arreste undirgefinn í sýslumannsins húsi upp á hans eigin kostnað, svo framarlega sem það bevisast kann að hann nokkra fjármuni eigi skuldlaust. Oddný Ólafsdóttir, sem er ógift barnsmóðir Jóns Magnússonar skal betala sex merkur, sem gjörir 8ta ríxdali specie, og það fyrir næstkomandi sumardaginn fyrsta fyrir hennar fyrsta uppáfallið hórdómsbrot og að þeim [greiddum] er hún fríkennd [...]“.

7. Náðunarbeiðni og lífgjafarúrskurður

Fljótlega að dómi gengnum sendi „dauðamaðurinn“ Jón Magnússon (sem sitt „höfuð forbrotið hafði“ eins og segir í dóminum) konungi bréf með

beiðni um lífgjöf. Er bréfið, sem dagsett er 26. september 1730, varðveitt í Þjóðskjalasafni undir númerinu *A 68 II, 27*, sem og svarbréf konungs, dags. 30. mars 1731, þar sem lífgjöfin var veitt.

Um náðun frá dauðadómi gat enginn verið öruggur fyrirfram, síður en svo. Þá átti hinn dæmdi maður einfaldlega líf sitt undir hinum einvalda konungi í höfuðstað ríkisins, Kaupmannahöfn. Og ekki sakaði þá að eiga sér velviljaða og áhrifamikla vini í háum stöðum í námunda við konunginn og sem væru líklegir til að ná eyrum hans með bón um mildandi niðurstöðu. Árni Magnússon, bróðir Jóns, sem vissulega var áhrifamaður í Höfn og hafði hjálpað bróður sínum í fyrri dómsmálaþrengingum hans vegna hórdómsbrota (sjá 3. kafla hér að framan) var nýlega látinn þegar „tvíburamálið“ kom upp, þannig að ekki varð lengur til hans leitað, en *Jón Ólafsson Grunnvíkingur* skýrir frá því í riti sínu „Um þá lærðu Vídalína“, sem birt er er með Vísnaiveri Páls lögmanns Vídalíns í útgáfu Jóns Þorkellssonar (Kaupmannahöfn 1897), að enda þótt Árna nýti ekki lengur beinlínis við, þegar hér var komið sögu, hafi góðir vinir hins látna, áhrifamiklir háskólamenn, beitt sér fyrir náðun Jóns frá lífláti – og haft þar árangur sem erfði. Jón, sem mann best hefur þekkt til, segir: „Þeir konferenzráð Bartholin og justizráð Gram útveguðu honum lífgjöfina hjá konungi Christiano sexto, og naut hann mest bróður síns assessors Árna“.

8. Biðtími eftir ákvörðun konungs – Elliár og andlát Jóns Magnússonar

Eftir að dómur var genginn upphófst nú biðtími eftir ákvörðun konungs um það, hvort Jón skyldi lífi halda þótt dæmdur væri til dauða. Hefur sú bið vitaskuld verið hinum dæmda manni þungbær og mettuð óvissu enda þótt hann hafi vafalaust gert sér vonir um lífgjöf. Heilsu hans var nú farið að hraka verulega. Þessa biðmánuði hefur hann væntanlega verið á Reynistað, í eins konar varðhaldi í skjóli síns gamla vinar, Jens sýslumanns Spendrup,

eins og kveðið var á í dóminum. Á þessum tíma hefur hann ritað lýsingu á sjálfum sér og sínu heilsufarsásigkomulagi, sem vægast sagt var bágborið. Má vera að hann hafi ritað þetta sér til hugarhægðar í einsemd sinni og veiklun. Er skýrsla þessi, í eiginhandarriti, varðveitt í *JS 401 4to*. Þar segir hann m.a.:^{9]}

„Svo er fyrir mér ástatt nú: Ég er nærri sjötugur að aldri. Hægri fóturinn er svo krepptur í mjaðmarliðnum, að ég hef meir en kvartils háan tréstól neðan undir fætinum til að ganga á, þó kann ég ekkert að ganga án þess ég hafi tvo stafi, sinn í hvorri hendi, og verð ég allan líkamans þungann á þá að leggja þegar ég geng, og það hálfboginn, og orðinn svo burðalaus, að ég varla lofta líkamanum, og ekki ef hann væri þungt klæddur. Og á þessu ári hef ég verið frammar venju óhraustur, og það fer svo daglega í vöxt, að ég finn stóran mun á, og vaxi það svo smám saman þá sýnist mér ekki naturale, að ég muni heilt ár hér til lífa. Þó er ég enn á fótum hvern dag. Riðið get ég fáar bæjarleiðir í einu, ef mér er hjálpað á bak, en sjálfur kemst ég það ekki, þó er ég þá ærið hrörlegur eftir. Ég hef nú og fengið inappetentiam ciborum^{10]}, og kunna því líka að valda sumpart óskemmtunar þankar, sem kannski öðru hvoru aðkomi þó stundum verði fráhrundið. Þó ég nefndi óskemmtunar þanka þá eru þeir ekki svo, að þeir burttaki neitt sans eða christilega samvisku. Lof sé guði, þar sem ég sit kyrr við borð get ég skrifað og það smálegt gjört, sem ég þarf ekki að standa við.“

Eins og fyrr segir var Jón Magnússon, söguhetja okkar, náðaður á lífinu með konungsúrskurði þar að lútandi 1731, en efri árin urðu honum hins vegar örðug á marga lund. Heilsufar hans var bágborið á þeim árum eins og áður var lýst en breytingar á einkalífi og heimilishögum urðu honum einnig erfiðar.

Kristín, kona Jóns, fékk lögskilnað frá honum 1732 og hafði þá bersýnilega fengið sig fullsadda á framhjálaupum maka síns. Hún hélt fyrir sig öllum eignum þeirra hjóna, þar á meðal jörðinni Sólheimum í Sæmundarhlíð, en eignirnar, sem voru allmiklar, hafði hún á sínum tíma fært í bú þeirra. Varð nú Jón að víkja af heimili þeirra og mun hann þá hafa verið blásnaður.

9 Hér fylgt uppskrift í áðurnefndum inngangi að ritinu *Grammatica Islandica* eftir Jón Axel Harðarson. Stafsetning er hér færð sem næst nútímahorfi.

10 Hér mun vera átt við lysterleysi.

Þess var áður getið, að honum hafði mörgum árum fyrr, það er 1710, verið gert að víkja úr Skálholtsbiskupsdæmi í kjölfar hrösunar, en 1732 var honum nú með konungsbréfi leyft að dvelja þar á ný. Eru til heimildir fyrir því, að fram á síðsumar 1733 hafi hann dvalist á Reynistað hjá sínum gamla góðvini Jens sýslumanni Spendrup. Þar á eftir dvaldi hann á ýmsum stöðum næstu misserin, fyrst í Bólstaðarhlíð hjá Árna Þorsteinssyni um vetrartíma en síðan á Þingeyrum hjá Jóhanni Gottrup um allnokkurt skeið. Að síðustu lá leið hans vestur á land, nánar til tekið til séra Snorra sonar hans, er prestur var á Helgafelli. Þar andaðist hann, 75 ára að aldri, hinn 7. desember 1738 – vafalaust saddur lífdaga. Lauk þar óvenjulegum og átakamiklum æviferli.

9. Lokaorð

Hér hefur verið gefið nokkurt yfirlit um æviskeið og hrasanir hins fjölmenntaða lærdómsmanns Jóns Magnússonar, sem gegndi um dagana ýmsum virðulegum embættum (prestsembætti, sýslumannsembætti og stöðu konunglegs klausturhaldara auk kennslustarfa) en missti þau öll vegna breyskleika síns í kvennamálum eða vegna stífra skapsmuna. Lá við sjálf, að hann myndi auk þess missa lífið sjálf í kjölfar þriðja hórdómsbrots síns eins og fyrr var rætt.

Má væntanlega með sannni segja, að fáir embættismenn hér á landi hafi átt sér öllu „skrautlegri“ og óvenjulegri feril en Jón. Hann var svo sannarlega „barn síns tíma“ og varð að gjalda þess, en brot hans myndu ýmist vera talin léttvæg eða með öllu refsilaus nú á tímum. Svo mikið er víst, að hann mátti, að réttum landslögum þess tíma, þola mikla niðurlægingu hvað eftir annað og ýmsa aðra erfiðleika, sem hafa gert honum lífið leitt auk heilsuleysis, er líða tók á ævina – en ekki verður þó séð að hann hafi verið dæmdur að ósekju miðað við aldarandann. Hann bar sannarlega sjálfur ábyrgð á hegðun sinni, og vissi vel hvað við lá. Jafnvel dauðadómurinn gat ekki verið honum framandi, því að líflátsdómar voru algengir á hans dögum.

Á Alþingisstaðnum á Þingvöllum, sem hann heimsótti ár hvert í nafni embættis síns, hefur hann þurft að vera vitni að aftökum dæmdra manna þar. Sem sýslumaður hefur hann einnig þurft að kveða upp þunga dóma – og að minnsta kosti í einu máli þurft (þá sem ungur embættismaður), að mæla fyrir um líflátshegningu sakamanns (þjófs) með dómi 29. maí 1700, en lögþingsdómur staðfesti síðan þann dóm sýslumanns ári seinna og var maðurinn hálshöggvinn á Þingvöllum 14. júlí 1701.^[11] Þurfti hann nú á efri árum sjálfur að þola sambærilegan dóm yfir sér, þótt konungur hlífði honum með lífgjöf. Með vissum hætti var hann ógæfumaður þótt um hæfileika hans getu til ýmissa góðra verka verði ekki efast.

Ljóst má vera, að í hremmingum sínum naut Jón með vissum hætti stöðu sinnar og ætternis, meðal annars skyldleikans við Árna Magnússon í Kaupmannahöfn, þótt fall hans væri að vísu mikið. Að dauðadómi gengnum voru það góðvinir Árna á Hafnarlóð, sem töluðu máli Jóns við konung og komu mildun til leiðar, þegar Árni bróðir Jóns var fallinn frá og gat því ekki lengur gætt hagsmuna bróður síns.

Það getur vakið undarlega tilfinningu hjá þeim, er gefur sér, nú um stundir, tíma til að setjast niður á Þjóðskjalasafni og fletta þar þeim gulnuðu skjölum, er tengjast dóminum yfir Jóni Magnússyni upp kveðnum á Seyluþingi haustið 1730, að fara höndum um sjálfan dauðadóminn yfir þessum hrösunargjarna manni, sem varðveittur er þar í frumriti, snyrtilega færður inn í þingbókina. Það má einnig virðast eins konar glettni orlaganna, að það skyldi koma í hlut Jens Spendrups, sýslumanns á Reynistað, sem var mikill og tryggur vinur Jóns, að þurfa að kveða upp dauðadóm yfir honum og hýsa hann síðan um sinn sem varðhaldsfanga á heimili sínu, sýslumannssetrinu. Það hafa þeir hvorugur getað séð fyrir á betri dögum, þegar til vináttu þeirra var stofnað.

11 Sjá Alþingisbækur Íslands IX, Reykjavík 1957-1964, bls.169-170.

Kirkjugrið

Hugleiðingar um friðhelgi og ríkisvald

1. Almennt

Fleirtöluorðið „grið“ er gamalgróið í máli okkar og kemur víða fyrir í fornu ritmáli þjóðarinnar. Með því er meðal annars átt við *frið*, *miskunn*, *blífð*. Má til sanns vegar færa, að nú á dögum sé ekki síður þörf fyrir þá þætti í mannlegum samskiptum heldur en var fyrir á tíð, þótt Íslendingar búi að vísu ekki við vargöld eða vígöld í bókstaflegri merkingu. Í orðinu „grið“ felst mikil og margræð merking, jákvæð og sterk í senn.

Vel má leiða hugann að því, hvort það megi ekki teljast til lífsgæða, beinlínis mannréttinda, að eiga sér *griðland* – friðað umhverfi – í hörðum heimi, þar sem árásar- eða áreitnisöfl nái ekki til manns. Oft stöndum við berskjölduð frammi fyrir ýmsu því, sem við teljum vera okkur andstætt og ógnandi og getum ef til vill ekki vænst neinnar samúðar eða hjálpar frá öðrum.

Auðvitað verður hver og einn að horfast í augu við afleiðingar eigin gerða og standa reikningsskap fyrir þær. Þar er ekki alltaf beitt vægð eða mildi, meðal annars þegar stjórnvöld eiga í hlut. Engu að síður getur sú hugsun verið áleitin, að gott væri að eiga sér skjól, sem veitti frið og grið – að minnsta kosti tímundið – gagnvart hörkunnni, án tillits til þess hvers eðlis hún er. Oft verður þó einungis um hugarsýn að ræða, fjarlægt óskaland án festu í raunheimi, draumur um skjól fyrir hreggviðrum lífsins.



Kirkjugrið rofin með vopnavaldi

Griðlönd – friðlýst svæði – eru víða til í veröldinni eins og kunnugt er, til dæmis friðlönd viltra dýra, þar sem ekki má granda þeim, en einnig tiltekin aðseturssvæði manna, þá gjarna frumbyggja í löndum, sem að mestu eru setin hvítum mönnum (svo sem friðlönd indíána í Norður-Ameríku og sambærileg svæði, sem ætluð eru frumbyggjum Ástralíu á þeirra heimaslóðum). Þar er ætlast til að það fólk, er verndar nýtur, geti ráðið sínum „innri“ málum án íhlutunar „hvítungjanna“. Þau griðasvæði, sem mestrar athygli njóta nú um stundir, ef miða má við almennar fréttir af heimsmálum, eru þau hæli, sem *sendiráð* ýmissa þjóða veita sumum þeim, sem eftir leita og ídulega eru á flótta undan armi laganna í öðru ríki eða ríkjum. Sendiráðsgrið af því tagi verðskulda vissulega nánari umfjöllun en hún verður þó að bíða að sinni.

Ein tegund griða felst í *kirkjugriðum* svonefndum – nánar til tekið griðum, er trúarlegar stofnanir svo sem kristnar kirkjur og kirkjudeildir víða um heim en einnig ýmsar aðrar veita og eru enn í dag raunhæfur kostur ýmsum þeim, sem eftir leita, þótt þau varði ekki beinlínis við líf manna eins og var fyrr á öldum.

Nýlegur atburður hér á landi leiðir huga okkar að þessu málefni með óvæntum hætti og þá alveg sérstaklega að kirkjugriðum, sem fáir núlifandi menn hafa hugleitt eða jafnvel vissu um þar til atburðirnir vöktu athygli á þeim. Þar urðu aðgerðir þjóðkirkjunnar með sínum hætti – að vísu aðeins *táknrænum* – til þess að leitast var við að „blása lífi“ í forna hefð, sem fallin var í gleysku að því er heita mátti, og almenningur um leið vakinn til meðvitundar um mögulegar þarfir manna nú á dögum um frið og grið.



Hælisleitendur færðir úr Laugarneskirkju með lögregluvaldi

2. Atburðirnir í Laugarneskirkju

Aðfaranótt 28. júní 2016 urðu þau tíðindi, að lögregla sótti tvo unga hælisleitendur frá Írak, sem leitað höfðu skjóls í Laugarneskirkju í Reykjavík, inn í guðshúsið, þar sem hópur sóknarbarna þeirrar kirkju og nokkrir aðrir, stóðu eins konar vörð um þá. Höfðu forsvarsmenn kirkjunnar áður opinberað, að mennirnir yrðu í kirkjunni þessa nótt, í skjóli safnaðarins, og nytu þeir kirkjugriða. Lá þá fyrir, að mennirnir myndu ekki fá hæli hér á landi heldur yrðu þeir sendir úr landi til Noregs, en eftir það var vel hugsanlegt að

Þeir yrðu sendir þaðan til síns heimalands, Íraks. Lögreglumenn fóru inn í kirkjuna, handtók mennina upp við altari kirkjunnar og færðu þá á brott. Var það gert að óvilja kirkjugesta, sem flykktu sér umhverfis hælisleitendurna en engin átök urðu við lögreglumennina, sem fóru að sínum fyrirmælum.

Í forsvari fyrir þessari „verndaraðgerð“ voru tveir prestar, annars vegar sóknarprestur í umræddri kirkjusókn og hins vegar prestur innflytjenda, en biskup Íslands studdi einnig þá fyrirætlan að látið yrði reyna á *kirkjugrið*, það er hvort þau ættu sér enn einhverja rótfestu í nútímanum. Með öðrum orðum, hvort sú *menningarhelgi*, sem kynni enn að fylgja þess háttar griðum, væri nógu öflug til að veita mönnum skjól gegn laganna vörðum og brottvísun úr landi, enda þótt lagaákvæðum um þess háttar grið væri ekki lengur fyrir að fara.

3. Nánar um kirkjugrið

Á Vísindavefnum fjallar *Hjalte Hugason* guðfræðiprófessor um kirkjugrið og veltir þá upp þeirri spurningu, hvort þau hafi hugsanlega eitthvert gildi á Íslandi nú á dögum. Hann segir meðal annars, réttilega:

„Á miðöldum var miðstjórnarvald veikt í öllum ríkjum Evrópu, löggæslu var heldur ekki fyrir að fara og ekki var búið að framselja ríkisvaldinu einu umboð til að beita líkamlegu valdi eins og tíðkast í réttarríkjum nútímans. Menn urðu því að verja hendur sínar þætti þeim ástæða til og sækja rétt sinn með vopnavaldi ef því var að skipta. Miklu skipti að búa yfir traustu tengslaneti frænda og mága sem veitt gætu mönnum liðsinni þegar eigið vald og styrkur hrökk ekki til. [...] Hér á landi komu þessar aðstæður fram í því að engin trygging var fyrir að dómar næðu fram að ganga, þar ed þeir, er sök áttu á hendur öðrum, urðu sjálfir að annast fullnustu dómsins [...] Vegna þessa þurfti oft að beita vopnavaldi og afla sér liðstyrks höfðingja. Þá voru átök milli ætta og einstakra höfðingja (goða) tíðum hörð eins og best kemur fram á Sturlungaöld. Kirkjan leitaðist við að bregðast við þessum aðstæðum með svokölluðum *guðsfríði* (*pax Dei*), sem fólst í að ákveðnar persónur, tími og staðir voru lýstir friðhelgir. Guðsfríðurinn náði einkum til vígðra manna, kvenna og karla, það er nunna, munkar og klerka. Allt þetta fólk skyldi njóta friðhelgi. Á móti átti það að vera vopnlaust og sneiða hjá veraldlegum deilum [...] Þá náði guðsfríðurinn að einhverju leyti

til þeirra, sem ekki gátu varið sig sjálfir, varnarlausra kvenna, barna og óvopnfærra karla, en sérstakt niðingsverk þótti að beita slíkt fólk ofbeldi [...] Hvað rými varðar náði guðsfriðurinn til klaustra, kirkna og kirkjugarða [...] *Kirkjugrið* fólust í því að sá, sem sóttur var með vopnavaldi, mátti leita sér skjóls í kirkju eða kirkjugarði og naut friðhelgi meðan hann dvaldi þar.“

Lögbundnar reglur um kirkjufrið giltu forðum daga víðast um Vesturlönd, þar sem kirkjan átti mikil ítök eins og kunnugt er og bjó að nokkru leyti við eigin réttarreglur. Þá voru þessi ákvæði fullvirk og eftir þeim var að jafnaði farið þótt ýmis dæmi væru þess einnig, að kirkjugrið væru brotin á mönnum. Svo var einnig hér á landi. Mörg dæmi eru þess, að kirkjugrið væru ekki virt og menn, sem leitað höfðu skjóls í kirkjum, væru leiddir þaðan með valdi og síðan teknir af lífi. Um það má einkum finna margar og dapurlegar frásagnir í Sturlungu. Yngsta – og um leið eitt minnisstæðasta – dæmið um griðrof af þessu tagi er þó, þegar *Jón Arason* biskup var tekinn til fanga ásamt sonum sínum í kirkjunni á Sauðafelli í Dölum haustið 1550 en skömmu eftir það voru þeir feðgar svo teknir af lífi eins og kunnugt er.

Enda þótt lagareglur um kirkjufrið séu ekki lengur við lýði í rétti vestrænna þjóða lifir minningin um þau víða og stundum hefur verið og er enn látið reyna á þau – en þá að vísu ekki með vísun í lög heldur tiltekna *menningarhelgi*, sem sumir telja að ríki enn á þessu sviði, að vísu innan ákveðinna marka. Þannig er til dæmis vel þekkt, að á dögum nazismans í Evrópu leituðu ýmsir þeir, sem ofsóttir voru af hálfu stjórnvalda, griða innan múra kirkjulegra stofnana, einkum klaustra, og virtu yfirvöld stundum þau grið, sem kirkjan vildi veita að sínu leyti. Kunnugt er af fréttum frá grannþjóðum okkar á Norðurlöndum, að þar hafa kirkjur oft leitast við að veita mönnum skjól, tímabundið, einkum þó mönnum, sem átti að vísa úr landi en höfðu ef til vill ekki fengið réttláta meðferð hjá hlutaðeigandi yfirvöldum, að þeirra eigin dómi og kirkjunnar manna. Mun einkum hafa reynt á þetta í Noregi og vítað er, að hin veraldlegu yfirvöld þar í landi hafa iðulega virt griðin, að minnsta kosti í ákveðinn tíma. Lengst mun hælisleitandi hafa notið griða í Noregi um sjö ára skeið, meðan hann dvaldi þannig í skjóli kirkjunnar manna.

4. Skiptar skoðanir um atburðinn í kirkjunni – Góðverk eða lögleysa?

Þegar í stað, eftir atburðinn í Laugarneskirkju, birtust í fjölmiðlum skoðanir ýmissa mætra manna á því, sem þar hafði gerst, og sýndist sitt hverjum.

Kirkjunnar menn, starfandi prestar Þjóðkirkjunnar, voru sumir þeirrar skoðunar, að kirkjan hefði farið út fyrir sinn verkahring með atbeina sínum og jafnvel framið lögbrot með þeim hætti. Í þeim hópi var meðal annars *séra Geir Waage*, sóknarprestur í Reykholti, sem sakaði Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup Íslands, um aðild að lögbroti. Með því að hafa átt fund með samtökunum „No borders“, þar sem skipulagt hafi verið að láta reyna á kirkjugrið fyrir umrædda hælisleitendur, hafi biskupinn tekið þátt í að leggja á ráðin um að brjóta lög. Kirkjugrið séu ekki í lögum og fara verði eftir þeim lögum, sem gilda í landinu.^[1] *Séra Hjálmar Jónsson*, dómkirkjuprestur, sagði, að aðgerðin í Laugarneskirkju hafi verið vanhugsuð. Ámælisvert sé að nota kirkjuna í pólitískri aðgerð. „Vilji fólk breytingar á þeim [lögum] í einhverjum efnum þá hefur lýðræðið sína farvegi og opnu leiðir fyrir hvern sem er. En altari kirkjunnar á ekki að nota til þess. Það er misnotkun.“^[2]

Sumir aðrir þjóðkirkjuprestar, sem létu til sín heyra, voru á gagnstæðri skoðun, svo sem *séra Hildur Eir Bolladóttir*, sóknarprestur á Akureyri, sem taldi að kirkjan hafi með þessum gjörningi aðeins verið að hlýða köllun sinni og skyldu. „Ég er sannfærð um að kirkjan var ekki að fara í átök við lögregluna og var ekki að stilla henni upp við vegg. Það er smá fórnarlambshugsunarháttur hjá lögregluyfirvöldum að sjá það þannig.“ Þá var eftir henni haft, að aðgerðin hafi ekki miðað að því að styggja lögreglu eða setja hana í efiða stöðu. *Séra Þórir Stephensen*, fyrrverandi dómkirkjuprestur, var sömu skoðunar og segir m.a.: „Það fyrsta sem blasir við, þegar kirkjan andæfir yfirvöldum, er að hún er ekki ríkiskirkja. Hún hefur sinn grundvöll, hún hefur sinn boðskap og

1 Pressan á Netinu 8. júlí 2016.

2 Pressan á Netinu, sama stað.

ótvíræða köllun, sem hún þarf ekki að bera undir ríkisvaldið og gerir ekki eins og umræddir atburðir sýna. Hún hlýtur að standa með kærleikanum, fyrir lítilmagnann, reynandi að verja hans rétt.^[3]

Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari tjáði sig um málið og hafði meðal annars þetta að segja, kirkjugriðunum til hnjóðs:^[4]

„Í fyrsta lagi eru þetta launaðir starfsmenn ríkisins og þjóðkirkjan er ein af stofnunum samfélagsins og hefur ákveðið hlutverk. Við gerum þá kröfu til þeirra að þeir fylgi lögum, en síðan er Útlendingastofnun búin að taka ákvörðun, sem eru þar til bær yfirvöld, um að meðferð mála þessara manna eigi að fara fram í Noregi í samræmi við lög og reglur en þessir menn vilja ekki una [því]. Þeir eru hins vegar ólöglegir innflytjendur og réttlausir hér, en þá tekur þjóðkirkjan sig til og ætlar að veita kirkjugrið. [...] Það er ekki neitt til í lögum, sem heitir kirkjugrið, en þetta hafði kannski einhvern status á miðöldum þegar kirkjan hafði sitt eigið lagakerfi. Nú er talað um eins og þetta sé einhver hluti af starfsemi þjóðkirkjunnar að veita kirkjugrið, og ég spyr mig hvort það verði líka kirkjugrið fyrir afbrotamenn, sem vilja flýja lögregluna.“

Sumir kunnir þjóðkirkjumenn hótuðu því opinberlega að ganga úr henni. Þar á meðal var *Brynjar Níelsson* alþingismaður, sem gaf til kynna með skiljanlegum hætti að svo kynni að fara, að hann myndi, auk þess að ganga úr kirkjunni, beita sér fyrir aðskilnaði ríkis og þjóðkirkjunnar. Í sama streng tók *Vigdís Hauksdóttir* þáverandi alþingismaður.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður andmælti fyrirnefndri skoðun vararíkissaksóknara kröftuglega og taldi hana fráleita:

„Vararíkissaksóknari virðist leggja að jöfnu flóttamann, sem leitar griða og hjálpar í kirkju, og dæmdan afbrotamann. Hann virðist leggja þetta að jöfnu, hann samsamar afbrotamenn við flóttamenn. Flóttamenn, sem ekki hafa verið grunaðir um refsiverða háttsemi, hvað þá dæmdir. Það er eiginlega ótrúlegt að maður skuli búa í samfélagi þar sem einn af æðstu embættismönnum þjóðarinnar á sviði dómsmála hefur slíka skoðun og hikar ekki við að setja hana fram á opinberum vettvangi. Það er

3 Vísir á Netinu, 13. júlí 2016.

4 Vísir á Netinu, 5. júlí 2016.

stórhættulegt. Ég vona bara að yfirmaður hans, innanríkisráðherra, gefi út yfirlýsingu þar sem þetta er borið til baka, því að eins og er verður að líta á þetta sem skoðun ríkissaksóknaraembættisins. Það embætti ber ábyrgð á þessari umsögn vararíkissaksóknara.“

5. Forn lög og gamlar hefðir

a. Dönsk og norsk löggjöf

Í grannlöndum okkar voru kirkjugrið alkunn og lögfest fyrr á öldum. Í *enskeum* fornlögum eru þau til dæmis finnanleg í lögum frá fyrri hluta miðalda, sem að vísu voru afnumin á 17. öld. Má af því ráða, að fyrr á tíð hefur verið þörf fyrir þau og réttarreglur, sem þeim tengdust. Á síðari öldum voru lög af þessu tagi sums staðar enn í gildi. Í *dönskeum* og *norskeum* lögum frá síðari hluta miðalda voru meðal annars ákvæði af þessu tagi og ákvæði um kirkjugrið og skyld efni voru einnig tekin upp í dönsku lögbókina kunnu frá 1683 og þá norsku frá 1687.

Í *Dönsku lögum*, sjöttu bók, níunda kafla, segir:

„16. gr.: Hvo som i Kirken, paa Kirkegaard, paa Ting, eller nogen anden Stæds, som Dom og Ret settis, vager til verie, høder, eller truer nogen Mand med vred Hue, eller væbnet Haand, enddog hand ingen Skade gjør, bøde for hver Sinde hans Brøst saa findis trende cj Lod Sølv.

17. gr.: End hugger, eller stikker hand, saa det bløder, og saa at Saar vorder, da bøde hand for Saaret efter Loven og derforuden trende fyrreyve Lod Sølv.

18. gr.: End slaar hand Pust og Nævehug, Stavshug, eller i andre Maader, da bøde hand og derfor efter Loven og derforuden trende femten Lod Sølv for Kirkefred eller Tingfred.

21. gr.: Overfaldis Præst i Kirke eller paa Kirkegaard med Hug og Slag, naar hand sin Tieneste forretter, da er dermed Liv og Gods forbrut. Men overfaldis hand paa samme Stæder for, eller efter, Tienestens Forretning, da bødis dobbelt saa meget som ellers, og een ander Person var overfalden.

23. gr.: Kirkefred og Tingfred regnis fra mand drager fra sit Huus ret Vejen til Kirken eller Tinget, og siden fra Kirken eller Tinget ret Vejen hiem til sit Huus; Dog at mand ej tager af Vejen eller tager andre Ærinder for.“

Samhljóða ákvæði voru tekin upp í *Norsku lög* og með sömu kafla- og greinanúmerum.

Ákvæðin í Dönsku lögum höfðu í reynd orðið lítið gildi þegar komið var fram á síðari hluta 18. aldar en formlega voru þau ekki afnumin fyrr en með tilkomu nýrra danskra hegningarlaga árið 1866. Ákvæðin í Norsku lögum voru fallin úr gildi nokkru fyrr.

b. Forn, íslensk lög

Í *Grágásarlögum* eru að vísu ekki almenn ákvæði um *kirkjugrið*, í þeirri merkingu er síðar varð, en ekki er að efa, að almennur kirkjusíður hefur engu að síður viðurkennt *kirkjufrið*. Það sést best á ákvæði í 53. kafla Kristinna laga þáttar hinna fornu laga þar sem segir:^[5]

„Eigi skal maður bera vopn í kirkju, né í bænhús það er tíðir eru að veittar, og eigi skal setja vopn við kirkjuveggi. En þau eru vopn til þess talið, öx og sverð og spjót og sviður^[6] og bryntröll^[7]. Ef maður bregður af þessu máli, þá varðar fjörbaugsgarð.“

Um *kirkjufrið* (í merkingunni *kirkjugrið*) ræðir í *bréfi Eysteins erkibiskups* í Niðarósi frá 1176, en íslenska kirkjan heyrði undir það erkibiskupsdæmi. Sumt í bréfinu vísar reyndar fremur til norskra aðstæðna en íslenskra en bréfið hefur verið vel kunnugt hér, enda er það tekið upp í Íslensku fornbréfasafni.^[8] Þar segir meðal annars:

Þa skolo þeir þo þat vita med sonnu at hverr þeirra er misþyrmir kirkiv fride hefir fyrir giort hjalp sinne eilifri og sal sinne vit gud og er hann j sonnv banne fyrir gvds dome [...] En sa madr er brytur kirkiv frid so at

5 Grágás – Lagasafn íslenska þjóðveldisins, Rvík 1992, bls. 43.

6 *Sviða* mun eiga við spjót af tiltekinni gerð.

7 Með *bryntrölli* er átt við þungt vopn, sem ætlað var að vinna á brynjum.

8 Diplomatarium Islandicum I., bls. 230-233.

hann vinnur þeim manni mein er þangat flyr aa hald hennar eda dregur ur kirkiv til meins eda rænir þar vr hennar eigv eda annars þa skal fylgja þat til hefnda vit banninv at þa uij vetr medan hann er j skriptum þa kome hann hvorke j þa kirkiv ne öngva adra [...]

Í 6. kafla *Kristinréttar Árna biskups frá 1275* (það er í „Kristinrétti hinum nýja“, eins og hann var oft nefndur), sem lögleiddur var í Skálholtsstifti það ár en nokkru síðar í Hólabiskupsdæmi, er ýtarlegt ákvæði um kirkjugrið – eða „*um kirkna þyrmsl og kirkjugarða*“, eins og fyrirsögn kaflans er orðuð. Þar segir:^{9]}

„Eftir heilagra fedra setning og skipan guðs laga og manna skulum vér þyrma kirkjum og kirkjugörðum svá að hvað sem hverr hefir gört og flýr hann í kirkju eða kirkjugarð sér til hjálpar, þá skal hann friðheilagur vera fyrir hverjum manni meðan hann er þar, utan þá menn sem drepa menn til fjár sér eða í kirkju eða kirkjugarði drepa menn eða særa, því að í þeim hlut sem maður brýtur lögin þá er hann eigi verður þeirra að njóta. Nú að þessum fráteknum, þá skal prestur sá er að þeirri kirkju syngur hjálpa honum svá að hann deyi eigi af frosti, matleysi eða drykkleysi, ef honum geta eigi frændur eða vinir hólpíð. En hverr sem meinar presti eða öðrum þessar hjálpir að veita þeim sem í kirkju eða kirkjugarð flýr eða draga hann út úr kirkju eða kirkjugarði með valdi eða vælum^{10]} eða með einhverjum svikum, þá skulu slíku sakaðir vera sem þeir hafi drepið hann í kirkju og vera í banni þar til sem þeir verða leystir eftir byskups ráði. Skal byskup eða aðrir forstjórar heilagrar kirkju þiggja þeim sem til kirkju flýr lífs grið og lima, en annars kostar skulu þeir bæta fyrir afbrot sín eftir lögum sem misgerðu. Svá er skylt að veita allar þyrmslur óvígðum kirkjum sem þeim er vígðar eru, þar sem messur eru sungnar að ráði byskups þess sem þar átti vald yfir, því að eigi er það þolandi að þeir staðir sé saurgaðir með ofdirfð í vándum verkum sem áður eru helgaðir með inni ædstu guðs þjónustu. Svá og ef menn berjast í kirkju eða kapellu eða kirkjugarði vígðum, þá eru þeir óbótamenn [...]“

9 Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar (í útgáfu Haralds Bernharðssonar, Magnúsar Lyngdals Magnússonar og Más Jónssonar), Reykjavík 2005, bls. 151 og áfr.

10 Það er: *vélabrögðum*.

Í 7. kafla segir og:

„Hverr er heftugri hendi misþýrmir klerk eða klaustramanni, þá er hann í banni af sjálfs síns verki þar til hann fær lausn eftir guðs lögum með forsjá byskups.“

Og enn er kirkjuvernd lýst í 8. kafla Kristinréttarins:

„Ef maður lýstur mann heftugri hendi, með hverju sem hann lýstur eða særir eða til dauðs drepur, í kirkju eða kirkjugarði, eða innan þeirra takmarka sem hver kirkja eignast umhverfis sig, sér til sámdar en þeim til friðar er þangað flýja og verðugir eru kirkjufriðar að njóta, þá er sá óbótamaður sem fyrr segir sem friðinn braut, en sá sem lostinn var eða særður taki rétt sinn hálfu meira, en í öngum stað öðrum, en fé þess sem víg vakði skal fá til kirkjuvígslu, fyrr en í konungs garð gangi eða byskups.“

Þá eru einnig ákvæði um þinggrið í Kristinréttinum, sem hér verða ekki rakin.

c. Brottfall hinna fornu lagaákvæða

Í kjölfar siðbreytingarinnar, sem varð um miðja 16. öld, urðu mörg ákvæði Kristinréttar Árna biskups að þoka til hliðar, ef þau þóttu ekki samræmast nógu vel hinum breytta sið eða tíðarandanum að öðru leyti. Ekki gerðist það þó í einu vetvangi og hinn forni Kristinréttur var aldrei afnuminn formlega að öllu leyti heldur fjöruðu flest ákvæði hans út í tímans rás. Enn í dag eru til dæmis tvö af ákvæðum í hinum forna kirkjulagabálki talin vera í gildi og hafa verið tekin upp í safn gildandi laga.

Með eflingu konungsvalds á siðbreytingartímum og síðar hefur ekki þótt vera næg ástæða lengur til að halda til haga hinum gömlu ákvæðum um kirkjugrið, enda þótt kirkjan nyti enn allmikillar sérstöðu í lagaefnum. Þetta kemur meðal annars skýrlega fram í konungsbréfi frá 2. júní 1587, sem birt er í tilskipanasafni Magnúsar Ketilssonar.^[11] Þar er leitast við að sporna við því, að grófir brotamenn geti notið skjóls kirkjunnar en sú mildun einnig gerð að

11 Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve, 2. Deel (Hrappsey 1778), bls. 128-130

kirkjufriður gæti enn átt við fyrir þá er smærri brot höfðu framið. Þar var því farið bil beggja.

Eins og kunnugt er voru mörg ákvæði hinna norsku og dönsku lögbóka, sem fyrr voru nefndar, lögtekin á Íslandi – og sumum ákvæðum þeirra var vissulega einnig fylgt hér þótt lagastoð skorti til þess. Ekki verður séð að áðurnefnd ákvæði lögbókanna um kirkjufrið hafi nokkru sinni verið lögleidd hér á landi og þegar aldir liðu hafa þau verið orðin úrelt og ekki þótt samrýmast þörfum tímans þegar öll náð var á hendi hins einvalda konungs.

4. Lokaorð

Svo munu margir mæla, að lítil þörf sé nú á dögum fyrir kirkjufrið – í þeirri merkingu, sem fyrr hefur verið lýst. Hinar fornu reglur séu greinilega fallnar úr gildi og eigi heldur ekki við í réttarríki nútímans. Þær heyri réttilega til fornra tíma, þegar ríkisvald var veikt og menn gátu þurft á ríkari vernd að halda, tímabundið, en eigin styrkur og ættar- og fjölskydubönd ein gátu veitt. Auðvitað er þetta rétt, svo langt sem það nær. Kirkjugrið hafa vissulega enga lagastoð í okkar rétti – en geta þó enn í dag haft vissa *táknræna merkingu*, ef svo má að orði komast, á þann hátt sem til dæmis birtist okkur í atburðunum í Laugarneskirkju, sem fyrr var greint frá. Þar var farið fram með friði af hálfu kirkjunnar manna og framganga réttvísinnar ekki hindruð á neinn hátt. Þar sýndi kirkjan hins vegar samhug með þeim sem minna mega sín, en hælisleitendur eru sannarlega í þeirra hópi. Verður alls ekki fullyrt, að þess háttar sýnileg samstaða geti ekki haft áhrif og meðal annars vakið valdamenn samfélagsins til umhugsunar um hvort pottur kunni ekki stundum að vera brotinn við ákvarðanatökur á því sviði, án þess að hér sé tekin nein afstaða til þess atriðis varðandi handtöku og brottvísun umræddra manna.

Að sjálfsögðu mega kirkjunnar menn ekki óttast að sýna umheiminum skýr merki um *miskunn* og *karleika*, sem boðskapur kirkjunnar byggist vissulega á. Af þessari ástæðu er ekki víst, að tími kirkjugriða sé liðinn og

allt eins er líklegt, að enn muni reyna á kirkjugrið með svipuðum hætti og átti sér stað í Laugarneskirkju sumarið 2016. Kirkjugrið má þó, hvað sem öðru líður, aldrei nota sem skálkaskjól æsingamanna til að hindra framgang réttvísinnar með valdbeitingu.

Lögfræði og íslenskt lagamál^[1]

1. Lagamálið og lögfræðin

Í heimi fræðanna hefur lögfræðin gjarna verið nefnd „orðsins list.“ Réttlætist sú auðkenning m.a. af þeirri staðreynd, að í störfum lögfræðinga reynir til hins ýtrasta á nákvæma orðnotkun og skilgreiningu hugtaka. Á því fagsviði getur misskilningur, sem á rætur sínar að rekja til rangrar notkunar hugtaka, orðið dýrkeyptur og bagalegur. Gjörvöll lögfræðin – vísindin um eðli og efni réttarreglna og um rétta notkun þeirra – er samofin lagamálinu og beitingu þess. Er svo meðal allra þjóða, þar sem lögfræði er kennd og iðkuð með þeim hætti sem okkur er kunnur og tamur. Lögfræði og lagamál verða ekki skilin að og þróun lögfræðinnar byggist meðal annars á viðgangi lagamálsins. Lögfræðin sjálf, og um leið höfuðstörf lögfræðinga á margvíslegum sviðum, grundvallast auk annars á réttri beitingu orða og orðasambanda við skilgreiningu faglegra viðfangsefna og vandamála, sem við er að glíma, og á gagnrýnni hugsun, er öguð hefur verið eftir kerfisbundnum lögmálum fræðanna. Lagamálið er mikilvægasta vinnutæki lögfræðingsins, en það nýtist honum ekki sem skyldi ef hann kann ekki með það að fara.

1 Eftirfarandi hugleiðingar bókarhöfundar um íslenskt lagamál og skyld efni birtust áður sem formálsorð hans að „Lögfræðiorðabók með skýringum“, sem út var gefin í Reykjavík 2008. Bókarhöfundur var ritstjóri þess verks.

Í grein, er höfundur þessa formála ritaði um „varðveislu og þróun íslensks lagamáls” og birtist fyrir nokkrum árum^[2] segir m.a.:

„Lagamálið er sóknartæki lagamannsins í baráttu hans fyrir málstað sínum. Með orð þess að vopni eyðir hann réttaróvissu, ræðst gegn ólögum, glæðir réttarvitund almennings, bætir réttarstöðu einstaklinga og eflir um leið þjóðarhag. Loðmulla í töluðu eða rituðu máli samrýmist ekki réttmætum kröfum um skýrleika og áhrifamátt lagamálsins. Sljóvar eggjar hæfa ekki vopnum tungunnar. Lagamál hverrar þjóðar – það sérstaka tungutak og ritmál, sem löglærðir menn nota á fagsviði sínu, svo sem við skjalagerð, í málflutningi og við samningu dóma og fræðirita – er merkur þáttur tungu hennar og menningar og því mætari sem orðaforðinn er hreinni og hugtökin beinskeyttari. Þetta á við um íslenskt lagamál ekki síður en um lagamál annarra þjóða. Ætla verður, að flestir íslenskir lagamenn og jafnframt margir aðrir geri sér glögga grein fyrir nauðsyn þess, að vel sé vandað til talaðs og ritaðs máls á þeim vettvangi, þar sem reynir á tjáningu lögfræðilegrar hugsunar við skilgreiningu og úrlausnir þeirra mannlegu vandamála, sem fræðigreinin nær til.”

Lögfræðin snertir sannarlega flestar hliðar mannlífsins, þótt því megi heldur ekki gleyma að ýmsum hinum allra mikilvægustu mannlífsþáttum verður aldrei skipað með lögum né þeir metnir eftir lagalegum mælikvarða. *Lög og réttur* – þ.e. óbrennlaðar réttarheimildir og réttlát beiting þeirra – eru þó, hvað sem öðru líður, forsenda þess að unnt sé að halda uppi þjóðfélagi, sannkölluðu réttarríki, þar sem mannréttindi og önnur lífsgæði eru virt og varin.

2. Lagamálið, fyrr og nú

“Orð eru dýr, þessi andans fræ,” segir í kvæði eftir Einar Benediktsson. Orð tungunnar eru dýrgripir og tungan sjálf ótæmandi auðlind. Orðin eru höfuðtæki hugsunarinnar. Á það jafnt við um hversdagsræðu manna sem

2 Sjá Páll Sigurðsson, Skæðadrífa – Safn stuttra greina um lög og samfélag, Rvík 2003, bls. 27-29.

um sértækt mál á tilteknum fræða- eða vísindasviðum, svo sem lagamálið. Yngilindir tungunnar, þ.e. máttur hennar til endurnýjunar og nýsköpunar, á fornhelgum grunni hennar og rótum, eru óþrjótandi. Á það jafnt við um lagamálið sem um önnur notkunarsvið tungunnar.

Nákvæmar rannsóknir á íslensku lagamáli, allt frá fyrstu ritheimildum fram til okkar tíma, myndu vafalaust leiða margt í ljós, sem enginn hefur, enn sem komið er, nægilegt yfirlit um og noga innsýn í.^[3] Nokkur atriði ættu þó að minnsta kosti að vera ljós. Í fyrrnefndri grein um „varðveislu og þróun íslensks lagamáls” segir m.a.: „Íslenskar réttarheimildir frá miðöldum einkennast m.a. af þróttmiklu og fögru lagamáli. Nægir þar að benda á Grágás (safn íslenskra laga frá lokum þjóðveldisaldar) og Jónsbók, lögbókina kunnu frá 1281. Á síðari öldum, þegar erlend áhrif – sum óholl – voru hvað ríkust og mótstöðuafli þjóðarinnar gegn þeim minnst, mengaðist lagamálið hins vegar. Lélegu málfari fylgdi slöpp hugsun og óskýrleiki þar sem síst skyldi, sbr. réttmæt ummæli séra Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili í Íslenskum þjóðháttum: ‘Það þarf ekki annað en lesa sum lög og konungsbréf langt fram á 18. öld og fleiri rit manna, til þess að sjá, hvað hugsunarlaus vaðall kæfir

3 Minna hefur verið ritað um íslenskt lagamál en skyldi, en hér skal m.a. bent á grein *Hjördísar Bjarkar Hákonardóttur*, Tungutak lögfræðinnar, í Afmælisriti Gizurar Bergsteinssonar, Rvík 1992, bls. 261-277, svo og á þau rit annarra Íslendinga, sem Hjördís nefnir þar í neðanmálsgrein á bls. 261. Eftir *Hjördísi Björk Hákonardóttur* er jafnframt greinin Lagamálið: Tæki valds og réttlætis, í Málfrægnum 2002, bls. 43-48. Þá má nefna grein *Kristjáns Árnasonar*, Hugleiðingar um íslenskt lagamál, í Málfrægnum 2000, bls. 3-10. Tvær erlendar bækur eru sérlega áhugaverðar varðandi forníslenskt (og fornnorrænt) lagamál: *Klaus von See*, Altnordische Rechtswörter, Tübingen 1964, og *Bo Ruthström*, Land och fæ: strukturellt-rättsfilologiska studier i fornnordiskt lagspråk, Sth. 2003. Um síðar nefndu bókina ritaði *Agnes Siggeður Arnórsdóttir* ítarlegan ritdóm undir heitinu Þróun eignarréttar á miðöldum: þankar í tengslum við rannsóknir á málsögulegri og réttarsögulegri þróun í fornum lögum, í Sögu 2006, bls. 205-213. Að skýringum fjölmargra íslenskra lagaorða úr miðaldertextum er vikið í margvíslegum ritum þýskra fræðimanna í lögum og sögu frá 19. öld, ekki síst í viðamiklum ritum *Konrads Maurers* um íslenska og norræna réttarsögu. Um skeið birtust í Úlfjóti, tímariti laganema, stuttir þættir undir heitinu „lagamál.”

oft áhrifin af því, sem á að segja.⁴ Þetta átti einnig við langt fram eftir 19. öldinni (að vísu með markverðum undantekningum) og jafnvel lengur í einhverjum mæli, en smám saman varð þó breyting á, einkum eftir að kom fram á 20. öld, m.a. fyrir áhrif frá innlendra lagakennslu, sem hófst 1908, og frá Hæstarétti Íslands, er tók til starfa 1920.⁵ Er sú endurreisn lagamálsins til hreinnar og kjarngóðrar íslensku, sem hér um ræðir, málhreinsunin og nýyrðasmíðin, er henni fylgir – sem og gjörvöll þróun lagamáls okkar frá elstu heimildum allt til okkar tíma – snar þáttur í málsögu Íslendinga og um leið sérstæður og ómissandi þáttur íslenskrar menningar, er þarfnast sannarlega viðhlítandi rannsóknar. Lagamáli okkar er hins vegar ýmis háski búinn á sama hátt og á við um íslenska tungu almennt – og ekki dugar að sofa á verðinum. Besta (og e.t.v. eina) vörnin felst í stöðugri viðleitni við þróun lagamálsins og lögum þess að breytilegum aðstæðum og nýjum forsendum á hverjum tíma, með sívirkri sköpun ídorða og með vakandi gagnrýni og endurskoðun þess orðaforða og þeirrar viðurkenndu hugtakanotkunar, sem fyrir er.”

Í þessu efni hvílir mikil ábyrgð á stétt íslenskra lögfræðinga sem og á þeim háskólum á Íslandi, þar sem lögfræði er kennd nú eða mun verða kennd í framtíðinni. Væri vel, ef aldarafmæli lagakennslu á landi hér, sem við fögnum nú, yrði lagamönnum almennt til hvatningar í þessu efni. Höfum þá m.a. hugfast, að við kennslu í íslenskri lögfræði, sem og við ritun lögfræðilegs efnis, sem ekki er kennsluefni í þröngum skilningi þess orðs, verður aldrei, nema þá í mjög takmörkuðum mæli, stuðst við erlend rit eða erlent lagamál. Leiðir þetta af eðli máls og er öllum íslenskum lagamönnum fullkunnugt. Að þessu leyti hefur lögfræðin vissa sérstöðu miðað við sumar fræðigreinar aðrar, þar sem stunduð eru vísindi sem hafa alþjóðlega skírskotun í mun meira mæli en átt getur við um íslenska lögfræði. Má af þessu marka, hve brýnt er að íslenska lagamálið þróist með eðlilegum hætti og þess sé gætt að engin

4 *Jónas Jónsson*, Íslenskir þjóðhættir, 3. útg., Rvík 1961, bls. 378.

5 Það, sem hér var sagt, á einnig við um framlag *Landsyfjirréttarins*, forvera Hæstaréttar Íslands, hin síðari starfsár hans.

svið lögfræðinnar – þar á meðal ný svið og ný úrlausnarefni greinarinnar – verði afskipt í því efni.^{6]} Íslenskum lögfræðingum ber rík siðferðisleg skylda til eflingar fjölskrúðugra lögfræðirannsókna og þróunar íslensk lagamáls, er að sumu leyti byggist á sérstöðu lögfræðinnar sem fræðigreinar en jafnframt á gróinni menningarhefð. Þá skal þess einnig minnst, að íslenska er lögboðið dómstólamál hér á landi.

3. Lagamál, réttarmenning og þjóðleg reisin

“Með lögum skal land byggja.” *Lögin*, í víðri merkingu, mótast af samfélaginu á hverjum tíma og samfélagið mótast einnig af lögunum. Rétturinn grípur inn í flesta þjóðlífsþætti, þótt með misjafnlega áberandi hætti sé. Gjörvöll lögfræðin markast af þessu. En hafi lagamálið svo mikið gildi fyrir lög og lögfræði í landinu, sem fyrr var vikið að, ætti einnig að vera ljóst, að það skiptir verulegu máli í þjóðlífi okkar – fyrir velferð okkar og framtíð.

Það mun vart leika á tveimur tungum, að lagamál okkar sé ein af meginstöðum íslenskrar *réttarmenningar* – á svipaðan hátt og tungumálið er órjúfanlegur hluti hinnar almennu, íslensku þjóðmenningar. Án þroskaðs lagamáls fær þróuð réttarmenning einfaldlega ekki staðist. Okkur ber því að rækta af kostgæfni þann skika úr túni íslenskrar menningar sem fallið getur undir hugtakið réttarmenning. Með réttarmenningu er hér átt við þann þátt menningarinnar, sem veit að þróun og beitingu laga og réttar, með samverkandi og gagnverkandi áhrifum við ýmsa aðra afmarkaða menningarþætti sem og gjörvalla þjóðmenninguna á hverjum tíma. Réttarmenningin er þannig samofin almennri menningu okkar.

6 Þess má geta, að síðla árs 2006 báru höfundur þessara formálsorða og María Thejll, forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands, fram rökstudda tillögu á deildarfundum í Lagadeild Háskóla Íslands, þess efnis að deildin beitti sér fyrir því að samfélag íslenskra lögfræðinga tæki að sér *íðorðasöfnun* og *íðorðasmíð* á lögfræðisviði. Var sú tillaga samþykkt einróma og var tilmælum deildarinnar þessa efnis síðar beint til Lögfræðingafélags Íslands.

Íslensk menning (í víðtækri merkingu), ræktun hennar og frömun, er höfuðþáttur í sjálfsvitund þjóðarinnar og ein hin helsta undirstaða sjálfstæðis hennar. Fyrir menningarþjóðum er virðing borin í samfélagi þjóðanna. Menning hverrar þjóðar er aftur þáttur af „sameiginlegri menningararfleifð” heimsbyggðarinnar (ef svo má að orði komast), en virðing fyrir henni og rækt við hana ræður miklu um alla framvindu þjóðlífs á víðum vettvangi, árangur af fjölþjóðlegum samskiptum og almenna velferð mannkyns. Sérstæð menning Íslendinga, sem byggðist á fornfrægum grundvelli, vakti á sínum tíma athygli úti um heim og var, á baráttuskeiði þjóðarinnar fyrir auknu sjálfstæði – og síðar fullu sjálfstæði – af mörgum mætum mönnum hérlendis og erlendis talin réttlæta, umfram flest annað, að íslenska þjóðin, sem þá var ein hin fátækasta í Evrópu, risi úr öskustó og tæki sér sess meðal annarra menningarþjóða.

Þess ber að minnast, að varðveisla, þróun og efling íslensks lagamáls eru í reynd samofin *sjálfstæðisbaráttu* þjóðarinnar á síðari hluta 19. aldar og í upphafi 20. aldar, en „lagaskólamálið,” svokallaða, var um langt skeið stórpólitískt mál, meðan dönsk stjórnvöld mátu það svo (með réttu), að stofnun lagakennslu á Íslandi, m.a. á grundvelli íslensks lagamáls, myndi verða eitt helsta stigþrepið á leið Íslendinga til sjálfstæðis, og stóðu því lengi gegn ítrekuðum óskum Alþingis um að þeirri nýbreytni yrði komið á. Hafð er yfir efa, að stofnun Lagaskóla Íslands 1908 (og síðar Háskóla Íslands 1911)^[7] skipti höfuðmáli í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar – baráttu sem er ævarandi.

Í grein, er höfundur ritaði á sínum tíma og nefndi „lagakennsla og réttarmenning”,^[8] segir m.a.: “Um hugtakið ‘menningu’ hefur margt verið sagt og ritað, og með ýmsum nálgunum eins og alkunna er. Hér eru ekki tók á að skýra hugtakið svo sem vert væri en látið nægja að minna á, að menningin er margþætt og flókið fyrirbrigði, þar sem ólíkir þættir styðja

7 Við stofnun Háskóla Íslands rann Lagaskólinn inn í hann og varð að Lagadeild Háskólans.

8 Sjá Páll Sigurðsson, Skæðadrífa, bls. 33-35.

hvern annan, og varast ber alhálfingar og sjálfumgleði við allar skilgreiningar á því sviði. Oft er t.d. talað um svokallaða ‘hámenningu’ og þá stundum í aðgreiningarskyni frá einhverjum öðrum birtingarformum menningarinnar, sem þykir síður hæfa að beri eins tigið heiti! Með því erum við að vísu komin inn á hála braut með ýmsum fallgryfjum, en sammæli mun þó, hvað sem öðru líður, vera um það meðal flestra, að sú starfsemi, er tengist agaðri og skapandi listiðkun og vísindum, hljóti að teljast til hámenningar – og með því er síst af öllu gert lítið úr öðrum menningarþáttum. Lögvísindin og kennslan í þeim fræðum á sér vitanlega traustan sess meðal annarra vísindagreina og hefur sama meginhlutverki að gegna og þær. Og þótt ýmsum muni finnast, að lítt athuguðu máli, sem lögfræðin eigi lítið skylt við þær listgreinar, sem okkur er tamast að tala um, skyldu menn þó minnst þess, að iðkun lögvísinda byggist á „orðsins list,” hvort heldur sem er í mæltu eða rituðu máli, og verður vart fullyrt með nægum rökum að sú listgrein sé ómerkari en ýmsar aðrar! Reglubundin og skipuleg ástundun menningarstarfs er ævinlega til þess fallin að þroska og bæta iðkandann, sem og aðra er hann nær til og hefur áhrif á. Hún er því mannbætandi.”

4. Örlög orðanna

Það er vissulega fróðlegt að kynna sér íslenskt lagamál, allt frá fornu fari og fram til okkar tíma. Fá svið tungunnar, ef nokkur, eru eins vel fallin til að gefa okkur innsýn í hugsunarhátt fyrri tíðar manna, áhyggjur þeirra, áherslur í lífsbaráttunni og dagleg störf og samskipti við aðra menn, góð eða slæm eftir atvikum. Lagamálið var frá upphafi samofið daglegu lífi þjóðarinnar, lífsbaráttu alþýðunnar jafnt sem stjórnunarstörfum embættismanna og annarra opinberra trúnaðarmanna. Mikilvægt er að hafa hugfast, að íslenskt lagamál varð aldrei „séreign” embættismanna eða lærðra manna heldur einnig, með sínum hætti, eign alþýðumanna, eins og fjölmargar heimildir bera skýr merki um. Ótaldir eru þeir gáfumenn úr hópi óskólagengins almennings,

sem fyrr á öldum lögðu rækt við lagamálið og gerðust lögfróðir á „gamla vísu,” eins og stundum er komist að orði. Er þá átt við „þjóðlega lögvísi,” sem þróaðist hér um alda skeið og byggði m.a. á viðleitni til að varpa ljósi á vandskýrð orð í Jónsbók, okkar fornu lögbók, sem var okkur alltryggur vegvísir á refilstigum réttarins langt fram eftir öldum. Þessi orð voru þá, í hinum gömlu skýringarfræðum, gjarna nefnd „myrk fornyrði lögbókar.” Við þessi fræði fengust bæði skólagengnir embættismenn og gegnir og mætir alþýðumenn, sem aldrei höfðu á skólabeck setið.^{9]} Áttu þessi fræði, með sínum orðskýringum, er gengu manna á milli í handritum (uppskriftum), sér einkum traustan sess í landinu áður en embættispróf í lögum var tekið upp við Kaupmannahafnarháskóla á fyrri hluta 18. aldar, nánar til tekið 1736, en einnig, í allnokkrum mæli lengi eftir það. Allt til þessa dags má vel greina mikinn áhuga almennings á lögfræðilegum efnum og um leið talsverða þekkingu margra ólöglærðra manna á vissum þáttum laga og réttar, nú að sjálfsgöðu einkum fyrir tilstilli fjölmiðlanna, sem – því miður – eru þó ekki óskeikulir fræðendur.

Áhugavert er að sjá merki þess og fylgjast með því, hvernig breytingar á atvinnu- og þjóðlífsháttum, sem smám saman hafa komið til sögu, hafa

9 Hinir merkustu og kunnustu þessara skýrenda hugtaka lögbókarinnar fornu voru *Páll Vídalín lögmaður* (1667-1727), sem var háskólagenginn lærdómsmaður, og *Björn Jónsson á Skarðsá* (1574-1655), óskólagenginn bóndi og lögréttumaður en sjálfmenntaður fræðimaður. Eftir þá báða liggja mikil söfn orðskýringa úr Jónsbók. Rit Björns Jónssonar þess efnis hafa ekki verið gefin út á prenti en viðamikil safn orðskýringa Páls Vídalíns var gefið út undir heitinu *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar*, er Jónsbók kallast, Rvík 1846-1854 (kom út í heftum). Sjá nánar grein eftir *Pál Sigurðsson*, *Um Pál lögmann Vídalín og fornyrðaskýringar hans*, í bók hans *Lagaslóðir – greinar um lög og rétt*, Rvík 2005, bls. 221-306. Á örfáum stöðum í orðabók þeirri, er lesandinn flettir nú, gefur að finna vísanir til fyrrnefnds skýringarrits Páls Vídalíns, öðrum þræði honum til heiðurs sem brautryðjanda við skýringar íslenskra lögfræðiorða, sjá m.a. skýringar við flettiorðin *lög* og *þing*. Á einum eða tveimur stöðum í orðabókinni bregður einnig fyrir, af sömu ástæðu, vísun til skilgreininga *Sveins Sölvasonar lögmanns*, sem fram koma í riti hans Tyro juris eður barn í lögum, Khöfn 1754. Það rit bar með sér markverða tilraun höfundarins til að veita Íslendingum almenna tilsögn í helstu greinum lögfræðinnar, og var þar um frumraun að ræða á því sviði (í reynd fyrstu íslensku kennslubókina í lögfræði).

haft áhrif á lagamálið, bæði hvað varðar “úreldingu” orða og ekki síður um nýyrðin, sem til hafa komið vegna nauðsynjar. Vissulega má þá sjá ýmis dæmi um nýyrði – tilraunir til hugtakasmíðar – sem áttu sér skamman aldur, féllu aldrei í frjóan jarðveg, náðu ekki rótfestu í málinu, en önnur öðluðust hins vegar sess í tungunni til frambúðar og lifa þar sum enn, góðu lífi.

Athyglisvert er, hve mörg orð í hinu forna lagamáli, hvort heldur sem er í Grágás, Jónsbók eða í öðrum heimildum, eru sterk, hreimmikil og lýsandi. Það voru sannarlega ekki „loppnir” menn, sem smíðuðu þau á sínum tíma. Skyldum við þá reyndar hafa hugfast m.a., að sum orðanna eru vafalaust mjög forn og eldri en Íslands byggð, úr áttögum margra þeirra manna, sem hér settust að, og eiga sér, sum hver, einnig enn eldri rætur, í heimkynnum germanskra þjóðflokka löngu áður en sögur hófust en þar sem lögbundið samfélag og um leið réttarmenning – þótt frumstæð væri – voru tekin að þróast.

Þau verða örlög margra orða, í lagamálinu sem og á öðrum sviðum tungunnar, að falla í glatkistuna, fyrnast, gleymast; ekki hvað síst þau orðin, sem eru fastlega bundin ákveðnum athöfnum eða fyrirkomulagi, sem líður um síðir undir lok í kjölfar eðlilegra breytinga, framfara. Önnur festast í vitund manna og öðlast traustan sess í tungunni og þar með menningunni.

Yngilindir tungunnar – með endurnýjunarmætti hennar – birtast einnig í lagamálinu. Fullyrða má, að mörg hinna fornu lagaorða mætti „endurvekja” með vissum hætti, ef áhugi væri fyrir því, og þá, eftir atvikum, með eitthvað breyttri merkingu.^[10] Það myndi vissulega auðga lagamál okkar og þar með

10 Sem skýrt dæmi um vel heppnaða endurnýjun gamals lögfræðiorðs skal hér bent á orðið *lögmaður*, sem er gamalkunnugt í málinu og hafði sérstaka merkingu í fornu lagamáli, var m.a. um alda skeið embættisheiti hátt settra innlendra embættismanna (sjá nánar skýringu orðsins hér í orðabókinni), uns hin fornu lögmanssembætti voru lögð niður um 1800, samhliða aflögn Alþingis hins forna. Orðið var fyrir nokkrum áratugum „vakið til lífs” á ný og þá sem lögfest starfsheiti á þeim löglærðu mönnum, er áður höfðu verið nefndir mál(a)flutningsmenn. Lögmansheitið náði fljótt fullkominni rótfestu með þessari nýju merkingu og hefur átt sér traustan sess í lagamáli okkar æ síðan.

íslenska réttarmenningu. Sú lögfræðiorðabók, sem hér birtist og hefur, auk nútíma-lagamáls, að geyma fjölda orða úr eldra lagamáli, ætti m.a. að hjálpa áhugasömum mönnum, sem vilja fást við endurnýjun lagamálsins.

5. Íslensk lögfræðiorðabók

Snemma árs 2006 ákvað stjórn Lagastofnunar Háskóla Íslands, í samráði við Lagadeild Háskóla Íslands, að efna til útgáfu veglegrar og ítarlegrar orðabókar um *íslensket lagamál*, en þess háttar verk er frumsmíð hér á landi. Frá upphafi var ljóst, að stefnt yrði að allstórri orðabók, sem hefði að geyma fjölmörg flettiorð úr íslensku lagamáli, fyrr og nú, þar sem a.m.k. meginþorri iðorðaforða lögfræðinnar birtist ásamt viðhlítandi skilgreiningum og skýringum. Myndi ritið þannig m.a. hafa allt annað yfirbragð en hið ágæta rit *Björns D. Guðmundssonar* prófessors, *Lögbókin þín*, þar sem flettiorð eru tiltölulega fá en oft ýtarleg umfjöllun um hvert hugtak, þannig að nefnt rit hefur í reynd fremur á sér yfirbragð fræðilegs uppsláttarrits en eiginlegrar orðabókar. Þó var frá upphafi leitast við að skýra öll flettiorð með þeim hætti, að lesandinn hefði full not af og vísað væri til heimilda eftir því sem við getur átt (þó hófsamlega), enda þótt skýringar yrðu að jafnaði hafðar stuttar og hnitmiðaðar. Við mótun frumhugmynda um eðli og umfang verksins var m.a. höfð nokkur hliðsjón af lögfræðilegum orðabókum meðal sumra annarra þjóða, ekki síst *Juridisk ordbog* frá Danmörku, sem er mörgum lagamönnum hér á landi kunn. Hvorki hún né aðrar erlendar bækur urðu þó bindandi fyrirmyndir, einkum eftir að verkið tók að mótast nánar og í ljós kom, auk annars, að íslenskt lagamál var og er á margan hátt mun fjölskrúðugra og blæbrigðaríkara en hið danska, svo dæmi sé tekið. Töldu þeir, sem frumkvæði áttu að þessu verkefni, að rétt væri og eðlilegt, að Íslendingar fylgdu fordæmi grannþjóða sinna um gerð góðrar, lögfræðilegrar orðabókar, þar sem fylgt væri fordæmi annarra þjóða, enda þótt margvíslegs áherslumunar gæti að sínu leyti varðandi hinar erlendu orðabækur, um orðaval og form og framsetningu

skýringa o.fl., og þær yrðu ekki hafðar til fyrirmyndar nema að vissu marki.

Frá upphafi var að því stefnt, að nemendur við Lagadeild kæmu að verkinu, undir stjórn ritstjóra úr hópi kennara deildarinnar. Jafnframt var gert ráð fyrir því, að orðabókin kæmi út á prenti eigi síðar en á haustdögum 2008, þannig að hún mætti, með sínum hætti, verða meðal framlaga deildarinnar, sem og Lagastofnunar Háskóla Íslands, til þess að minnst eitt hundrad ára afmælis lagakennslu á Íslandi, er miðast við 1. október 2008. Með þessu var tímarammi undirbúningsvinnunnar jafnframt skorðaður og verður því ekki neitað, að hann var allmjög takmarkaður miðað við það sem ætla má að ýmsir myndu, að óreyndu, telja að þyrfti til. Þá kom það einnig mjög til tals, við hugmyndamótun, að um sívinnsluverkefni yrði að ræða, eftir að orðabókin væri komið út á prenti í fyrsta sinn, þannig að orðasöfnun og úrvinnslu verði haldið áfram á næstu árum með nýja og endurbætta útgáfu síðar í huga. Þessu tengdist einnig, frá fyrstu tíð, sú ætlan að almenningur gæti í framtíðinni nálgast efni orðabókarinnar á Netinu, sem vonir standa til að verða megi áður en mjög langt um líður.

Í ritnefnd orðabókarinnar sátu Viðar Már Matthíasson prófessor, sem verið hefur formaður nefndarinnar, dr. jur. Páll Hreinsson prófessor (nú hæstaréttardómari) og síðar, í hans stað, Björg Thorarensen prófessor og um skeið staðgengill hennar, Róbert R. Spanó prófessor, og Jóhann J. Ólafsson lögfræðingur og stórkaupmaður, sem átti fyrstur manna hugmynd að verkinu.

Dr. jur. Páll Sigurðsson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, var ráðinn ritstjóri verksins.

Fjórir laganemar: Eggert Ólafsson, Helgi Valberg Jenson, Hildur Leifsdóttir og Kristján Geir Pétursson, voru síðan ráðnir til að vinna að orðabókinni, fyrst við nánari mótun vinnubragða, heimildaöflun og mat á heimildum til orðtöku og skýringa, og síðan við skipulega orðtöku og einfaldari skýringar að nokkru marki, hvort tveggja undir stjórn ritstjórans. Unnu nefndir laganemar að þessum starfsþáttum sumrin 2006 og 2007 og að

einhverju marki einnig á vörum. Frá upphafi var unnið eftir fastmótuðu kerfi við orðtöku og undirbúning hennar, og fór veruleg vinna til skipulagningar verksins og skyldra verkþátta.

Frá marsmánuði 2007 til jafnlengdar 2008 starfaði Barbara Björnsdóttir lögfræðingur sem sérfræðingur í fullu starfi við orðabókarverkið, lengst af þess tíma sem aðstoðarráttgjafi. Frá hausti 2007 hefur Hulda Guðný Kjartansdóttir lögfræðingur jafnframt verið í fullu starfi sem verkefnisstjóri við orðabókina, og sem aðstoðarráttgjafi allt til verkefnisloka eftir að Barbara Björnsdóttir lét af störfum. Fengust þær Barbara og Hulda Guðný í miklum mæli við orðskýringar en ráttgjafi starfaði jafnframt að þeim allan tímann sem og orðtöku á tilteknum sviðum, meðal annars varðandi flettiorð úr réttarsögu en einnig í mörgum öðrum greinum.

Góð samvinna var frá því fyrsta við ýmsa fagmenn og stofnanir utan Lagadeildar, m.a. um hvers kyns ráttgjöf og tæknilega aðstoð. Má þar einkum nefna Íslenska málstöð, sem síðar rann inn í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Þýðingamiðstöð Utanríkisráttgjafisins. Frá upphafi skipulagsstarfs að orðabókinni og allt fram til útgáfu hennar var Ágústa Þorbergsdóttir, málfræðingur og starfsmaður Íslenskrar málstöðvar, náinn ráttgjafi okkar orðabókarmanna við alla verkþætti. Var allt verkið unnið á forrit, sem Íslensk málstöð útvegaði til þess og er í hennar eigu, og tæknimenn á hennar vegum önnuðust margvíslega tæknivinnu og aðstoð eftir því sem nauðsyn bar til hverju sinni.

Þá hafa fjölmargir góðir fagmenn og fræðimenn úr hópi kennara Lagadeildar, bæði fastir kennarar og stundakennarar, lesið yfir einstaka kafla verksins, þ.e. orðalista með skýringum eftir nánar tilteknum greinum lögfræðinnar, sem þeir hafa sérþekkingu á, og var að jafnaði leitast við að laga skýringar, í endanlegri gerð, eftir ábendingum þeirra. Nöfn þessara velunnara verksins eru skráð á öðrum stað. Má segja, að nær öll svið lögfræðinnar, sem orðabókin spannar yfir, hafi fengið yfirlestur sérfræðinga

með þessum hætti, en áhresla var lögð á að sem allra flest efnissvið yrðu með og fengju rými í bókinni.

Einnig skal þess getið, að María Thejll, forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands, hefur látið sér annþ um verkefnið allt frá upphafi og stutt að framgangi þess með ráðum og dáð.

Samvinna ritstjóra við allt þetta fólk hefur, frá hans sjónarhóli, verið mjög ánægjuleg og gefandi. Öllum þeim, er hér voru nefndir eða nefndir verða á öðrum stað, svo sem í aðfararorðum formanns ritnefndar hér að framan, sem og öðrum velvildarmönnum verksins, sem ógerningur er upp að telja, skulu færðar góðar þakkir.

Fjölmörg vandamál og erfið úrlausnarefni – bæði efnisleg og ekki síður tæknileg – hafa, frá upphafi verkefnisins, blasað við okkur, sem verkið unnum, en nú, þegar upp er staðið að sinni, hygg ég að þau muni gleymast bráðlega og eftir sitji einvörðungu góðar minningar um ágæta samvinnu og verðmæt og þroskandi lífsreynsla við lausnir, sem nýtist mörgum á komandi árum og skipti máli fyrir viðgang lögfræði í landi okkar.

Samning þessarar viðamiklu orðabókar, sem er á sinn hátt frumsmíði hér á landi, gat einungis farið fram með samstilltu átaki margra áhugasamra, velviljaðra og vel hæfra fagmanna, karla og kvenna, er allir sem einn hafa stutt að þeirri hugsjón sem borið hefur verkið uppi. Ritstjórinn einn ber hins vegar ábyrgð á því, sem miður kann að hafa farið – en það má vonandi bæta í síðari útgáfu eða útgáfum, hverjir svo sem þar munu koma að verki.

6. Orðaval og efnisafmörkun

Þegar við frumundirbúning þessa orðabókarverks varð það ljóst, að vandasamt myndi verða að ákvarða umfang og afmörkun efnis, þ.e. einkum val flettiorða af sviði lögfræðinnar. Verður það reyndar aldrei gert svo að öllum líki. Sá tímarammi, sem verkinu var ætlaður og fyrr var greint frá, leiddi m.a. til þess að ákveðið var að orðtaka fyrst og fremst íslenskar lögfræðibækur, einkum frá

síðari áratugum – auk fornra heimilda – en láta tímaritsgreinar af fagsviðinu fremur mæta afgangi. Kom í ljós að þetta var óhjákvæmilegt miðað við aðstæður.¹¹ Það gefur þó augaleið, að fjölmörg þau fagorð – og e.t.v. flest þeirra – sem notuð eru í tímaritsgreinum, finnast einnig í lögfræðibókunum. Má ætla, að hugað verði að því m.a. að leita skipulega fanga í tímaritsgreinum við endurbætta útgáfu verksins á komandi árum. Þegar á heildina er litið fer ekki á milli mála, að mjög mikið hefur verið ritað um íslenska lögfræði á þeirri öld sem liðin er frá því að lagakennsla var tekin upp hér á landi. Endurspeglast það m.a. vel í orðabók þeirri, sem lesandinn hefur nú milli handa.

Margvísleg vafamál risu um val flettiorða, innan hvers efnisflokks um sig, og þá ekki síður um skilgreiningu og skýringu þeirra orða. Sitt sýndist þá stundum hverjum þeim, sem að verkinu komu, en að lokum varð ritstjórnarákvörðun að ráða, með réttu eða röngu! Í ríkum mæli var leitast við að vísa á milli flettiorða, til þess að auðvelda notkun bókarinnar, en þó kann engu að síður að vera matsatriði hvort þar var nóg að gert.

Meðal áleitinna ákvörðunarþátta var það, í hve ríkum mæli ætti að taka með lögfræðiorð, sem vart sem ekki eru nú lengur notuð en voru hins vegar góð og gild á sinni tíð, ef til vill fyrir mörgum öldum. Niðurstaðan varð sú, að flettiorð úr eldra lagamáli voru tekin upp og skýrð í allmiklum mæli, þ.e. einkum orð úr Grágás og Jónsbók, en einnig að nokkru marki úr Járnsíðu og Kristinrétti Árna biskups og síðan úr öðrum heimildum frá fyrri öldum, m.a. úr dómasöfnum (með skipulegu úrtaki eftir tímabilum), allt fram til

11 Ekki er víst að þessi ákvörðun komi svo mjög að sök, því að svo má virðast sem meginþorri íslenskra lögfræðiorða finnist í lögfræðilegum bókum (þ.á m. safnritum svo sem afmælisritum). Er m.a. athyglisvert, að þeir sérfróðu fagmenn, sem fóru yfir efnissvið orðasafnsins eins og fyrr var vikið að, voru að sjálfsöðgu m.a. beðnir um að benda á möguleg flettiorð til viðbótar þeim, sem þeir fengu í hendur, en afrakstur af því varð yfirleitt fremur lítill (þó með nokkrum undantekningum), sem bendir til að þeir hafi að jafnaði talið að þau fagorð, sem einkenna þeirra svið, hafi komist til skila í verkinu, en á þessu verður þó að hafa allan fyrirvara.

síðari tíma.^[12] Er það von aðstandenda ritsins, að þessi nálgun og aðferð auki gildi þess og stuðli að bættum skilningi íslenskra lagamanna og annarra á samhengi og þróun íslensks lagamáls í rás aldanna, myndi þráð yfir aldahaf, jafnframt því sem þeir njóti fegurðar og hreinleika margra hinna fornu orða, sem sum hver mætti vafalaust „endurvekja” ef vilji stæði til þess, eins og áður var vikið að.^[13]

Einnig blasti við það vandamál að afmarka „lagamálið” nægilega frá öðrum sviðum tungunnar, þannig að ekki yrði um of af orðum, sem hafa fremur „almenna” merkingu en lögfræðilega. Var þar oft reynt að sigla milli skers og báru og líklegt að sitt sýnist hverjum um niðurstöður í einstaka dæmum. Í því viðfangi er þó rétt að hafa hugfast, hve lögin og þar með lögfræðin snerta, og hafa ætíð snert, margra þætti samfélagsins og þjóðlífsins og þar með „þjóðarsálina.” Þá var jafnframt ákveðið að skilgreina „lagamálið” með nokkuð víðtækum hætti, eins og t.d. birtist í því að einnig voru tekin með ýmis orð úr eldra lagamáli, sem lifðu eða lifa enn á vörum alþýðu ekki síður en löglærðra manna, meðal annars orð (stundum gildishlaðin) sem áttu (eða eiga enn) við um störf eða háttarni að minnsta kosti sumra lögfræðinga, að einhverra mati, eða tjá hug almennings til lagamanna, verka þeirra og getu, en fjölda þeirra orða var engu að síður stillt mjög í hóf. Verður þar þó seint svo að farið að öllum líki.

Vart þarf að orlengja um, hve skýringar margra flettiorðanna voru vandasamar og álitamálin mörg sem þar þurfti að leysa úr. Komu þá m.a. stundum fram mismunandi áherslur eða jafnvel skilningur hjá þeim sérfróðu mönnum, sem kvaddir voru til ráðgjafar, auk þess sem allmismunandi

12 Rétt er að geta þess, að ekki var í það ráðist að leita sérstaklega uppi forn lögfræðiorð, sem einvörðungu verða fundin í fornsögum eða fornþókmennnum okkar en koma ekki jafnframt fyrir í hinum eiginlegu réttarheimildum frá miðöldum. Gæti það þó verið fróðlegt viðfangsefni.

13 Að sjálfsögu er rangt að ræða um öll þessi orð úr eldra málfari undir einum hatti og kenna þau við *réttarsögu*, eina saman, því að vitanlega vísa orðin til margvíslegra efnisflokka lögfræðinnar fyrr á tíð, með nokkuð sambærilegum hætti við það, sem nú tíðkast.

skýringar sömu hugtakanna koma stundum fram í þeim fræðiritum, sem einkum var stuðst við. Er sjálfgefið, að notendur bókarinnar muni hafa mismunandi skoðanir á því hvernig til hafi tekist í því efni.

Þá skal þess getið, að í lögfræðiorðabókum frá ýmsum grannþjóðum okkar er mikið um flettiorð á *latínu* – og kveður t.d. mjög mikið að þessu í dönsku orðabókinni, sem fyrr var getið um. Því verður ekki neitað, að fjölmörg alþjóðleg hugtök í lögfræði vestrænna ríkja eru tjáð á latínu og birtast þannig í kennslubókum í lögum og í lagakennslunni að öðru leyti. Þetta átti einnig í allríkum mæli við um íslenska lögfræði fyrr á tíð en þó í mun minna mæli nú á síðari tímum enda þótt enn séu hér í notkun fjölmörg latnesk lögfræðiorð, mörg þeirra alkunn öllum lagamönnum. Sú leið var farin, með vísun til gamallar hefðar, að fylgja að nokkru marki fordæmi úr lögfræðiorðabókum ýmissa annarra þjóða, hvað latnesk flettiorð varðar, og skilgreina þau síðan og skýra á íslensku, en þó var þetta gert í mun minna mæli en t.d. á við um dönsku lögfræðiorðabókina, *Juridisk ordbog*. Notandi þessarar bókar mun einnig fljótt verða þess var, að mörg flettiorð eru á *enskeri* tungu, en að sjálfsögðu þá með íslenskri skýringu ef ekki er beinlínis vísað til samsvarandi íslensks flettiorðs. Reyndist óhjákvæmilegt að hafa þetta svo, eins og t.d. er gert í *Juridisk ordbog* í ríkum mæli, sökum þess hve enska er mikils ráðandi í alþjóðlegu lagamáli, ekki síst í þjóðarétti, evrópurétti, félagarétti og fjármálarétti en einnig á fjölmörgum öðrum sviðum lögfræðinnar. Skortir mikið á að enn sé fundin nógu góð íslensk þýðing á mörgum þeim ensku lögfræðiorðum, sem hér um ræðir, og er þar um þarft og ögrandi verkefni að ræða á komandi árum.

Leitast var við að gera þann mun á *skilgreiningu* orða og *skýringu* þeirra (eftir hefðbundnum vinnuaðferðum við orðabókasmíð) að skilgreining komi í upphafi, í einni setningu, og síðan fylgi nánari skýring eftir því sem efni standa til. Frá þessari aðgreiningu skilgreininga og skýringa eru þó stundum minni háttar frávik, sem ekki eiga að koma að sök, enda er hún ekki alltaf viðeigandi eða vel nothæf í lögfræðilegum texta. Skýringar einstakra orða

eru hins vegar mjög misjafnlega langar eða ítarlegar og helgast það af eðli máls hverju sinni, eftir mati þeirra sem þar um fjölluðu, en þess er ekki að vænta, að notendur bókarinnar muni verða á einu máli um það mat.

Mikið er um *millitilvísanir* í skilgreiningum og skýringum, þar sem vísað er til nánari skýringa á öðrum stöðum í bókinni. Á þetta að gera bókina aðgengilegri og notadrýgri en ella hefði verið.

Almennt var leitast við að hafa með tilvísanir í *lög*, sem sett voru fyrir þinglok vorið 2008, svo fremi þau hugtök, sem þar komu til álita, hefðu umtalsvert lögfræðilegt gildi. Að öðrum kosti var miðað við lagastöðuna eins og hún var í árslok 2007.

Kappkostað var, auk annars, að taka með „sjálfgildar“ skýringar lögfræðihugtaka, sem finna má í lagatextum (einkum texta gildandi laga), en mjög hefur færst í vöxt á síðustu áratugum að þess háttar skýringar gefi að finna í lagabálkum á fjölmörgum sviðum. Í því efni varð þó val orða að ráða eins og í öðru.

Til laga, sem heimildar í skýringum einstakra orða, er vísað með tvennum hætti. Annars vegar inni í skýringu hverju sinni eða hins vegar með „vélrænni“ vísun til laga sem birtist þá í lok skýringar, auðkennd. Tæknileg nauðsyn bar til þess að þessari aðferð var beitt en formrænt misræmi, sem þar af leiðir, á ekki að koma að sök hvað efnið varðar. Sama á við um það misræmi, sem birtist í því, að sums staðar er vísað til laga með fullu heiti þeirra en á öðrum stöðum með skammstöfun á heiti þeirra; það á ekki að valda lesandanum neinum vandkvæðum.

7. Að lokum

Það er einlæg von okkar, sem að þessari lögfræðiorðabók standa, að hún muni nýtast öllum íslenskum lögfræðingum, einkum dómurum, lögmonnum og starfsmönnum stjórnarsýslunnar, auk allra þeirra, sem koma að samningu laga og reglna. Jafnframt að hún gagnist vel laganemum sem og kennurum við

þá háskóla hérlendis, þar sem lagakennsla fer fram, nú og á komandi árum. Þá muni hún nýtast fjölmiðlamönnum í þeirra störfum, en fréttáflutningur af dómsmálum og lögreglumálum og annars konar umfjöllun um skyld efni vegur nú þungt í fjölmiðlum eins og kunnugt er. Þá vonum við, síðast en ekki síst, að bókinn (og síðar jafnframt netútgáfa hennar) muni ná til alls almennings í landinu og styrkja böndin milli íslensks lagamáls og þjóðarinnar, en vitað er, eins og áður var nefnt, að fjölmargir hafa áhuga á lögfræðilegum málefnum.

„Allt orkar tvímælis þá gert er,” hefur löngum verið sagt með réttu og jafnframt: „lengi má gott bæta.” Er ekki að efa, að þetta megi heimfæra upp á þá orðabók, sem lesandinn hefur nú milli handa, eins og á við um önnur mannanna verk. Þótt mikil áhersla hafi verið lögð á vöndun verks, m.a. með ráðgjöf fjölmargra fagmanna, má ætla að sitthvað muni koma í ljós sem betur mætti fara. Eru notendur bókarinnar hvattir til að koma athugasemdum af því tagi, sem og tillögum að nýjum flettiorðum, til skrifstofu Lagastofnunar Háskóla Íslands, og mun verða leitast við að taka mið af þeim við síðari, og endurskoðaða, útgáfu ritsins.

„Rétturinn til að gleymast“

Togstreita um grundvallarréttindi

1. Inngangur

„Netið gleymir engu“ er stundum sagt. Dæmin sanna, að enda þótt menn, sem nota Netið í miklum mæli, leitist stundum við að eyða ýmsu því, er þeir hafa skráð þar, meðal annars í tölvupósti eða á samfélagsmiðlum, er engu að síður oftlega unnt fyrir sérfróða tölvumenn að ná slíku efni fram á ný, með tæknilegum úrræðum. Á þetta reynir meðal annars iðulega við lögreglurannsóknir sakamála.

Hvað sem því líður er mikilvægt, að hver og einn, sem eftir leitar, geti ekki fundið „hvað sem er“ um „hvern sem er“, hafi efnið nú einu sinni lent á Netinu. „Upplýsingar“ á Netinu um menn og málefni geta að sjálfsögðu verið rangar og er þá stundum mikilvægt að þeim sé eytt ef hætta er á því að þær séu eða verði skaðlegar. Er þá edlilegt að þeir, sem málið varðar mest, leitist við að fá þeim eytt af Vefnum. Alls konar gömul skrif á Netinu, sem snúa að einstaklingum og þurfa í sjálfu sér ekki að vera röng, geta einnig komið sér illa fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, sem nú búa við allt aðrar aðstæður en var þegar efnið fór á Netið. Svo að dæmi sé tekið: Hvað um gamlar fréttir af minni háttar lögbrotum tiltekins manns, sem leiddu til lögreglurannsóknar, dómsáfallis og afplánunar á sinni tíð, er hann var ungur að árum, en mættu nú, öllum að skaðlausu, vera gleymdar og grafnar, þegar árin sem liðin eru hafa fært hlutaðeigandi manni nýtt og gerbreytt líf, ef svo má að orði kveða,

þar sem villt líferni ungdómsáranna er langt að baki en viðkomandi býr við gott fjölskyldulíf. Tengingar einstaklinga við gömul mál á Netinu geta einnig komið sér illa fyrir þá, t.d. þegar þeir sækja um störf, þannig að þegar ákveðin mál eru kölluð fram koma nöfn þessara manna sjálfkrafa upp í tengslum við málin. Gildir þá oft einu, ef svo má segja, hvort viðkomandi menn hafa brotið eitthvað af sér á sínum tíma eða ekki. Sérstaklega skyldu menn hafa hugfast, að oft gleymist að geta þess á Netinu, þegar menn sem hafa mátt þola lögreglurannsókn og verið nafngreindir, sæta ekki ákæru þegar til kastanna kemur, eða þegar ákærðir menn – nafngreindir og mjög umtalaðir á Netinu – eru sýknaðir fyrir dómi. Einnig er ljóst, að *tenglar* á Netinu á mál af neikvæðum toga geta verið varasamir og íþyngjandi, þannig að með því einu að slá inn nafn tiltekins manns, birtist sjálfkrafa vísun í netsíður, sem hafa að geyma efnislegar upplýsingar um gömul mál, er sneru með einhverjum hætti að honum fyrir á tíð.

Hér takast á – eins og löngum, fyrir og síðar – tvær stjórnarskrárvarðar grundvallarreglur mannréttinda, sem miklu varða: það er *tjáningarfrelsið*, annars vegar, og *vernd einkalífs manna*, hins vegar. Er sú barátta, sem stöðugt fer fram á þessu sviði, kunnari en frá þurfi að segja: fjölmiðlaneytendur geta skynjað hana á hverjum degi, dómsmál eru háð á þessum grundvelli og um þessi efni er meðal annars fjallað í þeirri fræðigrein lögfræðinnar, sem nefnist *fjölmiðlaréttur*.

Sem skýrt dæmi um fréttamál, þar sem reyndi á álitaefni af þessu tagi í kjölfar þess að nafngreindur lögmaður, er var þá í „sviðsljósinu“, varð polandi harðrar og nærgöngullar umfjöllunar í fjölmiðlum þar sem sagt var frá „gömlum syndum“ hans, skal hér birtur greinarstúfur úr Fréttablaðinu 10. mars 2016. Í greininni, sem nefnist „Einskiptisáhugi“, og birt er undir nafni hlutaðeigandi lögmanns, segir:

„Í síðustu viku var lögmaður handtekinn og í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Það var ég. Eðlilega þótti málið fréttæmt enda væntanlega fá – ef nokkur – dæmi þess að lögmaður sem mætir í venjulega skýrslutöku

með skjólstaðingi sínum sé handtekinn og fluttur í einangrun. Til viðbótar var það gert að fréttar- og fyrirsagnarefni að lögmaðurinn væri með gamla dóma á bakinu fyrir skjalafals. Lesist sem glæpamaður. Dómur fjölmiðla var fallinn. Það reyndist síðan minni áhugi fyrir því að ekki þótti ástæða til að nýta þriggja daga gæsluvarðhaldsúrskurðinn yfir lögmanninum til fulls. Söguskoðunin á brotaferlinum gerði heldur ekki mikið úr því að málin væru annars vegar síðan á unglingsárum og hins vegar frá „ungsmannsárum“ sem því miður einkenndust af taumlausu tilhugalífi við áfengisdrauginn og aðra óreglu. Og auðvitað var því sleppt í þessari hraðsoðnu rannsóknarblaðamennsku að síðastliðin 18 ár, eða frá því að ég setti tappann í flöskuna 25 ára gamall, gerðist fjölskyldumaður og réðist í lögfræðináám, hafi mér auðnast að lifa í ágætri sátt við bæði sjálfan mig og samfélagið. – Lög og leikreglur í íslensku samfélagi eru afdráttarlaus hvað varðar rétt fólks til annars tækifæris eftir að hafa tekið út refsingu sína. Þau eru líka afdráttarlaus hvað varðar sakleysi fólks þar til sekt þess er sönnuð. Þegar fjölmiðlar taka sér dómsvald og kveða jafnvel upp úrskurði sína á örfáum mínútum virðast þessar mikilvægu grundvallarreglur okkar því miður gleymast og einnig hið fornkveðna að aðgát skuli höfð í nærveru sálar. Í þeim efnum á ég við fleiri en mína. Eftir krassandi frétt með hraustlegum uppslátti beinist kastljósið svo að næsta máli. Eftir sitja „gömlu umfjöllunarefni“ gjarnan með sárt ennið og fá ekki rönd við reist. Ég er eitt þeirra. Eitt af mörgum.”

Hér hefur verið vikið að Netinu og sérstökum vandamálum, sem snerta tjáningarfrelsi og einkalífsvernd þar á bæ. Einn þáttur þessa máls snýr beinlínis að mögulegum rétti manna til að fá upplýsingum, er honum tengjast, eytt af Netinu eða að minnsta kosti láta eyða sjálfvirkum tengingum, sem áður var getið um. Nánar til tekið: Um er að ræða „*réttinn til að gleymast á Netinu*“, eins og hann hefur stundum verið kallaður. Hér er beinlínis um mannréttindamál að ræða, enda þótt mögulegur réttur af þessu tagi sé hvergi orðaður hreint og beint í ákvæðum fjölpjódlegra mannréttindasáttmála eða (eftir því sem höfundur er best kunnugt um) í stjórnarskrárgreinum neins ríkis. Um nýlegt hugtak í lögfræðinni er að ræða. Þetta er ekki sjálfgefinn eða augljós réttur, sem einstaklingum (eða jafnvel fyrirtækjum) stendur til boða, heldur er þetta réttarsvið á margan hátt óljóst, þegar á heildina er litið, og enn

í mótun. Þar blasa við margsháttar vandamál, bæði tæknileg og lögfræðileg, sem enn hafa ekki verið leyst. Þarna leikast á hagsmunir þeirra, sem netmiðlum og netsíðum ráða og stjórna, annars vegar, og á hins vegar þeirra, sem telja (oft með réttu) að einhvers konar og nánar tilgreindar upplýsingar á Netinu séu þeim til óþurftar. Við hlutlausar úrlausnir ágreiningsmála á þessu sviði þarf að hafa sýn til allra þeirra hagsmuna, sem hér leikast á, sem og til lagareglna, er til álita koma en eru um margt mjög ófullkomnar. Óvissa og óskýrleiki í þessum efnum eru skiljanlega afar bagaleg. Á síðari árum hafa ýmis þjóðríki sem og þeir völdugu aðilar, sem eru ráðandi í Netheiminum, reynt að setja reglur, sem leysi úr ýmsum vafa- og ágreiningsmálum á þessu viðkvæma sviði.

2. Almenn til réttinn til að fá að gleymast

a. Óskráðar grundvallarreglur?

Þótt fyrrnefndar reglur og álitamál um „réttinn til að fá að gleymast á Netinu“ séu tiltölulega nýjar af nálinni (sem og netnotkun almennt) verður ekki fram hjá því litið, að mun lengra er síðan farið var að móta reglur – mest fyrir tilstuðlan dómstóla í ýmsum löndum – um rétt manna til að fá að „gleymast“ í vissum skilningi, þótt engu Neti væri fyrir að fara. Er þá átt við það, að unnt væri að fá staðfestingu dómstóla á því að ekki væri leyfilegt að nota persónu manna eða tiltekna þætti (oft komna til ára sinna) úr lífi þeirra, sem bæru með sér óþægilegar tilfinningar fyrir þá og nána venslamenn þeirra, til að fjalla um í almennum fjölmiðlum, skáldritum, söguritum eða kvikmyndum. Var þá að sjálfsgöðu barist um þessa tvo „póla“ viðurkenndra mannréttinda, einkalífsvendina annars vegar gagnvart tjáningarfrelsinu hins vegar. Í þeim skilningi eru átök nútímans um rétt til að gleymast á Netinu ekki ný af nálinni ef horft er yfir allt sviðið. Nú er það hins vegar ný og afar öflug tækni, sem flækir málið og gerir ýmsa hnúta vandleystari en átt gat við á fyrri tímum. Skal nú vikið stuttlega að álita- og úrlausnarmálum af þessu tagi frá fyrri

árum, sem eru áhugaverð til umhugsunar – og um leið til samanburðar við það, er síðar verður rætt varðandi lagavandamál, er snúa sérstaklega að einkalífsvernd á Netinu.

Mikilvægt er þá að hafa hugfast, að þær meginreglur og um leið úrlausnarefni, sem hér verður fjallað um, halda vissulega gildi sínu á líðandi stund, því að „netvandamálin“ hafa ekki vikið þeim til hliðar eða leyst þau af hólmi, ef svo má að orði komast.

Meðan 66. gr. stjórnarskrár okkar frá 1944 – um vernd einkalífs manna – hélt gildi sínu í upprunalegri mynd (fram til 1995) hafði sú skoðun einstaka sinnum komið fram í tali fræðimanna í lögum, að í þeirri stjórnarskrárgrein væru ekki tæmandi taldir þeir þættir einkalífsverndarinnar, sem stjórnskipun okkar héldi hlífiskildi yfir. Allt var þó óljóst um þetta, þar til dómur gekk í Hæstarétti árið 1968, sem staðfesti þrátt fyrir allt, að réttarreglur um þessi efni, *víðtakari* en mælt var fyrir um í stjórnarskránni sjálfri, væru til í rétti okkar. Dómur þessi er birtur í *H 1968, 1007*:

Tveir menn tóku að sér að ritstýra læknatali. Við undirbúning verksins sendu þeir læknum eyðublað, þar sem m.a. var óskað upplýsinga um börn þeirra, og var þess m.a. farið á leit að gefnar væru upplýsingar um kynforeldra kjörbarna. Læknir nokkur, er ættleitt hafði barn, gat þess að vísu er hann endursendi fyrrgreint eyðublað, að barnið væri kjörbarn, en gaf hins vegar ekki upplýsingar um kynforeldra þess. Ritstýrendur öfluðu sér þá upplýsinga um þetta úr gögnum Hagstofu Íslands og hugðust birta í ritinu. Umræddur læknir fékk þá lagt *lögban* við því, að upplýsingar um kynforeldra barnsins yrðu birtar. Var krafa hans byggð á 66. gr. stj.skr. svo og þeirri reglu, sem fram kemur í 229. gr. hgl. um vernd gegn uppljóstrun um einkalíf borgaranna. Í lögbanmálinu mótmæltu ritstýrendur því, að 66. gr. ætti við eða tilvísun í 229. gr. hgl. Í Hæstarétti var lögbannið staðfest með þeim rökum, að samkvæmt *grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs*, ætti læknirinn rétt á því að nöfn kynforeldra kjörbarns hans yrðu ekki birt í fyrrgreindu riti. Í dómi Hæstaréttar var ekki vikið að 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Ljóst er, að í máli þessu byggði Hæstiréttur á óskráðum réttarreglum – *meginreglum laga*, eins og það er almennt kallað í lögskýringarfræðum – en til þeirra má því aðeins grípa við úrlausnir dómsmála, er aðrar og „rétthærri“ réttarheimildir, svo sem sett lög og réttarvenju, þrýtur.

Allnokkrum árum síðar var borið undir Hæstarétt lögbannsmál varðandi lestur tiltekinnar skáldsögu í Ríkisútvarpi, sbr. *H 1979, 588*, þar sem einnig reyndi á tilvist og beitingu óskráðra grunnreglna um persónuvernd:

Málavextir voru þeir, að á árunum 1928-1938 bjó T ásamt sambýliskonu sinni og sjö börnum þeirra á tilteknu býli í Skagafirði, en T andaðist árið 1954. Á árunum 1928, 1935 og 1939 hlaut T þrjá refsídóma í aukarétti Skagafjarðarsýslu, en honum var gefið að sök að hafa slegið eign sinni á sauðfé og hross annarra manna. Hann var sakfelldur bæði í héraði og í Hæstarétti og dæmdur til fangelsisrefsingar, sbr. *H 1929, 1293; H 1936, 154*, og *H 1939, 559*. Tvístraðist síðan fjölskyldan og var börnunum komið fyrir á bæjum í sveitinni. Síðla árs 1967 kom út skáldsagan Þjófur í Paradís eftir *Indriða G. Þorsteinsson* rithöfund. Fjallar söguþráðurinn að mestu um bónda, sem býr við kröpp kjör á kotbýli utan alfaraleiðar, með konu sinni og sex börnum. Segir síðan frá samskiptum bóndans við sveitunga sína, áburði um hrossaþjófnad, rannsókn þess máls og dómi yfir honum, og að lokum greinir frá aðskilnaði hans og fjölskyldunnar. Um sjö og hálfu ári síðar, þ.e. 14. apríl 1975, hóf höfundur sögunnar lestur hennar í útvarpi. Börn T og eftirlifandi sambýliskona hans, sem ekki höfðu haft sig í frammi er bókin kom á prent, kröfðust þess þá, að lagt yrði *lögbann* við frekari lestri sögunnar í útvarpi, en þau töldu atriði úr ævi T höfð að fyrirmynd og yrkisefni í bókinni. Var lögbann síðan lagt á hinn 17. sama mánaðar, gegn tryggingu.

Í einkamáli, er fyrrnefndir aðstandendur T höfðuðu síðan til staðfestingar lögbanninu, rökstuddu þeir kröfugerð sína á þann veg, að höfundur bókarinnar Þjófs í Paradís hafi notað T sem fyrirmynd að höfuðpersónu sögunnar, Hervaldi í Svalvogum. Væri það gert “með þeim hætti, að samlíkingin við fyrirmyndina liggi nokkurn vegin í augum uppi. Þannig bendi lýsing fjölskyldu Hervalds, heimilisaðstæður, mannanöfn, nöfn bæja, örnefni og lýsing staðhátta svo og atburðarás sögunnar, svo sem áburður og dómur um sama refsiverðan verknað og T hlaut dóm fyrir, eindregið til þátta í lífi T, svo sem fram komi í dómsmálabókum. Sé ýmsum atriðum jafnvel fylgt svo nákvæmlega, að tekin séu upp í söguna orðrétt svör

skráð við yfirheyrslur í málum T. Þarna sé verið að draga fram í dagsljósið siðferðilega og ámælisverða hrösun, sem „samkvæmt mannlegri reynslu ætti að vera fallin í gleymsku og dá”, svo notað sé orðalag um málsástæður stefnenda í héraðsdóminum. Töldu þeir “lestur sögunnar í útvarpi meiðandi, móðgandi og með öllu ótilhlýðilegan” gagnvart stefnendum og minningu T, og væri það markmið málshöfundunarinnar að vernda minningu T, bæði með tilliti til hans sjálfs og stefnenda.

Máli sínu til stuðnings vísuðu stefnendur ekki á hefðbundnar og skráðar réttarreglur um vernd einkalífs og æru, heldur töldu þeir vera fyrir hendi, eftir íslenskri réttarskipan, óskráða meginreglu, samkvæmt grundvallarreglum laga eða eðli máls, um réttarvernd persónuleika manna, lifandi eða látinna, og væri sú regla víðtakari en ákvæði almennra hegningarlaga. Reistu þeir dómkröfur sínar á þessum reglum.

Hæstiréttur felldi lögbannið úr gildi með þeim ummælum, að ekki yrði talið, að “lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í útvarp fari í bága við þær meginreglur laga um persónuvernd, sem áfrýjendur skírskota til í málflutningi sínum, þannig að kröfur þeirra um staðfestingu lögbannsgerðarinnar geti náð fram að ganga.”

Af orðalagi niðurstöðu Hæstaréttar má sjá, að þar er því ekki hafnað, að óskráðar reglur af þessu tagi séu fyrir hendi, heldur eingöngu því að þær geti átt við í umræddu ágreiningsmáli.

Í dómi þeim, sem birtur er í *H 1975, 578*, má einnig ráða það af forsendum hæstaréttardómsins, að dómurinn geri ráð fyrir tilvist óskráðra “grundvallarreglna um persónuvernd”, en eigi væri ástæða til að beita þeim við úrlausn þess máls.

Í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 97/1995, segir berum orðum, að enda þótt ekki væri sérstaklega vikið að hinni almennu einkalífsvernd í 66. gr. stjórnarskrárinnar frá 1944, hafi þó verið litið svo á, að einkalíf og fjölskylda njóti friðhelgi “samkvæmt óskráðum grunnreglum íslenskrar löggjafar”, en engu að síður þyki “eðlilegt að orða þessi réttindi skýrlega meðal mannréttindaákvæða”, enda sé það í “samræmi við ákvæði

alþjóðlegra mannréttindasamninga um efnið.” Þetta ber væntanlega að skýra svo, að löggjafinn (stjórnarskrárgjafinn) hafi ætlast til þess, að upptaka nýs stjórnarskrárákvæðis í íslenskan rétt, þar sem berum orðum væri kveðið á um almenna einkalífshelgi, myndi nú m.a. fela í sér hinar “óskráðu grunnreglur”, sem gilt hefðu fram að því. Má fallast á þá niðurstöðu, þannig að ekki er þá lengur ástæða til þess að gera ráð fyrir því, að grípa þurfi til “meginreglna laga” varðandi vernd einkalífs, sökum þess að orðalag 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar gefur bersýnilega tilefni til allrúmrar túlkunar.

b. Kunnir menn og ókunnir – “Almannapersónur”

Alkunna er, að margir fjölmiðlamenn hafa mikinn áhuga á því að skýra frá ýmsum *einkamálefnum* manna og að þess háttar efni er gjarna vinsælt meðal almennings. Mjög fer það þó eftir stjórnendum einstakra fjölmiðla (fjölmiðlafyrirtækja) hve langt er gengið í þessum efnum. Afstöðu fjölmiðla þarf að skoða í því ljósi, að af skiljanlegum ástæðum hefur þorri manna mun meiri áhuga á því að fylgjast með ýmsum einkamálum frægra manna heldur en málefnum “næsta manns á götunni”. Er þetta raunar kunnara en frá þurfi að segja – og ótaldir eru þeir fjölmiðlar erlendis, sem beinlínis “lifa” af frásögnun og myndum af lifnaðarháttum kóngafólks, auðmanna, kvikmyndastjarna, frægra skemmtikrafta og annarra þeirra, sem hvað mest eru áberandi í þjóðlífinu.

Því hefur oft verið haldið fram, að réttlæt看legt geti verið að fjalla um einkamál *alkunnra og áberandi manna* (svokallaðra “*almannapersóna*”, e. “*public figures*”) á mun fyllri og nærgöngulli hátt en átt getur við um “almenna borgara” – og verður hér fallist á það að nokkru marki. Þó verður að hafa þar talsverðan fyrirvara á, bæði hvað varðar menn og málefni. Þessi skerðing einkalífshelgindarinnar (eða “víkkun” tjáningarfrelsisins, ef menn vilja heldur líta á málið úr þeirri áttinni) getur áreiðanlega ekki átt við um *allar* frægar eða nafnkunnar persónur og heldur ekki án tillits til þess, hvaða *málefni* fjallað er um. Menn verða frægir af ýmsum ástæðum. Sumir þurfa lítt sem ekki að

hafa fyrir frægðinni, fæðast t.d. inn í fjölskyldur, sem eru á allra vörum (sbr. t.d. kóngafólkið erlendis), en aðrir verða sjálfir að hafa fyrir því að koma sér á framfæri og öðlast “nafn” í fjölmiðlum eða þjóðfélaginu almennt. Vafalaust má yfirleitt slá því föstu, að sá maður, sem vekur athygli á persónu sinni með skipulögðum hætti, svo sem t.d. stjórnmalamaður sem heldur út í harðvítuga kosningabaráttu, megi nú á dögum vanta – og vera maður til að þola – athygli fjölmiðla og ýmiskonar umfjöllun um persónu sína. Mörkin hér liggja langt umfram það, sem réttmætt gæti verið gagnvart almennum borgurum, sem á engan hátt hafa tranað sér fram í sviðsljósið. Þetta getur mun síður átt við um aðra þá, sem eru að vísu alkunnir en án þess að hafa sjálfir unnið að frægð sinni með sambærilegum hætti (dragast inn í fréttir af einstökum atburðum eða því um líkt).

Þeir menn, sem fara með áberandi og ábyrgðarmikil *trúnaðarstörf* í þjóðfélaginu, m.a. sem stjórnmalamenn eða embættismenn, verða að þola fjölmiðlaumfjöllun að vítalausu um þau persónulegu málefni sín, sem geta varðað miklu við mat á því, hvort þeir geti gegnt starfi sínu vansalaust og að öðru leyti með þeim hætti, sem rétt er að vanta af þeim. Sum opinber embætti eru t.d. þess eðlis, að óheppilegt er að hafa þar mann, sem er sérlegur óráðsúmaður um persónuleg fjármál sín og stendur e.t.v. á barmi gjaldþrots af þeim sökum, eða þá mann, sem á í miklum fjárhagsvandkvæðum af öðrum ástæðum.¹⁾ Bæði er að það gefur ekki gott fyrirheit um að honum muni vel farnast fjármálastjórn fyrir almenning, sem honum hefur verið trúað fyrir, og eins hitt að honum er, umfram marga aðra, fremur hætta búin af freistingum svo sem að taka við mútufé, ef því er að skipta. Getur vitneskja um þessa eiginleika mannsins og aðstæður réttilega gefið tilefni til þess að efast um, að hann geti gegnt stöðu sinni með nægum sóma. Almenningur

1 Sem dæmi fjölmiðlaumfjöllunar af þessari ástæðu má benda á skrif DV 8. júlí 1997 um persónuleg fjármál þáverandi ríkissaksóknara, sjá sjá á bls. 2 og á forsíðu þess tölublaðs. Hér verður að sjálfsögðu engin afstaða tekin til sanninda þeirra fullyrðinga, sem þar birtast.

getur vissulega veitt aðhald í þessu efni en um það getur þó bersýnilega ekki orðið að ræða nema vitneskjunn sé komið á framfæri við borgarana fyrir tilstilli fjölmiðla. Svipað er að segja um frásagnir af heilsufari eða skyldum þáttum í fari manna í áberandi trúnaðarstörfum, skipti sú vitneskja máli við mat á því, hvort maðurinn sé líklegur til þess að gegna starfi sínu á viðunandi hátt. Hér má sem dæmi nefna frásagnir af drykkjuskap eða drykkjusýki eða þá enn öðrum löstum (þótt sjúklegir séu), er rýrt geta álit mannsins verulega en eðlilegt getur þó verið að fjalla um opinberlega.

Hins vegar verður yfirleitt ekki séð næg ástæða til þess, að almenningur eigi rétt á vitneskju um hjónaskilnaðarmál manna, sem hér um ræðir, um venjulega tómstundaiðju þeirra eða um mataræði, svo dæmi séu nefnd. Börn þessara manna, er ábyrgðar- og trúnaðarstörfunum gegna, eiga að sjálfsögðu að njóta nákvæmlega sömu réttarstöðu um einkalífsvernd sína og almennum borgurum eru áskilin.

Frægur leikari gegnir að vísu ekki trúnaðarstöðu á sama hátt og stórnámamaðurinn eða embættismaðurinn en hefur engu að síður komið sér á framfæri með list sinni og snilli. Almennt sýnist ekki vera ástæða til þess að almenningur þurfi að fá vitneskju um tiltekna þætti í persónuháttum hans með sama móti og átt getur við um stjórnmála- og embættismennina. Þó kann að vera að hann eigi ekki alveg sömu vernd á öllum þeim sviðum og átt getur við um Jón Jónsson skósmið í Vesturbænum, sem vill umfram allt lifa kyrrlátu og lítt áberandi lífi með fjölskyldu sinni, helst í friði fyrir öllu umtali og hnýsni náungans! Kvikmyndaleikari eða skemmtikraftur getur t.d. augljóslega haft fjárhagslegan ávinning af því (en ekki skaða) að vera mjög í sviðsljósi fjölmiðlanna – og þá ekki einungis vegna frammistöðu sinnar á hvíta tjaldinu eða á sviðinu.^[2]

Sérstakt íhugunarefni er, hvort þeir menn, er verið hafa *frægir um sinn* – vegna starfa sinna eða sérstakra hæfileika, er þeir hafa haldið að

2 Sjá nánar um þessi efni, *Kjartan Gunnarsson*, Friðhelgi einkalífs, bls. 195 og áfr., og þau rit, sem þar er vísað til.

öðrum – geti átt kröfu til þess að fá að *hverfa* úr sviðsljósi fjölmiðlanna og almannaufjöllunar, ef svo má að orði komast, eftir að þeir hafa *látid* af tilteknu starfi eða kjósa að *draga sig í hlé* úr annars konar áberandi hlutverki. Almennt verður að ætla, að fallast megi á þetta að íslenskum rétti. Eigi verða að vísu fundnar hér neinar þær dómsúrlausnir, sem beint fordæmisgildi hafi á þessu sviði, en þó má að nokkru marki hafa hliðsjón af því, að fyrir allmörgum áratugum gekk dómur *bandarísks áfrýjunarréttar* í alríkiskerfinu, þar sem reyndi á þetta atriði:³

Á fyrstu árum 20. aldar var *William James Sidis* frægt undrabarn í Bandaríkjunum. Ellefu ára að aldri hélt hann fyrirlestra um stærðfræðileg efni frammi fyrir virtum háskólaprófessorum og aðeins sextán ára gamall lauk hann brottfararprófi frá Harvardháskóla. Af þessum sökum varð hann mjög kunnur og umtalaður um gjörvöll Bandaríkin – og um leið vinsælt fréttaeftni fjölmiðla. Síðar meir varð hann fyrir andlegu áfalli, sem varð honum einkar þungbært. Eftir það niðurbrot ákvað hann að snúa sér alfarið frá allri vísindastarfsemi og réð sig síðan sem almennan skrifstofumann hjá fyrirtæki nokkru og enn síðar urðu atvinnumálin honum erfið. Lífði hann eftir það mjög kyrrlátu og lítt áberandi lífi en við bág kjör, sem þyngdu lífsbaráttu hans. Líðu svo margir áratugir, en árið 1937 stofnaði vikublað nokkurt þar í landi til greinaflokks, sem kallaðist “Hvar eru þeir nú?” Var þar fjallað um menn, sem fyrr á tíð höfðu vakið á sér athygli fyrir sérstaka hæfileika. Birtist nú grein í þessum flokki um “gamla undrabarnið” William James Sidis, þar sem fjallað var um einstæða hæfileika hans og frægðarferil á bernsku- og æskuárum en jafnframt um áfall hans og síðari aðstæður og lífsferil og um tilraunir hans til að fá að vera í friði fyrir hnýsni manna. Var meira að segja birt viðtal við hann, sem fram fór í dapurlega aumlegri íbúð hans í fátækrahverfi, þar sem umhverfinu var lýst og dregin fram ýmis sérkenni hans og persónulegrar framgöngu hans, sem var nokkuð undarleg. Sidis fór síðan í mál við vikuritid af þessum sökum og hélt hann því fram, að með þessari umfjöllun hefði verið gengið gróflega á persónuvernd hans – hann ætti, með öðrum orðum, rétt á því að fá að vera í friði. Áfrýjunardómstóllinn féllst hins vegar ekki á það sjónarmið hans og benti m.a. á, að líf hans, eftir að hann dró sig í hlé frá umheiminum,

3 United States Circuit Court of Appeals, Second Circuit, 1940, 113, F. 2d 806.

hefði í raun rétttri geymt svar við því, hvort hann hefði uppfyllt þær almennu óskir og vonir, sem hann hafði vakið sem barn og unglingur, og ætti almenningur rétt á að fá upplýsingar um það. Væri því birting greinar þessarar í vikublaðinu vítalaus.

Hér skal því haldið fram, að niðurstaðan ætti að vera önnur að íslenskum rétti, ef um sambærilegt mál yrði að tefla, þ.e. að þagnarvernd einkalífsins ætti hér að veða þyngra en (ímyndaðir) hagsmunir almennings af því að fá að fylgjast með síðara lífsferli undrabarnsins, sem að eigin ósk hafði horfið úr sviðsljósinu og fengið óáreittur að vera í kyrrð og skugga um áratuga skeið. Frásögn af undrabarninu meðan það “var og hét” fyrr á árum, væri þó að sjálfsögðu heimil eftir sem áður, þótt langt væri um liðið, en ekki um núverandi lifnaðarhætti þess.

3. Rétturinn til að gleymast á Netinu

Með tilkomu “Netsins” hafa nýjar gættir opnast á þessu sviði einkalífsverndar. Netið vill helst engu gleyma, eins og áður var sagt. Upplýsingar um einstaklinga, sem Netið hefur að geyma, geta orðið svo íþyngjandi að hlutaðeigandi menn vilja fá þeim eytt – en rekast þá oft á hindranir. Er nú svo komið, að farið er að tala, fullum fetum, um „rétt til að gleymast á Netinu“ („Right to be forgotten“). Er þar allt með talsvert skýrari formerkjum en áður var þó viðurkennt að nokkru marki, sbr. það sem fyrr var sagt um það almenna svið. Segja má, að tæknin skapi hér óendanlega möguleika á upplýsingasöfnun og upplýsingageymslu og geti einnig eytt upplýsingum á Netinu. Spurningin er svo, hvort eða í hve miklum mæli rétt þykir að verða við beiðnum einstaklinga í þessa veru – eða hvort unnt sé að skylda Netfyrirtæki til að afmá tiltekna tegundir upplýsinga án þess að sérstök beiðni frá „þolendum“ hafi komið til. Fjarri fer því, að nægileg regla hafi komist á þau mál, hvort sem litið er til réttarskipanar einstakra þjóða eða til framkvæmdar alþjóðlegra eða fjölþjóðlegra fyrirtækja, sem einna helst bera Netið uppi, ef svo má að orði komast.

Rétt er að hafa hugfast að enda þótt unnt sé að eyða upplýsingum úr leitarvélum, þannig að almenningur eigi ekki lengur greiðan aðgang að þeim, er ekki þar með sagt að upplýsingunum hafi í reynd verið eytt úr fylgsnum tölvuheimsins og er því oft unnt að kalla þær fram við sérstakar aðstæður, sem kunna að vera lögmætar, t.d. vegna lögreglurannsókna.

Miklu varðar, að í *nýju persónuverndarlögin, nr. 90/2018*, sem samræmd hafa verið viðeigandi Evrópurétti á þessu sviði sem öðrum, hafa nú verið tekin upp ákvæði, er varða meðal annars réttinn til að gleymast, sbr. einkum 17. gr., þar sem tryggður er réttur manna til að upplýsingar um þá verði afmáðar þegar þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi, sem lá að baki söfnun þeirra. Frá þeirri meginreglu eru þó undantekningar, meðal annars á grundvelli almannahagsmuna.

Það væri að sjálfsögðu efni í aðra ritgerð og reyndar í heila bók að fjalla um öll þau lögfræðilegu álitaeefni, sem fylgt geta nýju reglunum og framkvæmd þeirra, en hér verður látið staðar numið að sinni.

Roðasteinn

Tiplað á jöðrum réttvísinnar

1. Inngangur

Um þessar mundir (2017) eru sextíu ár liðin frá því að fræg og mjög umtöluð réttarhöld fóru fram í Noregi. Þau snerust um *tjáningarfrelsi* – nánar til tekið *ritfrelsi*. Þegar dómur gekk í málinu olli hann þegar í stað miklum tilfinningahita og harkalegum deilum þar í landi og eimdi lengi eftir af þeim ágreiningi. Margt var ritað og margt var sagt, misjafnlega þungvægt eins og gengur.

Um var að ræða *refsimál*, sem höfðað var gegn höfundi bókar, er þá var nýlega (1956) komin út í Noregi, og nefndist „*Sangen om den røde rubin*“ (hér eftir oft nefnd Roðasteinninn). Höfundurinn var *Agnar Mykle*, þá ungur og upprennandi rithöfundur í sínu heimalandi. Árið 1954 hafði sami höfundur sent frá sér bók, er nefndist „*Lasso rundt fru Luna*“, sem um margt líktist síðari bókinni, meðal annars um djarfar kynlífslýsingar. Báðar fjalla bækurnar um ungan mann, sem á í nokkurri tilvistarkreppu og flækist inn í margvísleg kvennamál, sem hann ræður illa við. Eru síðan miklar og nákvæmar lýsingar á ástarfari hans, og hvergi dregið af. Var það álit margra, bæði í Noregi og nærliggjandi löndum, að hér væri í raun réttir um *klámbókmenntir* að ræða. Nokkrar útgáfur birtust af bókunum í Noregi og víðar og kvikmynd var einnig gerð eftir Roðasteininum síðar. Hér verður ekki leitast við að fjalla um efni þessara bóka umfram það sem nauðsynlegt er til að varpa ljósi á lögfræðilega hlið málsins, né heldur um bókmenntalegt gildi þeirra, en þess í stað einvörðungu greint frá málaferlum þeim í Noregi, er hér var vikið að, og um eins konar „eftirmál“ þeirra á Íslandi, en þau gefa okkur tilefni til íhugunar um *ritfrelsi* og mögulegar takmarkanir þess.

2. Málaferli í Noregi

Fyrir undirrétti – bæjarrétti í Ósló (Oslo byrett) – lágu fyrir kröfur frá ákærvaldinu um, 1) að höfundur bókarinnar „Sangen om den röde rubin“, *Agnar Mykle*, og forstjóri útgáfufyrirtækisins Gyldendal í Noregi, *Harald Grieg*, yrðu dæmdir til refsingar fyrir útgáfu kláms, 2) að ávinningur af hinni saknæmu útgáfu yrði gerður upptækur lögum samkvæmt og 3) að óseld eintök bókarinnar yrðu gerð *upptæk*. Var þessi kröfugerð ákærvaldsins byggð á því, að hér væri í raun rétttri um klámrit að ræða, sem refsivert væri eftir hegningarlögum að birta.

Dómur var kveðinn upp í undirrétti 10. október 1957. Þar varð niðurstaðan sú, að hinir ákærðu, höfundur og forstjóri, voru *sýknaðir*. Hinir ákærðu höfðu þá þegar lýst því yfir opinberlega, að þeir myndu láta ágóðann af sölu bókarinnar í Noregi renna í sérstakan bókmenntasjóð og var það áréttað í dóminum. Hins vegar voru óseld eintök af bókinni gerð *upptæk* sem og prentlögn („sats“) hennar. Dómurinn taldi, að bókin væri að vísu *klámrit* („utuktig skrift“) í skilningi hegningarlaga en að höfundur og forstjóri útgáfufyrirtækisins hafi ekki gert sér grein fyrir því, það er verið í *góðri trú* um lögmæti textans, og yrði sú afstaða þeirra ekki metin þeim til sakar! Af þeirri ástæðu voru þeir sýknaðir af refsikröfu. Hins vegar taldi dómurinn vera full efni til að mæla fyrir um upptöku óseltra eintaka þessa klámrits, meðal annars sökum fyrirbyggjandi og fráfelandi áhrifa þeirrar ákvörðunar.

Í rökstuðningi undirréttardómsins segir meðal annars:

„Retten vil her for det første minne om at man i seksuelle spørgsmål har hatt noe av en brytningstid i de senere år. Oppfatningene har stått stilt mot hverandre, og dette er vel situasjonen også i dag. Motsetningene viser seg på mange måter, men kommer kanskje særlig klart frem i divergerende syn på moderne skjønlitteraturs behandling av seksuelle emner. Samtidig er det vel et uomtvistelig faktum at tendensen lenge har gått i retning av større åpenhet, og det er vanskelig for den enkelte å vite hvor vi nå står [...]. At de mer profesjonelt litterære har fått inntrykk av at det gjelder en nokså ubegrenset frihet for behandlingen av seksuelle emner er under slike

omstendigheter ikke egnet til å forundre. Til det som er nevnt kommer så det faktum at det er gått mer en 70 år siden det forrige gang ble reist sak om et skjønlitterært skrifs utuktige karakter. Man har således helt savnet den domspraksis som kunne ha gjort det klart at det fremdeles eksisterer en grense, og som i en så usikker materie kunne ha gitt en viss veiledning om hvor grensen går. Under hensyn til de særegne omstendigheter som man her har gjort rede for finner retten ikke grunn til å betvile at de tiltalte har vært i god tro. Heller ikke finner retten at deres gode tro under slike forhold kan bebreides dem som uaktsom [...].“



Þegar hér var komið sögu var prentupplag bókarinnar komið í 60.000 eintök en lesendafjöldi áætlaður að minnsta kosti 200.000. Þegar lögregla fór í bókabúdir í Ósló morguninn eftir dómsuppsöguna í þeim tilgangi að gera þau eintök, sem þar voru finnanleg, upptæk, fundu þeir einungis 199 eintök. Má því segja, að eftirtekjan væri lítil þótt hátt væri reitt til höggs í dóminum!

Máli þessu, að því er varðaði innköllun eintaka, var síðan áfrýjað til Hæstaréttar Noregs¹. Þar urðu úrslit þau, með dómi frá 9. maí 1958 – en rétturinn var fullskipaður

dómendum – að ekki væru næg efni til að *innkalla* bókina og var þannig niðurstöðu undirréttar hafnað hvað það atriði varðar. Mikill meiri hluti dómaraanna var þessarar skoðunar en þrír voru ósammála þeirri niðurstöðu. Deilt var um það fyrir Hæstarétti, hvort um klámbókmenntir („utuktig skrift“) í skilningi þarlandra hegningarlaga væri að ræða. Komu fram verulegar efasemdir dómenda, sem mynduðu meiri hluta dóms, um mat þessa mikilvæga atriðis og var meðal annars bent á, að skoðanir almennings á því,

1 Sjá Norsk retstidende 1958, bls. 479 og áfr. Þar er héraðsdómurinn í málinu einnig birtur.

hvort ritefni væri klámefni eða ekki hefðu breyst mikið á síðari áratugum – og þá eindregið í frjálsræðisátt. Roðasteinninn væri djörf bók, í þessum skilningi, en þó ekki eindregin kámbók. Gæta yrði varkárni við að dæma verk saknæmt af þessari ástæðu.

Í dómsatkvæði þess hæstaréttardómarans, sem fyrstur greiddi atkvæði (og flestir aðrir tóku undir í meginatriðum), segir meðal annars:

„Sangen om den røde rubin“ går etter min mening – til tross for de momenter jeg har nevnt i forfatterens favør når det gjelder vurderingen af et slikt verk – betenkelig langt. Det gjelder både mengden og arten af de skildringer som på en eller annen måte har med kjønnslige forhold å gjøre. Når jeg allikevel viker tilbake for å karakterisere boken som et utuktig skrift, har det vært avgjørende for meg at domstolene på dette område bør vise den ytterste tilbakeholdenhet. Prinsippet i Grunnlovens § 100 tilsiger etter min mening at man hvor det – som her – er tvivl, heller bør frifinne enn felle. Mit resultat blir altså at begjæringen om inndragning ikke tas til følge og at forlaget derfor må frifinnes.“

3. Eftirleikur á Íslandi

Norski undirréttardómurinn frá 10. október 1957, sem fyrr var greint frá og staðhæfði að „Sangen om den røde rubin“ væri klámrit, hafði fljótlega árif hér á landi – og sýndist sitt hverjum. Til voru þeir, sem fögnuðu þessari dómsniðurstöðu og vildu með einörðum hætti beita sér gegn því, að hin umdeilda bók yrði nokkru sinni gefin út á Íslandi, enda myndi efni hennar stríða gegn ákvæðum íslenskra hegningarlaga um birtingu klámefnis. Aðrir töldu dóminn fá illa samræmst nútímahugmyndum um mannréttindi, það er stjórnarskrárvörðu *prentfrelsi*.

Nokkru áður hafði íslenskur útgefandi snúið sér til þjóðkunnugs skálds og rithöfundar, *Jóhannesar úr Kötlum*, með beiðni um að hann þýddi umrædda bók á íslensku og yrði hún svo gefin út í kjölfarið. Atburðir, sem síðar urðu, leiddu hins vegar til þess, að af þeirri útgáfu varð ekki – og enn hefur þetta umdeilda bókmenntaverk ekki fengið að njóta sín á okkar ástkæra, ylhýra máli.

En nú fór að hrikta í stoðum!

Þjóðkunnur menningarfrömuður, *Kristján Albertsson*, rithöfundur og sendifulltrúi, sendi „opið bréf til lögreglustjórans í Reykjavík“, sem birtist í *Morgunblaðinu* 12. október 1957. Þar segir meðal annars:

„Norðmenn hafa nú fellt dóminn yfir skáldsögu Agnars Mykle, *Sangen om den røde rubin*. Höfundinum verður hlíft við hegningu, sömuleiðis útgefanda, en sala á bókinni er bönnuð, og það, sem enn er óselt af henni, gert upptækt og væntanlega brennt, eins og hver annar óþverri. En hér í Reykjavík er haft fyrir satt, að forlag, sem bað um leyfi til íslenskrar útgáfu, hafi fengið það svar, að sá réttur væri þegar seldur. Eftir því að dæma má búast við því, að þessi bók komi þá og þegar á markaðinn í íslenskri þýðingu.

Ég leyfi mér, herra lögreglustjóri að vekja athygli yðar á þessu og beina til yðar þeim tilmælum, að þér takið til athugunar, hvort útgáfa þessi sé ekki brot gegn lagafyrirmælum um bann gegn útgáfu kláms, og hvort þá sé ekki ástæða til að bregða skjótt við og banna bókina þegar í stað, er hún kemur út – *samdægurs* og því næst samstundis, en ekki þá fyrst þegar salan hefur farið fram dögum saman, og ritið er komið inn á hundruð eða þúsundir heimila um allt land. Eða hvernig væri að grennslast fyrir um, hver muni vera væntanlegur útgefandi – og vara hann við?

Ef þessi bók yrði leyfð á Íslandi, þá hafa yfirvöld landsins þar með afsalað sér réttinum til að beita lögum nokkru sinni frammar gegn sölu klámrita og klámmynda. Þá hefðu dyrnar verið opnaðar upp á gátt fyrir hverjum þeim, sem vildi gera sér slíkan varning að féþúfu. Því að blygðunarlausara og framúr hófi ósmekklegra klám er vart hægt að hugsa sér en margendurteknar lýsingar Mykles á dýrslegum aðförum – upploginn þvættingur með plebejiskum munnsöfnuði. Ungt fólk er ekki svona.

Mykle er stórgáfaður höfundur og saga hans að langmestu leyti bæði falleg og alvarleg bók. En því miður skiptir það engu þegar dæma skal, hvort leyfa beri bókina. Ekki fremur en það skiptir máli, hvort vökvinn í glasi er að níu tíundu hlutum kampavín, kókakóla eða sýrublanda – ef hrært hefur verið ólyfjan eða saur saman við drykkinn. Þá verður að henda honum.

Málsóknin gegn Mykle og útgefanda hans á vonandi eftir að reynast einn markverðasti og afdrifaríkasti atburður í norrænu menningarlífi á síðari

tímum – sem sterk mótmæli gegn vaxandi tilhneiging nútímahöfunda að krydda skáldskap sinn með lýsingum líkustum þeim sem apar og svín myndu setja saman, ef apar og svín gætu skrifað – en til dæmis kettir aldrei. Því kötturinn er þrifið dýr og hefur andstyggð á vondri lykt.

Skáldskapur á rétt á öllu því frjálsslyndi og allri þeirri þolinmæði sem hugsanleg er, þegar dæma skal hvort heldur efnisval eða efnismeðferð. En einhvers staðar verða þó takmörkin að vera. Og engum manni með óbrjálaða velsæmiskennnd getur dulist, að í sögu Mykles er farið langt yfir öll þau takmörk, sem smekkur jafnvel okkar frjálsslyndu tíma hlýtur að setja. Þess vegna bönnuðu Norðmenn bókina. [...].

Í Ameríku hefur sú hugmynd komið fram, að brennimerkja *P* (pornografi) á enni þeirra, sem hafa klámrit til sölu.

Við skulum umfram allt ekki taka t.d. Dani til fyrirmyndar í þessum málum. Við getum margt af þeirri ágætu þjóð lært, en vissulega ekki allt. Við hljótum að hafa okkar eigin hefðir, okkar eigin hugmyndir um hvað sé mönnum samboðið og til þess fallið að gera okkur að betur síðaðri þjóð. Við höfum aldri leyft að prenta í okkar landi skáldskap eins og verstu blaðsíðurnar í Söngnum um roðasteininn. Og við ættum allir að vera sammála um, að við ætlum *aldrei að byrja á því*.“

Væntanlegum útgefanda ritsins hér á landi þótti nú næg ástæða til að spyrjast fyrir um það hjá viðkomandi yfirvöldum, hvernig þau myndu bregðast við fyrirhugaðri útgáfu bókarinnar um roðasteininn. Svars var ekki langt að bíða. Innan nokkurra daga barst öllum prentsmiðjustjórum í Reykjavík svohljóðandi bréflæg tilkynning frá lögreglustjóranum í Reykjavík, undirrituð af honum:

„Hér með er þess farið á leit við yður, herra prentsmiðjustjóri, að þér látið mig tafarlaust vita, ef yður berst beiðni um að prenta bók Agnars Mykle, „Sangen om den røde rubin“. Jafnframt leyfi ég mér að tjá yður, að ákvörðun hefur verið tekin um að stöðva útgáfu framangreindrar bókar, ef hún verður prentuð á íslensku, og verður málið sent dómstólunum til meðferðar.“

Í viðtali, sem birtist í Morgunblaðinu 1. nóvember 1957, segir lögreglustjórinn í Reykjavík nánar um þetta mál:

„Fyrir nokkru var ég á fundi út af þessu máli með ráðuneytisstjóra og deildarstjóra dómsmálaráðuneytisins [...]. Ræddum við um það, hvort leyfð skyldi útgáfa þessarar bókar á íslensku. Eftir talsverðar umræður um málið kom okkur saman um, að ef nokkuð væri klám samkv. 210. gr. hegningarlaga, þá væru ákveðnir kaflar í Roðasteininum það. Í þessari grein segir: „Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sekt, varðhandi eða fangelsi, allt að sex mánuði“. Samkvæmt þessu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvað er klám, og gátum við ekki betur séð en að gróft klám væri á köflum í bókinni. Bæri því nauðsyn til að stöðva útgáfu hennar á íslensku og síðar, ef nauðsyn krefur, að fá úr því skorið, hvort þetta mat sé ekki rétt. Eftir fund okkar féllst dómsmálaráðuneytið á fyrrnefnda skoðun okkar. Ég tilkynnti þá þýðingarrétthafa [...], þessar niðurstöður af viðræðum okkar. Hann sagði mér, að hann mundi ekki hugsa um útgáfuna og var raunar þakklátur að fá að vita þetta í tíma, áður en hann legði í kostnað. [...]. Mér finnst þessi aðferð ólíkt skynsamlegri: að taka afstöðu til málsins í tíma, áður en menn hafa lagt vinnu og fjármagn í útgáfu bókarinnar, sem síðar yrði þá sennilega gerð upptæk. Mér finnst viðkomandi aðilar hreint og beint eiga siðferðilegan rétt á slíkum vinnubrögðum frá hendi hins opinbera.“

Í sama tölublaði Morgunblaðsins er þetta síðan haft eftir ráðuneytisstjóranum í dómsmálaráðuneytinu úr viðtali blaðsins við hann:

„Hann sagði, að hið eina, sem gerst hefði, væri það, að lögreglustjóri með samþykkt dómsmálaráðuneytisins og þá auðvitað dómsmálaráðherra um leið, hefði aðvarað væntanlegan útgefanda um að leggja ekki út í fyrirtækið, því þá yrði málið borið undir dómstólana. Þetta er engin ritskoðun, sagði ráðuneytisstjórinn, þetta er aðeins aðvörun. Væntanlegur útgefandi hefur það auðvitað í sínum höndum, hvort hann reynir að koma bókinni út eða ekki, en hann veit á hverju hann á von. Ég get ekki annað séð en þetta séu góð vinnubrögð í málinu og ætti að spara fjárútlát. [...]. Við spurðum hann að því, hvernig honum hafi litist á bókina, þegar hann las hana. Hann svaraði: Bókin er að sumu leyti góð en alveg óhæfileg í ástarlýsingunum. Ef ég ætti að segja mína persónulegu skoðun á málinu væri hún á þá leið, að bókin ætti ekkert erindi til íslenskrar æsku.“

Á sama stað birtust einnig ummæli Kristjáns Albertssonar rithöfundar, sem fyrr var nefndur, og gladdist hann að vonum yfir framvindu mála:

„Ég get ekki annað en látið í ljós mikla ánægju mína yfir þessum málalokum. Það hefur komið í ljós, að til eru þjóðir, sem hafa heilbrigði og manndóm til að rísa gegn viðbjóðslegum ósóma í bókmenntum – eins og nú hafa gert Norðmenn, Finnar og Íslendingar.“

Dagblaðið Þjóðviljinn birti nú hörð mótmæli gegn fyrrgreindum ákvörðunum lögreglufirvaldanna. Í forsíðugrein (án höfundarnafns) 2. nóvember segir um þetta mál – og eru skoðanir blaðsins afdráttarlausar. Telur það, að umræddar ákvarðanir yfirvaldanna hafi verið algerlega andstæðar lögum og falið í sér *ritskoðun*:

„Í prentfrelsilögum segir svo um skyldur prentsmiðja í 4. gr.: „Skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin frá því að hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið“. Um viðbrögð yfirvaldanna segir síðan í 13. gr. laganna, að þau ákveði „hvort höfða eigi mál gegn riti sakir efnisins að tilhlutan hins opinbera. *Hald má, þegar svo stendur á, einungis leggja á ritið eftir úrskurði rannsóknardómarans*“. Með öðrum orðum: Afskipti yfirvalda af riti koma ekki til greina fyrr en *eftir að það hefur verið prentað*. Þau geta þá kært það fyrir dómstólunum, ef þau telja ástæðu til, en það er *rannsóknardómarinn einn sem hefur heimild til að stöðva sölu og þá að sjálfsögðu eftir venjulega málsmeðferð fyrir rétti og rökleiðslur á báða bóga*. Þegar lögreglustjóri segir í bréfi sínu til prentsmiðjanna: „ákvörðun hefur verið tekin um að stöðva útgáfu framangreindrar bókar, ef hún verður prentuð á íslensku,“ er hann kominn langt út fyrir heimild laga og tekur sér vald, sem hann á alls ekki. Og með því að taka sér þetta vald hafa lögreglustjórinn og dómstálmálaráðgjafi brotið stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Stjórnarskráin er mjög afdráttarlaus um þetta atriði. Hún segir svo í 72. grein: „*Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir má aldrei í lög leiða*“. Þetta er þannig grundvallaratriði í stjórnarskránni, svo skilyrðislaust að alþingi er óheimilt að setja lög, er tálma prentfrelsi, jafnvel þótt alþingismenn vilji. En lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með samþykki dómstálmálaráðherra tekið upp *ritskoðun og lýst yfir tálmunum á prentfrelsi, að því er varðar skáldsögu*

Mykles. Er þess að vænta, að slíkri ósvinnu verði ekki unað, enda þótt dómsmálastjórnin hafi brugðist skyldum sínum. Hér er um að ræða grundvallaratriði en ekki hitt, hvort menn telji einhvern sérstakan feng að því að fá bók Mykles í íslenskri þýðingu eða ekki.“

Dómsmálaráðuneytið gaf nú út sérstaka yfirlýsingu vegna þessa máls, dags. 2. nóvember 1957, þar sem það ber af sér áskanir um ritskoðun og leitast við að þvo hendur sínar. Í yfirlýsingunni segir meðal annars:

„Rétt þykir af þessu tilefni að leggja á það áherslu, 1) að ráðuneytið hefur ekki bannað og getur ekki bannað útgáfu neinnar bókar, 2) að dómstólarnir einir geta tekið slíka ákvörðun eftir því sem lög kunna að standa til og 3) að jafnvel dómstólarnir geta ekki bannað prentun bókar eina út af fyrir sig, þar sem fleiri atriði þurfa að koma til svo að saknæmt sé, þ.e. birting eða fyrirhuguð dreifing bókar með saknæmu innihaldi. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur í samráði við ráðuneytið skýrt hlutaðeigendum frá því, að ef til þess kæmi að umrædd bók yrði gefin út á íslensku, mundi verða hlutast til að dreifing bókarinnar yrði stöðvuð til bráðabirgða uns dómstólum hefði gefist tóm til að skera úr því, hvort birting hennar varðaði við lög. Um lagaheimild til slíkra bráðabirgða aðgerða hefur ekki verið deilt. Það er því hverjum manni heimilt að láta prenta bókina, enda beri hann í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar ábyrgð á efni hennar fyrir dómi.“

En nú var svo komið, að væntanlegur útgefandi íslenskrar þýðingar bókarinnar, sem hafði snúið sér til Jóhannesar skálds úr Kötlum af því tilefni, eins og áður greindi, var orðinn afhuga útgáfu hennar – fyrrnefndar hótanir yfirvalda höfðu haft sín áhrif!

Hins vegar var brugðið á það ráð að gefa út fyrri bók Mykles, „Frú Lúna í snörunni“ („Lasso rundt fru Luna“) árið eftir, 1958, í íslenskri þýðingu Jóhannesar úr Kötlum. Hér skal fullyrt, að vart verði á milli séð hvor bókinn, Frú Lúna eða Roðasteinninn, sé berorðari um kynlífsmálefni. Athyglisvert er, að engin rekistefna virðist hafa verið gerð vegna útgáfu þeirrar bókar, hvorki hér á landi né annars staðar. Lögregluyfirvöld litu nú bersýnilega í aðra átt, ef svo má að orði kveða. Í ritdómi um frú Lúnu í Tímariti Máls og

menningar, 3. tbl. 1958[2], segir Halldór Stefánsson rithöfundur, að þýðing Jóhannesar skálds sé „með ágætum“.

Við athugun kemur í ljós, að allnokkur eintök af frú Lúnu eru til í íslenskum almenningubókasöfnum en afar fá af norskri gerð hennar og Roðasteinsins.

Svo fóru hins vegar leikar, að Roðasteinninn var aldrei gefinn út á íslensku. Það síðasta, sem gerðist, formlega séð, í málefnum þeirrar bókar og sem að Íslandi snýr var, að *Jóhannes skáld úr Kötlum* ritaði litla bók (98 síður), er hann nefndi „*Roðasteinninn og ritfrelsið*“ og út var gefin í Reykjavík 1958. Gerir hann þar grein fyrir mörgum þáttum þessa máls, eins og þeir horfðu við honum sem rithöfundi og bókmenntamanni. Taldi hann að mjög hafi verið hallað á ritfrelsið með þeim aðgerðum, sem leiddu til þess að fallið var frá útgáfunni. Má sannarlega vísa til þeirrar bókar um flest sem máli skiptir varðandi hinn rauða stein, rúbíninn, í fyrirhuguðu bókarformi á okkar landi. Rétt er að hafa í huga, að er Jóhannes ritaði umræddan bækling sinn, var hæstaréttardómur um bókina í Noregi enn ekki genginn, þar sem niðurstöðu undirréttar um það, hvort um ósiðlegt rit væri að ræða, var snúið við eins og áður greinir.

4. Lokaorð

Þess var áður getið, að mörgum virðist sem ekki sé síður um djarft efni að ræða í bók Mykles, „Lasso rundt fru Luna“ en í Roðasteininum margumtalaða. Athyglisvert er þá, að ekki var gerð tilraun til að banna fyrrnefndu bókina í Noregi, er hún fyrst kom út 1954 – né heldur síðar. Öll athyglin og reiptogið snérist hins vegar einvörðungu um Roðasteinninn. Svipað gerðist hér á landi, því að árið 1958 var frú Lúna gefin út í íslenskri þýðingu Jóhannesar úr Kötlum (sem hafði orðið að hverfa frá þýðingarstörfum við Roðasteinninn árið áður, 1957) – og olli sú útgáfa engri teljandi ókyrrð manna á meðal þótt sumum finndist bókin reyndar vera klúr. Athugandi er, að þegar hér var komið

sögu hafði hæstaréttardómurinn í Noregi um Roðasteininn verið kveðinn upp, þar sem staðfest var, að ekki væri um ósiðlegt rit að ræða í skilningi þarlendra hegningarlaga. Varð sú niðurstaða vitaskuld kunn héraendis. Mátti þá væntanlega ljóst vera, að hið sama ætti í raun rétttri við um *báðar* bækurnar að mati norskra dómstóla, ef á reyndi – og að sú myndi niðurstaðan einnig verða hér á landi, ef dómsmál yrði höfðað. Verður því ekki annað séð, en að norska dómnum gengnum hefði mátt ráðast í útgáfu Roðasteinsins hér á landi, þótt af því yrði ekki.

Ekki verður hjá því komist að benda á, að óduldar *hótanir* íslenskra lögreglufyrivalda um *fyrirbyggjandi* og *fyrirfram gefna* stöðvun prentunar Roðasteinsins, ef einhver gerðist svo djárfur að ætla að koma honum á þrykk, fólu tvímælalaust í sér *ritskoðun*, sem stjórnarskrá okkar leggur bann við. Það að koma *fyrirfram* í veg fyrir prentun rits, eftir efniskönnun þess á vegum lögreglufyrivalda, er einmitt augljóst og vart umdeilanlegt dæmi um ritskoðun og felur í sér tilræði við prentfrelsið, sem stjórnarskránni er einnig ætlað að tryggja. Eru því þær aðgerðir íslenskra lögreglufyrivalda, er fyrr var lýst, skýrt og eftirminnilegt dæmi um misbeitingu valds. Verður sannarlega að vænta þess, að sú hefði orðið niðurstaða íslenskra dómstóla hefði málið að lokum ratað þangar. Þess vegna er íslenskum lögfræðingum jafnt sem öllum almenningi hollt að vita um þessi málefni, sem voru á margra vörum fyrir nokkrum áratugum.

Öllum má vera augljóst, að mjög mikil breyting hefur orðið á afstöðu almennings jafnt sem bókmenntamanna hér á landi (og einnig í nærliggjandi löndum) til hugtaksins *klám* og þá jafnframt til þess refsínæmis kláms, sem hegningarlög okkar mæla enn fyrir um. Það, sem talið var til (refsiverðs) kláms fyrir allmörgum árum, myndi ekki endilega hljóta þann dóm í augum meiri hluta mann nú á tímum. Um þetta eru skýr dæmi úr bókmenntum, kvikmyndum (m.a. í sjónvarpi) og úr Netheimum, og þarf vart að orðlengja um. Þetta myndi auðvitað hafa áhrif í héraendum dómsmálum um þessi efni, ef höfðuð verða.

Í þessu ljósi myndi nú bókin um Roðasteininn verða vegin og metin ef á reyndi í dag. Enginn myndi nú amast við íslenskri þýðingu hennar, ef til kæmi, þótt sjálfsagt myndu líklega ekki allir beinlínis fagna útgáfunni. Hún myndi hins vegar ekki þykja miklum tíðindum sæta nema þá helst í ljósi sögunnar. Engu að síður skyldum við vera þess minnug, að ekki eru sérlega margir tugir ára síðan nokkur málaferli voru í gangi vegna kláms, sem komið hafði til birtingar í máli eða mynd³. Er því líklega vart tímabært að útiloka það, að einhver lagaleg togstreita geti enn orðið um þessi efni.

3 Sjá m.a. bækur mínar, *Fjölmiðlaréttur* – Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna, Rvík 1997, bls. 86 og áfr., og *Lagaþankar* – Safn greina um réttarframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum, Rvík 2016, bls. 129 og áfr.

Rétturinn sem þáttur þjóðmenningar

Réttarsaga, réttarþjóðfræði, réttarminjafraði og aðrar
skyldar greinar á meiði þjóðmenningarfræða^[1]

1. Lög og veruleiki

Löngum hefur verið viðurkennt, að fræðsla um *réttarreglur og lögskipan fyrri tíðar* sé æskilegur þáttur í lagakennslu í háskólum og að kunnátta í þeirri grein – hinni almennu réttarsögu – geti verið hjálpleg til skilnings á ýmsum réttarreglum nútímans, því að margar þær reglur, sem nú eru lögfestar, hvíla á gömlum undirstöðum, stundum traustum. Mjög er þó misjafnt eftir háskólum víða um heim, hver áhersla er lögð á réttarsögu sem kennslugrein. Sums staðar er hún meðal helstu greina, sem kenndar eru á fyrsta ári laganáms, en annars staðar fer lítið fyrir henni í því námsefni, sem öllum laganemum er ætlað að tileinka sér, skilyrðislaust. Hins vegar mun víðast, a.m.k. í hinum stærri háskólum á Vesturlöndum, vera boðið upp á kennslu í réttarsögu sem valgrein – ef ekki í almennri réttarsögu (sökum þess að hún er skyldugrein í þeim háskóla) þá a.m.k. á einhverjum sérhæfðum sviðum greinarinnar, svo sem í rómarrétti, kirkjuréttarsögu e.þ.h.

1. Áður birt í *Lagaskuggsjá*, Rvk. 2004.

Kennslu í réttarsögu verður ekki haldið uppi á háskólastigi nema jafnframt fylgi *rannsóknir* í henni. Víða um lönd fara fram miklar rannsóknir í réttarsögu og svo hefur lengi verið, en varla er á neinn hallað með því að segja, að óvíða hafi rannsóknir í þeirri grein náð jafn langt – og byggi jafnframt á eldra grunni – en í þeim löndum, sem kennd eru við hinn þýska mál- og menningarheim (þ.e. í Þýskalandi, Austurríki og Sviss). Þar er gróin hefð fyrir almennri réttarsögu sem áherslugrein í laganámi a.m.k. allt síðan á dögum *sögustefnunnar* í lögfræðinni, frá því um eða fyrir miðja 19. öld, en áhrifa frá þeirri stefnu gætti reyndar við kennslu og rannsóknir í öllum greinum lögfræði um nokkra hríð. Þá stendur kennsla í rómarrétti (sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að falla undir réttarsögukennslu eftir hugsunarhætti flestra nú á tímum) víða á fornum grunni meðal margra Vestur-Evrópuþjóða.

Almenna réttarsagan fæst einkum við rannsóknir á og kennslu í efnis- og formreglum fyrri tíðar. Reynt er að skýra reglurnar og kanna rætur þeirra, kerfa þær og draga af þeim vissar ályktanir um lögbundna þjóðfélagsskipan á hverjum tíma. Heimildafræði skipar að sjálfsögðu háan sess í því ferli. Einkum er fengist við þær réttarreglur, sem varða meginstofnanir þjóðfélagsins, í reynd fyrst og fremst opinberar stofnanir og embætti en jafnframt stundum “stofnanir”, er tengjast einstaklingum (undir opinberri umsjá), svo sem við á um hjónabandið og fjölskylduna. Athyglisvert er hins vegar, að almenna réttarsagan hefur yfirleitt látið sig litlu varða réttarreglurnar um fjármálaviðskipti manna, svo sem um kaupsamninga og leigusamninga, og um eignamál, sem þó hafa ætíð skipt miklu í samfélaginu. Í reynd hefur athyglin einkum beinst að lagagrundvelli yfirstjórnar ríkjanna á liðnum tímum og margir kennarar í þessum fræðum komast aldrei út fyrir þá múra viðfangsefnisins, ef svo má að orði komast.

En sannast sagna má hins vegar nálgast rétt fyrri alda með margvíslegum hætti öðrum en þeim, sem algengast er og hér var lýst. Þeir fræðimenn, er

hafa einkum fengist við kennslu og rannsóknir í almennri réttarsögu, hafa margir hverjir lagt litla (og stundum enga) áherslu á *framkvæmd* laganna gagnvart almenningi, eða hvaða *hugmyndir* (einnig *ranghugmyndir*) alþýða manna á fyrri tímum gerði sér um eðli og efni landslaganna og um starfsemi og stöðu þeirra embættismanna, sem áttu að framfylgja lögnum, eða um stofnanir þjóðfélagsins yfir höfuð. Þó er miður að þessu skuli vera á þann veg farið, því að mikil tengsl hafa ætíð verið – og eru enn – milli laga og samfélags, milli réttar og þjóðlífs, milli réttarmenningar og almennrar þjóðmenningar. Rétturinn er ein af birtingarmyndum menningarinnar². Hann lætur sér fátt mannlegt óviðkomandi og þegar grannt er skoðað sjáum við, að hann snertir – eða getur snert – æði margar hliðar mannlífsins. Til nánari umhugsunar má nefna, að ýmsum mun áreiðanlega síst detta í hug, að óreyndu, að sterk tengsl geti verið milli réttarreglna og réttarframkvæmdar, annars vegar, og listrænnar sköpunar hins vegar. Óteljandi dæmi sanna þó, að þess háttar tengsl eru einmitt fyrir hendi – og hefur verið svo lengi sem rakið verður.

Stundum hefur verið sagt, að rétturinn sé “spegill” samfélagsins og að sumu leyti er það áreiðanlega satt og rétt. En við þess háttar fullyrðingu ber þó að hafa fullan vara á. Réttarreglurnar, eins og þær birtast okkur í ákvæðum lagasafna og lögbóka fyrri tíðar, geta aldrei gefið okkur sanna eða nákvæma “spegilmynd” af því lífi, sem lifað var í okkar landi eða öðrum löndum. Til þess liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi ber þá að nefna, að sumum þáttum í mannlegu fari verður aldrei skipað af neinu viti með lögum eða reglum, en mistök misviturra löggjafa í þeim efnum geta þó verið nógu forvitnileg til rannsókna – og um leið lærdómstrík. En svo að litið sé á hin sviðin, sem lögtæk mega kallast, verðum við m.a. að hafa hugfast, að þótt lagastafir, einir saman og eins og þeir birtast okkur á pergamentsörkum eða gulnuðum pappír aftur úr öldum, séu auðvitað mikilvægir, segja þeir ekki alla söguna.

2 Sjá hér einnig, til nokkurrar hliðsjónar, greinina “Lagakennsla og réttarmenning” í riti mínu *Skæðadrífa*, Rvík 2003, bls. 33-35.

Þeir öðlast ekki “líf” fyrir sjónum okkar fyrr en við vitum eða fáum a.m.k. hugboð um, hvaða áhrif þeir höfðu á líf og hegðun manna. Og í því sambandi verður rannsakandinn að bregða fyrir sig öðrum aðferðum og nálgunum en algengast hefur verið varðandi almennu réttarsöguna. Hann verður m.a. að temja sér vinnubrögð, sem viðurkennd eru innan *þjóðfræði* og *minjafraði*, svo að skýr dæmi séu nefnd. Árangurs er ekki að vænta nema hann horfi yfir þau þröngu mörk, sem oft leggjast að fræðigreinum (og stundum hafa mótast af mannlegri fordild og þröngsýni fremur en skynsamlegum rökum), nálgist viðfangsefnin frá þverfaglegu sjónarhorni þar sem samanburðartækni varðandi erlendar heimildir er einnig beitt eftir því sem ástæða gefst til.

Hugmyndir þegnanna eða borgaranna um réttinn, sem þeir eiga að búa við, skipta miklu máli fyrir hegðun þeirra, þ.á m. hvernig þeir hlýðnast reglunum – eða hvort þeir yfirleitt gera það. Sama er um *hug* manna til þeirra yfirvalda, sem eiga að framfylgja reglunum. Sannleikurinn er sá, að fyrr og síðar hafa æðstu stjórnvöld iðulega gefið út lög og önnur almenn fyrirmæli, sem aldrei komust til framkvæmda eða þá að framkvæmd þeirra varð með öðrum hætti en til var stofnað í upphafi. Lögin gátu, með öðrum orðum, haft önnur áhrif en þau áttu að hafa samkvæmt efni sínu.

Réttarframkvæmdin – með öllum sínum sýnilegu og jafnvel æsandi formgerðum og athöfnum undir stjórn bordalagðra virðingarmanna – hafði margvísleg áhrif á hugarheim almennings, skapaði þar “nýjar víddir” ef svo má að orði komast. Sambúð eða nábyli almennings við yfirvöldin hafði einnig sitt að segja í því efni. Raunveruleikinn felst jafnt í þessum hugarheimi sem í félagslegum staðreyndum. Rannsóknir á því sviði færa okkur nær almenningi, þ.e. fólkinu sem lifði við réttinn, er hin fornu lagaákvæði bera með sér.

En lögin segja okkur heldur ekki allt um hinn *félagslega* og *hagræna veruleika*. Við vitum, að lög eru til þess fallin að hafa áhrif á hag almennings, með lögum má halda við efnahagsástandi, skiptingu arðs og eigna, en einnig breyta viðteknum hefðum á því sviði, eftir því hvernig vindar blása. Við rannsókn

þessara atriða verður að grípa til annarra hjálpartækja en lagaskráanna einna, til annarra vinnu hefða og nálgana en ríkja í hinni almennu réttarsögu. Með öðrum orðum: hér verða réttarsagan (í hefðbundnum skilningi) og *félags- og hagsagan* að stilla saman strengi sína.

Við getum aldrei laðað fram “spøgilmýndina”, sem fyrr var nefnd, nema viðurkenna og nýta okkur þau þverfaglegu vinnubrögð, er fyrr var lýst. Að öðrum kosti verður myndin litlaus eða a.m.k. dauflituð. Það vantar þá kjöt á beinin, svo að við notumst við aðra samlíkingu. Þó er og verður að vísu ætíð líklegra en ekki, að sumar þær myndir, sem birtast okkur í skuggsjánni, verði engu að síður óskýrar, sumar hverjar – sem í móðu. Seint verður kafað til botns í þessum fræðum og tveimur eða fleiri einstaklingum er þar að auki sjaldnast gefið að líta hlutina nákvæmlega sömu augum og túlka heimildir á algerlega sama veg, a.m.k. þegar litið er til stærra sviðs.

En sama er: nauðsyn ber til þess, að nálgast *hugarheim* jafnt sem reynsluheim forfeðra okkar og formæðra þegar við skyggnumst um á sviði réttar fyrri tíma. Með þeim hætti einum verður réttarsagan “lífræn” og veitir okkur þá menningarlegu og andlegu fullnægju, sem bæði við og hún verðskulda.

2. Stöðgreinar réttarsögunnar eða undirgreinar hennar?

Meðal ýmissa þjóða hafa þróast fræðigreinar eða fræðasvið (utan hinnar hefðbundnu og almennu réttarsögu), sem lúta sérstaklega að rannsókn þeirra þátta, er tengja réttinn – einkum rétt fyrri tíðar – við margvísleg *þjóðmenningarfræði*. Stóð vagma þeirra fræða á meginlandi Evrópu (einkum meðal Þjóðverja, Svisslendinga og Austurríkismanna) en síðar þróuðust þau víðar um heim. Segja má, að meginrætur þessarar “hreyfingar” meðal ýmissa merkra lærdómsmanna, er voru brautryðjendur í þeim fræðum, liggi a.m.k. aftur til forvígismanna *sögustefnunnar* á 19. öldinni, sem fyrr var getið um.

Hér eru ekki tók á því, að fjalla í löngu máli um þessar greinar, sem hafa sannarlega orðið almennu réttarsögunni ómetanleg stoð – hvort heldur sem við viljum kalla þær *undirgreinar* hennar eða *sjálfstæðar fræðigreinar*. Aðeins skal brugðið upp einfaldri mynd af þessu sviði, sem sannast sagna hefur ekki verið áberandi í umræðunni hér á landi, þótt vissulega hafi farið fram rannsóknir á einstökum og afmörkuðum þáttum þess^[3].

Víða má finna dæmi um rannsóknir á réttarþjóðfræðilegum efnum í ritum *Konrads Maurers*, svo dæmi sé tekið, en hann ritaði á síðari hluta 19. aldar manna mest um norræna (þ.á m. íslenska) réttarsögu^[4], og þar áður hafði *Jakob Grimm*, “öldungur germanskra fornfræða” m.a. lagt grunn að frekari rannsóknum í réttarþjóðfræði með hinu mikla safnriti sínu, *Deutsche Rechtsaltertümer*, (sem geymir torgenginn frumskóg heimilda, er kröfðust frekari úrvinnslu), en 1. útgáfa þess rits birtist 1828^[5].

-
- 3 Höfundur þessarar greinar hefur um langt skeið, öðrum þræði, fengist við rannsóknir og ritstörf um margvísleg efni af þessu tagi. Í því sambandi má m.a. nefna marga þætti bókar hans, *Dróum og þýðing eids og beitvinnigar í réttarfari*, Rvík 1978, og margar ritgerðir í bókum hans *Brot úr réttarsögu*, Rvík 1971 (sjá þar einkum greinarnar “Likamlegar hegningar á Alþingi”, “Gapastokkar” og “Skírslur eða guðsdómar”), og *Svipmyndir úr réttarsögu – Þattir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*, Rvík 1992 (sbr. einkum greinarnar “Lagastefnur gegn látnum mönnum”, “Brúðarrán og brúðarkaup”, “Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi”, “Meinsæri – söguleg þróun víðurlaga, réttarheimildir og þjóðtrú”, “Forn réttur um manntjón af völdum dýra”, “Aftökur og örnefni – Um framkvæmd líflátshegninga og um aftökustaði og ‘aftökuörnefni’ á Íslandi, utan alþingisstaðarins við Öxará” og “Kirknaítök – Saga þeirra og réttarþróun”. Þá má nefna rit sama höfundar, *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs – og aftökur dæmdra manna*, Rvík 2000.
 - 4 Um fræðistörf *Maurers* má vísa til greinar minnar, *Sögustefnan í Þýskalandi og Konrad Maurer, í ritinu Lagabættir – Greinar af ýmsum réttarsviðum, II.* (Rvík 1993), bls. 399 og áfr.
 - 5 Frá enn eldri tíð má benda á verk einstakra fræðimanna, sem rannsökuðu afmörkuð viðfangsefni, sem féllu undir svið hinna nýju fræðigreina, eftir að þær tóku að mótast löngu síðar. Um miðja 18. öld gaf t.d. *Ulrich Gruben* út rit um *jurisprudentia picturata* og *Everhard Otto* ritaði um *jurisprudentia symbolica* (1730). Þessi verk munu þó ekki hafa vakið almennan áhuga meðal fræðimanna á sínum tíma, þótt þar megi greina vísi þess, er síðar kom fram með fullum þunga í fræðunum.

Hinn kunnir réttarsagnfræðingur *Karl von Amira*, sem lengi var prófessor í þeim fræðum við lagadeild háskólans í München (d. 1930), var brautryðjandi á sviði *réttarminjafraðinnar* (þ. *Rechtsarchäologie*⁶) og ritaði mikið um þau efni. Hann lagði með verkum sínum grunninn að hinu mikla yfirlitsriti um það efni, sem *Claudius friberra von Schwerin* lauk síðan við og gaf út undir nöfnum þeirra beggja að Amira látnum⁷. Má enn líta á það sem grundvallarrit á sviði réttarminjafraði þótt í sumum efnum sé það orðið úrelt eins og vænta má. Réttarminjafraðin fæst einkum við rannsóknir á *blutkenndum minjum* (bæði föstum og lausum) um rétt og réttarframkvæmd fyrri tíma, þ. á m. byggingum eða byggingaleifum sem því efni tengjast, verkfærum, sem notuð voru við réttarframkvæmd, embættis- og valdstáknum ýmiss konar og fleira af því tagi. Þá hefur reyndar einnig verið venja að telja rannsókn þeirra *örnefna*, sem tengjast eða kunna að tengjast réttarframkvæmdinni, til réttarminjafraðinnar, og má þar m.a. nefna örnefni, er benda til fornra aftökustaða og þingstaða. Þau fræði er lúta að örnefnum á þessu sviði og staðbundnum minjum um réttarframkvæmd fyrri tíma, má nefna *réttarstaðfræði*.

Að mati frumkvöðlanna beggja, sem hér voru nefndir, átti réttarminjafraðin einnig að taka til *síða* og *alþjóðtrúar*, sem snerti rétt og réttarframkvæmd, a.m.k. að því marki, sem einhver tengsl urðu þar fundin við hlutkenndar minjar. Fljótlega reis þó upp önnur stefna í því efni, sem lagði áherslu á aðgreiningu hinnar eiginlegu réttarminjafraði frá nýrri fræðigrein, sem nefndist *réttarþjóðfræði* (þ. *Rechtliche Volkskunde*). Einn helsti brautryðjandi þar var *Eberhard von Künssberg*, sem gaf út athyglisvert rit undir því heiti 1936. Réttarþjóðfræði lætur sig í raun rétttri varða allar hliðar réttar og réttarframkvæmdar frá sjónarhóli *þjóðfræðinnar*, þ.á m. þjóðtrú, þjóðsögur og þjóðkvæði, sem snerta það efni. Síðar komu til sögu mikil skrif

6 Það var einnig *Amira*, sem fyrstur manna birti heiti hinnar nýju fræðigreinar á þýskri tungu: *Rechtsarchäologie*, og var það í riti eftir hann, sem birtist 1890.

7 *Karl von Amira og Claudius Frh. v. Schwerin*, *Rechtsarchäologie – Gegenstände, Formen und Symbole germanischen Rechts*, Berlín 1943.

Þýskumælandi fræðimanna um nauðsyn á skarpri *aðgreiningu* milli efnissviða réttarminjafraði, annars vegar, og réttarþjóðfraði hins vegar og birtust hörð skoðanaskipti um það efni á tímabili, sem og um ýmsa kerfun í greinunum, en að sumu leyti var þar deilt um keisarans skegg!

Upphaflega var *réttartáknfræði* (þ. *Rechtssymbolik*) hluti af réttarminjafraðinni, en hún hefur nú öðlast sess sem sjálfstæð grein. Þar er fjallað um öll þau margvíslegu tákn og táknræna siði (suma t.d. trúarlegs eðlis), sem staðið hafa í tengslum við réttarframkvæmdina. Sem eitt dæmi þar um, en reyndar mjög mikilvægt, er táknfræðin á bak við *eidinn*, sem lengi var hið mikilvægasta réttarúrræði meðal margra þjóða.

Sama má segja um *réttarmyndfræðina* (þ. *Rechtsikonographie*), sem fæst einkum við rannsóknir á *myndrænu efni* í handritum og öðrum ritum, sem geta gefið upplýsingar um réttarframkvæmd fyrri tíma og um réttarhugmyndir manna á liðnum öldum, en undir hana falla einnig hliðstæðar rannsóknir á höggmyndum og annars konar myndverkum. Þessi grein er fyrir alllöngu orðin að sérstakri fræðigreini, sem hefur getið af sér ýmsar markverðar uppgötvanir og niðurstöður^[8].

8 Um núverandi eða a.m.k. nýlega stöðu þeirra fræðigreina, er hér hafa verið nefndar (einkum réttarminjafraði og réttarmyndfræði), má m.a. fá gott yfirlit í eftirtöldum greinum, er birtust í ráðstefnuritinu “Rechtsarchäologie und Rechtsikonographie – eine Annäherung”, Akten des Brüsseler Kolloquiums 27. April 1990, Brüssel 1992: “Zur Einführung” eftir *Paul De Win*, bls. 11-17; “Rechtsarchäologie in Europa – Zur Geschichte und zum Forschungsstand” eftir *Louis Carlen*, bls. 21-46; “Gegenstand, Abgrenzung und Systematik der Rechtsarchäologie” eftir *Witold Maisel*, bls. 47-57, og “Nutzen und Wert von Rechtsarchäologie und Rechtsikonographie für die Mittelalterliche Rechtsgeschichte” eftir *Wolfgang Schild*, bls. 59-74. Í greinunum eftir *Carlen*, *Maisel* og *Schild* gefur að finna ógrynni tilvitnana í margvísleg fræðirit á þessum sviðum. Sérstök ástæða er einnig til að nefna hér viðamikil og greinargott rit um réttarminjar í Evrópu eftir fyrrnefndan *Witold Maisel*, *Rechtsarchäologie Europas*, Vínarborg 1992. Um *réttarmyndfræði* og gagnsemi hennar fyrir réttarsögunannsóknir fjallar m.a. efnismikið rannsóknarrit eftir *Anneliese Legat*, *Bildquellen als Informationsträger in der Rechtsgeschichte – Eine wissenschaftstheoretische Untersuchung*, Graz 1995. Um þá *réttartáknfræði*, er byggist einkum á myndefni, má einnig nefna rit eftir *Gernot Koerber*, *Zeichen und Symbole des Rechts – Eine historische Ikonographie*, München 1992.

Sérstaka athygli vekja í þessu sambandi rannsóknir, sem gerðar hafa verið á sambandi réttar og réttarframkvæmdar, annars vegar, og *listrænna sköpunarverka* hins vegar. Hluti þeirra rannsókna heyrir að sjálfsögðu undir *réttarmyndfræðina* fyrrnefndu, en sérgreint rannsóknarsvið verður þá t.d. *ljóðlist* eða *kvæðskapar* af ýmsu tagi, sem snertir á einn eða annan hátt rétt og réttarframkvæmd. Meðal margra þjóða er úr miklu efni að móða á því sviði^{9]}. Einn helsti frumkvöðull þessara fræða var svissneski prófessorinn *Hans Febr*, sem ritaði nokkur grundvallarverk í þessari grein^{10]}.

Um *réttarþjóðfræðina* má, auk bókarinnar eftir *von Künsberg*, er fyrr var nefnd, nefna yfirlitsrit eftir *Karl S. Kramer*, Grundriss einer Rechtlichen Volkskunde, Göttingen 1974. Sjá einnig greinar eftir *Hermann Balll*, “Folklore Research and Legal History in the German Language Area”, í *Journal of the Folklore Institute*, 5. árg. 1968, 2.-3. hefti, bls. 142-151, og “Rechtliche Volkskunde und Rechtsarchäologie als wissenschaftliche Begriffe und Aufgaben”, í *Schweizerisches Archiv für Volkskunde* 1958, bls. 65-82.

Réttarþjóðfræðilega umfjöllun (einkum um heimilfræði) má m.a. finna í ritgerð *Einars Arnórssonar*, Arfsagnir og munnmæli, í Blöndu VII., Rvík 1940-1943, 97-180, sérstaklega þó á bls. 141 og áfr., og í grein hans, Þjófamark (brennimark) skv. íslenskum lögum, í Tímariti lögfræðinga I., 1951, bls. 21 og áfr. Ýmis fróðleikur, er heyrir undir réttarþjóðfræði, er einnig víða í öðrum ritgerðum Einars. Um tiltekna þætti, er falla undir *réttarmyndfræði*, má finna vissan fróðleik í riti *Halldórs Hermannssonar*, Illuminated Manuscripts of the Jónsbók, Islandica XXVIII, Ithaca/New York 1940. *Ólafur Lárússon* var, sem kunnugt er, jafnvígur á lög og sögu og ritaði m.a. mikið um þjóðlegan fróðleik (þjóðfræði og skyld efni), en óvíða ritaði hann þó í löngu máli um efni af sviði réttarmínjafraði eða eiginlegrar réttarþjóðfræði, sjá þó t.d. ritgerð hans, Hof og þing, í riti hans Lög og saga, Rvík 1958, bls. 91 og áfr. Á við og dreif í ritum, er varða þjóðlegan fróðleik, má einnig finna ýmislegt, er skírskotar til réttarframkvæmdar og hugmynda manna um lög og rétt – en vitaskuld er þá ekki allt talið, sbr. m.a. ýmis önnur rit, sem vísað er til í þessari ritgerð.

- 9 Hvað okkar þjóð varðar skal hér m.a. sérstaklega bent á hinn ljóðræna og um leið listræna blæ, sem er á sumum fornum lagatextum eða sambærilegu lagaefni, sbr. sem skýr dæmi *trygðamál* og *gríðamál* í Vígslóða Grágásarhandritanna, en af mörgu öðru er einnig að taka. Á þessu sviði bíður enn mikið rannsóknarefni, enda þótt nokkuð hafi verið unnið að innan vébanda bókmenntafræði og skyldra greina. Sjá einnig síðar í þessari ritgerð, þar sem vikið verður að sambandi réttar og bókmennta.
- 10 Sjá rit hans: *Das Recht in der Dichtung*, Bern 1931, og *Die Dichtung im Recht*, Bern 1936. Einnig er *Febr* m.a. kunnur fyrir frábært rit sitt á sviði réttarmyndfræði, *Das Recht im Bilde*, Erlenbach-Zürich 1923 (sjá ritfregn um þá bók eftir *Ólaf Lárússon* í Tímariti lögfræðinga og hagfræðinga, 2. árg. 1924, bls. 40-45). Ekki er heldur úr vegi að nefna hér athyglisvert rit eftir *Febr*, *Recht und Wirklichkeit*, Zürich 1928.



Á þessari mynd úr þýsku riti frá 1508 eru sýndar helstu tegundir líkamlegra hegninga sem tíðkaðar voru í Evrópu á þeim tímum

Þá skulu að lokum nefndar til sögu tvær greinar, sem fjalla um efnissvið, er tengjast lögum og réttarframkvæmd liðins tíma, þ.e. *réttarfélagssagan* og *réttarhagsagan*, en þar snúa rannsóknar- og úrvinnsluefnin að félagslegum og hagrænum afleiðingum tiltekinna réttarreglna.

Þegar litið er yfir þau fræðasvið, sem hér hefur verið getið um í stuttu máli, ætti ekki að fara á milli mála, að réttarsögufræðingar geta alls ekki komist hjá því að taka a.m.k. eitthvert tillit til þeirra í fræðum sínum. Öll eru þau til þess fallin að varpa ljósi á margvíslega þætti réttarsögunnar, sem ella

væru torskiljanlegir eða jafnvel óskiljanlegir, og andi og afl þessara greina blæs lífi í réttarsöguna, ef svo má að orði komast. Að sínu leyti verða þeir fræðimenn, er fást við nefndar greinar, einnig að sækja margt til hinnar almennu réttarsögu og þeirra heimilda, sem hún byggir einkum á.

Þess hefur gætt í nokkrum mæli, að sumir fræðimenn hafi deilt um það sín í millum hvort líta beri á nýnefndar greinar sem *undirgreinar* réttarsögunnar, einvörðungu, eða hins vegar sem *sjálfstæðar greinar*, sem geti þá, eftir atvikum, verið *stodgreinar* réttarsögunnar. Lengi framan af voru rannsóknir á þessum sviðum fyrst og fremst (eða jafnvel svo til eingöngu) stundaðar af löglærðum mönnum, sem einnig höfðu sérhæft sig í réttarsögu, og var þá e.t.v. eðlilegt að þeir aðhylltust fyrrnefnda viðhorfið, en á síðari tímum hafa komið til sögu merkir fræðimenn, sem hafa annar konar grunnmenntun að baki, svo sem þjóðfræðingar, minjafraðingar, félagsfræðingar, hagfræðingar og sagnfræðingar, sem nálgast fræðin fremur út frá hefðbundnum og grónum forsendum þeirra höfuðgreina. Öllum mætti þó vera orðið ljóst, að um *sjálfstæðar* fræðigreinar er að ræða, sem lúta um margt eigin lögmálum um aðferðafræði og heimildafræði, og ætti því að vera óþarfi að deila lengur um það atriði. Vitaskuld skiptir mestu máli, að fræðimenn þeir, er við sögu koma, velji sér það háan sjónarhól að þeir fái góða yfirsýn fyrir öll þessi svið eða a.m.k. valda þætti þeirra og skilji þá gagnsemi, er hlýst af því að tengja þau saman með eðlilegum hætti. Án þverfaglegra vinnubragða af því tagi verður réttarsagan ekki nema svipur hjá sjón.

Hér að framan hefur verið rætt um iðkun og þróun hlutaðeigandi fræðigreina á erlendri grund, en vart þarf að orðlengja um að öllum rannsóknaraðferðum og ýmsum vegvísum og niðurstöðum þessara fræðigreina má einnig beita hér á landi, við rannsóknir *íslenskra heimilda*. Þar eru mikil og áhugaverð verkefni, er bíða síðari tíma fræðimanna.

3. Nokkur dæmi til umhugsunar og skýringar

Áður en lengra er haldið skulum við virða fyrir okkur nokkur *íslensk dæmi*, sem ættu að vera til þess fallin að gefa hugboð um a.m.k. sumar staðreyndir og álitamál, er nefnd voru í köflunum hér að framan:

1. dæmi: Í hinu kunna riti *Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi*, Sögunni af Þuríði formanni og Kambsránsmönnum, segir frá rannsókn mikils afbrotamáls á fyrri hluta 19. aldar, sem nokkrir ungir Árnésingar voru við riðnir og hlutu fyrir þunga dóma eftir að málið varð upplýst (m.a. fyrir atbeina Þuríðar formanns). Einn ránsmannanna var Hafliði Kolbeinsson, sem var í skiprúmi hjá Þuríði. Þar kom rannsókn sýslumanns, að böndin bárust mjög að Hafliða og stóð handtaka hans fyrir dyrum. Sýslumaður Árnésinga, Þórður Sveinbjörnsson, fór við annan mann þeirra erinda^[11]:

Riðu þeir nú að Stokkseyri og komu þangað litlu eftir hádegi. Sjóveður var gott og afli góður, og voru skipin að lenda með annan farm hvert eftir annað. Þeir staðnæmdust við lendinguna, og litlu síðar kom Þuríður að landi. Á leiðinni inn eftir lónið, sagði einhver af hásetum, að tveir menn kjólklaaddir stæði hjá vörunum. Þegar Hafliði heyrði það, setti hann fyrst dreyrrauðan, en varð síðan náfölnur. Þegar skipið var lent, gekk sýslumaður að Hafliða og bað hann að fara úr skinnklæðum og koma með sér. Sagt er, að hann tregðaðist við það fyrst. *En það er almenningsálit hér í landi, að sjómaður í skinnklæðum sé friðbelgur, svo að enginn megi leggja á hann bendur, enda þótt hann hafi framíð óbótaverk*^[12]. En Hafliði sá brátt, að eigi var gagn í að tregðast, og fór hann af skinnklæðunum...

Ber þessi frásögn e.t.v. með sér trú almennings á að tiltekin réttarregla væri til, sem hins vegar varð hvergi fundin á lagaskrárm?

11 *Brynjúlfr Jónsson frá Minna-Núpi*, Ritsafn I., Rvík 1941 (Guðni Jónsson annaðist útgáfuna), á bls. 143.

12 Leturbreyting er mín, P.S.

2. dæmi: Í 6. kafla Þjófabálks Jónsbókar segir^[13], að þeir menn, er húsleit gera, skuli ganga inn “*í skyrtum einum ok lausgirdir*”. Nánar tiltekið:

Nú ef maðr er stolinn fé sínu ok sér hann manna farveg liggja frá, þá skal hann ganga eptir heraðsmönnum sínum ok lýsa sínu torreki ok æsta [svo] sér liðs til eptirfarar, svá mikils sem honum líkar, ok spyrja til garðs manns, þá skulu þeir sitja utan garðs eða túnvallar, ef eigi er garðr um, ok einn gera til húss ok segja til eyrendis ok æsta til rannsaks. *Nú byðr hinn það, þá gangi eptir grönnum sínum, þá eigu hinir at ganga í skyrtum einum ok lausgirdir inn...*^[14]

Ekki er þar gefin nein frekari skýring á þessu skilyrði varðandi búnað leitarmannanna, sem við fyrstu sýn hlýtur að vekja nokkra furðu.

3. dæmi: Í Sagnakveri *séra Skúla Gíslasonar* gefur að finna minnisverða þjóðsögu, sem þar ber fyrirsögnina “Upp koma svik um síðir”^[15]. Sagan, sem er stutt, er á þessa leið:

Einu sinni var tekin gröf í kirkjugarði á prestsetri nokkru. Kom þar upp með öðrum greftri hauskúpa ein, og stóð bandþrjónn gegnum hana. Prestur geymdi hauskúpuna, þangað til messað var næsta helgan dag á eftir. Beið hann þess, að allt fólk var komið í kirkju, og festi hann þá kúpuna yfir kirkjudyrum. Eftir embætti gekk prestur fyrstur út með meðhjálparanum og hugði að þeim, sem út gengu. Urðu þeir einkis [svo] varir. Gættu þeir þá að, hvort nokkur væri eftir inni, og sáu þeir þá, að kerling ein gömul mjög bograði að hurðarbaki, og varð að neyða hana til útgöngu. *Drupu þá þrír blóðdropar af kúpunni niður á faldtraf kerlingar*^[16]. Hún mælti þá: “Upp koma svik um síðir”. Gekkst hún þá við því, að hún hefði ráðið fyrri manni sínum bana með því að reka þrjón gegnum höfuð hans. Var hún þá ung og hafði átt hann nauðug og samfarir þeirra verið skammar. Konan bjó sjálf um líkið, og höfðu ekki aðrir hugað að því. Síðan hafði hún gengið að eiga annan mann, en hann var þá líka dauður. Það er mælt, að kerlingu þessari væri drekkt, eins og gjört var mæðrum, er fyrirfóru börnum sínum.

13 Jónsbók, Khöfn 1904 (útg. Ólafur Halldórsson), bls. 268.

14 Leturbreyting er mín, P.S.

15 Sagnakver Skúla Gíslasonar, Rvík 1947 (Sigurður Nordal annaðist útgáfuna), á bls. 97-98.

16 Leturbreyting er mín, P.S.

Getur verið, að þessi sérstæða saga varpi ljósi á hugmyndir alþýðu manna um réttlæti, sem æðri máttarvöld útteildu þegar veraldlegir valdhafar stóðu ráðalausir frammi fyrir morðgátum? Má hér e.t.v. finna tengsl við raunverulegar réttarreglur?

4. dæmi: Í fyrrnefndu sagnakveri Skúla Gíslasonar er sögn af galdrabrögðum *Páls lögmanns Vídalíns* (1667-1727), og er upphaf hennar á þennan veg^[17]:

Páll lögmaður Vídalín var fjölkunnugur. Er svo sagt, að hann hafi haft fimmtíu anda í þjónustu sinni. *Hjálpðu þeir bonum oft í málaferlum hans til að sjá út ráð mótstöðumanna sinna og komast fyrir þá*^[18]. Stundum sendu mótstöðumenn hans honum sendingar, en hann tók þær allar, og urðu þær að þjóna honum upp frá því. Hættast var hann einu sinni kominn á ferð í haustmyrkri. Sóttu þá að honum þrjár sendingar í einu, en svo lauk, að hann tók þær allar. Kvað hann þá vísu þessa:

Dimmt mér þótti Dals- við á,
dró af gaman að hálfu.
Að mér sóttu þrjótar þá
þrír af Satans hálfu.

Er líklegt, að háttsettur embættismaður og góður lagamaður á fyrri hluta 18. aldar hafi raunverulega fengist við kukl í tengslum við málavafstur sitt?

5. dæmi: Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er m.a. getið ýmissa úrræða, sem samkvæmt þjóðtrúnni áttu að vera vænleg til að *finna þjófá*. Þar er einu þeirra lýst svo^[19]:

Ef maður hefur Þórshamar getur maður vitað hver stolið hefur frá manni ef maður hefur misst nokkuð. Í hamar þennan skal hafa klukkukopar og skal

17 Tilv. rit, bls. 11.

18 Leturbreyting er mín, P.S.

19 Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Ný útgáfa I., Rvík 1954, bls. 431.

hann vera þrístolinn. Maður skal herða hann í mannsblóði á hvítasunnudag á milli pistils og guðspjalls. Brodd skal maður og smíða úr sama efni. Þessum broddi þjakkar maður í hamarskallann og segir: “Rek ég í augu Vígföðurs, rek ég í augu Valföðurs, rek ég í augu Ásaþórs”. *Fær þá þjófurinn verk í augun; ef hann skílar ekki aftur því þjófstolna er þessi aðferð aftur viðhöfð og missir þjófurinn þá annað augað, en verði að beita við hann sömu aðferð í þriðja sinn, missir hann og bitt augað...*^[20]

Var þetta gjarna kallað að slá út Þórsauga eða Þjófsaugu.

Er hér einungis verið að storka guðdóminum með fávíslegum hætti eða býr annað og meira undir?

6. dæmi: Sumarið 1564 kváðu tuttugu og fjórir nafngreindir lögréttumenn upp afar mikilvægan “löggjafardóm” á Alþingi við Öxará, svokallaðan *Stóradóm* eða *Langadóm*^[21], sjá einnig í 7. dæmi hér að aftan. Dómur þessi, sem konungur staðfesti árið eftir^[22], fjallaði um refsingar fyrir kynferðisbrot af ýmsu tagi og voru ákvæðin þar að lútandi mun strangari en verið hafði eftir eldri lögum (þ.e. Kristinrétti Árna biskups^[23]), og nú komu m.a. dauðarefsingar til sögunnar fyrir þessi afbrot, að nánari skilyrðum fullnægðum, en einnig sektir og húðlát.

Árið 1560 hafði konungur sent biskupunum á Íslandi bréf þar sem hann bað þá um að semja frumvarp að nýjum lögum um refsingar fyrir blóðskömm og lauslætisbrot. Í bréfi þessu segir konungur^[24], að honum hafi borist til eyrna, að á Íslandi “brukast stór oskickanligheit á medal vorra vndersáta ... med hórerij og ödrum óchristilegum og ótilheyrelegum giörningum” og vildi konungur að vonum

20 Leturbreyting er mín, P.S.

21 Sbr. Lovs. f. Isl. I., bls. 84 og áfr.

22 Lovs. f. Isl. I., bls. 89.

23 Skömmu áður, þ.e. 1663, höfðu a.m.k. viss ákvæði í Koldinghússrecessi frá 1558 verið lögleidd á Íslandi (Lovs. f. Isl. I., bls. 79-80), en þar var m.a. kveðið á um refsingar fyrir hórdómsmál (Lovs. f. Isl. I., bls. 76-77).

24 Sbr. Dipl. Isl. XIII., bls. 478-480, á bls. 480.

að þess háttar “synd og vondskapur meige afleggjast og að folk meige þess helldur fá tilefne til að fordast synder og glæpe og að styggja gud”.

Biskupar sömdu að vísu ekki frumvarp þess efnis, sem hér var nefnt, en á næstu árum má segja að stigin hafi verið þau skref, sem leiddu til þess að Stóridómur var kveðinn upp (og öðlaðist í reynd almennt *lagagildi* eftir að konungur hafði staðfest hann), mjög að frumkvæði Páls Stígssonar hirðstjóra (höfuðsmanns). Í dóminum sjálfum er lögð áhersla á hinn siðbætandi tilgang með trúarlegu ívafi, sem að baki honum lá, og “*þótti hér svo stórlega þörf og nauðsyn á vera, sakir þeirrar óbæfu og fordæðuskapar, sem svo margan bendir opt og ósjaldan, ár eptir ár, mest sakir hegningarleysis, sem guð forbetri...*”^[25]”

Gátu aðrar ástæður, “veraldlegri”, engu að síður komið til greina sem hvati að þessari lagasetningu – og þá hverjar?

7. dæmi: Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er tilfærð sögn um fyrrnefndan Stóradóm, sem gildi sem refsheimild hér á landi í langan tíma og mörgum þótti bæði harður og smásmugulegur^[26], sbr. nánar í 6. dæmi hér að framan:

Á alþingi 1564 var samin dómssamþykkt sú, sem hét langidómur eða stóridómur, er lagði óhemjulega harðar refsingar við hverja eina holdlega yfirsjón (lauslæti). *Það er sagt að allir þeir, sem samþykkt þessa sömdu, hafi orðið sekir á heimleiðinni af þingi í þetta sinn fyrir nokkurt lauslætisbrot svo að þeir hafi orðið hinir fyrstu sem hegnt var eftir þeirra eigin samþykkt*^[27]. Einn þeirra, sem átti mjög langt heim, er sagt að hafi lagst með vinnukonu sinni undireins og hann var heim kominn; hafi þá kona hans komið að honum og sagt við hann góðlátlega: “Á hefur þér legið núna Bjarni minn”...

Megum við trúa því, með fyrri tíma mönnum, að þeim, sem stóðu að þessum hörðu og óvinsælu reglum, hafi hefnst fyrir það?

25 Leturbreyting er mín, P.S.

26 Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Ný útgáfa II. (Rvík 1961), bls. 55.

27 Leturbreyting er mín, P.S.


8. dæmi: Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar gefur að finna sögn um hatrammar afleiðingar *meinsæris*^[28]:

Einhverju sinni bar svo við að hval rak á Reykjafjöru, norðan undir Tindastóli; var þá gerður mannsöfnuður á Reykjaströnd til hvalskurðar. Þegar Laxdælir fréttu hvalrekann og skurðinn gjörðu þeir og mannsöfnuð og gekkst mest fyrir því presturinn í Hvammi og djákninn því þeir vildu eigna Hvammskirkju allan reka á því sviði og fóru á fund Reykstrendinga er voru að hvalskurðinum. Slóst þá í illdeilur með þeim er hvorir tveggja þóttust eiga hvalinn, en hvorugir vildu vægja fyrir hinum. Þó kom svo fyrir umtölur góðgjarnra manna að Laxdælir skyldu mega sanna með eiði ef þeir treystust að þeir ætti land það er hvalurinn var á rekinn og skyldu þá Reykstrendir ekkert af honum hafa. *Gengu Laxdælir svo að hvalnum og unnu eida að því að sú jörð er þeir stæðu á væri Hvammskirkju eign á Laxárdal; enda var svo að jörð sú er var í skóm þeirra var Hvammskirkju eign, en sú jörð er var undir skóm þeirra var eign Reykja á Reykjaströnd; því þeir höfðu rist grassvörð fyrir íleppa í skó sína í Hvammskirkju landi, aðrir segja í kirkjugarðinum í Hvammi, áður þeir fóru norðan*^[29]. Þegar þeir höfðu unnið eiðinn létu Reykstrendir rekann af hendi og fóru heim síðan, því þeir hugðu allt falslaust af hinna hendi, en Laxdælir tóku til skurðar. En er þeir höfðu skamma stund skorið hvalinn féll skriða úr Stólnum yfir þá og hvalinn svo þeir týndust þar allir ... En skriðan huldi ekki einungis hvalinn og mennina, heldur tók hún gersamlega af veginn er verið hafði allt til þess norðan undir Tindastóli; sú skriða heitir síðan Hvalurð. Það er sögn manna að hvítklæddur maður hafi sést uppi á fjallinu áður en skriðan losnaði, hafi hann átt að hafa sprota í hendi og lostið honum á fjallið þar sem skriðan tók sig upp.

Hvaða hugmyndir liggja að baki þessarar furðulegu tilraunar til að leika á menn og máttarvöld – sem tókst þó ekki betur en þetta?

28 Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Ný útgáfa II., bls. 44-45.

29 Leturbreyting er mín, P.S.



Gamlar þingboðsaxir

9. dæmi: Í Þjóðminjasafni í Reykjavík – og einnig á örfáum öðrum stöðum, svo sem í Byggðasafninu að Skógum^{30]} – gefur m.a. að finna allnokkrar gamlar *þingboðsaxir* (útskornar og gjarna stílfærðar eftirlíkingar venjulegra axa, að öllu leyti úr tré), sem sýslumenn eða hreppstjórar, í umboði sýslumanna, létu ganga milli bæja í hreppum þegar boðað var þar til manntalsþinga eða annarra lögþinga. Með öxinni fylgdi þá áfest bréf, þar sem kveðið var nánar á um þingtímann og tilefni þingsins.

Hafði táknmynd axarinnar, er notuð var í þessum tilgangi, einhverja sérstaka þýðingu, sem hér kann að skipta máli?


10. dæmi: Í Byggðasafninu að Skógum er geymdur rekaviðarbútur með ískornu merki, nánar tiltekið einfaldri mynd af *lykli*^{31]}. Hér er um að ræða *viðarmark* (rekamark), sem venja var að rekamenn merktu viðarreka með. Þá má nefna, í sömu andrá, að *búfénadur* landsmanna hefur um ótaldar aldir

30 Safnnúmer í Skógasafni er 712.

31 Safnnúmer er 2178.

verið merktur með eyrnamörkum og stundum einnig brennimörkum og eru það sjálfsagt kunnustu eignarmerkin nú um stundir.

Liggur e.t.v. merkileg saga á bak við eignarmerki af þessu tagi?



Fornr viðarmark

11. dæmi: Fornar heimildir greina frá því, að vorþingsstaður Skagfirðinga á þjóðveldisöld hafi verið í austanverðu Hegranesi. Margt þykir einnig benda til þess, að á *Hegranesþingstað* hafi verið háð fjórðungsþing Norðlendinga á þeim öldum. Í landi jarðarinnar Garðs í Hegranesi má líta mikla rústaþyrpingu, og hefur löngum verið talið að þar séu leifar þingbúða frá hinu forna Hegranesþingi og að þarna hafi því þingstaðurinn verið.

Hvaða spurningum kunna þessar þöglu minjar að svara þegar þær verða rannsakaðar af sérfróðum mönnum?

12. dæmi: Við suðurenda Lambhúsatjarnar og í norðurbrún Garðahrauns, skamman veg frá Bessastöðum á Álftanesi, eru háir klettar, stakir og mjög auðkennilegir, í hraunbrúninni. Nefnast þeir *Gálgaklettar*. Sagt er, að við þá hafi fyrrum fundist mannabein. Þessir klettar eiga sér “nafna” mjög víða um land, bæði í námunda við forna þingstaði og einnig annars staðar.

Getur það staðist, að örnefnið “Gálgaklettar” eða önnur sviplík örnefni geti gefið okkur upplýsingar um vissa þætti, er varða aftökur dæmdra þjófa?

13. dæmi: Tilskipun um helgihald á Íslandi, nánar tiltekið “Forordning om Sabbathens og andre Hellige-Dages tilbørlige Helligholdelse paa Island” frá 29. maí 1744, hefur m.a. að geyma margvísleg ákvæði, sem ætlað var að koma í veg fyrir að *kirkejur* væru notaðar á annan hátt en til helgihalds, svo sem til geymslu á matvælum eða öðrum varningi eða til *þinghalda* á vegum veraldlegra valdhafa. Þar segir m.a.^[32]:

Og som det skal paa Island være bleven til en Sædvane, at Sysselmændene paa visse Steder holde Mandtaller og Herreds-Thinge i Kirkerne, under Paaskud, at ingen beqvemme Huse dertil findes; *saa forbyde Vi hermed allern. nogen Mandtals- eller Herreds-Thing efterdags i Kirkerne at holdes*^[33], og derimod byde og befale, at Almuen under Vores Amtmands og Sysselmændenes direction skal i hvert Thing-Sogn, hvor fornöden gjøres, paa de beleiligste Steder, og paa saadan Maade, som efter Landets Beskaffenhed skee kan, opbygge beqvemme Thinghuse.

Hvers vegna sóttust sumir sýslumenn eftir því að nota guðshús til veraldlegra embættisstarfa sinna?

14. dæmi: Í nokkrum íslenskum handritum (a.m.k. í Reykjabók frá seinni hluta 16. aldar, AM 345 fol.; í Heynesbók frá fyrri hluta 16. aldar, AM 147 4to, og í handritinu Stock. Perg. fol. nr. 10, frá 1616) eru myndir af *manni hangandi í gálga, sem eru með þeim hætti, að sýnt er þvertré er hvílir á tveimur staurum, sem rísa beint af jörðu, en snaran er fest á þvertré þetta*^[34]. Á myndinni í handritinu frá 1616 má einnig sjá mann (vafalaust böðulinn) kippa stiga undan sakamanninum, sem í gálganum hangir.

Ber einungis að líta á myndir þessar sem “bókarskraut” eða benda þær e.t.v. til þáttar í hegniframkvæmdinni, sem aðrar heimildir veita engar upplýsingar um?

32 Lovs. f. Isl. II., bls. 517.

33 Leturbreyting er mín, P.S.

34 Leturbreyting er mín, P.S.

15. dæmi: Varðveist hafa fjölmargar *lausavísur* (og stundum einnig lengri bragir), er ortar hafa verið fyrr og síðar um sýslumenn og aðra embættismenn, sem voru eða áttu a.m.k. að vera þjónar réttvísinnar. Gætir þar m.a. stundum ádeilu eða háðs, oft þó með tvíræðu orðalagi. Hér skulu einungis þrjár kunnir húsgangar birtir, en af nógu væri að taka.

Um sýslumann (óvíst hvern):

Sóma stundar, aldrei ann
örgu pretta-táli.
Grundar dóma, hvergi hann
hallar réttu máli.

Sléttubandavísu þessa má einnig hafa svo, ef greinarmerkjum er breytt (en reyndar má hafa hana á fleiri vegu en einn) og er þá merking hennar gerbreytt:

Sóma stundar aldrei, ann
örgu pretta-táli.
Grundar dóma aldrei, hann
hallar réttu máli.

Um annan valdsmann, ónefndan, var ort:

Hans var jafnan höndin treg
að hjálpa smælingjanum.
Gekk hann ekki glæpaveg
en götuna meðfram honum.

Hans sýslumaður Wium stjórnaði rannsókn og réttarhöldum í hinu kunna Sunnevu-máli (síðara máli hennar), sem spannst út af meintu blóðskammarmáli á Austurlandi, en þar var að lokum dæmt svo, að stúlka að nafni Sunneva (Sunnifa) hefði átt barn með bróður sínum. Sýslumaður, sem virðist þó a.m.k. hafa verið mætur embættismaður í sumum eignum, fékk

Það orð af mörgum að hann hefði dæmt stúlkuna (og bróður hennar) þótt þau væru saklaus af verknaðinum og verið jafnvel sjálfur faðir að umræddu barni, enda bar stúlkan það upp á hann á tímabili. Hans Wium mætti miklu andstreymi á sinni ævi, og var það víst trú allmargra, að honum hefði hefnst fyrir rangar gerðir sínar. Hvað um það, minning hans hefur orðið að þola þessa kunnu stöku:

Týnd er æra, töpuð sál;
tunglið veður í skýjum.
Sunnevu nú sýpur skál
sýslumaður Víum.

Getur kveðskapur af þessu tagi gefið okkur til kynna raunsannan hug forfeðra okkar og formæðra til veraldlegra embættismanna?

16. dæmi: Opinbera lýsingu strokumannsins Jóns Jónssonar, er hljópst á brott frá konu sinni og börnum úr Ísafjarðarsýslu og var auk þess grunaður um barneignarbrot, gefur að finna í Alþingisbók ársins 1707, svohljóðandi^[35]:

„Í stærra lagi en meðalmaður á vöxt allan, hæð og digurð, þrekinn og lotinn á herðar, flatvaxinn og nokkuð framlútur, ennisbreiður, brúnafeitur, flatnefjaður og nefdigur, blóðmikill, blóðdökkur, þykkleitur, jafnrjóður og bólugrafinn, dökkur á brún og dimmeygður, svart hár, hrokkið nokkuð, dökkjarpt skegg, hærum mengað, einarður, orðfimur, dimmraddaður, hendur stórar og luralegar með framdigrum fingrum, fótadigur, kálfamikill, gengur haltur á vinstra fæti, þó ei illa á fót kominn, meinast um fimmtugsaldur.”

Hvaða lærdóma fyrir þjóðmenningarsögu okkar má draga af lýsingu þessa ógæfusama, staðfestulausa og kvenholla fjölskylduföður – sem og af öðrum sambærilegum strokumannalýsingum, er embættismenn fyrri alda sömdu og birtu í tengslum við embættisstörf sín?

35 Alþb. Ísl. IX., bls. 446.

4. Nánar um dæmin og tengsl þeirra við réttarsögu og aðrar greinar þjóðmenningarfræða.

Dæmin, sem rakin voru hér að framan, mega virðast sundurleit við fyrstu sýn, en við nánari athugun kemur í ljós, að þau vísa öll til tengsla milli þjóðfræða og fornfræða (í víðum skilningi) og réttar og réttarframkvæmdar. Sum eru af heimi alþýðutrúar og bera með sér hugmyndir þegnanna, sem bjuggu við réttarreglurnar – illar eða góðar eða þar í millum, allt eftir atvikum. Önnur gefa vísbendingar, sem e.t.v. standast þó ekki kastljós strangrar rannsóknar. Öll geta dæmin gefið tilefni til margvíslegra ályktana og hugleiðinga og öll skírskota þau til þeirra stoðgreina réttarsögunnar, sem nánar var rætt um fyrr á þessum blöðum. Þau verða ekki skilin nema þau séu skoðuð úr sjónarhorni þeirra greina.

Hér skal nú vikið stuttlega að hverju dæmi um sig í ljósi þess, sem fyrr er fram komið, og áhugasömum lesanda jafnframt vísað til nokkurra frekari heimilda, eftir því sem til hrekkur, en á þessum stað verður aðeins ráðrúm til einfaldra athugana, sem gætu þó vísað fram á við. En skoðum nú dæmin nánar.

Hvað **fyrsta dæmið** varðar er fljótsagt, að ekki er vitað um nein lagaákvæði, fyrr eða síðar, sem lýst hafi sjómenn í skinnklæðum friðhelga, þannig að jafnvel armur réttvísinnar gæti ekki snortið þá meðan þeir færu ekki úr sjóklæðunum. Enginn vafi er þó á því, að hér er réttilega skýrt frá almennri trú. Brynjúlfur á Minna-Núpi var mikill fróðleiksmaður og hefur vafalaust verið mjög næmur og eftirtektarsamur allt frá ungum aldri. Hann er fæddur örfáum árum eftir að atburðir þeir gerðust, er hér um ræðir, stundaði sjálfur sjóróðra á yngri árum og hefur kynnst mjög vel margvíslegri alþýðutrú á því sviði. Frásögnin um að Hafliði Kolbeinsson hafi í fyrstu færst undan því að fara af sjóklæðunum og sýslumaður hafi ekki lagt hendur

á hann fyrr en að því loknu, er vafalítið sannleikanum samkvæm. En fleiri heimildir styðja fullyrðingu Brynjúlfs um að þetta hafi verið “almenningsálit hér í landi”, eins og hann orðar það. Í endurminningum nokkurra aldinna sjómanna (vermanna), kemur hið sama fram án þess að ástæða sé til að rengja staðhæfingar þeirra^[36]. Trúin virðist hafa orðið lífseig og e.t.v. haldist meðan sjómenn notuðu skinnklæði^[37]. Gunnar Ólafsson frá Sumarliðabæ í Holtum segir frá því, að Magnús Torfason (sýslumaður á nokkrum stöðum frá 1894 fram til 1936) hafi eitt sinn ætlað að taka mann til yfirheyrslu, sem kominn var skinnklæddur til sjávar, en þegar sýslumaður sá búnað hans hætti hann við aðgerðir að sinni og lét átölulaust að maðurinn héldi frá landi^[38]. Auðvitað verður ekki fullyrt af fáum dæmum, að trúin hafi verið sú sama um allt land og skal því hafður fyrirvari um það efni.

Þessi alþýðutrú virðist hafa verið svo sterk, að henni má líkja við *réttarvitund* almennings og tvö dæmi eru um sýslumenn, sem virtu hana. Hér skal ekki gengið svo langt að því sé haldið fram, að um eiginlega *réttarvenju* hafi verið að ræða (en hún getur, eftir atvikum, verið bein réttarheimild), en e.t.v. var ekki mjög fjarri því að svo væri. Ekki er beinlínis líklegt, að umræddir sýslumenn hafi álitnið þetta vera hefðhelgaða réttarvenju, sem þeir væru bundnir af í formlegum skilningi, en sennilegra er að þeir hafi engu að síður viljað virða venjuna, sýna hinum grunuðu mönnum vissa nærgætni og ekki viljað taka þá áhættu að stofna til ókyrrðar meðal manna, er nærstaddir voru í hlutaðeigandi verstöðvum.

36 Sjá m.a. *Oddur Oddsson*, Sagnir og þjóðhættir, Rvík 1941, bls. 130 (“Alþýða manna taldi alskinnklæddan mann friðhelgan”), og *Gunnar Ólafsson*, Endurminningar, Rvík 1948, bls. 57 og áfr.

37 Sjá um þetta efni *Lúðvík Kristjánsson*, Íslenskir sjávarhættir III., Rvík 1983, bls. 66. Þar segir hann m.a.:”Á einum stað í Landsyfírréttardómum vottar fyrir þeirri skoðun, að ekki hafi þótt tilhlýðilegt að handtaka mann í sjóklæðum”. Er þar átt við Lyrð. IV., bls. 132, en sannast sagna verður ekki séð að það dæmi sé nægilega skýrt til þess að nein ályktun verði af því dregin.

38 *Gunnar Ólafsson*, tilv. rit, sama stað.

Sá, er þetta ritar, hefur enga frekari vitneskju getað fengið um þessa sérstæðu alþýðutrú, en mjög áhugavert væri að rannsaka eðli hennar og uppruna eftir því sem frekast er unnt, og þá m.a. með könnun á erlendum heimildum, sem e.t.v. gætu gefið einhverjar frekari upplýsingar eða ábendingar. Það verður þó að bíða síns tíma. Ljóst er hins vegar, að hér er um að ræða viðfangsefni, sem stendur með vissum hætti á mörkum eiginlegrar *réttarsögu* og *þjóðfræða*, og fellur þó reyndar fremur *þjóðfræða-megin*, enda eiga hér við heimildir og aðferðafræði þeirrar greinar. En þjóðtrúin getur hjálpað okkur til að skilja tilteknar hugmyndir (stundum einnig ranghugmyndir) almennings um réttinn sem félagslegan veruleika og vísar þannig til frekari tengingar fræðigreina, sem getur að lokum leitt til markverðrar niðurstöðu.

Annað dæmið geymir lagaákvæði, sem er allskýrt eftir orðanna hljóðan en vísar hins vegar augljóslega til fornra siða og hugmynda, sem eru þess eðlis, að ákvæðið verður í raun rétttri óskiljanlegt nema reynt sé að grafast fyrir um þær. Skilyrðið um klæðnað húsleitarmanna finnst ekki í þeim reglum Grágásar, sem fjalla um rannsóknir þjófnadarmála, en er hins vegar komið inn í Jónsbók úr Gulapingslögum í Noregi, en í fornum sænskum lögum eru einnig margvísleg ákvæði um þetta, svo sem að leitarmenn eigi að vera lausgyrðir, berfættir, kápulausir o.s.frv. Þá má finna svipuð ákvæði í frísneskum fornlögum, og svo að haldið sé mun lengra aftur í tíma má nefna, að samkvæmt hinum fornu “tólftafnalögum” meðal Rómverja skyldu leitarmenn vera naktir og Platón skýrir frá því, að í Grikklandi skyldu þeir, er húsleit gerðu, vera naktir eða í kyrtli einum saman og lausgyrðir.

Margt bendir því til, að það ákvæði Jónsbókar, sem býður að leitarmenn skuli vera afar léttklæddir, vísi til mjög fornrar reglu meðal ýmissa þjóða, sem reyndar mælti upphaflega fyrir um að leitarmenn skyldu vera naktir við húsleitina. En hvaða hugsun getur þá legið að baki slíkri reglu, svo furðuleg sem hún má virðast að lítt athuguðu máli? Hér erum við, enn og aftur, komin

inn á svið *réttarþjóðfræðinnar*, en hin forna og ágæta lögbók okkar veitir sjálf engin svör við þessu.

Svo vel vill til, að einn af frumkvöðlum *réttarþjóðfræðinnar* í heimalandi hennar, Þýskalandi, *Claudius friherra von Schwerin*, ritaði á sínum tíma merka bók um formreglur varðandi húsrannsóknir meðal indóevrópskra þjóða: “Die Formen der Haussuchung in indogermanischen Rechten”, sem út var gefin í Mannheim 1924. Ber rit þetta með sér eitthvert hið merkasta framlag til *réttarþjóðfræði*, sem um getur, og markar um leið braut varðandi rannsóknir í samanburðarréttarsögu³⁹. Þar ræðir höfundurinn að sjálfsgöðu reglur norrænna laga um þetta, sem hér var drepit á, og einnig reglurnar meðal Grikkja og Rómverja – og dregur ályktanir af, með mikilli hugkvæmni. Áður hafði það verið ríkjandi skýring á umræddum ákvæðum, að þeim væri ætlað að tryggja að mennirnir bæru ekki þýfi með sér inn í húsin, þar sem rannsóknin fór fram, en þetta telur von Schwerin hins vegar vart fá staðist (og færir rök að) heldur er niðurstaða hans sú, að reglurnar bendi til ævaforrarr trúar þess efnis, að *nektin skýldi mönnum við töfrum (göldrum)*, en töfrar tengjast iðulega þjófnadi í þjóðtrúnni eins og kunnugt er. Því til stuðnings bendir höfundurinn á mörg önnur dæmi þess úr þjóðtrú og fornum lögum að menn hafi þurft að vera naktir eða a.m.k. mjög léttklæddir við ýmsar þær athafnir, er miðuðu að því að komast fyrir um hið óþekkta.

Er öll röksemdafærsla umrædds höfundar með þeim hætti að sannfærandi er og skal því miðað við það hér, að hún geymi með sér haldgóða skýringu á uppruna og þá um leið efni Jónsbókarákvæðisins, sem ella væri óskiljanlegt. Ekki er þó þar með sagt, að ekki mætti skoða fleiri íslenskar heimildir í ljósi þessa, sem hér hefur verið rakið.

Þriðja dæmið er af sviði *þjóðfræðinnar* og heyrir, öðrum þræði, undir *réttarþjóðfræði*. Það vísar mjög berlega til forrarr og afar frumstæðrar trúar á *mátt líkamsleifa dauðra manna* og þ.á m. þeirrar trúar, að þær gætu, við tiltekna

39 Ritfregn um bók þessa eftir *Ólaf Lárusson* prófessor er í Tímariti lögfræðinga og hagfræðinga, 2. árg. Rvík 1924, bls. 123-125.

aðstæður, gefið frá sér vísbendingar um banamann, sem dulist hafði fram til þessa. Var sú alþýðutrú m.a. útbreidd víða um lönd, að blóð manns, sem fundist hefði dauður með áverkum, færi að flæða úr undunum, er hinn morðseki nálgadist líkið. Sú saga, sem hér var tilfærð, ber með sér skýrt dæmi um það, að þessi trú (eða a.m.k. náskyldar hugmyndir) var við lýði hér á landi einnig. Í kristninni hefur hin frumstæða trú að vísu breytt um yfirbragð að því leyti, að því var nú trúað að almáttugur Guð gæfi með þessum hætti hið sanna til kynna og aðstoðaði þar með veraldlega valdsmenn þegar þunglega horfði um sönnunarfærslu í drápsmálum. Með öðrum orðum: sagan heyrir til þess flokks þjóðsagna og þjóðtrúardæma, sem oft hefur verið auðkenndur sem *refsidómar Guðs*.

Að sjálfsgöðu einkennist sagan, sem hér var nefnd, af óskhyggju og réttlætistilfinningu almennings, annars vegar, og af fornum sem nýrri hugmyndum um mátt líkamsleifa látinna manna hins vegar. En vegurinn frá henni til raunverulegra réttarreglna, sem byggðust á hugmyndum um yfirsíkvitleg sönnunarúrræði, er þó ekki langur. Í Grágásarrétti er gert ráð fyrir svokölluðum *skírslum*, þ.e. *járnburði* og *ketiltaki* sem sönnunarúrræðum, en við þá þraut brann hinn seki á höndum en saklaus maður ekki – og hliðstæðar réttarreglur þekkjast víða í fornlögum annarra þjóða. Sama er að segja um þýðingu *eidsins* sem sönnunarúrræðis fyrir á tímum. Og enn meiri skyldleiki er þó milli söguefnisins, sem rakið var í dæminu, og hinnar fornu *líkraunar*, sem þekktist sem formlegt (en einnig óformlegt) sönnunarúrræði meðal margra þjóða, en þar var við það miðað að undir myrta manns færu að blæða frammi fyrir vitnum þegar banamaðurinn nálgadist líkið eða snerti það. Enda þótt engin merki sjáist þess, að líkraun hafi nokkru sinni verið í íslenskum lögum (þótt hún væri alkunn meðal grannþjóða okkar) er engu að síður vitað til þess að nafngreindur sýslumaður hérlendur greip til hennar árið 1731 við rannsókn morðmáls í umdæmi sínu. Eru því bersýnilegir “snertifletir” á þjóðtrú og réttarframkvæmd að þessu leyti^[40].

40 Um allt þetta vísast nánar til ritgerðarinnar “Óvenjulegt sönnunarúrræði”, sem birt er í þessu riti, en þar er vísað til margvíslegra heimilda, er hér skipta máli.

Af frásögninni í **fjórða dæminu** um andana, sem áttu að hjálpa Páli lögmanni í málavafstri hans, má a.m.k. lesa vissa aðdáun margra á kunnáttu hans í lögum og á lagni hans og heppni við málatilbúnað, sem ýmsir þeir, er ekki hafa átt hann að mótstöðumanni, hafa kunnað að meta. Sver þessi frásögn sig því í ætt við ýmsar aðrar um galdrakunnáttu sumra lærdómsmanna á fyrri tímum, enda þótt þær hafi fremur verið frá eldri tímum en æviárum Páls Vídalíns, sem andaðist 1727, þegar brátt tók að hilla undir “upplýsinguna”, sem hafnaði öllum hégiljum af þessu tagi. Ljóst er, að lögmaðurinn hefur vitað vel af þessum orðasveim, er um hann gekk, og hefur líklega – undir niðri – talið hann sér til vegsauka hjá alþýðu fremur en hitt og gert sitt til að kynda undir, sbr. vísuna, sem hann kvað um sig og þrjóta Satans. Af ævisögu Páls, er fóstursonur hans, Jón Ólafsson frá Grunnavík, ritaði og birt er með “Vísnaðveru Páls lögmanns Vídalíns” (í útgáfu Jóns Þorkelssonar), Khöfn 1897, kemur reyndar fram, að lögmaður hefur í raun og veru verið trúaður á drauga og sendingar (sem og fóstursonurinn), en um það mátti höfundinum vera vel kunnugt frá uppvaxtarárum sínum með Páli. Kemur þar reyndar fram nokkuð tvíbent afstaða lögmanns til galdraorðs þess, er af honum fór. Í ævisögunni segir m.a. um lögmann^[41]:

Hann kvað óvini sína hafa því verstu á sig logið, að halda sig töframann, máske af því að draugasendingar þeirra unnu ei á honum, og hann hafði vit á þeirra aðferð, því svo venda slíkir menn því opt. Eigi er þörf að fræða hér í stað forvitni manna, er verða má, né framtelja margar sögur um skyggnleika hans, vofur, er honum voru sendar, og stundum mein er gerðu, apturhvorfnað, því klókningar tíma þessara kalla slíkt hégóma, hjátrú, drauma, missýni augna þeirra og eintómar ímyndanir, og er kunnugt, að slíkt kemur fram annaðhvort af sjálfspótta og grundvallarlausu naturalistaríe, meinandi að ekkert sé til, andi eður annað, nema sýnilegt sé...

Gefur dæmið okkur a.m.k. vissa innsýn í jákvæðan hug almennings til þessa embættismanns, undir merkjum *réttarþjóðfræði*.

41 Tilv. rit, bls. LXXXV.

Undir svið *þjóðfræða* (þeirrar greinar, er fæst við *þjóðtrúna*) heyrir einnig frásögnin í **fimmta dæminu**, þ.e. um úrræði til að finna þjóf. Hún gefur einnig til kynna, að menn hafa gert sér grein fyrir því, að ekki þýddi ætíð að leita til veraldlegra yfirvalda í því sambandi heldur mætti, ef heppni var með, ná fullnægjandi árangri með göldrum. Kemur þar því fram, með óbeinum hætti, afstaða a.m.k. sumra alþýðumanna til embættismannanna og getu þeirra (eða öllu heldur getuleysis) við rannsóknir mála og jafnframt sú hyggja, að í sumum réttarfarsefnum verði hver að vera sjálfum sér næstur. Þannig skarast *réttarsagan* og *þjóðfræðin* í þessu atriði. Á hitt er einnig að líta, að sálfræðin skiptir hér jafnframt miklu máli. Trú manna (þ.á m. hlutaðeigandi þjófs) á það, að nú ætti að fara að beita galdri til að koma upp um hinn seka, eftir að sá, sem stolið var frá, hafði látið það kvisast í nágrenni sínu að senn yrði látið til skarar skriða, með ógnvænlegum afleiðingum, hefur nægt til að skapa skelfingu í huga þjófsins og mikla sálræna þvingun fyrir hann. Í reynd hefur kvittur um galdraráð, sem brátt yrði beitt, hvatt hann harðlega (þótt með óbeinum hætti væri) til að gefa sig fram og skila þýfinu – fremur en að missa augun!^[42]

Almenn umfjöllun um efni *Stóradóms*, sem vikið er að í **sjötta dæminu**, og um skýringu ákvæða hans, getur væntanlega orðið allflókin í augum nútímamanna. Samanburður efnisákvæða hans við eldri sem yngri löggjöf á því sviði mannlífsins, er hann tók til, heyrir að sjálfsögðu til hinni *almennu réttarsögu*, en dómurinn (er hafði fullt lagagildi sem “löggjafardómur”, er staðfestur var af konungi) var lengi meðal hinna veigameiri réttarheimilda, sem komu til sögunnar um alda skeið eftir að Jónsbók var lögtekin. Dæmið höfðar hins vegar einnig með sérstökum hætti til *réttarfélagsögunnar* og *réttarbagsögunnar*. Sannleikurinn er nefnilega sá, að ekki er alveg víst, að

42 Athugasemdir um ýmislegt, er varðar augnamissi í tengslum við galdra o.þ.h. eru m.a. í ritgerð *Hannesar Péturssonar*, *Andlit augnalaust*, í riti hans *Misskipt er manna láni* – Heimildapættir II. (Rvík 1984), bls. 9 og áfr., einkum á bls. 36-37.

hin raunverulega meginástæða að baki þessara ströngu reglna, sem Páll Stígsson höfuðsmaður beitti sér fyrir að settar yrðu, hafi einvörðungu verið trúarlegs og siðfræðilegs eðlis eins og látið er í veðri vaka í dómnum sjálfum og skjölum, er tengdust tilurð hans, heldur sýnist margt benda til þess, að höfuðástæðan hafi í reynd verið *féfirnd* konungs og ædstu fulltrúa hans, þótt annað hafi einnig búið undir, þ.á m. siðavendni konungs og annarra ráðamanna. Enda þótt beitt væri hýðingum og dauðarefsingum vegna tiltekinna kynferðisafbrot, sem tíunduð eru í Stóradómi, er hitt víst að í reynd kvað lengi afar mikið að *sektagreiðslum* vegna brota á ákvæðum hans og er fullljóst, að stórfé hefur þannig runnið í fjárhirslu konungs og jafnframt að hluta til í vasa þeirra embættismanna, er þar fóru höndum um, sem hluti af embættistekjum þeirra. Kynferðisafbrotin urðu þannig konungi og ýmsum öðrum mjög drjúg tekjulind – eins konar “kynlífsskattur” á þá íbúa þessa kalda lands, sem borgunarmenn voru (en við innheimtuna var þá ekki horft í það, þótt gengið væri að öllum eignum manna eftir því sem þær hrukku til). Má fullyrða, að Stóridómur hafði gífurleg áhrif í samfélaginu – bæði *félagsleg* og *bagræn* – þótt hitt sé einnig ljóst að aldrei kom hann í veg fyrir afbrot af þessu tagi, sem voru mörg og tíð, sé einvörðungu miðað við þau brotin sem uppvis urðu, en vitanlega hafa hin verið margfalt tíðari, sem aldrei komust upp! ^[43] En fleiri ástæður hafa vafalítið legið að baki þessari harðýðgislegu löggjöf. Í ritgerð sinni um Stóradóm segir *Þorgeir Kjartansson* um það efni (og eru þar færð nánari rök að)^[44]:

43 Sjá m.a. nánar *Þorgeir Kjartansson*, Stóridómur – Nokkur orð um siðferðishugsjónir Páls Stígssonar, Sagnir 1982, bls. 2-12; *Eiríkur Þorláksson*, Stóridómur, Mímir, 1. tbl. 1976, bls. 20-27, og *Davíð Þór Björgvinsson*, Stóridómur, í ritinu Lúther og íslenskt þjóðlíf, Rvík 1989, bls. 119-140. Um hina hörðu framkvæmd Stóradóms fjallar einnig *Már Jónsson* í riti sínu, Blóðskömm á Íslandi 1270-1870, Rvík 1993. Í ritgerðum mínum um líkamlegar hegningar á Alþingi (Brot úr réttarsögu, Rvík 1971, bls. 9 og áfr.) og um aftökur og örnefni (Svipmyndir úr réttarsögu, Rvík 1992, bls. 130 og áfr.) er einnig getið margra harðra dóma fyrir brot á ákvæðum Stóradóms og hvernig þeim dómum var framfylgt.

44 Tilv. rit, bls. 4.

Hér var ekki aðeins um að ræða siðferðislega sorpeyðingarherferð. Eins og oft bæði fyrr og síðar var hinn efnahagslegi faktor þungur á metum, því Stóradómi var ekki síst beint gegn hinni skuggalegu ómagafjölgun sem hlaut af þeim losaraskap fólks að elskast utan hjónabands. Þá var setning hans einnig liður í þeirri markvissu viðleitni til að kveða niður sjálfstæði og vald kirkjunnar sem fyrrum hafði staðið hvað fastast gegn ásælni konungsvaldsins. Hér með var dómsvald hennar í siðferðismálum úr sögunni og ein ekki léttvæg auðsuppspretta, sektir þær sem siðbrotamenn greiddu runnu nú til konungs (nema 1/3 sem sýslumenn skyldu fá í sinn hlut). Þar að auki er líklegt að þessi kynlíflöggjöf hafi átt að vera e.k. sóttvörn gegn sýfilis þó erfitt sé að fullyrða nokkuð þar um því ekki er víst að menn hafi gert sér grein fyrir eðli sjúkdómsins eða smitunarleið...

Beinar heimildir, sem hin almenna réttarsaga byggir á, þegja um þennan margþætta tilgang, er hér var nefndur sem líkleg ástæða fyrir setningu Stóradóms, en réttarfélagssaga og réttarhagsaga veita okkur hins vegar nauðsynlega vitneskju um það efni sem og um áhrif dómsins í samfélaginu.

Um **sjöunda dæmið**, sem er af sviði *réttarþjóðfræðinnar*, er það að segja að það sýnir okkur afstöðu manna til Stóradóms – og þarf varla neinn að undra að hún hafi verið neikvæð, þegar litið er til þeirra harkalegu áhrifa er hann hafði. Frásögnin, sem er lituð af kaldri kímni, veitir okkur – í sviphendingu – merkilega innsýn í hugarheim forvera okkar og álit þeirra á mikilvægri réttarheimild, sem beitt var af fullri hörku. Svo má virðast, að þar komi fram trú á einhvers konar *gudlegan refsidóm*, sem sé ofar mannlegum dómi.

Tekið skal fram, að enginn hinna nafngreindu lögréttumanna, er kváðu upp Stóradóm, hét *Bjarni!*

Hin svipmikla og minnisstæða frásögn í **áttunda dæminu** tengist vitanlega einnig *réttarþjóðfræðinni*, en skírskotar jafnframt með sérstökum hætti til skráðra og kunnra *réttarreglna*, sem voru afar mikilvægar fyrr á tímum. Þar að auki tengist hún *réttarminjafraðinni* (þ.e. *réttarstaðfræðinni*) vegna skýringar á því merkilega örnefni *Hvalurð*, sem enn er þekkt. *Eiðurinn* var

um margra alda skeið – reyndar lengst af sögu okkar – eitt hið helsta eða jafnvel hið allra helsta sönnunar- og réttarfarsúrræði í rétti okkar eins og var í rétti margra grannþjóða okkar. Lögum samkvæmt voru dómsmál gjarna látin velta á *aðildareiði* og einnig oft ágreiningsmál, sem ekki voru komin á eiginlegt dómstig. Eiðurinn var í reynd “yfirskilvitlegt” réttarfarsúrræði, því að menn sóru við Guðs nafn og áttu að sjálfsgöðu vís ómild örlög – a.m.k. annars heims ef ekki í jarðlífinu – ef þeir frömdu *meinsæri*, sem jafnframt taldist til höfuðglæpa. Þjóðsagan um hrúnið úr Tindastóli, er drap meinsærimennina, endurspeglar m.a. trú manna á áhrifamátt eiðsins og um refsidóm Guðs, ef ranglega var svarið. Mikilvægi eiðsins í réttarfari byggðist að sjálfsgöðu á þessari trú á þá ógn, er af honum stafaði fyrir þá, sem brugðu út af sannleikanum er þeir sóru. Hér mætast því *réttarsagan* og *réttarþjóðfræðin* með einkar skýrum hætti og þjóðfræðilegi þátturinn hjálpar okkur til að skilja eðli eiðsins í réttarfari^[45].

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þeim þætti sögunnar í dæmi okkar, sem veit að tilrauninni til að *blekkja almættið* með brellum við eiðsærið, en sú trú var reyndar við lýði víða um lönd að slíkt mætti stundum takast ef rétt væri að farið – en auðvitað með mikilli áhættu. Þessi saga er m.a. til marks um, að sagnir hafa verið hér á gangi um brall af því tagi (sem ekki lánaðist þó í umrætt sinn).

Um **níunda dæmið** skal þetta sagt: Fyrir á tímum voru ýmis *boð* frá yfirvöldum (hærri sem lægri) til undirsáta þeirra látin ganga með skipulegum og hefðbundnum hætti og eftir “réttri boðleið” milli bæja í hverju umdæmi. Var þetta liður í stjórnun, er vissi að almenningi, og einnig beinlínis þáttur í réttarfari, því að sýslumenn boðuðu með formlegum hætti til *manntalsþinga*,

45 Um notkun eiðsins og mikilvægi hans fyrir og síðar vísast til rits míns, Þróun og þýðing eiðs og heitvinningar í réttarfari, Rvík 1978. Um meinsæri og þ.á m. þjóðsögur og sagnir, er þeim tengjast, vísast til rits míns Svipmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar, Rvík 1992, bls. 98 og áfr.

sem voru hin reglulegu dómþing um margra alda skeið, og annarra *lögþinga*, er undir þá heyrðu, og var a.m.k. flestum búandi mönnum *skýlt* að hlýða kalli og mæta til þings á þeim degi, er tiltekinn var í hinu formlega yfirvaldsboði^[46]. Á manntalsþingum fóru einnig fram margvíslegar tilkynningar til almennings, svo sem lögfestur og þinglýsingar um eignamál og annað af ýmsu tagi, sem afar mikilvægt var að allir málsmetandi menn í þinghánni heyrðu á og festu sér í minni. Boð sýslumanna til manntalsþinga skiptu því afar miklu máli. Hreppstjórar boðuðu einnig hreppsþúa til *hreppsfunða*.

Í grannlöndum giltu einnig ákveðnar reglur um boðburð af ýmsu tilefni, þ. á m. varðandi herútboð (“herör” var þá skorin upp og send af stað milli þegnanna) en einnig varðandi þingin. Erlendar heimildir gefa til kynna, að þar hafi gjarna verið notast við svokölluð *boðkefli* í þessu sambandi, og var þá skjal það, er hafði að geyma texta fyrirmælanna, fest með tryggilegum hætti við sívalt kefli og vafið utan um keflið, milli þess sem lesið var af bréfinu fyrir móttakendur skilaboðanna, sem flestir voru ólæsir fyrir á öldum.

Samkvæmt Grágásarlögum fór boð þannig fram, að boðandi skar kross og lét hann berast um afmarkað svæði, bæ frá bæ. Er ekki ósennilegt að krossarnir hafi tekið við af keflum fyrri tíma, sem sjálfsagt hafa verið notuð áður en kristni festi hér rætur. Svo mikið er þó víst, að síðar, einhvern tíma eftir að Íslendingar voru komnir undir vald erlends konungs (með samningsgerð þar um á 13. öld), komst sú fasta regla á, að *öxi* (þingboðsöxi) úr tré (eða eftir atvikum stílfærð eftirmynd axar, gjarna með upphafsstöfum ríkjandi konungs) var notuð við formlegan boðburð og hélst svo fram til síðari tíma. Var þá reyndar greint á milli “sýslumannsaxa” og “hreppstjóraaxa”. Hafa nokkrar þingboðsaxir varðveist. Eftir því sem höfundur þessarar greinar er best kunnugt um, eru ekki dæmi þess frá grannlöndum að axir væru

46 Jónsbók (1904), bls. 113: “Nú skulu bændr allir fara til þings þegar boð kemr til húss, nema einvirkjar einir, þeir skulu iiiii. þing varða, þat þing er konungsbréf skal upp lesa, manndrápsþing, ok manntalsþing til jafnaðar, ok þat þing er hreppstjórn heyrir. En öll þing önnur skulu einvirkjar heima sitja, ef þeir vilja”.

notaðar í þessum tilgangi, þótt vera megi að um það finnist heimildir, en enginn vafi er á því, að öxin þjónaði hér sérstökum táknrænum tilgangi: hún minnti almenning á *valdið*, sem að baki bjó, og á refsibundna *skyldu* manna til að sækja þing eða aðrar lögákveðnar samkomur, en öxi er fornt valdstákn á svipaðan hátt og sverð og vöndur.

Í ákvæðum Jónsbókar eru nákvæm fyrirmæli um boðburð⁴⁷, en þó er þar ekki minnst á axartáknið í því sambandi eða önnur tákni.

Dórður Tómasson, fræðimaður og safnstjóri Byggðasafnsins í Skógum, ritaði stutta grein um þingboðsaxir, er birtist í tímaritinu *Goðasteini*⁴⁸. Þar segir hann m.a.:

„Í fornöld var sú venja hjá norrænum þjóðum að skera upp herör; láta örfaboð fara um byggðir, er kveðja skyldi saman vopnfæra menn. Þing miðalda hafa verið boðuð með skjali, sem vafið var á kefli eða kross. Minningin um þingkross lifir enn hjá frændum vorum, Færeyingum, í blaðheitinu Tíngakrossur. Ekki veit ég hvenær byrjað var að bera þingboðsaxir á Íslandi, en líklegt er, að þær séu tengdar eflingu konungsvalds hér. Þingboðsöxin er tákni um vald konungs yfir lífi og limum fólksins, öxi réttvísinnar, sem minnti alla á að láta lög og rétt ráða ... Sýslumenn höfðu jafn margar axir í umferð og hreppar voru í sýslu þeirra, en hreppstjórar komust af með færri ... Til er heimild um það, að Hannes Hafstein, síðar ráðherra, hafi tálgað þingboðsaxir, er hann varð sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði 1895, en vart hefur notkun þeirra viðgengist að marki í embættistíð hans ... Hermann Johnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu 1861-1890 var síðasti sýslumaður Rangæinga, er notaði þingboðsaxir við embættisstörf. Dóttir hans, frú Guðrún á Breiðabólstað, sagði frá því, að axirnar hefðu komið nagaðar til baka, tákni fyrirlitningar í garð konungsvaldsins, er þær voru merktar.”

Ekki er vafi á því, að margt er enn órannsakað um þingboðsaxir og notkun þeirra á Íslandi, með samanburði við erlendar heimildir, en öxi er

47 Jónsbók (1904), einkum á bls. 110 og áfr.

48 “Þingboðsöxi frá Austvaðsholti”, *Goðasteinn* 1970, 2. hefti, bls. 80-83. Þar er birt mynd af þeirri þingboðsöxi, sem varðveitt er í byggðasafninu á Skógum, en myndir af nokkrum þingboðsöxum, sem varðveittar eru í Þjóðminjasafni, eru í bók **Lýðs Björnssonar**, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi I.*, Rvík 1972, á bls. 49.

vissulega meðal þeirra valdsmannstákna, sem um er fjallað í *réttarminjafraði* og einnig í *rétartáknfræði*, en táknræn þýðing axarinnar og um leið mikilvægi í *réttarfari* og opinberri stjórnun er augljós eins og fyrir hefur verið greint frá.

Í **tíunda dæminu** hér að framan var getið um forn *eignarmerki*. Af augljósum ástæðum skiptu þau afar miklu máli í tengslum við búskaparhætti fyrri tíma (og einnig á okkar tímum, a.m.k. búfjármörkin). Þau áttu að tryggja sönnun fyrir tilheyrslu verðmæta, sem þannig voru merkt, svo sem fénaðar og reka, en einnig voru hval- og selskutlar merktir og með skutlum, þannig merktum, tileinkuðu skotmenn sér þessi sjávardýr, er fyrir skutlum þeirra urðu. Eignarmerkin höfðu því, og hafa enn, *lögfræðilega* þýðingu, en margt, er þau varðar, gefur okkur einnig innsýn í lífsbaráttu og atvinnuhætti þjóðarinnar á fyrri tímum. Rannsóknir á eignarmerkjum falla, eftir atvikum, undir *réttersögu* (sögu eignarréttar), en ekki síður undir *réttarþjóðfræði*, *réttarminjafraði* og jafnvel *rétartáknfræði*. Varðandi hið síðastnefnda skal tekið fram, að sum eigendamerkin voru táknræn, þ.e. fólust í *táknmynd*, sem viðkomandi menn áttu að geta skilið á sama hátt og stafamerkingu. Lykilmynd gat t.d. verið viðarmark kirkju, sem tileinkuð var Pétri postula (Lykla-Pétri), en annars voru viðarmerkin einmitt mjög táknræn og myndræn, þótt einföld væru^[49].

Í **ellefta dæminu** var vikið að fornum þingstað frá þjóðveldisöld, *Hegranesþingstað* í Skagafirði. Á hinum fornu þingum voru dómþing háð, auk annars er þar fór fram, og skiptu þau því meginmáli fyrir *réttarfar* og *réttarframkvæmd* í landinu. Fornar lagaskrár geyma margvíslegar upplýsingar um form þingstarfanna og ýmislegt annað, er miklu máli skiptir fyrir almenna réttarsögu, en þær segja þó ekki alla sögu. Þingin voru mikilvæg

49 Sjá nánar, um viðarmörkin, *Lúðvík Kristjánsson*, Íslenskir sjávarhættir I., Rvík 1980, bls. 256 og áfr., þar sem einnig eru birtar myndir ýmissa viðarmarka. Um búfjármörk fyrr og síð sjá grein *Ólafs Jóhannessonar*, Fáein orð um búfjármörk, Úlfj., 3. tbl. 1962, bls. 93-100.

samfélagsfyrirbrigði, þar sem teknar voru afdrifaríkar ákvarðanir, en þau þjónuðu einnig sem samkomustaðir fólks, þar sem kynni tókust með mönnum og ýmis ráð voru ráðin, sem skiptu einstaklinga og fjölskyldur miklu.

Rannsóknir á þingunum og hlutverki þeirra heyra því einnig undir *réttarfélagssögu*, og sýnilegar minjar um þinghöldin, þ.e. fornar búðarústir o.þ.h., falla vitaskuld undir svið *réttarminjafraðinnar*. M.a. getur skipt miklu að ganga úr skugga um að tilteknar mannvirkjaleifar séu í reynd rústir þingbúða (en ekki eitthvað allt annað), því að staðsetning þingstaðanna í héruðunum skipti miklu máli frá sjónarhóli samgangna og einnig af öðrum ástæðum, svo sem vegna kenninga, er verið hafa uppi um nálægð þingstaða við hof eða aðra helgistaði – eða til afsönnunar slíkum kenningum^[50]. Rannsóknir á hinum fornu þingstöðum hér á landi hafa verið furðu litlar fram til síðari tíma^[51], en þó hafa nokkrar úrbætur orðið á síðustu árum, sbr. fornleifarannsóknir, sem fram fóru í Þingnesi við Elliðavatn, og rannsóknir, sem nú standa yfir á hinum forna allsherjarþingstað Íslendinga á Þingvöllum við Öxará. Einnig er hafin fornleifarannsókn á hinum forna Hegranesþingstað^[52]. Er þess að vænta, að frekari rannsóknir á fleiri þingstöðum á komandi árum geti smám saman fært okkur margháttaða vitneskju um ýmislegt, sem þinghaldinu tengdist en ekki verður fundið í rituðum heimildum.

Í **tólfta dæmi** var athygli lesandans beint að Gálgaklettum þeim, sem eru í námunda við Bessastaði á Álftanesi. Örnefnið *Gálgaklettur* (og önnur

50 Sjá t.d. grein *Ólafs Lárussonar*, Hof og þing, í riti hans, *Lög og saga*, Rvík 1958, bls. 91 og áfr.

51 Greinargott yfirlit um hina fornu vorþingstaði um allt land og margvíslegan fróðleik, er lýtur að sýnilegum minjum um þingin, gefur m.a. að finna í grein *Guðmundar Ólafssonar*, Rannsóknir á hinum fornu héraðsþingum, nr. 6 í *Erindum og greinum*, ritröð Félags áhugamanna um réttarsögu, Rvík 1984.

52 Hvatning til frekari fornleifakönnunar Hegranesþingstaðar og uppbyggingar fræðsluadstöðu þar kemur m.a. fram í grein *Páls Hreinssonar* og *Páls Sigurðssonar*, “Hegranesþingstaður í Skagafirði”, er birtist í *Morgunblaðinu* 19. desember 2003.

örnefni, sem hafa orðið “gálga-“ sem fyrri lið) finnast mjög víða um land. Má fullyrða, að mörg bendi þau í raun rétttri til aftökustaða þeirra manna (dæmdra þjófa), sem voru hengdir í gálga, en mörg eru þessi örnefni í nánd við gamla þingstaði, sem viðurkenndir voru eftir að manntalsþing voru tekin upp með lögleiðingu Jónsbókar á 13. öld og eftir að hinir fornu vorþingstaðir lögðust af. Virðast aðstæður víða vera með þeim hætti, að líklegast sé að raftur hafi verið lagður milli tveggja kletta með þröngu bili á milli, þar sem haganlegt var, og snaran síðan fest í þetta gálgatré. Annars staðar, þar sem aðstæður voru með öðru móti, hafa gálgar vafalaust litið öðruvísi út, sbr. umfjöllun um *fjórtaða dæmi* hér að aftan.

Tengslin við *refsilög* og *réttarframkvæmd* eru hér augljós og mjög náin enda þótt beita verði aðferðum *örnefnafræði* og *réttarminjafræði* á þessu sviði – og styður þá hvað annað. Dæmið fellur í meginráttum undir *réttarstaðfræði*. Um þetta hefur höfundur þessarar greinar ritað mikið á liðnum árum og vísast nánar til þeirra rannsókna, sem náðu til fornra aftökustaða (og “aftökuörnefna”) um land allt^[53].

Þrettánda dæmið vísar til þess, sem sérkennilegt má virðast nú á dögum velmegunar og steinsteyptra glæsihýsa, að allt fram til þess að umrædd tilskipun um helgihald – sem runnin var undan rifjum *Harboes*, er hlutaðist mjög til um batur á kirkjuaga og helgihaldi hérlendis – var birt hér á árunum 1744-1745, hafði tíðkast á sumum stöðum að sýslumenn héldu þing sín í guðshúsum, en slíkt og þvílíkt (ásamt t.d. geymslu þar á matvælum og öðrum varningi) áleit Harboe ganga helgispjöllum næst. Því var þessi háttur vanhelgunar strengilega bannaður í nefndri tilskipun. Nú er því hins vegar ekki að neita, að kirkjurnar voru á þeim tímum helstu samkomuhúsin í hverju byggðarlagi, því að eiginleg þinghús höfðu þá ekki verið reist víða,

53 Sjá greinar um líkamlegar hegningar á Alþingi (Brot úr réttarsögu, Rvík 1971, bls. 9 og áfr.) og um aftökur og örnefni (Svipmyndir úr réttarsögu, Rvík 1992, bls. 130 og áfr.).

eftir því sem best er vitað, en sú saga hefur hins vegar ekki verið rannsökuð til hlítar. Á stöku stað voru kirkjur myndarleg hús þótt aðrar væru ekki annað en hálfgerðir kofar. Var því að sumu leyti ekki óeðlilegt að sýslumenn litu til kirknanna þegar halda þurfti þing, sem gátu verið fjölsótt þegar um stór byggðarlög var að ræða, en ekki alls staðar hægt um vik að finna húsaskjól fyrir þingstörfin og þingsóknarmennina inni í bæjum í námunda við þingstaðina, jafnvel á vel húsuðum stórbýlum, þegar illa viðraði – en ella gátu þingstörf hæglega farið fram utan dyra. Almenna réttarsagan lætur sig þetta athugunarefni litlu varða en það heyrir væntanlega einkum undir *réttarfélagssögu*.

Minnt skal á, að í sömu tilskipun og hér var fjallað um, mælir hinn einvalda konungur sérstaklega fyrir um, að byggð skuli hentug *þinghús* “paa saadan Maade, som efter Landets Beskaffenhed skee kan”. Eftir þessu hefur væntanlega verið farið, a.m.k. að einhverju marki (því að þinghúsum mun hafa farið fjölgandi upp frá þessu), en því fór þó fjarri að hætt væri með öllu að nota sumar kirkjurnar sem geymslustaði eða til annarra “afbrigðilegra” þarfa, t.d. sem gististaði heldri ferðamanna, og hélst það fram yfir aldamótin 1900 um sumar sveitakirkjur. Þeim, er þetta ritar, eru þó a.m.k. ekki kunnar heimildir um, að kirkjur væru notaðar fyrir manntalsþing og til annarra svipaðra þarfa eftir að fyrrnefnd tilskipun kom til sögunnar. Gæti það þó verið forvitnilegt skoðunarefni.

Fjórtaða dæmið höfðar til *réttarmyndfræði* (þ. *Rechtsikonografie*), sem sumir hafa talið til undirgreinar *réttarminjafraeðinnar*, en hefur í reynd öðlast sjálfstæða tilveru og tilverurétt sem rannsóknargrein, sbr. það er sagði í 2. kafla þessarar ritgerðar. Sérfróðir menn geta ráðið ýmislegt af myndum þeim af hengingum, sem gefur að finna í þeim handritum, sem þar er getið um. Þær geta tvímælalaust bent til *framkvæmdar* í því sambandi, sem betra er að þekkja en ekki, þeim mönnum, er fást við rannsóknir á sögu *refsiréttar* og *begniframkvæmdar*. Tengslin við *réttarsöguna* eru augljós og náin. Sannast sagna

geta lagastafir þeir, er fjölluðu um dauðarefsingar fyrir stórþjófnað fyrr á tíð, alls ekki um það *hvernig* fara skyldi að við hengingar brotamannanna, t.d. um það hvernig gálga var fyrir komið í nánari atriðum. Í umfjöllun um *tólfta dæmið* hér að framan kom m.a. fram, að líklegast væri að hengingartré hafi oft verið lagt á milli tveggja kletta (“Gálgakletta”), þar sem því varð við komið með góðu móti, en á öllum myndunum þremur, sem hér var getið um, er hins vegar sýndur gálgi með allt öðru lagi, þ.e. tveir uppréttir staurar með þvertré á milli, og er afar líklegt að gálgar af því tagi hafi verið reistir á þeim aftökustöðum, þar sem fyrrnefndu (og einfaldari) aðferðinni varð ekki komið við vegna aðstæðna⁵⁴. Þótt e.t.v. megi segja, að hér sé “smátt skorið tóbakið” skipta allar heimildir máli í þessu sambandi, m.a. sökum þess að lagaskrár “þar um þegja”.

Fimmtánda dæmið vísar til þess sambands, sem orðið getur milli *réttarframkvæmdar*, annars vegar, og *listrænnar tjáningar* hins vegar (þótt ýmsum muni að lítt athuguðu máli finnast óravigur þar á milli). Í 2. kafla ritgerðarinnar var m.a. getið um rannsóknir, sem farið hafa fram á þessum tengslum erlendis, ekki síst í þýskumælandi löndum, og merkra rita, sem fjalla um þetta efni. Þar skipar *réttarmyndfræðin* höfuðsess, enn sem komið er (sbr. dæmið, er rætt var hér í næsta lið að framan), en aðrir þættir listfengis, þá fyrst og fremst bókmenntir en þó einkum *ljóðlistin*, koma þar einnig sterklega til athugunar. Hér á landi fékk hugur alþýðu til réttarins og valdsmannanna – sem og listfengi manna – m.a. útrás í bundnu máli, aðallega í lausavísunni, sem gat a.m.k. verið “hvöss sem byssustingur”, ef hún var vel heppnuð, hvað sem segja mátti um listfimina hverju sinni. Vísurnar (húsgangarnir) um sýslumennina, sem birtar voru hér að framan, eru vissulega “beittar” og segja

54 Sjá nánar athugasemdir hér að lútandi í ritgerð eftir *Guðrínu Ásu Grímsdóttur, Helga Þorláksson* og *Sverri Tómasson*, “Öxar við ána” í *Sögu* 1985, bls. 225 og áfr., nánar tiltekið á bls. 247-248, og athugasemdir mínar við þær hugleiðingar nefndra höfunda í fyrrnefndu riti mínu *Svipmyndir úr réttarsögu*, á bls. 266-268.

meira í örstuttum hendingum en falist gæti í löngu máli, óbundnu. Allur sá kveðskapur, sem orðið hefur til hér á landi og varðveist til frambúðar um ýmsa þætti réttarframkvæmdar (ortur í háði, reiði eða glettni) væri merkilegt og verðugt rannsóknarefni (eins og íslensk réttarmyndfræði) og mun þar vera um “ónumið land” að ræða, í fræðilegum skilningi.

Sextánda og um leið síðasta dæmið, sem nefnt var í 3. kafla hér að framan, skírskotar jafnframt, með sínum sérstaka hætti, til sambandsins milli *réttarframkvæmdar* og *orðlistar*, þótt með öðrum hætti sé en sýnt var fram á í fimmtánda dæminu. Þessi kjarnyrta og meitlaða mannlýsing er gott dæmi úr miklum fjölda strokumannalýsinga, sem finna má í fornum heimildum, mest frá 17. og 18. öld, einkum í Alþingisbókum Íslands. Sýslumenn, sem ábyrgð báru á rannsókn þeirra mála (oftast afbrotamála en stundum einnig annars konar mála), sem hlutaðeigandi menn höfðu strokið frá, sömdu þessar mannlýsingar og þær voru birtar á Alþingi, þar sem sýslumenn og lögréttumenn úr öllum sýslum landsins voru saman komnir, en stundum einnig á héraðsvettvangi (á manntalsþingum eða við önnur tækifæri). Þær eru merkilegt rannsóknarefni og gefa okkur m.a. ótvírætt til kynna, að hin forna orðlist Íslendingasagna og sambærilegra fornrita “lifði” lengi meðal þjóðarinnar þótt svo færi, þegar lengra leið, að málfar embættismanna spilltist vegna erlendra (danskra) áhrifa^[55]. Þær bergmála enn, með sínum hætti, hið kjarnmikla og hljómmikla lagamál okkar og tungutak embættismanna eins og það var á fyrri öldum Íslandsbyggðar. Þá má einnig lesa úr þeim ýmsar upplýsingar, sem heyra undir *mannfræði*, í víðum skilningi, sem hér eru ekki tók á að fjalla nánar um, en eru merkilegt rannsóknarefni fyrir fagmenn á því sviði^[56]. Rannsókn strokumannalýsinganna myndi þá vera þáttur í stærra

55 Sjá til hliðsjónar greinina “Varðveisla og þróun íslensks lagamáls” í riti mínu *Skæðadrifu* (Rvík 2003), bls. 27-29.

56 Sjá vissar ábendingar þar að lútandi, sem koma fram í grein *Guðna Tumasonar*, “Sakamannalýsingar á Alþingi”, í Sögnum, tímariti um söguleg efni, 1999, bls. 38-43.

verkefni, sem er mannlýsingar í íslenskum heimildum frá ýmsum tímum með ályktunum um margvísleg mannfræðileg einkenni þjóðarinnar, einnig með tengslum við almenna *menningarsögu*.

5. Lokaorð

Við höfum nú um stundar sakir virt fyrir okkur heimildir um fornan rétt og réttarhugmyndir – og einnig hugmyndir um æðra réttlæti, sem birtist þegar manna dóma og ráð þrýtur. Ljóst er, að mörg þau dæmi, er nefnd voru, eru til þess fallin að sýna okkur inn í fortíðina með sérstökum hætti. Sum þeirra eru að vísu torskilin en fleiri eru þó hin, sem nútímamaðurinn getur skilið, þegar þau hafa verið skýrð og skoðuð í réttu samhengi og “umhverfi”, ef svo má að orði komast.

Sú er von höfundar, að það, sem hér hefur verið sagt um tengsl réttar og þjóðmenningar og um stöðu réttarins í þjóðmenningunni – um brúna milli lögfræði (réttarsögu) og annarra greina þjóðmenningarfræða – skýri fyrir lesendum hvernig þjóðfræði og skyldar greinar geta orðið ómissandi stoðgreinar réttarsögunnar. En að sínu leyti má þá einnig segja með sanni, að almenna réttarsagan geti verið stoðgrein réttarþjóðfræði og réttarminjafraði og annarra þeirra sérgreina, sem hér var fjallað um.

Óskandi er, að á komandi árum glæðist skilningur íslenskra fræðimanna sem og alls almennings á gildi réttarins sem þáttar þjóðmenningarfræða, og mikið starf – en um leið heillandi – bíður þeirra, er munu kanna til þrautar íslenskar heimildir, sem eru til þess fallnar að varpa ljósi á það efni – með samanburði við erlendar heimildir – og draga þar af ályktanir og birta í ritum, sem munu auðga menningu okkar.

Þær rannsóknir munu vitanlega beinast í miklum mæli að heimildum frá liðnum öldum en í því sambandi má þó heldur ekki vanrækja nútímann, því að grunntengslin milli réttar og almennrar þjóðmenningar eru þau sömu nú og fyrr á tímum.

Rannsóknir undir þeim formerkjum, er hér hefur verið fjallað um, munu í framtíðinni verða “bjargvættur” íslenskrar réttarsögu og jafnframt, að hluta til, leiðarljós fræðimanna á því sviði.

Skrá um bækur eftir Pál Sigurðsson

1. *Brot úr réttarsögu* (Reykjavík 1971)
2. *Um tjón af völdum skipa – Lagasjónarmið um sjóréttarlega bótaábyrgð, einkum utan samninga, og skyld efni* (Reykjavík 1973, fylgirit með Úlfjóti, XXVI. árg. 4. tbl. 1973)
3. *Dróun og þýðing eiðs og heitvinningar í réttarhari* (Reykjavík 1978)
4. *Fyrirlestrar um samningarétt, almenna blutann* (Reykjavík 1978)
5. *Fyrirlestrar um kauparétt, lausaffjárkaup* (Reykjavík 1978)
6. *Þættir úr fjármunarétti I* (Reykjavík 1978)
7. *Þættir úr fjármunarétti II* (Reykjavík 1978)
8. *Verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1982)
9. *Álitsgerð Kirkjueignanefndar* (Reykjavík 1984, aðalhöfundur)
10. *Hliðsjónarrit í samninga- og kauparétti I-XX* (Reykjavík 1982-1986)
11. *Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands - Heimildir um hugmyndir, aðdraganda og framkvæmdir fram yfir 1940* (Reykjavík 1986, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1985-1986)
12. *Samningaréttur – Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Reykjavík 1987)
13. *Kauparéttur – Meginreglur íslensks réttar um lausaffjárkaup* (Reykjavík 1988)
14. *Háskólamálið og lagaskólamálið – Úrval heimilda um aðdraganda að stofnun háskóla á Íslandi* (Reykjavík 1989)
15. *Kringsjá – Þættir um erlendan rétt og samanburðarlög fræði* (Reykjavík 1989)
- 248 -
16. *Verksamningar – Meginreglur íslensks verktakaréttar* (Reykjavík 1991)

17. *Raunsjá – Raunbæf verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1991)
18. *Úr húsnaðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands II – Draumsýnir, framkvæmdir og svipmyndir af háskólasamfélagi 1940-1990* (Reykjavík 1991, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1989-1991)
19. *Kröfuréttur – Almennur bluti* (Reykjavík 1992)
20. *Svipmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Reykjavík 1992)
21. *Lagapættir – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
22. *Lagapættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
23. *Lagapættir III – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1994)
24. *Höfundaréttur – Meginreglur íslensks réttar um höfundarvernd* (Reykjavík 1994)
25. *Fjallvegafélagið – Ágrip af sögu þess* (Reykjavík 1994)
26. *Leiguréttur I – Meginreglur íslensks réttar um leigusamninga auk nokkurra sérsviða* (Reykjavík 1995)
27. *Ferð á frændaslóðir – Hjaltland og Orkneyjar frá sjónarhóli Íslendinga* (Reykjavík 1996)
28. *Hveravallamálið og önnur málefni hálendisins* (Reykjavík 1996)
29. *Ávörp og greinar af vettvangi Ferðafélagsins* (Reykjavík 1996)
30. *Fjölmíðlaréttur – Meginþættir réttarumbverfis fjölmíðlanna* (Reykjavík 1997)
31. *Erfðaréttur – Yfirlit um meginefni erfðaréttar* (Reykjavík 1998)
32. *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs – og aftökur dæmdra manna* (Reykjavík 2000)
33. *Skæðadrífa – Safn stuttra greina um lög og samfélag* (Reykjavík 2003)
34. *Lagaskuggsjá – Greinar um lög og sögu* (Reykjavík 2004) - 249 -
35. *Lagabeimur – Greinar um samanburðarlögfræði* (Reykjavík 2004)
36. *Lagaslóðir – Greinar um lög og rétt* (Reykjavík 2005)
37. *Lagaþræðir – Greinar um lög og menn* (Reykjavík 2006)
38. *Um lög og rétt – Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (meðhöfundur) (Reykjavík 2006; 2. útg. Reykjavík 2009; 3. útg. Reykjavík 2018)
39. *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Reykjavík 2008, ritstjóri)
40. *Lagasýn – Greinasveigur um lög, lönd og sögu* (Reykjavík 2009, prentuð bók)

- og netbók, vistuð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands)
41. *Mannbelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar* (Reykjavík 2010)
 42. *Lagavangur – Um forn lög og ný* (Reykjavík 2012)
 43. *Skagafjörður vestan Vatna – Frá Skagatá að Jökli*. Árbók Ferðafélags Íslands 2012 (Reykjavík 2012)
 44. *Lagastaður – Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2013)
 45. *Skagafjörður austan Vatna I – Frá Jökli að Furðuströndum*. Árbók Ferðafélags Íslands 2014 (Reykjavík 2014)
 46. *Minningaleiftur – Vörður á veg ferð* (Reykjavík 2015)
 47. *Skagafjörður austan Vatna II – Frá Hjaltadal að Úlfsdölum*. Árbók Ferðafélags Íslands 2016 (Reykjavík 2016)
 48. *Lagabankar – Safn greina um rétta rframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2016, prentuð bók og netbók, vistuð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands).
 49. *Úr hugarranni – Minningabrot og þættir* (Reykjavík 2016, prentuð bók og netbók, vistuð hjá Rafhlöðunni, Landsbókasafni - Háskólabókasafni)
 50. *Lagaglæður – Hugleiðingar um lög og lögfræði* (Reykjavík 2018), prentuð bók og netbók, vistuð hjá Rafhlöðunni, Landsbókasafni – Háskólabókasafni)
- Afmalísrit til heiðurs Páli Sigurðssyni sjötugum 16. ágúst 2014* var gefið út í Reykjavík 2014

LAGAGLÆÐUR



Hugleiðingar um lög og lögfræði

Aðalgrein bókarinnar fjallar á ýtarlegan hátt um Ármann Snævarr, lögfræðiprófessor og hæstaréttardómara, sem hafði mikil og varanleg áhrif á íslenska lögfræði, en auk þess eru greinar um margvísleg efni, sem öll tengjast lögum og lögfræði:

Borgaralegur dauði,
„Fjarri hlýju hjónasængur“,
Kirkjugrið,
Rétturinn sem þáttur þjóðmenningar, „Roðasteinn“..

Dómsmorð,
íslenskt lagamál,
Rétturinn til að gleymast,



Bókarhöfundur, Páll Sigurðsson, var prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands í rúmlega fjörutíu ár en lét af störfum haustið 2014. Áður en hann hóf störf við deildina haustið 1973 hafði hann stundað framhaldsnám í lögfræði erlendis um fjögurra ára skeið. Hann lauk doktorsprófi í lögum 1978. Páll hefur ritað fjölda bóka og ritgerða á sviði lögfræði en einnig meðal annars þætti og bækur úr sögu Háskóla Íslands og þrjár árbækur Ferðafélags Íslands um Skagafjörð. Páll kenndi margar greinar í háskóladeild sinni og hefur gegnt fjölbreyttum trúnaðarstörfum innan Háskóla Íslands jafnt sem utan hans.